

150. löggjafarþing 2019–2020.

Skýrsla

utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Efnisyfirlit	
INNGANGUR.....	7
Tekist á við heimsfaraldur.....	7
Forystuhlutverk í mannréttindamálum.....	7
Utanríkisviðskipti eru forsenda lífskjarasóknar.....	8
Varnar- og öryggismál í norrænu samhengi.....	9
Aukin áhersla á þróunarsamvinnu.	9
Norðurskautið í kastljósi.	9
I. HEIMSFARALDUR VEGNA KÓRÓNAVEIRU.....	13
1. BORGARAÞJÓNUSTA.....	13
1.1. Aðdragandi.....	13
1.2. Ráðleggingar til íslenskra ferðamanna erlendis.....	14
1.3. Umfang borgaraþjónustu eykst.....	14
1.4. Norrænt samstarf sannar gildi sitt.....	15
1.5. Könnun á stöðu Íslendinga erlendis.....	16
1.6. Upplýsingamiðlun.....	16
2. UTANRÍKISVIÐSKIPTI Á TÍMUM KÓRÓNAVEIRU.....	17
2.1. Viðskipti með heilbrigðisvörur.....	17
2.2. Umsóknum um vegabréfsáritanir fækkar verulega.....	18
3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG ÞRÓUNARSAMVINNA.....	18
3.1. Starfsemi alþjóðastofnana.....	19
3.2. Áhrif formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu.....	20
3.3. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu og mannúðarmála vegna COVID-19.....	20
4. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL.....	21
II. UTANRÍKISMÁL OG UTANRÍKISÞJÓNUSTA.....	22
1 NORÐURLÖND OG NÆRSVÆÐI.....	22
1.1. Almennt.....	22
1.2. Vel heppnað formennskuár.....	22
1.3. Norðurslóðir.....	25
1.4. Norðurskautsráðið.....	26
1.5. Eystrasaltsráðið.....	28
1.6. Barentsráðið.....	28
1.7. Norðlæga víddin.....	29
2. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL.....	29
2.1. Almenn utanríkismál.....	29
2.2. Bandaríkin.....	29
2.3. Rússland.....	30
2.4. Kína.....	30
2.5. Bretland.....	31
2.6. Þýskaland.....	31
2.7. Indland.....	31

2.8. Japan.	31
3. ÞÁTTTAKA Í STARFI FJÖLÞJÓÐASTOFNANA.....	32
3.1. Málefni Sameinuðu þjóðanna.	32
3.2. Samningaviðræður um BBNJ.	33
3.3. Flóttamannamál.	34
3.4. Ríkjaráðstefna Alþjóðaráðs Rauða krossins.	34
3.5. Málefni Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).	34
4. MANNRÉTTINDAMÁL.....	35
4.1. Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2018-2019.	35
4.2. Almenn ánægja með framgöngu Íslands.	37
4.3. Ísland verður hluti af norrænni framboðshringrás.	38
5. JAFNRÉTTISMÁL.....	38
5.1. Almenn.	38
6. EVRÓPURÁÐIÐ.....	40
7. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL.....	41
7.1. Almenn.	41
7.2. Loftslagsmál.	42
7.3. Málefni hafsins.	43
7.4. Jarðvarmi – endurnýjanlegir orkugjafar.	43
7.5. Starfið fram undan.	43
8. ÞJÓÐRÉTTARMÁL.....	44
8.1. Samningar Íslands við erlend ríki.	44
8.2. Hafréttarmál.....	45
8.3. Landgrunnsmál.	45
8.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.	46
8.5. Mannúðarréttur.	46
8.6. Útflutningseftirlit.	47
8.7. Þvingunaraðgerðir.....	47
8.8. Iceland-málið á vettvangi EUIPO.	47
8.9. Starfið fram undan.	47
9. MÁLEFNI PRÓTOKOLLSSKRIFSTOFU.....	48
9.1. Hlutverk.....	48
9.2. Erlend sendiráð og fyrirvar gagnvart Íslandi.....	48
9.3. Spánn opnar sendiráð.	48
9.4. Diplómatahópurinn.	49
9.5. Alþjóðastofnanir.	49
9.6. Ræðismannahópurinn á Íslandi.....	49
9.7. Afhendingar, heimsóknir og fundir.....	49
9.8. Ræðismenn Íslands erlendis.	49
10. DEILD HEIMASENDIHERRA.....	49
10.1. Almenn.	49

11. BORGARAÞJÓNUSTA	50
11.1. Almennnt	50
11.2. Starfið fram undan	52
12. UPPLÝSINGA- OG GREININGAMÁL	52
12.1. Almennnt	52
12.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna.....	53
12.3. Starfið fram undan	54
13. SKJALASAFN	54
13.1. Almennnt	54
13.2. Starfið fram undan	54
14. SCHENGEN ÁRITANAMÁL	55
III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI	57
1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF.....	57
1.1. Utanríkisviðskipti almennnt	57
1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði	61
1.3. Bandaríkin	62
1.4. Kína.....	63
1.5. Japan	64
1.6. Rússland	64
1.7. Færeyjar - Hoyvíkursamningurinn.....	64
1.8. Grænland	65
2. EFTA (FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU).....	66
3. TVÍHLIÐA VIÐSKIPTASAMNINGAR.....	67
3.1. Almennnt.....	67
3.2. Loftferðasamningar	68
4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA.....	70
4.1. Viðskiptaþjónusta	70
4.2. Ný sóknarfæri	71
4.3. Norrænt samstarf og fjármagn til fyrirtækja í nýsköpun og hátækni.	71
4.4. Þróunarsamvinna og viðskipti.	71
4.5. Viðskipti og kjöræðismenn Íslands.....	72
4.6. Iceland Naturally – 20 ár af árangursríkri sókn á Bandaríkjamarkað.	72
5. ÍSLANDSSTOFA.....	72
5.1. Almennnt.....	72
6. ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSTARF.....	73
7. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR).....	74
7.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).	74
7.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).....	74
8. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU OG VIÐRÆÐUR UM FRAMTÍÐAR- SAMBAND VIÐ BRETLAND.....	75
8.1. Almennnt.....	75

8.2. Ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr ESB og EES.....	75
8.3. Viðræður um framtíðarsamband við Bretland.....	76
8.4. Undirbúningur samningaviðræðna á Íslandi.....	77
8.5. Útflutningur á hlífðarbúnaði frá ríkjum ESB.....	78
8.6. Aðild að samningi um sameiginleg innkaup á lækningabúnaði, lyfjum, vöru og þjónustu.....	78
9. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ.....	78
IV. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL.....	79
1. ALMENNT.....	79
2. VARNIR ÍSLANDS.....	79
3. AFVOPNUN – HARÐNANDI MÓTVINDUR.....	81
3.2 Hefðbundin vopn.....	82
3.3 Ný frumkvæði í afvopnunarmálum.....	82
4. ÍSLENSKA FRIDARGÆSLAN.....	82
5. FJÖLÞJÓÐASAMSTARF.....	83
5.1. Atlantshafsbandalagið.....	83
5.2. NORDEFKO.....	84
5.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.....	84
5.4. Netöryggi.....	85
6. Meginmarkmið.....	85
V. ÞRÓUNARSAMVINNA.....	87
1. HLUTVERK OG STEFNA.....	87
2. FRAMLÖG TIL ÞRÓUNARSAMVINNU.....	88
3. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA.....	88
3.1. Malaví.....	88
3.2. Úganda.....	91
3.3. Svæðasamstarf á sviði jarðhita í Austur-Afríku.....	93
3.4 Svæðasamstarf í Vestur-Afríku.....	93
3.5. Samstarf við atvinnulífið.....	94
4. FJÖLÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA.....	95
4.1. Alþjóðabankinn.....	96
4.2. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.....	98
4.3. Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.....	99
4.4. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna.....	99
4.5. GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu.....	100
5. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ.....	100
6. SAMSTARF VIÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK.....	101
7. ÞVERLÆG MÁLEFNI.....	103
7.1. Umhverfis- og loftslagsmál.....	103
7.2. Jafnréttismál.....	104
7.3. Mannréttindi.....	105
8. STARFIÐ FRAM UNÐAN.....	105

VI. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR.....	107
1. Almenn.....	107
2. Starfið fram undan.....	108
VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS.....	109
Sendiráð í Berlín: Ísland í brennidepli í Þýskalandi.....	110
Sendiráð í Brussel: Hagsmunagæsla vegna EES-samningsins.....	111
Fastanefnd/sendiráð í Genf: Seta í mannréttindaráðinu vakti heimsathygli.....	112
Sendiráð í Helsinki: Íslensk menningarveisla.....	113
Sendiráð í Kampala: Öflugt samstarf norrænna ríkja.....	114
Sendiráð í Kaupmannahöfn: Fyrsta sendiráð Íslands fagnar aldarafmæli.....	115
Sendiráð í Lilongwe: Opnun fæðingardeildar við héraðssjúkrahúsið í Mangochi.....	116
Sendiráð í London: Útganga Bretlands úr ESB og EES.....	117
Sendiráð í Moskvu: Tækifæri og aukin samskipti milli þjóðanna í skugga viðskiptabanns.....	118
Sendiráð í Nýju-Delí: Forseti Indlands í opinberri heimsókn á Íslandi.....	119
Sendiráð í Ottawa: Norræn menningarkynning í undirbúningi.....	120
Sendiráð í Osló: Margar kynningar á Íslandi og íslenskum vörum.....	121
Sendiráð í París: Utanríkisstefnan sett á oddinn.....	122
Sendiráð í Peking: Kórónaveiran hefur viðtæk áhrif.....	123
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi: Aukin áhersla á viðskiptamál.....	124
Sendiráð í Tókýó: Mikilvægur árangur í lykilmálum á fyrsta ári Reiwa.....	125
Sendiráð í Washington DC: Tíðar gagnkvæmar heimsóknir og upphaf samráðs um efnahagsmál.....	126
Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Annasamt afmælisár og leiðtogafundur.....	127
Fastanefnd Evrópuráðsins í Strassborg: Rússland snýr til baka.....	128
Fastanefnd Íslands í Róm: Nánara samstarf formfest við allar þrjár stofnanirnar.....	129
Fastanefnd í New York: Starf í þágu þjóða.....	130
Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi og stöðugleika í Evrópu.....	131
Aðalræðisskrifstofa í New York: 2500 fyrirspurnir árið 2019.....	132
Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Margar heimsóknir Íslendinga til Grænlands.....	133
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Að varðveita menningararfleiðina.....	134
Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Breytingar á Hoyvíkursamningnum og menningarsamstarf.....	135
Skammstafanir.....	136
Atriðisorðaskrá.....	138

INNGANGUR.

Þann 10. apríl árið 1940 tóku Íslendingar þá gæfuríku ákvörðun að taka meðferð utanríkismála í eigin hendur. Það var mikilvægt skref í að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar til framtíðar og markaði upphaf íslensku utanríkisþjónustunnar. Það er ágætt að hafa í huga þegar rætt er um fordæmalausa tíma nú á dögum að aðstæður í heiminum voru ekki síður krefjandi þá fyrir litla þjóð í ólgsjó heimssögulegra atburða. Miklar breytingar hafa orðið á utanríkisþjónustunni á þeim áttatíu árum sem liðin eru frá því að Íslendingar tóku þessi mál í sínar eigin hendur. Árleg skýrslugjöf til Alþingis er gott tilefni til þess að ræða um stöðu og hlutverk utanríkisþjónustunnar á hverjum tíma. En þrátt fyrir þær miklu breytingar sem orðið hafa á utanríkisþjónustunni frá þessum örlagaríku dögum vorið 1940, eins og þessi yfirgripsmikla skýrsla ber með sér, þá er meginhlutverkið enn hið sama; að standa vörð um hagsmunum lands og þjóðar á erlendum vettvangi. Á undanförunum árum hefur skipulega verið unnið að því að gera umbætur á íslensku utanríkisþjónustunni þannig að hún verði betur í stakk búin að mæta áskorunum samtímans. Við vitum að stormur getur skolið á fyrirvaralaust og þá gefst enginn tími til að gera skipið sjóklárt. Þetta höfum við Íslendingar, og raunar heimsbyggðin öll, fengið að reyna síðustu mánuði og vikur.

Tekist á við heimsfaraldur.

Heimsfaraldur hefur á svipstundu breytt heimsmyndinni, í stóru sem smáu, og þjóðir heims standa ekki eingöngu frammi fyrir alvarlegri heilsufarsógn heldur mögulega mestu heimskreppu okkar tíma. Utanríkisþjónustan hefur staðið vaktina síðustu vikur og sýnt í verki að hún var í stakk búin að takast á við þessar erfiðu aðstæður. Þær umbætur sem ráðist hefur verið á undanförunum árum hafa þar skipt sköpum. Aukinn sveigjanleiki í starfsemi og áhersla á að upplýsingaöflun og upplýsingagjöf út á við hefur reynst vel í þessum aðstæðum. Utanríkisþjónustan hefur unnið að því sem einn maður að aðstoða hátt í 12 þúsund Íslendinga sem staddir voru erlendis þegar faraldurinn braust út. Þá hefur utanríkisþjónustan ásamt Íslandsstofu lagt kapp á að aðstoða íslensk útflutningsfyrirtæki við gjörbreyttar aðstæður og áfram er unnið að því að kortleggja hindranir og greiða úr þeim eftir því sem hægt er. Hörð samkeppni hefur ríkt á heimsvísu um hlífðarbúnað, öndunarvélar og fleiri nauðsynjavörur fyrir heilbrigðisgeirann og utanríkisþjónustan hefur lagt sig fram um að liðka fyrir innflutningi á þeim vörum. Sendiráð Íslands í Kína hefur greitt fyrir kaupum og flutningum á vörum frá Kína, og með samstilltu átaki innan stjórnsýslunnar tókst að ganga á methraða frá samningum um sameiginleg innkaup á lækningarvörum í Brussel og forða því að Evrópusambandið setti á útflutningsbann til EFTA-ríkjana á tilteknum hlífðarbúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þegar veiran tók að láta á sér kræla utan Asíu má segja að nokkurs glundroða hafi gætt í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst innan Schengen eins og fyrirvaralausar landamæralokanir vítt og breitt sýndu glögg. Þegar leið á rofaði til og meðal helstu samstarfsríkja hefur ríkt eining um að standa vörð um alþjóðlegt samstarf og stofnanir á borð við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, því öllum má vera ljóst að veiran virðir engin landamæri. Norrænt samstarf hefur sannað gildi sitt sem kristallast í því nána samstarfi sem hefur átt sér stað við borgarþjónustu undanfarnar vikur. Meðal Norðurlandanna ríkir samstaða um að efla þurfi mannréttindi og lýðræði sem eiga undir högg að sækja á tímum kórónuveirunnar og styðja fátækustu ríkin, í samstarfi við alþjóðastofnanir og mannúðarsamtök, og mun Ísland ekki láta sitt eftir liggja í því efni.

Forstuhlutverk í mannréttindamálum.

Um áramótin lauk átján mánaða langri setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, þeirri fyrstu sem kjörins fulltrúa. Fullyrða má að kosning Íslands 13. júlí 2018 hafi markað tímamót enda er setan í ráðinu tvímælalaust eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi. Áhersla á mannréttindi hefur alltaf verið hluti af utanríkisstefnu Íslands og raunar farið vaxandi á undanförunum árum, þ.m.t. með aukinni þátttöku í starfsemi mannréttindaráðsins. Framganga Íslands í ráðinu frá 2017 hefur vakið mikla eftirtekt og réði miklu um það að Ísland þótti góður kostur til að fylla skarðið sem Bandaríkin skildu eftir sig sumarið 2018. Lagt var upp með það af hálfu utanríkisráðuneytisins að nota tækifærið til að láta að sér kveða, efla mjög virkni sína í ráðinu og taka frumkvæði í tilteknum málum. Mesta athygli vakti þegar Ísland hafði í mars 2019 frumkvæði að því að flutt var sameiginlegt ávarp 36 ríkja um ástand mannréttinda í Sádi-Arabíu. Utanríkisráðherra hafði einmitt gagnrýnt í sínum málflutningi í ráðinu bæði 2017 og 2018 að sum ríki væru eins og stikkfrí þegar kæmi að umfjöllun ráðsins. Skipti þá m.a. máli að Sádi-Arabía var kjörinn fulltrúi í mannréttindaráðinu á þessu tímabili en í leiðbeiningum um starfsemi ráðsins kemur fram að sérstakar kröfur séu gerðar til aðildarríkja ráðsins um forystu í mannréttindamálum. Ísland hafði nokkrum sinnum áður rætt í sínum landsávörpum bága stöðu kvenna í Sádi-Arabíu en þetta var í allra fyrsta sinn sem mörg ríki tóku sig saman um slíka gagnrýni. Áhersla á jafnrétti og mannréttindi kvenna einkenndi málflutning Íslands í mannréttindaráðinu meðan á setunni þar stóð. Mannréttindaráðið samþykkti til að mynda ályktun Íslands og

fleiri ríkja um jöfn laun til handa körlum og konum. Ísland lagði einnig upp með að gera réttindum hinsegin fólks hátt undir höfði í málflutningi sínum. Þar er um viðkvæman málaflokk að ræða á vettvangi fjölþjóðasamstarfs, enda mikið verk að vinna til að stuðla að hugarfarsbreytingu meðal þjóða. Fyrir þær sakir þótti brýnt að Ísland legði sitt af mörkum og gekk það eftir. Síðast en ekki síst beitti Ísland sér fyrir umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og náðist nokkur árangur í þeim efnum á tímabilinu þótt enn sé þar verk að vinna. Forystuhlutverk Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna var prófsteinn á það hvernig íslenska utanríkisþjónustan tekst á við stór og vandasöm verkefni. Ef marka má umsagnir alþjóðlegra mannréttindasamtaka og stórra erlendra fjölmiðla má segja að við höfum staðist þá prófraun.

Utanríkisviðskipti eru forsenda lífskjarasóknar.

Farsæl utanríkisviðskipti eru forsenda þess að lífskjör Íslendinga haldist áfram góð. Undanfarið hefur verið lögð rík áhersla á að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör og sem greiðastan aðgang að alþjóðamörkuðum. Þar sem Ísland er lítið opið hagkerfi, skiptir aðgengi að erlendum mörkuðum okkur höfuðmáli. Aðgengi að erlendum mörkuðum skiptir einfaldlega öllu máli fyrir íslensk fyrirtæki og efnahagslíf, sem og fyrir Ísland sem lítið og opið hagkerfi. Góðir viðskiptasamningar við erlend ríki eru lykillinn að því að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptaumgjörð. Fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert ná til 74 landa sem alls telja tæplega 2,9 milljarða manna, eða rúmlega þriðjung mannkyns. Ísland var fyrst Evrópuríkja til að gera fríverslunarsamning við Kína og hefur útflutningur þangað hefur þrefaldast frá því samningurinn tók gildi. Á grundvelli fríverslunarsamningsins höfum við á allra síðustu misserum fjölgað útflutningstækifærum til Kína með samningum um gagnkvæma viðurkenningu heilbrigðisvottorða fyrir ákveðnar landbúnaðar- og sjávarafurðir. Í krafti aðildar sinnar að EFTA hefur Ísland gert 29 samninga við 40 ríki og landsvæði. Þá hefur EFTA nýlokið samningaviðræðum við ríki Suður-Ameríku og með þeim samningi mun 300 milljóna manna markaðssvæði bætast við fríverslunarnetið.

Þau tímamót urðu á síðasta ári að sérstök skýrsla um EES-samninginn var gefin Alþingi en fram hafði slík upplýsingagjöf fallið undir skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. Vel fer á því að Alþingi sé sérstaklega gerð grein fyrir EES-samstarfinu með árlegri skýrslu og umræðu í þingsal. Það undirstrikar mikilvægi þessa einstaka samnings fyrir okkur Íslendinga. Miklu skiptir að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem starfshópur um EES-samstarfið skilaði sl. haust og fjallað var um þinginu. Evrópska efnahagssvæðið er og verður okkar kjölfestumarkaður. EES-samningurinn er auðvitað annað og meira en fríverslunarsamningur og hefur gjörbreytt íslensku viðskiptaumhverfi á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá því að hann tók gildi og gert okkur samkeppnishæfari, jafnvel á mörkuðum utan EES.

En þó svo að EES-svæðið sé okkar kjölfestumarkaður megum við ekki gleyma því að Bandaríkin eru stærsti einstaki markaður íslenskra útflytjenda. Undanfarið ári hefur verið lögð á það mikil áhersla í utanríkisráðuneytinu að byggja upp enn nánara efnahagslegt samstarf við Bandaríkin, sérstaklega á sviði vísinda og nýsköpunar. Verulegur árangur hefur náðst í þessum efnum síðastliðið ár. Til marks um það er aukinn áhugi bandarískra stjórnvalda á efnahagslegri samvinnu við Ísland, einkum í kjölfar heimsóknar utanríkisráðherra Bandaríkjanna hingað til lands í fyrravetur. Fundir með bandarískum ráðamönnum, bæði í stjórnkerfinu og í bandaríska þinginu, hafa til að mynda skilað því að nú er komið fram frumvarp í bandaríska þinginu um áritanir fyrir íslenska fjárfesta og viðskiptaaðila sem myndu auðvelda aðgang að Bandaríkjamarkað en þetta hefur verið forgangsmál hjá íslensku viðskiptalífi um árabíl. Síðast en ekki síst ber að nefna hringborðsumræður utanríkisráðherra og varaforseta Bandaríkjanna um samstarf á sviði efnahags- og viðskiptamála Íslands og Bandaríkjanna með forsvarsmönnum atvinnulífs beggja landa á fundi í Höfða í september í fyrra.

Á eftir Bandaríkjunum er Bretland mikilvægasta viðskiptaland Íslands. Bretland er stærsti einstaki útflutningsmarkaður Íslands hvað vöruviðskipti varðar og samskipti þjóðanna hafa alla tíð verið nán. Hagsmunagæsla Íslands vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu hefur verið forgangsmál í utanríkisráðuneytinu undanfarið ár. Fyrr á þessu ári var undirritaður samningur við Breta leysir úr viðeigandi útgönguskilmálum með sambærilegum hætti og gert er í útgöngusamningi Bretlands og ESB. Ísland mun brátt hefja samningaviðræður við Bretland um framtíðarsamskipti ríkjanna. Viðræðurnar munu standa yfir á aðlögunartímabilinu sem nú tekur gildi og fara fram samhliða samningaviðræðum Bretlands við ESB. Undirbúningur miðast við að gera víðtækan efnahags- og samstarfssamning við Bretland. Samningsmarkmiðum Íslands verður eftir atvikum fylgt eftir í samfloti með öðrum EFTA-ríkjum innan EES eða með tvíhliða samningum Íslands og Bretlands. Tekið verður mið af viðræðum Bretlands og ESB þar sem það á við og samræmist hagsmunum Íslands. Ekki verður hvikað frá því höfuðmarkmiði að fá að minnsta kosti sambærileg viðskiptakjör og önnur ríki á EES-svæðinu og freista þess um leið að ná fram atriðum er varða sérstöðu Íslands og kjarnahagsmuni.

Varnar- og öryggismál í norrænu samhengi.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkjamenn eru sem fyrr hornsteinar í íslenski utanríkisstefnu. Breytt öryggisumhverfi í Evrópu eftir ólögmeta innlimun Rússa á Krímskaga árið 2014 hefur kallað á aukin viðbúnað í okkar heimshluta. Við þessu hefur verið brugðist með stórauknu eftirliti með kafbátaumferð og eru umtalsverðar framkvæmdir fyrirhugaðar á flugskýlum og öðrum mannvirkjum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli af þeim sökum. Á síðustu misserum hafa umsvif herliðs Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins þannig aukist á norðaustanverðu Atlantshafi vegna breyttra aðstæðna í öryggismálum og versnandi öryggisumhverfis í Evrópu.

Samvinna Íslands við aðrar Norðurlandþjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, á sviði varnar- og öryggismála hefur að sama skapi orðið umfangsmeiri og nánari. Sérstaklega hefur samstarf við Norðurlöndin farið vaxandi síðustu árin og á síðasta ári áréttuðu norrænu utanríkisráðherrarnir í sameiginlegri grein í tilefni af 10 ára afmæli norræna varnarsamsamstarfsins (NORDEFECO) að bæta við frekari úrræðum til að vera betur í stakk búin til að takast á við hættuástand. Tilgangur norræna varnarsamstarfsins er að efla varnargetu hvers og eins aðildarríkis, kanna samlegðaráhrif og greiða leið skilvirkra, sameiginlegra lausna. Samvinna Finna og Svía með aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins á vettvangi þess er enn fremur til marks um þá miklu áherslu sem Norðurlandþjóðarnar allar leggja á samstarf í öryggis- og varnarmálum.

Á þingi Norðurlandaráðs sl. haust var af hálfu Íslands lögð áherslu á aukið norrænt samstarf á sviði utanríkis- og öryggismála, en efling samstarfsins hafði verið forgangsmál í formennskuáætlun Íslands. Náðist samstaða um að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að skrifa skýrslu þar sem gerðar verða tillögur um hvernig megi þróa samstarf Norðurlandanna enn frekar. Verður horft sérstaklega til loftslagsmála, fjölþátta ógna og netöryggis, ásamt styrkingu fjölþjóðlegrar samvinnu og alþjóðalaga. Fyrsti áfanginn í þessari vinnu var stöðuskýrsla sem forstöðumenn norrænu alþjóðastofnananna unnu og afhentu sl. vor um framkvæmd tillagna úr skýrslu Thorvalds Stoltenbergs frá 2009.

Aukin áhersla á þróunarsamvinnu.

Ekkert skiptir lítil ríki eins og Ísland meira máli en almennar grundvallarreglur í samskiptum ríkja sem farið er eftir og njóta stuðnings af því alþjóðakerfi sem sátt ríkir um. Mannréttindi og lýðræði skipta þar meginmáli og brýnt að öll ríki, þ.m.t. Ísland, standi vörð um þau grunngildi. Íslendingar eru upp til hópa hlyntir alþjóðlegri samvinnu og fyrrnefnd störf okkar í mannréttindaráðinu hafa sýnt svo ekki verður um villst að Íslendingar eiga fullt erindi á þessum vettvangi, ekki síst á sviðum þar sem við höfum náð sýnilegum árangri. Á sama hátt er mikilvægt að við nýtum enn betur þá sértæku þekkingu sem við búum yfir á fjölmörgum sviðum við uppbyggingu innviða og atvinnuvega í þróunarlöndum í samvinnu við íslenskt atvinnulíf. Þessar áherslur endurspeglast vel í nýrri þróunarsamvinnustefnu sem samþykkt var á Alþingi í maí 2019. Yfirmarkmið stefnunnar er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

Um áramót voru gerðar skipulagsbreytingar á starfi ráðuneytisins sem endurspeglar aukna áherslu á þróunarsamvinnu og mikilvægi samþættingar í alþjóðastarfi. Alþjóða- og þróunarsamvinnutengd málefni voru færð í eina skrifstofu og tengsl við starf fastanefnda í New York, París, Genf og Róm styrkt. Með því er stigið lokaskrefið í þeim breytingum sem urðu þegar Þróunarsamvinnustofnun var sameinuð ráðuneytinu. Breytingarnar eru enn fremur í takt við þá hugsun sem liggur að baki samþættingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um að framþróun á einu sviði sé forsenda framþróunar á öðru. Um áramótin urðu einnig þáttaskil þegar samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna lauk og GRÓ, þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu var stofnsett. Umsýsla skólanna fjögurra, Jafnréttis-, Jarðhita-, Landgræðslu- og Sjávarútvegs-skólanum, færðist til GRÓ sem starfar undir merkjum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Norðurskautið í kastljósi.

Augu alþjóðasamfélagsins beinast í auknum mæli að norðurslóðum og þeim umhverfisbreytingum sem þar eiga sér stað. Ísland á ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldri þróun svæðisins og stöðugleika innan þess. Samstarf ríkja á norðurslóðum beinir sjónum að mikilvægi þess að auka þekkingu á umhverfi og samfélögum svæðisins til þess að auðvelda okkur að bregðast við þessum yfirstandandi og yfirvofandi breytingum. Norðurskautsráðið er sem fyrr mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og formennska Íslands í ráðinu veitir Íslendingum einstakt tækifæri til að halda á lofti áherslumálum sem lúta að sjálfbærri þróun: málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku, ásamt fólki og samfélögum á norðurslóðum. Auk þess leitast íslenska formennskan við að styrkja enn frekar starfsemi

Norðurskautsráðsins, jafnt inn á við sem út á við. Formennskan dregur athygli að Íslandi, eykur vægi landsins á alþjóðavettvangi og veitir Íslendingum þannig einstakt tækifæri til að stuðla að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins.

VERKEFNI UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR Í ÁTTA MYNDUM

Samráð við Alþingi, 1. apríl 2019 til 1. apríl 2020



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins kynntu mál undir **54** dagskrárliðum á **31** fundi utanríkismálanefndar



Utanríkisráðherra kynnti **12** mál á fundi utanríkismálanefndar



13 skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra



61 vinnustund varið í svör við skriflegum fyrirspurnum sem send voru Alþingi á tímabilinu

Borgarþjónusta



49.511

Íslendingar búa erlendis allt árið



216

kjöræðismenn vinna launalaust fyrir Ísland í 90 ríkjum



1.744

Íslendingar sóttu um almenn vegabréf hjá utanríkisþjónustunni árið 2019



Um **679** beiðnir um borgarþjónustu bárust ráðuneytinu 2019, auk fjölmargra erinda sem sendiráð og ræðismenn afgreiddu

Viðskiptasamningar



Fríverslunarsamningar við samtals **74** ríki og landsvæði, þar af **þrír** sem bíða fullgildingar.



115

loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem veita heimildir til viðskiptaflugs.



Ísland hefur gert fjárfestingasamninga við **10** ríki auk annarra samninga sem taka til fjárfestinga



Tvísköttunarsamningar við samtals **44** ríki eru komnir til framkvæmda, þ.m.t. samningur við Japan frá 2018.

Framlög Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO) 2019



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi



140

Rekstur og umsjón með 140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi



Gistiríkjastuðingur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Hátt í fjögur þúsund manns dvöldust á Keflavíkurlugvelli í fyrra



13

borgaralegir sérfræðingar störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni hjá NATO, allt frá jafnréttismálum til þjálfunar í sprengjueyðingu

Fjölpjóða þróunarsamvinna 2019



777

milljóna króna stuðningur veittur til ýmissa stofnana vegna mannúðar- og neyðaraðstoðar



8

Ísland leiðir kjördæmastarf átta ríkja á vettvangi alþjóðabankans



43.500

flóttamenn og heimafólk í Norður-Úganda njóta góðs af samstarfsverkefni Íslands og UNICEF



194

ríki standa að Græna loftslagssjóðnum og tvöfaldaði Ísland framlög sín

Tvíhliða þróunarsamvinna 2019



13.000

heimili í Mangochi-héraði í Malaví fengu nýja salernisaðstöðu



40.000

manns í Sierra Leóne fengu aðgang að hreinu vatni



88

milljóna króna stuðningur til samstarfshéraða í Úganda og Malaví vegna COVID-19



2.000

fisksölukonur njóta í hverri viku góðs af bættum aðbúnaði á fiskmarkaði í Úganda



81.000


manns hafa bættan aðgang að fæðingarþjónustu í Mangochi-héraði í Malaví

Fundir ráðherra, 1. apríl 2019 til 1. apríl 2020



67

tvíhliða fundir með ráðherrum og leiðtogum ríkja, þ.m.t. ESB



20

utanríkis-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir í alþjóðasamstarfi



10

fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana

Seta Íslands í mannréttindaráðinu

90
ræður



Um 90 ræður í fjórum lotum ráðsins.

56
ríki



56 ríki tekin fyrir í jafninga-rýni mannréttindaráðsins.

30
fundir



30 fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins.

I. HEIMSFARALDUR VEGNA KÓRÓNAVEIRU.

Heimsfaraldur vegna kórónaveiru skall á heimsbyggðina snemma árs 2020 og hafði áhrif á daglegt líf og störf fólks um allan heim. Utanríkisþjónustan var þar engin undantekning og reyndist nauðsynlegt að umbylta störfum ráðuneytisins og sendiskrifstofa tímabundið.

Vaxandi þungi heimsfaraldurs þýddi ekki aðeins að kalla þurfti til starfa í borgaraþjónustu fjölda starfsmanna frá ólíkum skrifstofum ráðuneytisins. Það þýddi einnig að viðamiklar áætlanir um heimsóknir, viðburði og ráðstefnur þurfti að endurskoða með hraði, fresta eða aflýsa. Samhliða þeirri vinnu fjölgaði starfsfólki ráðuneytisins sem sinnti störfum í borgaraþjónustu og stóð vaktir við neyðarsvörun. Vegna sóttvarna var starfsliði í byrjun skipt í tvö teymi þannig að helmingur starfsliðs vann í fjarvinnu í viku í senn. Þegar samkomutakmarkanir voru hertar í hámark 20 manns, var hins vegar ákveðið að hafa algebra lágmarksviðveru í ráðuneytinu og fleiri ynnu að heiman, en teymaskiptingu haldið varðandi þá sem komu í ráðuneytið. Starfið í ráðuneytinu fluttist að mestu á eina hæð hússins, til þess að upplýsingaflæði væri sem best, teymisvinna skilvirk og hægt að taka ákvarðanir hratt.

Sendiskrifstofur tóku virkan þátt í eflingu og viðbrögðum vegna heimsfaraldursins þrátt fyrir að vera á sama tíma að færa starfsemina jafnt og þétt í fjarvinnu vegna útgöngutakmarkana og sóttvarna. Auk stuðnings og aðstoðar á sendiskrifstofum Íslands erlendis við borgara, var öryggi starfsmanna á sendiskrifstofum erlendis í forgrunni. Á þeim stöðum þar sem innviðir og heilbrigðiskerfi eru veikburða, voru jafnframt uppfærðar og yfirfarnar áætlanir um hvernig haga þyrfti tímabundinni lokun, ef til kæmi. Einungis kom til tímabundinnar lokunar sendiskrifstofa í Afríku, í Úganda og Malaví. Starfsmenn voru kallaðir heim áður en alþjóðaflug lagðist af. Starfsemi í samstarfsríkjunum hefur verið haldið áfram.

Frá upphafi var þétt samráð við allar sendiskrifstofur Íslands erlendis með fjarfundum, þar sem farið var yfir stöðu mála, meðal annars öryggismál og aðgerðir stjórnvalda í viðkomandi landi, áherslur ráðuneytisins um það hvernig viðveru, svörun og opnun sendiskrifstofa skyldi háttað.

1. BORGARAÞJÓNUSTA.

1.1. Aðdragandi.

Almannavarnir lýstu yfir óvissustigi vegna kórónaveiru á Íslandi 27. janúar. Upplýsingafulltrúar allra ráðuneyta Stjórnarráðsins eru skilgreindur hluti af upplýsingateymi almannavarna og upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins tók frá upphafi fullan þátt í aðgerðum almannavarna. Óvissustig var virkjað strax í ráðuneytinu og komið var á sambandi milli almannavarna, landlæknisembættisins og borgaraþjónustu þar sem viðbúið var að veiran hefði áhrif á Íslendinga erlendis.

Sendiráðið í Peking var strax í nánu samráði við norræn og evrópsk sendiráð í borginni og fylgdist með hvort ógn steðjaði að Íslendingum, einkum í Hubei-héraði. Samtímis hófust nær daglegir fjarfundir ráðuneytisins með viðbragðsteymum norrænu utanríkisráðuneytanna til að meta stöðuna og samræma viðbrögð, einkum þegar flytja þurfti fjölskyldu frá lokuðu svæði í Wuhan með samevrópsku flugi.

Starfsfólk borgaraþjónustu og sendiskrifstofa hóf einnig að afla upplýsinga um aðgerðir annarra ríkja og alþjóðastofnana. Auk þess sem tryggja þurfti að starfsfólk utanríkisþjónustunnar á vettvangi nyti viðhlítandi öryggis og aðstöðu til að geta sinnt störfum sínum heima.

Í lok febrúar var ákveðið að koma á fót valkvæðri skráningu á Stjórnarráðsvefnum fyrir Íslendinga á ferðalagi erlendis til að auðvelda upplýsingamiðlun. Íslendingar brugðust vel við og skráðu sig í þúsundatali í gagnagrunn borgaraþjónustu sem átti eftir að reynast þýðingarmikill næstu vikurnar. Frá febrúarlokum fram til loka apríl höfðu hátt í tólf þúsund manns skráð sig sem gerði borgaraþjónustunni kleift að koma mikilvægum skilaboðum til þeirra. Utanríkisþjónustan hafði því ágætt yfirlit yfir fjölda Íslendinga erlendis þegar neyðarstigi var lýst yfir hér á landi 6. mars.

Viðbragðsáætlun utanríkisráðuneytisins fyrir neyðartilvik erlendis var uppfærð í lok árs 2019 og viðbragðsáætlun utanríkisráðuneytisins vegna heimsfaraldurs í byrjun febrúar og tekið mið af áætlun sóttvarnarlæknis um heimsfaraldur. Áætlanirnar eru báðar unnar eftir sniðmáti og í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra til að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð þegar til smitfaraldurs kemur. Fyrstu samstillingarfundir vegna neyðarviðbragða í ráðuneytinu voru haldnir 2. mars, í samræmi við viðbragsáætlun, en ljóst er að engin áætlun bjó okkur undir að heimurinn allur væri undir né að meira en helmingur starfsfólks yrði heimavinnandi.

1.2. Ráðleggingar til íslenskra ferðamanna erlendis.

Alla jafna gefur utanríkisráðuneytið ekki út ferðaráð en vísar á ferðaráð Norðurlandanna og annarra nágrennaríkja, enda miða þær ráðleggingar yfirleitt við aðstæður á stöðum þar sem Ísland hefur ekki sendiskrifstofur og ráðuneytið því ekki í aðstöðu til að gefa út slíkar ráðleggingar.

Íslensk stjórnvöld brugðust hins vegar mjög hratt við útbreiðslu veirunnar og voru einna fyrst til að skilgreina hættusvæði og skylda ferðalanga sem þaðan komu í sóttkví. Sóttvarnarlæknir réð Íslendingum frá ferðalögum til Kína vegna smithættu 29. janúar og þeir sem þaðan sneru voru sömuleiðis hvattir til fara í tveggja vikna sóttkví. Íran, Suður-Kórea og Norður-Ítalía voru skilgreind sem áhættusvæði 26. febrúar og ferðalangar voru hvattir til að sýna varúð á ferðalögum á nokkrum öðrum svæðum. Ischgl-skíðasvæðið í Austurríki bættist við listann 5. mars, önnur skíðasvæði í Ölpunum 9. mars og Spánn, Þýskaland og Frakkland 14. mars.

Þótt Ísland hafi verið í fararbroddi þeirra ríkja sem skilgreindu áhættusvæði snemma gripu önnur ríki eitt af öðru til mun harðari aðgerða þegar leið á marsmánuð og álagið þyngdist í borgaraþjónustunni jafnt og þétt. Í kjölfar þess að Bandaríkin lokuðu landamærum sínum fyrir ferðalögum frá Schengen-svæðinu 12. mars var gripið til samsvarandi aðgerða í fjölmörgum ríkjum. Þá höfðu stjórnvöld í fjarlægari vinsælum ferðamannaríkjum gripið til yfirgripsmikilla sóttvarnaaðgerða sem þegar höfðu haft áhrif á ferðir Íslendinga.

Að tillögu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum 14. mars að ráða Íslendingum frá ferðalögum til útlanda og hvetja Íslendinga á ferðalagi erlendis til að íhuga að flýta heimför. Fram að því hafði utanríkisráðuneytið eingöngu vísað á ráðleggingar sóttvarnarlæknis enda hafði hættan þá fyrst og fremst snúið að smithættu en nú var óttast að Íslendingar yrðu innlyksa eða lentu í sóttkví erlendis við erfiðar aðstæður. Auk þess var Íslendingum bent á að kanna aðgang sinn að traustri heilbrigðisþjónustu og réttindi þar að lútandi.

1.3. Umfang borgaraþjónustu eykst.

Að jafnaði sinna tveir starfsmenn borgaraþjónustu en starfsmenn neyðarteymis, tíu talsins, skipta á milli sín svörun erinda utan skrifstofutíma. Álagið jókst dag frá degi og fljótlega eftir að neyðarstigi almannavarna var lýst yfir 6. mars, var opnað símaver í ráðuneytinu. Landamæralokanir og ákvörðun ríkisstjórnarinnar 14. mars um að ráða Íslendingum frá ferðalögum til útlanda mörkuðu þáttaskil. Dagana 14.-19. mars svaraði borgaraþjónustan um 400 erindum á dag. Til samanburðar má nefna að árið 2018 bárust alls 550 erindi til borgaraþjónustunnar, að frátöldum fjölmörgum erindum sem sendiskrifstofur og ræðismenn afgreiddu það árið. Virðist umfangið sömuleiðis hafa verið töluvert í samanburði við borgaraþjónustur annarra ríkja því að á sama tíma og borgaraþjónustan svaraði tvö þúsund erindum bárust fregnir af því að sjö þúsund manns hefðu haft samband við borgaraþjónustu Noregs og tuttugu þúsund haft samband við borgaraþjónustu Spánar.

Heimsfaraldur vegna kórónaveiru - borgaraþjónusta frá 14. mars til 29. apríl 2020



3.214

Almenn ráðgjöf veitt í rúmlega þrjú þúsund símtölum og

2.736

tölvupóstum sem borgaraþjónustunni bárust.



5.750

Haft var beint samband við tæplega sex þúsund manns. Hringt var í á þriðja þúsund en aðrir fengu sérsniðin skilaboð í tölvupósti og með smáskilaboðum.



588

einstaklingum veitt aðstoð í gegnum Facebook.



74



liðkunarbref send til að votta að ferðalögum væri frjálst að ferðast til Íslands og auðvelda þeim för.

211



strandaglópar í 56 ríkjum. 57 eru eftir í 23 ríkjum.



312

einstaklingar komu með borgaraflugi.

Kannað var meðal starfsmanna hverjir væru í aðstöðu til að sinna borgaraþjónustunni og komið var á sextán tíma vöktum í símaveri sem sett hafði verið upp í rými upplýsingadeildar ráðuneytisins. Auk þess sinntu tveir starfsmenn fyrirspurnum sem bárust símleiðis og með tölvupósti á næturnar að heiman með aðstoð sendiráða á öðrum tímabeltum. Starfsmenn úr ýmsum deildum lögðu borgaraþjónustunni lið enda var starfsemi utanríkisþjónustunnar með óhefðbundnu sniði vegna COVID-19 og mörg reglubundin verkefni voru sett á ís.

Víðtæku vaktakerfi var komið á í sendiskrifstofum Íslands um allan heim svo hægt væri að svara skriflegum fyrirspurnum í tölvupósti og með skilaboðum á Facebook allan sólarhringinn. Þannig tóku sendiskrifstofur í Norður-Ameríku við keflinu þegar dagvakt lauk í Reykjavík, og skiluðu keflinu til sendiráðanna í Peking, Tókýó og Nýju-Delí. Þegar Reykjavík vaknaði aftur var Moskva í fullum gangi ásamt sendiskrifstofum í Evrópu. Þess voru jafnvel dæmi að fyrrverandi starfsmenn leggðu ráðuneytinu lið þessa fyrstu daga, með stuðningi Alþingis sem lánaði starfsmann í tvær vikur.

Vegna umfangs og aðstæðna í miðjum heimsfaraldri voru í byrjun aprílmánaðar samþykktar nýjar reglur um fyrirgreiðslu úr ríkissjóði vegna kostnaðar við ferðir til Íslands vegna COVID-19 heimsfaraldursins (nr. 334/2020). Reglurnar eru tímabundnar og gilda til 1. júní 2020. Borgaraþjónustunni berast nokkrar slíkar beiðnir um heimferðaaðstoð á hverju ári sem framsendar eru félagsmálaráðuneytinu til ákvörðunar. Frá því í byrjun mars 2020 hafa borist töluvert fleiri slíkar beiðnir heldur en berast að meðaltali árlega. Samkvæmt þessum nýju reglum nær aðstoðin til allra íslenskra ríkisborgara og erlendra ríkisborgara með lögheimili á Íslandi, sem hafa heimild eða eiga rétt til dvalar og dvelja hér á landi að jafnaði. Við mat á aðstæðum umsækjenda skal höfð hliðsjón af því hvort viðkomandi sé með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu, gæðum og aðgengi að heilbrigðisþjónustu dvalarríkis, hvort velferð barna á vegum umsækjenda teljist ógnað í dvalarríki og hvort umsækjandi er forsjáradili barns sem býr og er statt á Íslandi. Áður var heimferðaaðstoð eingöngu veitt íslenskum ríkisborgurum með lögheimili á Íslandi en staddir eru erlendis og ekki var boðið upp á fyrirgreiðslu.

1.4. Norrænt samstarf sannar gildi sitt.

Lokun landamæra Bandaríkjanna og annarra ríkja skömmu síðar, þeirra á meðal Danmerkur og Noregs, bar nokkuð brátt að. Þá lokuðust landamæri milli Schengen-ríkja smám saman. Með ferðatakmörkunum var stöðunum kippt undan almennu áætlunarflugi og framboð fór því ört þverrandi. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra gagnrýndi samráðsleysi náinna samstarfsríkja í aðdraganda þessara ákvarðana enda var ljóst að áhrifa þeirra gætti víða.

Í kjölfar óformlegra símtala milli norrænu utanríkisráðherranna var efnt til formlegs fjarfundar 16. mars. Auk norræna fundarins var fundað með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Þessir fundir voru þeir fyrstu í röð reglulegra funda ráðherranna í mars og apríl.

Sterk hefð er fyrir norrænu samstarfi um borgaraþjónustu sem byggir meðal annars á Helsinkisáttmálanum frá 1962. Árið 2005 var það styrkt enn frekar með það að markmiði að auka samráð um neyðarviðbrögð erlendis. Á grundvelli þessa samstarfs geta norrænir borgarar fengið neyðaraðstoð hjá sendiskrifstofu tiltekins norræns ríkis þar sem land þeirra hefur hvorki sendiráð né ræðismenn. Utanríkisráðherrarnir ákváðu 20. mars að efla norrænt samstarf á sviði borgaraþjónustu vegna þeirra sértæku verkefna sem fælust í viðbrögðum vegna COVID-19 faraldursins enda höfðu reglulegir samráðsfundir vegna hans verið haldnir frá því í lok janúar.

Ljóst var að Norðurlandabúar ættu nú á hættu að verða strandaglópar um allan heim og því var áhersla lögð á að safna upplýsingum um fjölda ferðamanna í þeim aðstæðum víða um heim. Innan borgaraþjónunnar var því myndað sérstakt flugteymi sem átti daglegt samráð við Norðurlöndin. Sammælt var um að vísa ferðamönnum á farþegaflug hvar sem hægt væri, skiptast á gagnlegum upplýsingum um almennt flugframboð og flugtakmarkanir. Eftir því sem á leið fækkaði almennum flugmöguleikum og Norðurlöndin unnu þá saman að því að skipuleggja og samnýta flug til þeirra staða sem norrænir borgarar voru strandaglópar. Þátttaka okkar í þessu norræna samráði reyndist afar vel, meðal annars í þeirri ráðgjöf sem Íslendingar um allan heim sóttu til borgaraþjónustunnar við undirbúning heimferða í mars og apríl. Þá skipti gott samstarf utanríkisráðuneytisins við almannavarnir, samgönguráðuneytið og Icelandair höfuðmáli við að lóðsa fólk heim.

Á nær vikulegum fundum ráðherranna var áfram fjallað um borgaraþjónustumál en auk þess var fjallað um alþjóðlegt samstarf, varhugaverða neikvæða þróun mannréttinda og lýðræðis í skjóli neyðaraðgerða sem stjórnvöld ýmissa ríkja hafa gripið til á tímum heimsfaraldursins, meðal annars í Evrópuríkjum, og að því er virðist aukinnar upplýsingaóreiðu í tengslum við ástandið.

Þá áttu norrænu þróunarsamvinnuráðherrarnir með sér reglulegt samráð þar sem helst var fjallað um mikilvægi þess að styðja við bakið á alþjóðastofnunum og mannúðarsamtökum í baráttunni við COVID-19.

Ráðherrarnir skrifuðu grein um málið ásamt þróunarmálaráðherrum Bretlands og Hollands sem birtist í breska dagblaðinu Telegraph 9. mars og í Fréttablaðinu 16. mars. Í greininni er lögð áhersla á alþjóðlega samstöðu, til verndar þróunarríkja og um leið okkar eigin íbúa og hagkerfa, ekki síst vegna alvarlegra efnahagslegra áhrifa veirunnar á fátæk og óstöðug ríki.

Þegar er hafin vinna meðal norrænu ríkjanna við að meta samstarfið um neyðarviðbrögð í ljósi reynslunnar af COVID-19.

1.5. Könnun á stöðu Íslendinga erlendis.

Fyrst um sinn gaf gagnagrunnur borgaraþjónustu, sem Íslendingar erlendis höfðu skráð sig í, góða vísbindingu um fjölda þeirra. Eftir því sem leið á var þó ljóst að fjölmargir Íslendingar höfðu farið að ráðleggingum stjórnvalda og flýtt heimför til Íslands. Því var brugðið á það ráð að hafa beint samband við þá sem enn voru skráðir erlendis til að fá gleggri mynd af stöðunni.

Starfsfólk borgaraþjónustunnar, bæði í ráðuneytinu og sendiskrifstofum, skipti með sér verkum til að ná til fólks í ólíkum heimshlutum. Frá lokum mars og fram í miðjan apríl var því haft beint samband við tæplega sex þúsund manns, fyrst utan Evrópu en svo einnig í Evrópuríkjum. Hringt var í á þriðja þúsund manns en aðrir fengu sérsniðin skilaboð í tölvupósti og með smáskilaboðum.

Langflestir reyndust komnir heim (60%) eða hugðust dvelja áfram erlendis (30%), aðrir voru á heimleið, þurftu á frekari aðstoð að halda eða svöruðu ekki. Greining gagnanna auðveldaði íslenskum stjórnvöldum að aðstoða þá sem leituðu leiða heim, s.s. með því að nýta diplómátískar leiðir til að tryggja Íslendingum sæti í borgaraflugi Norðurlanda og annarra Evrópuríkja, sem einnig reyndist vera afar gagnlegt að hafa aðgengi að.

Þar sem áætlunarflug bauðst ekki, til dæmis vegna ferðatakmarkana erlendra ríkja, nýttu yfir hundrað íslenskir ríkisborgarar sér borgaraflug á vegum Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og viðlagasjóðs ESB, sem Ísland er aðili að. Þá nýttu rúmlega tvö hundruð Íslendingar og aðrir sem búsettir eru á Íslandi í fjórar flugferðir frá Varsjá til Íslands á vegum pólskra stjórnvalda um miðjan mars og í byrjun apríl. Við skipulagningu þessara flugferða hefur reynst nauðsynlegt að nýta krafta sendiráða Íslands gagnvart því landi sem skipuleggur flugið, sendiherra Íslands, ræðismanna Íslands og eftir atvikum norrænna sendiráða í landinu þar sem viðkomandi einstaklingur er staddur, auk almannavarna og borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins í Reykjavík.

Í lok apríl voru enn 200 manns á heimleið og 57 voru strandaglópar í 23 ríkjum. Almenn reyndust flestir þeirra sem ekki höfðu snúið heim í lok apríl vera í aðstöðu til að dvelja áfram erlendis þar til flugframboð ykist að nýju og ferðatakmarkunum yrði aflétt. Áfram var þó unnið að því að aðstoða þá sem þess óskuðu en flugmöguleikum fækkaði jafnt og þétt.

1.6. Upplýsingamiðlun.

Utanríkisráðuneytið miðlar upplýsingum beint til almennings gegnum Stjórnarráðsvefinn og á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter og Instagram. Frá því að neyðarstigi almannavarna vegna kórónaveiru var lýst yfir 6. mars og fram til loka marsmánaðar birti ráðuneytið rúmlega 220 samfélagsmiðlafærslur og fréttir með fjölbreyttum ferðaráðum, upplýsingum um ferðatakmarkanir vegna COVID-19 og flugferðum til Íslands. Í mars og apríl náði upplýsingamiðlun ráðuneytisins til tæplega 640 þúsund einstaklinga á samfélagsmiðlum, bæði innanlands og erlendis. Í mars birtu sendiskrifstofur rúmlega 320 færslur og fréttir með upplýsingum á íslensku og erlendum tungumálum um stöðuna í gistiríkjum, auk flugupplýsinga og ferðaráða frá ráðuneytinu.

Upplýsingasíðan www.utn.is/ferdarad var opnuð 16. mars. Þar voru settar inn upplýsingar sem ráðuneytinu bærust frá sendiskrifstofum og alþjóðastofnunum um ferðatakmarkanir, flug og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir Íslendinga erlendis. Síðan var uppfærð daglega og fram til marsloka voru skráðar 12.900 flettingar.

Fyrsti markpóstur til Íslendinga erlendis sem höfðu skráð sig í COVID grunninn var sendur 28. febrúar en slíkir póstar hafa verið sendir vikulega eða eftir því sem þurfa þykir, ýmist til allra skráðra eða einstakra hópa, eftir staðsetningu.

Ráðuneytið svaraði fjölda fyrirspurna frá íslenskum fjölmiðlum og veitti viðtöl til að hámarka upplýsingagjöf til Íslendinga erlendis sem margir fylgjast með íslenskum fjölmiðlum.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig sinnt virkri upplýsingamiðlun til erlendra fjölmiðla í góðu samstarfi við landlæknisembættið og upplýsingateymi almannavarna. Ráðuneytið hefur frá 15. mars svarað fyrirspurnum frá hátt í fimmtíu erlendum fjölmiðlum og veitt erlendum stjórnvöldum og fulltrúum vísindasamfélaga upplýsingar um viðbrögð við faraldrinum hér á landi. Utanríkisþjónustan hefur fylgst vel með erlendri umfjöllun sem hefur verið bæði umfangsmikil og jákvæð. Frá því um miðjan mars hefur verið fjallað um

Ísland í yfir sex þúsund erlendum blaðagreinum, þar af yfir 1500 í virtum, víðlesnum miðlum í Bretlandi og Bandaríkjunum.

2. UTANRÍKISVIÐSKIPTI Á TÍMUM KÓRÓNAVEIRU.

Efnahagslegra áhrifa faraldursins gætir víðast hvar, dregið hefur úr eftirspurn og framleiðslukeðjur raskast. Ferðatakmarkanir stöðva ekki eingöngu ferðamenn heldur sömuleiðis sérfræðinga og aðra veitendur þjónustu. Því miður hafa aðrar viðskiptahindranir látið á sér kræla.

Utanríkisráðuneytið, Íslandsstofa og viðskiptafulltrúar við íslensk sendiráð hafa fylgst grannt með áhrifum COVID-19 á útflutningsgreinarnar og átt reglulega samtöl við fyrirtæki og samtök útflutningsgreinanna.

Utanríkisráðuneytið hefur ásamt Íslandsstofu unnið að því að kortleggja þörf hátæknifyrirtækja í matvælaíðnaði og sjávarútvegi fyrir ferðalög næstu mánuði og með hvaða hætti liðka megi fyrir til að gera þeim kleift að standa við gerða samninga og sinna viðhaldi, uppfærslu og viðgerðum. Mikilvægt er að standa vörð um áframhaldandi samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á þessu sviði til að þau geti staðið við gerða þjónustusamninga. Jafnframt því er samráð vegna komu erlendra sérfræðinga sem sinna sértækum verkefnum á Íslandi og þurfa undanþágur eða heimildir vegna útfærslu á sóttkví eða annarra atriða. Framlenging ferðatakmarkana og sóttkví fyrir alla einstaklinga sem til landsins koma hefur veruleg áhrif á utanríkisviðskipti og ráðuneytið tekur þátt í samráði á ýmsum vettvangi í stjórnkerfinu vegna þeirra ákvarðana.

Faraldurinn hefur haft áhrif á dagleg störf utanríkisþjónustunnar á sviði utanríkisviðskipta. Vinna við framtíðarviðræður við Bretland hefur haldið áfram með breyttu sniði sem og samstarf á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Fríverslunarsamtaka (EFTA). EFTA hefur átt fundi með þriðju ríkjum um uppfærslu fríverslunarsamninga, svo dæmi sé tekið.

2.1. Viðskipti með heilbrigðisvörur.

Hörð samkeppni hefur ríkt á heimsvísu um hlífðarbúnað, öndunarvélar og fleiri nauðsynjavörur fyrir heilbrigðisgeirann og utanríkisþjónustan hefur lagt sig fram um að liðka fyrir innflutningi á þeim vörum.

Sendiráð Íslands í Kína hefur unnið hörðum höndum að því að aðstoða Landspítalann, Samtök atvinnulífsins og fleiri við innflutning á mikilvægum hlífðarbúnaði, öndunarvélum og fleiri nauðsynlegum heilbrigðisvörum frá Kína. Það ferli hefur af ýmsum ástæðum reynst mjög flókið. Sendiráð Kína á Íslandi hefur líka lagt sitt af mörkum að leysa úr erfiðum málum.

Með samstilltu átaki íslenskrar stjórnvísu og norrænni samvinnu tókst að aflétta banni ESB á útflutningi á nauðsynlegum hlífðarvörum fyrir heilbrigðisstarfsfólk í baráttunni við útbreiðslu kórónaveirunnar. Um er að ræða lífsnauðsynlegar vörur en jafnframt grundvallaratriði um EES-samninginn og innri markaðinn.

Sömuleiðis voru höfð snör handtök í mars þegar ákveðið var að Ísland skyldi gerast aðili að samningi Evrópusambandsins um sameiginleg innkaup á lækisfræðilegum viðbúnaðarvörum frá árinu 2014 (e. Joint Procurement Agreement to procure medical Countermeasures, JPA). Á örfáum dögum var beiðni um aðild samþykkt, samningurinn undirritaður og tók hann gildi fyrir Ísland innan tveggja vikna. Aðilar eru nær öll aðildarríki ESB – 26 talsins – Noregur og Bretland.

Ísland gerðist aðili að samningnum í því skyni að tryggja enn frekar aðgang að útboðsferli og sameiginlegum innkaupum Evrópuríkja á hlífðarbúnaði og öðrum heilbrigðistengdum viðbúnaðarvörum, sem treyst getur birgðastöðu enn frekar. Þátttaka í sameiginlegum innkaupum aðildarríkja samningsins á nauðsynlegum lækningabúnaði, lyfjum, vöru og heilbrigðisþjónustu getur skipt sköpum þegar slík vá er fyrir dyrum.

Fyrst eftir að COVID-19 faraldurinn braust út bárust til Kína sendingar af hlífðarfatnaði og hjálpargögnum frá ýmsum þjóðum. Eftir að árangur náðist við að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar og hægt var að virkja öflugan iðnað í Kína við framleiðslu nauðsynlegra gagna snerist þetta við og flest ríki heims kepptust við að tryggja sér tæki, grímur og hlífðarbúnað frá Kína. Fyrirtæki, sem ekki höfðu til þess burði að standast gæðakröfur, sáu þarna gróðatakifæri og þess voru dæmi að gallaðar vörur væru sendar til Evrópu. Kínversk stjórnvöld brugðust við með því að herða enn frekar hefðbundið útflutningseftirlit.

Íslensk fyrirtæki sem vildu gott af sér leiða hófu að útvega nauðsynlegan varning. Kínversk fyrirtæki vildu einnig sýna lit. Kínverska viðskiptaumhverfið er hins vegar háð flóknu regluverki og áskorunum sem aðeins er hægt að yfirstíga með aðkomu stjórnvalda. Sendiráðið þurfti því að greiða götu innkaupa og flutninga með opinberum staðfestingum og yfirlýsingum, oft utan hefðbundins vinnutíma.

Af hálfu kínverskra stjórnvalda var bent á þrjár leiðir, í fyrsta lagi að fara fram á beina aðstoð frá Kína sem yrði þá sinnt af utanríkisráðuneyti, öðru lagi að beina pöntunum íslenskra heilbrigðisyfirvalda gegnum

sendiráðið til kínverska viðskiptaráðuneytisins sem myndi tryggja forgangsmeðferð og í þriðja lagi beina viðskiptum beint til viðurkenndra fyrirtækja.

Íslensk stjórnvöld ákváðu að fara ekki fram á gjafir en standa samt ekki í vegi fyrir gjöfum einkaaðila, íslenskra eða kínverskra. Hins vegar kom sendiráð Íslands í Peking umfangsmikilli pöntun á framfæri við viðskiptaráðuneytið kínverska og fylgdi afgreiðslu eftir. Einnig kom sendiráðið að skipulagningu og útvegaði heimildir fyrir flutninga með aðstoð Icelandair og flutningafyrirtækja.

2.2. Umsóknum um vegabréfsáritanir fækkar verulega.

Afleiðingar heimsfaraldursins hafa haft í för með sér algjört hrun á fjölda umsókna frá öllum ríkjum. Áritanadeildir sendiráðanna taka ekki við umsóknum frá almennum ferðamönnum og gefa aðeins út D-áritanir til þeirra sem hafa fengið dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun og Schengen áritanir í undantekninga-tilvikum. Ekki hafa borist almennar umsóknir frá miðjum mars og með hliðsjón af aðgerðum ríkja um allan heim til að sporna við útbreiðslu kórónaveirunnar, er ómögulegt að segja til um þróun á fjölda umsókna á þessu eða því næsta.

Sendiráðið í Peking fjölgaði afgreiðslustöðum úr einum í átta á síðasta ári og gaf út 15.202 Schengen-áritanir til Ísland eða 84% allra áritana sem gefnar voru út í íslenskum sendiráðum. Gert hafði verið ráð fyrir að sá fjöldi myndi að lágmarki tvöfaldast á árinu 2020 með fyrirhugaðri opnun afgreiðslustaða í sjö borgum til viðbótar í Kína á þessu ári og fyrirhuguðu flugi flugfélagsins Juneyao Airlines á milli Shanghai og Keflavíkur með viðkomu í Helsinki, sem átti að hefjast í lok mars. Þá voru ellefu afgreiðslustaðir opnaðir á Indlandi á síðastliðnum tíu mánuðum og fimm afgreiðslustaðir voru opnaðir í Bandaríkjunum frá áramótum.

Starfsfólk áritanadeildar gekk til liðs við borgarapjónustuna um miðjan mars og hefur auk þess liðsinnt viðskiptaþjónustunni, meðal annars með aðstoð við íslensk fyrirtæki sem þurfa að koma erlendum sérfræðingum hingað til lands með undanþágu. Ekki er hægt að spá fyrir um fjölda ferðamanna sem þurfa vegabréfsáritun til Íslands á þessu og næsta ári, en áhersla er lögð á að áritanadeildir ráðuneytisins og sendiráðanna verði í stakk búnar til að bregðast skjótt við þegar draga fer til tíðinda.

3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG ÞRÓUNARSAMVINNA.

Nokkurs glundroða gætti almennt í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst innan Schengen, þegar ríki gripu hvert á fætur öðru til umfangsmikilla aðgerða, landamæralokana og annarra ferðatakmarkana, án samráðs við helstu samstarfsríki. Þegar leið á rofaði til og meðal helstu samstarfsríkja hefur ríkt eining um að standa vörð um alþjóðlegt samstarf og stofnanir á borð við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, því öllum má vera ljóst að veiran virðir engin landamæri. Þegar heimsfaraldurinn verður afstaðinn er rík ástæða til að meta vandlega hvað hefði getað farið betur.

Alþjóðlegt samstarf til varnar mannréttindum hefur sjaldan verið mikilvæga enda hafa stjórnvöld í mörgum ríkjum sýnt einræðistilburði og skert mannréttindi í skjóli heimsfaraldursins. Þá óttast margir afleiðingar faraldursins í fátækum heimshlutum, ekki síst í Afríku. Þróunarríki eru í þröngri stöðu til að bregðast við bæði heilsufars-, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum faraldursins og viðbúið að faraldurinn geti aukid enn frekar á þá neyð sem nú þegar er fyrir hendi á svæðum þar sem sárafátækt ríkir og jafnvel skapað óróa. Varnaraðgerðir fjölmargra þróunarríkja gegn veirunni hafa þegar haft harkaleg áhrif á lífsviðurværi og heilsu fólks, sérstaklega kvenna og jaðarhópa. Mikill skortur er á hlífðarbúnaði og öðrum aðföngum í heilsugæslum og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) hefur varað við því að tvöfalt fleiri verði við hungurmörk í árslok frá því sem nú er, verði ekki gripið til skjótra aðgerða.

Faraldurinn hefur dregið fram í dagsljósið mikilvægi þeirra verkefna sem Ísland hefur stutt við í tvíhliða þróunarsamvinnu. Þar hefur verið lögð áhersla á heilbrigðismál, eins og mæðravernd og lýðheilsu, kennslu í handþvotti, hreinlæti og aðgengi að drykkjarhæfu vatni. Undir hatti menntamála hefur verið lögð áhersla á að öll börn ljúki grunnskólagöngu, að þau fái góða menntun, hafi aðgang að drykkjarhæfu vatni, fái skólamáltíðir með samstilltu átaki foreldra, salernisaðstöðu og að skólabyggingar séu í samræmi við staðla á landsvísu svo sitthvað sé nefnt. Í þeim aðstæðum sem nú ríkja, er sérstök hætta á að börn verði fyrir næringarskortri og hætti námi. Stúlkur eru sérstaklega berskjaldaðar við þessar aðstæður. Það er flókið verkefni að útdeila mat á hvert heimili sem þess þarfnast. Aðstoð við að kosta skólamáltíðir meðan heimilin eru að jafna sig á ástandinu er einfaldari leið og að líkindum árangursríkari til að draga úr brottfalli og næringarskortri.

Sameinuðu þjóðirnar hafa jafnframt kallað eftir auknum stuðningi við vatns- og hreinlætisverkefni fyrir skóla og nærsamfélög í flóttamannabygðum Úganda, sem eru meðal þeirra stærstu í Afríku. Faraldurinn hefur orðið til þess að dregið hefur úr mannúðaraðstöð þar. Ísland veitir UNICEF aðstoð við slík verkefni að upphæð 475 m. kr. yfir árin 2019-2022 sem nýtist bæði heimamönnum og flóttamönnum. Þrátt fyrir áskoranir við öflun og flutning aðfanga, ganga verkefni vel.

3.1. Starfsemi alþjóðastofnana.

Frá byrjun mars voru alþjóðlegir fundir felldir niður og viðburðum frestað og um miðbik mánaðarins höfðu flestar alþjóðastofnanir lokað skrifstofum sínum. Starfsemin raskaðist fyrst um sinn en eftir því sem á leið fjölgaði fjarfundum. Vorfundur Alþjóðabankans var meðal funda sem haldinn var með fjarfundarsniði. Bankinn hefur brugðist skjótt við og nú þegar samþykkt 14 milljarða Bandaríkjadala verkefnaramma og hyggst á næstunni veita um 160 milljörðum Bandaríkjadala til að bregðast við efnahags- og félagslegum afleiðingum faraldursins.

Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir hafa frá upphafi faraldursins gegnt leiðandi hlutverki við að samhæfa viðbrögð alþjóðasamfélagsins við að draga úr áhrifum veirunnar á heilsufar, efnahagslíf og öryggi víðsvegar í heiminum. Eftir að ljóst varð að veiran kæmi til með að valda alvarlegum heimsfaraldri var allt kerfið virkjað upp úr miðjum mars til að draga úr áhrifum farsóttarinnar.

Mest hefur mætt á Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) sem hefur miðlað upplýsingum um útbreiðslu og eðli veirunnar samhliða því að aðstoða ríki, sérstaklega þróunarríki, við sóttvarnir og heilbrigðisþjónustu. Þá hafa Sameinuðu þjóðirnar hvatt ríki og alþjóðlegar fjármálastofnanir til að standa vörð um efnahagslegt viðnámsþol þróunarríkja með auknum framlögum og ívilnunum vegna lána. Allar stofnanir og sjóðir Sameinuðu þjóðanna hafa einbeitt sér að því að veita ráðgjöf og stuðning á sérsviði sínu í góðu samstarfi við svæðisskrifstofur samtakanna á vettvangi.

Frá því um miðjan mars var nær öllum fundum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna frestað og almennri starfsemi að mestu haldið gangandi í gegnum fjarbúnað. Öryggisráðið hefur fundað reglulega um alþjóða- og öryggismál, og samþykkti sérstaka ályktun um áhrif og viðbrögð við COVID-19. Allsherjarþingið hefur sömuleiðis samþykkt ályktanir um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og samstöðu vegna faraldursins og þær nutu breiðs stuðnings, þar á meðal Íslands. Gera má ráð fyrir að faraldurinn komi til með að halda áfram að hafa verulega áhrif á störf allsherjarþingsins, alþjóðlega fundi og samningaviðræður um ályktanir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem fara átti fram 9.-22. mars og Ísland hefur tekið virkan þátt í, var frestað um ótiltekinn tíma vegna COVID-19. Sömuleiðis stóð 43. fundalota mannréttindaráðs SP í Genf yfir þegar faraldurinn fór á flug og var fundum ráðsins einnig frestað um miðjan mars. Nær samtímis frestaði Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) í Genf öllu fundahaldi í kjölfar þess að starfsmaður stofnunarinnar greindist með veiruna. Þá hefur fyrirtökum ýmissa skýrslna frá aðildarríkjunum verið frestað og það hefur áhrif á Ísland, sem til dæmis átti að koma fyrir nefndina um afnám pyntinga um mitt þetta ár vegna nýlegra skýrsluskila um þau mál.

Í takt við aðgerðir franskra stjórnvalda vegna COVID-19 voru gerðar viðeigandi ráðstafanir innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) til að bregðast við faraldrinum. Almenn fundahald var lagt niður frá og með 16. mars og fært yfir í fjarfundabúnað. Mikil áhersla hefur verið lögð á að nýta krafta OECD í þágu aðildarríkja í stefnumótun og aðgerðum gegn COVID-19. Í því skyni hefur verið opnuð rafræn upplýsingamiðstöð þar sem finna má nýjustu upplýsingar um viðbrögð aðildarríkja við COVID-19 faraldrinum, sem og tillögur stofnunarinnar að aðgerðum vegna hans. Sömuleiðis tók starfsemi og fundahald Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) á sig aðra mynd og var fundahald fellt niður eða frestað um miðbik mánaðarins, þar á meðal fundi framkvæmdastjórnar UNESCO sem fara átti fram 23. mars -3. apríl.

Evrópuráðið í Strassborg lokaði að mestu fyrir starfsemi sína um miðjan mars og nær öllum fundum aðildarríkja var frestað eða þeir felldir niður, þar með talið fundum ráðherranefndar Evrópuráðsins, fyrst um sinn, en þeir hafa síðan farið fram í gegnum fjarfundabúnað. Þannig hefur verið hægt að afgreiða mál sem eru óumdeild, önnur mál hafa verið sett á bið þar til nefndin getur hist með eðlilegum hætti. Norrænu sendiherrarnir við Evrópuráðið hafa nýtt þetta tækifæri til að funda reglulega í gegnum fjarfundabúnað og meðal annars til að leita leiða til að auka samstarf sitt enn frekar á vettvangi ráðaherranefndarinnar. Þá má gera ráð fyrir að umfjöllun um COVID-19 faraldurinn og viðbrögð einstakra aðildarríkja við honum endurspeglar í umfjöllun á vettvangi Evrópuráðsins á næstu misserum og árum, eins má búast við því að fjöldi mála þessu tengdu rati til dómstólsins

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur einnig þurft að breyta starfsháttum sínum. Dómstóllinn miðar að því að halda áfram kjarnastarfsemi eins og hægt er. Þær aðgerðir sem hann hefur þurft að grípa til fela meðal annars í sér að frestir í ákveðnum málum sem eru í meðferð dómsins hafa verið lengdir, það sama gildir um fresti til að senda inn kvartanir til dómstólsins, öllum málflutningi sem fara átti fram í mars og apríl hefur verið frestað og sérstakir ferlar settir svo áfram sé hægt að taka fyrir ákveðin alvarleg og aðkallandi mál.

António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti til alheimsvopnahlés til að tryggja aðgengi fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð á átakasvæðum og fjölmörg ríki og hópar urðu við þeirri áskorun. Ísland studdi ásamt fjölmörgum ríkjum ákall aðalframkvæmdastjórnans. Sameinuðu þjóðirnar ýttu enn

fremur úr vör alþjóðlegum styrktarsjóðum, annars vegar með áherslu á neyðar- og mannúðaraðstoð (COVID-19 Global Humanitarian Response Plan) og hins vegar langtíma félags- og efnahagslegar umbætur (COVID 19 Response and Recovery Multi Partner Trust Fund) sem Ísland studdi meðal annars við sem hluta af framlögum vegna COVID.

Fleiri ráðstefnum og fundum þurfti að fresta. Heimsjarðhitaráðstefnunni í Reykjavík (World Geothermal Congress) sem halda átti apríl 2020, hefur verið frestað fram til 2021. Á ráðstefnunni var fyrirhugaður hliðarviðburður utanríkisráðuneytisins, Orkuklasans og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP), sem tileinkaður verður fjölnýtingarmöguleikum, einkum í Afríku. Um 170 fyrrverandi nemendur Jarðhitaskóla Gró höfðu undirbúið þátttöku í heimsráðstefnunni.

Þá hefur faraldurinn komið niður á starfi skólanna fjögurra sem koma saman í GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, þ.e. Jafnréttisskóla, Jarðhitaskóla, Landgræðsluskóla og Sjávarútvegsskóla. Reglubundið sex mánaða nám í Landgræðsluskóla GRÓ sem hefst á hverju vori féll niður og fjölmörgum námskeiðum sem halda átti í samstarfsríkjum hefur verið frestað eða þau felld niður.

3.2. Áhrif formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu.

Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu í maí 2019 og því var vel liðið á fyrsta ár formennskunnar þegar COVID-19-faraldurinn braust út, en takmarkanir á samkomum og ferðalögum milli landa hafa engu að síður haft töluverð áhrif á störf Norðurskautsráðsins og formennsku Íslands. Í síðari hluta mars voru ráðgerðir á Akureyri fundir embættismannanefndar ráðsins og vinnuhóps um sjálfbæra þróun, auk tengdra funda. Samtals var gert ráð fyrir nálægt 200 fundargestum og átti hluti þeirra að taka þátt í vísindaviku alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar í kjölfarið.

Strax um mánaðamót febrúar-mars var ljóst að tvísýnt væri hvort unnt yrði að halda þessa fundi samkvæmt áætlun og 11. mars var ákveðið að fresta þeim, þar sem einsýnt þótti að stutt væri í takmarkanir bæði á ferðalögum og samkomum. Sama dag ákváðu skipuleggjendur vísindavikunnar að færa hana yfir á netið.

Fljótlega eftir þessa frestun þótti ljóst að ferðatakmarkanir gætu hamlað venjulegri starfsemi Norðurskautsráðsins fram eftir ári og því hefur verið unnið að endurskipulagningu formennskuáætlunar Íslands. Leitað er leiða til að halda kröftugu starfi Norðurskautsráðsins áfram þrátt fyrir breyttar forsendur funda og viðburða. Vinnuhópar Norðurskautsráðsins, sem eru sex talsins, hafa tekið tilmælum formennskunnar vel og telja sig almennt geta náð verkefnamarkmiðum í tíma fyrir ráðherrafundinn í maí 2021, jafnvel þótt áframhald verði á ferðatakmarkunum og þar með venjubundnu fundahaldi. Vinnuhóparnir njóta þess að hafa í vaxandi mæli nýtt fjarfundatækni í störfum sínum á umliðnum árum.

Embættismannanefndin heldur stjórnarfund síðari hluta júní. Þess má vænta að þá verði enn umtalsverðar takmarkanir á ferðalögum og því er reiknað með því að flestir erlendra fundarmanna taki þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað.

Alþjóðlegri vísindaráðstefnu um plastmengun í Norðurhögum, sem vera átti í Reykjavík í þriðju viku apríl, hefur verið frestað til loka september og ráðherrafundi um málefni hafsins sem var á dagskrá í tengslum við ráðstefnuna var aflýst. Veðurstofa Íslands hefur enn fremur frestað um eitt ár 100 ára afmælisráðstefnu sem átti að vera í haust og tengist formennskunni.

Áfram verður metið hvort fundir og viðburðir á vegum formennskunnar næsta vetur geti farið fram á grundvelli upprunalegra áætlana eða hvort gera þurfi breytingar á fyrirkomulagi vegna sóttvarna.

3.3. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu og mannúðarmála vegna COVID-19.

Miklu skiptir að þeir sem fara með þróunarfé undirbúi sig vel en vinni jafnframt hratt og örugglega til að bregðast við afleiðingum COVID-19 og beini fjárveitingum þangað sem þörfin er mest, bæði til skemmri og lengri tíma. Með slíkum viðbrögðum í þróunarríkjum er samtímis verið að vernda aðra íbúa og hagkerfi.

Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa ráðuneytisins hefur unnið að áætlun um fyrstu viðbrögð við COVID-19 faraldrinum. Áætlunin er heildræn og byggir á samvinnu deilda innan skrifstofunnar, en einnig sendiráða Íslands í Kampala og Lilongve. Hún er unnin upp úr neyðarköllum frá alþjóðastofnunum og öðrum samstarfsaðilum Íslands á vettvangi mannúðarmála og þróunarsamvinnu, auk þess sem hún byggir á upplýsingum frá fundum tengdum faraldrinum, meðal annars reglulegum fundum norrænna þróunarsamvinnuráðherra.

Heildarupphæðin nemur 276 milljónum króna og skiptist á milli ýmissa stofnanna og sjóða Sameinuðu þjóðanna, m.a. Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Flóttamannastofnunarinnar (UNHCR), Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og þróunarjóðs Sameinuðu þjóðanna vegna COVID-19;

Alþjóðaráðs Rauða krossins og Rauða kross Íslands vegna ákalls Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins; Alþjóðabankans; og verkefna í tvíhliða samstarfsríkjum Íslands, Úganda og Malaví.

Þá hefur Alþjóðaframtakstofnun Alþjóðabankans (IDA), sem Ísland styður með 415 milljóna króna framlagi á árinu, brugðist skjótt við með víðtækum stuðningi við fátækustu ríki heims. Ísland hefur tekið þátt í viðræðum um það hvernig stofnanir Alþjóðabankans bregðast við efnahagslegum og félagslegum afleiðingum faraldursins í gegnum kjördæmastarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Þessu til viðbótar hafa þegar verið greidd kjarnaframlög til ýmissa stofnana og sjóða Sameinuðu þjóðanna sem geta meðal annars nýst fyrir COVID-19 baráttuna. Viðbúid er að bregðast þurfi við með frekari aðgerðum á síðari stigum.

4. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL.

Faraldurinn hefur sömuleiðis haft margvísleg áhrif á hefðbundin öryggis- og varnarmál, þar á meðal framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi.

Vegna COVID-19 varð að aflýsa tvíhliða varnaræfingunni Norðurvíkingi og enn er óljóst hvort að kabátaleitaræfing Atlantshafsbandalagsins verði haldin en hún er á dagskrá í lok júní. Stefnt er að því að bæði Norðurvíkingur og kabátaleitaræfingarnar verði framvegis haldnar annað hvert ár.

Á fyrstu mánuðum ársins 2020 hefur COVID-19 faraldurinn sett sterkan svip á starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Reynt hefur á viðbragðsáætlanir og breytt skipulag en eftir sem áður hefur bandalagið getu til að sinna kjarnaverkefnum á sviði sameiginlegra varna. Atlantshafsbandalagið hefur ekki sérstöku hlutverki að gegna alþjóðlega í viðbrögðum við heilbrigðisvá og er því ekki í fremstu víglínu gegn COVID-19. Mörg bandalagsríki hafa þó veitt hvert öðru aðstoð og nýtt til þess liðsafla, búnað og flutningsgetu herja sinna. Yfirherstjórn bandalagsins hefur veitt aðstoð við samhæfingu slíkra aðgerða auk þess sem Samhæfingar- og viðbragðsmiðstöð (EADRCC) á vegum Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins (EAPC) hefur milligöngu um beiðnir bandalags- og samstarfsríkja.

Í fyrsta skipti í sögu Atlantshafsbandalagsins voru fundir utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra bandalagsins haldnir með fjarfundarbúnaði og umræðuefnið tengdist áhrifum COVID-19 og viðbrögðum bandalagsins við faraldrinum. Bandalagið aðstoðar við samræmingu á stuðningi herafla bandalagsríkja við borgaralega viðbragðsaðila, svo sem vegna flutninga á lækningavörum, uppsetningu á tímabundinni sjúkrahúsaðstöðu og landamæragæslu. Þá var rætt um að styrkja viðbragðsáætlanir bandalagsins vegna heimsfaraldra. Varnarmálaráðherrar Norðurlandanna hafa einnig átt fundi með fjarfundabúnaði undir hatti norrænu varnarmálasamvinnunnar (NORDEFCO). Á fundi þeirra var einnig rætt um viðbrögð við COVID-19 og hugsanleg áhrif fyrir öryggisumhverfið.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og meðal Norðurlandanna er mikill áhugi á að efla samstarf til að sporna við skipulagðri villandi upplýsingamiðlun. Upplýsingaóreiða hefur enn fremur verið til umfjöllunar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana. Herferðum af því tagi er oft beint gegn einstaka ríkjum eða alþjóðastofnunum eins og til dæmis Atlantshafsbandalaginu eða Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og þær miða oftast en ekki að því að grafa undan öryggi ríkja og trausti almennings til stofnana og stjórnvalda. Í apríl setti þjóðaröryggisráð á fót vinnuhóp um upplýsingaóreiðu sem ætlað er að kanna umfang skipulagðrar útbreiðslu rangra eða misvísandi upplýsinga um COVID-19 á Íslandi, koma á framfæri fræðsluefni um mikilvægi áreiðanlegra upplýsinga um COVID-19 og greiða fyrir því að fjölmiðlar og almenningur geti með aðgengilegum hætti kannað áreiðanleika slíkra upplýsinga.

Ástandið hefur einnig haft bæði bein og óbein áhrif á stöðu mannréttinda og lýðræðis. Með neyðarlögum hafa stjórnvöld í ýmsum ríkjum, jafnvel í Evrópu, tekið sér valda ugg. Þá hefur faraldurinn haft áhrif á framkvæmd kosninga og kosningaefirlits á vegum ÖSE.

II. UTANRÍKISMÁL OG UTANRÍKISÞJÓNUSTA.

1 NORÐURLÖND OG NÆRSVÆÐI.

1.1. Almennt.

Norrænt samstarf heldur áfram að vera grundvallarþáttur í utanríkismálum Íslands eins og fram kemur í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Norðurlandasamstarfið hvílir á traustum grunni sameiginlegrar sögu og menningar, og hagsmunir Norðurlandanna fara víðast hvar saman. Síðast en ekki síst deila þjóðir Norðurlandanna sameiginlegum gildum og hafa sömu grundvallarafstöðu varðandi mikilvægi lýðræðis, réttarríkisins og mannréttinda.

Norrænt samstarf er víðfeðmt og fer fram á flestum sviðum. Nær öll ráðuneyti og fjölmargar stofnanir taka þátt í samstarfinu og sama gildir um frjáls félagasamtök, hagsmunasamtök fyrirtækja og launafólks, menningarlíf og háskóla- og rannsóknarstofnanir. Á öllum þessum sviðum nýtur Ísland góðs af því vera hluti af stærri heild og getur nýtt sér þá þekkingu, reynslu og slagkraft sem Norðurlöndin búa yfir.

Á sviði utanríkis- og öryggismála eru Norðurlöndin samstíga, þrátt fyrir að hafa farið ólíkar leiðir varðandi aðild að alþjóðastofnunum á borð við Atlantshafsbandalagið og NATO. Í norrænu samstarfi er traust fótfasta fyrir Ísland á tímum þegar vindar blása á alþjóðavettvangi. Samanlagt eru Norðurlöndin annað stærsta viðskiptaland Ísland í inn- og útflutningi á vörum og þjónustu, sjónarmun á eftir Bandaríkjunum.

Síðasta ár var viðburðaríkt í Norðurlandasamstarfinu. Ísland gegndi formennsku í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) árið 2019. Stærsta málið á vettvangi norrænna utanríkisráðherra var að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að gera tillögur um aukið samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum. Ísland tók einnig sæti í stjórn Alþjóðabankans í Washington D.C. fyrir hönd NB8-ríkjahópsins frá og með miðju sumri, og sinnir mikilvægu samræmingarhlutverki á mikilvægum vettvangi þróunarmála, auk þess sem náði samstarf er við Norðurlöndin innan vébanda Norðurskautsráðsins þar sem Ísland er í formennsku til vors 2021.


Ísland var einnig í formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og í samstarfi forsætisráðherra Norðurlanda. Alls fóru fram um 30 norrænir ráðherra fundir, að meðtöldum fundum fagraráðherra, á árinu 2019. Ísland er með sendiráð á

Norðurlöndunum, auk aðalræðisskrifstofu í Færeyjum og á Grænlandi. Þau gegna grundvallarhlutverki við að treysta pólitískt samstarf, sinna viðskipta- og borgaraþjónustu og halda menningu á lofti. Kynjahlutfall í hópi forstöðumanna sendiskrifstofa Íslands á Norðurlöndunum er jafnt eða þrjár konur og þrír karlar. Norrænt samstarf skipar stóran sess hjá landsmönnum en í könnun sem gerð var fyrir á þessu ári kom fram að 91,3% eru jákvæð gagnvart virkri þátttöku Íslands í Norðurlandasamstarfi.

1.2. Vel heppnað formennskuár.

Norrænir utanríkisráðherrar hittast venjulega tvisvar á ári, á vori eða sumri og aftur síðla hausti, í tengslum við árlegt Norðurlandaráðsþing. Þeir hittast einnig á tvíhliða fundum eftir atvikum og þá oft þegar þeir sækja stærri fundi alþjóðastofnana á borð við NATO og Sameinuðu þjóðirnar. Sumarfundur norrænna utanríkisráðherra fór fram í Borgarnesi 11. september síðastliðinn. Á fundinum var rætt um skýrslu norrænna alþjóðastofnana um framkvæmd Stoltenberg-tillagnanna frá árinu 2009. Einnig var rætt um alþjóða- og öryggismál í víðu samhengi, meðal annars um samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Noregur greindi frá framboði til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og Ísland og Danmörk sögðu frá starfi sínu í

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?*



*Heildarfjöldi svarenda: 925, 66 svöruðu ekki. Heimild: Maskína (mars, 2020).

mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Ráðherrarnir ræddu einnig Evrópumál, þar með talið Brexit og samstarf innan Norðurskautsráðsins þar sem Ísland gegnir formennsku.

Norrænir utanríkisráðherrar hittust aftur í Berlín 17. október í tilefni 20 ára afmælis norrænu sendiráðsbygginganna í Berlín. Heiko Maas utanríkisráðherra Þýskalands tók þátt í hátíðardagskrá sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands opnaði fyrir hönd Norðurlandanna. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Þýskalands bar hæst hernað Tyrklands í Sýrlandi, og öryggis- og varnarsamstarf Evrópu og Bandaríkjanna. Einnig var rætt um aukið samstarf Norðurlandanna og Þýskalands á sviði utanríkismála, meðal annars um mikilvægi þess að standa vörð um alþjóðalög og alþjóðastofnanir. Auk menningarviðburða fór fram málþing um bláa hagkerfið með þátttöku sérfræðinga frá Norðurlöndunum og Þýskalandi, og Norrænu ráðherranefndinni.

Þriðji og síðasti fundur utanríkisráðherra Norðurlanda fór fram 30. október í tengslum við 71. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Að tillögu Íslands sammæltust utanríkisráðherrarnir um að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að skrifa skýrslu þar sem gerðar verða tillögur um það hvernig þróa megi samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum enn frekar. Um er að ræða vinnu sem er sambærileg við Stoltenberg-skýrsluna frá árinu 2009 en um var að ræða forgangsmál í formennsku Íslands í N5 samstarfinu. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin um mitt ár 2020. Auk þess ræddu ráðherrarnir stöðuna í Sýrlandi og samskiptin við Rússland, auk loftslagsmála og útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna tóku virkan þátt í þingi Norðurlandaráðs. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti skýrslu um alþjóðamál fyrir hönd Norðurlandanna þar sem hann ræddi meðal annars um norðurslóðamál, um mikilvægi samstarfs Norðurlandanna á alþjóðavettvangi og samskipti Norðurlandanna og Bandaríkjanna. Utanríkisráðherrarnir hittu forsætisnefnd Norðurlandaráðs og ræddu meðal annars um öryggishorfur í Eystrasaltinu og á norðurslóðum. Utanríkisráðherrar Íslands, Noregs, Danmerkur og Færeyja undirrituðu samkomulag um skiptingu landgrunns á Ægisdjúpi. Um er að ræða suðurhluta þess svæðis sem liggur á milli efnahagslögsögu landanna (Síldarsmugan). Samningarnir hafa legið fyrir um skeið og eru í samræmi við greinargerðir ríkjanna til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Samningarnir tryggja yfirráð ríkjanna yfir þeim auðlindum sem kunna að finnast á landgrunninu en varða ekki veiðiréttindi eða hafið að öðru leyti. Þá opnaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra vel sótt málþing sem skipulagt var af norrænu sendiráðunum í Stokkhólmi í tengslum við Norðurlandaráðsþingið. Þar var sjónum beint að málefnum norðurslóða.

Norrænir utanríkisráðherrar hitta einnig reglulega samráðherra sína frá Eystrasaltsríkjunum innan ramma NB8-samstarfsins. Ísland var einnig í formennsku á þeim vettvangi á liðnu ári og lagði áherslu á öryggismál eins og netöryggi, en einnig mannréttindi og málefni hafsins. NB8 utanríkisráðherrar hittast tvisvar á ári, annars vegar með utanríkisráðherrum Visegrad-ríkjanna, Póllands, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjlands, og hins vegar í eigin hópi, venjulega að hausti.

Utanríkisráðherrar NB8 og V4 ríkjanna hittust 1. apríl í Palanga í Litháen. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra stýrði fundinum ásamt utanríkisráðherra Slóvakíu, formennskuríkisins í Visegrad-samstarfinu, og utanríkisráðherra Litháen sem var gestgjafaríki. Öryggis- og varnarmál, þróun mála í Evrópu og málefni Sameinuðu þjóðanna voru meðal umræðuefna. Í umræðu um öryggis- og varnarmál bar samskiptin við Bandaríkin hæst. Samskiptin við Rússland og staða mála í Úkraínu voru sömuleiðis meðal umfjöllunarefna. Þá fór fram umræða um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu en einnig var rætt um innflytjendamál. Rætt var um nýliðna lotu í mannréttindaráðinu þar sem Ísland leiddi 36 ríki, þar með talin. öll NB8 og Visegrad-ríkin, í gagnrýni á stöðu mannréttinda í Sádi-Arabíu, sjá nánari umfjöllun í 4. kafla um mannréttindamál, 4.1. Einnig spannst umræða um stöðu alþjóðakerfisins og mikilvægi þess að standa vörð um grundvallargildi. Þá leiddi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra umræðu um loftslagsmál og málefni hafsins en það er í fyrsta skipti sem þau mál eru rædd sérstaklega á þessum vettvangi.

NB8 utanríkisráðherrar hittust á Íslandi dagana 11.-12. september síðastliðinn. Fundurinn hófst með vinnukvöldverði í Borgarnesi og hélt áfram daginn eftir. Alþjóða- og öryggismál voru í brennidepli, ekki síst nýjar ógnir þar sem Eystrasaltsríkin miðluðu af reynslu sinni meðal annars á sviði netvarna. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra gerði grein fyrir formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og lagði áherslu á mikilvægi þess að halda norðurslóðum sem lágspennusvæði. Ráðherrarnir samþykktu sameiginlega yfirlýsingu um loftslagsaðgerðir í tengslum við leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem fram fór í New York síðar í sama mánuði. Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna var til umræðu og voru ráðherrarnir á einu máli um mikilvægi þess að standa vörð um alþjóðalög og alþjóðastofnanir. Þá voru Evrópumál til umfjöllunar og staða lýðræðis og réttarríkisins í Evrópu rædd í þaua.

Í tengslum við fundinn átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tvíhliða fund með Pekka Havisto, utanríkisráðherra Finnlands, þar sem meðal annars var rætt um Evrópumál en Finnland var á þeim tíma í

forsæti í ráðherraráði ESB. Ráðherra átti einnig tvíhliða fund með Jeppe Kofod, utanríkisráðherra Danmerkur. Ráðherrarnir undirrituðu tvíhliða samning um fyrisvar í áritunarmálum en Danmörk er eitt níu ríkja sem afgreiða umsóknir um Schengen-vegabréfsáritanir til Íslands á svæðum þar sem Ísland er ekki með sendiskrifstofu. Ríkisborgarar fleiri en hundrað ríkja þurfa að sækja um Schengen-vegabréfsáritun til þess að komast til Íslands. Danir hafa hingað til afgreitt um tvo þriðju þeirra umsókna sem öll fyrisvarsríkin afgreiða fyrir Ísland.


Tvíhliða samstarf við Norðurlöndin og Eyrstrasaltsríkin var líka virkt á síðasta ári. Timo Soini, fyrrverandi utanríkisráðherra Finnlands, kom í vinnuheimsókn til Íslands í janúar 2019 og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti fund með Ann Linde í febrúar sama ár. Þá gegndi hún enn stöðu ráðherra utanríkisviðskipta en varð síðar á árinu utanríkisráðherra. Jeppe Kofod, utanríkisráðherra Danmerkur, hittir ráðherra í Borgarnesi í september eins og áður sagði og þeir hittust aftur á tvíhliða fundi í tengslum við Hringborð norðurlóða, sem Kofod sótti í október. Þá átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tvíhliða fund með Pekko Havisto, utanríkisráðherra Finnlands, í tengslum við ráðstefnu um málefni norðurlóða sem fram fór í Helsinki í nóvember.

Samstarf utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við Færeyjar og Grænland var sömuleiðis með ágætum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti þrjá fundi með Janis av Rana, nýjum utanríkisráðherra Færeyja. Þeir fundir fóru allir fram síðastliðið haust og Hoyvíkursamningur Íslands og Færeyja var meginumfjöllunarefnið, sjá nánari umfjöllun í II. kafla, 1.7.

Ráðherra fór í vinnuheimsókn til Grænlands í ágúst og átti fund með Ane Lone Bagger, utanríkisráðherra Grænlands. Hann heimsótti íslensk fyrirtæki og kynnti sér aðstæður á Suður-Grænlandi. Í ferðinni var rætt um aukið samstarf milli landanna. Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins undir forystu Össurar Skarphéðinssonar, fyrrverandi ráðherra, vinnur nú að úttekt á samstarfstækifærum milli Íslands og Grænlands. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra stóð fyrir vinnuhádegisverði vestnorrænu utanríkisráðherranna í tengslum við Hringborð norðurlóða í október og átti sama dag einnig tvíhliða fundi með Jenis av Rana og Ane Lone Bagger. Þá tók ráðherra þátt í málstofu á vegum Vestnorræna ráðsins um hagsmuni vestnorrænu landanna á norðurlóðum. Þar gerði hann að umtalsefni þátttöku Vestnorræna ráðsins í starfi Norðurskautsráðsins, meðal annars á sviði velferðar ungmenna. Þá tók hann þátt í málstofu á vegum utanríkisráðuneyta landanna þriggja um grænar orkulausnir. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti á hinn bóginn ekki heimangengt á ársfund Vestnorræna ráðsins í Nuuk á Grænlandi 22.-23. október en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tók þátt í fundinum sem hans staðgengill.

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2019. Yfirskrift formennskunnar var „Gagnvegir góðir“ og Ísland lagði áherslu á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri, og hafið. Stærsta einstaka viðfangsefnið á formennskuárinu var samþykkt nýrrar framtíðarsýnar fyrir Norrænu ráðherranefndina sem gerir ráð fyrir að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Sérstök áhersla er lögð á að nýta styrkleika Norðurlandanna í þágu aðgerða í loftslagsmálum. Nánar má lesa um samstarfið á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og formennsku Íslands í skýrslu samstarfsráðherra til Alþingis um norrænt samstarf á árinu 2019.

Á árinu 2019 voru tíu ár liðin frá útkomu Stoltenberg-skýrslunnar sem fól í sér 13 tillögur um aukið samstarf Norðurlandanna. Að tillögu Íslands samþykktu norrænir utanríkisráðherrar að fela alþjóðastofnunum Norðurlanda að meta hvaða tillögur hefðu komið til framkvæmda og hver áhrifin hefðu verið. Sú greining var afhent utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á fundi í Þjóðmenningarhúsinu 3. maí 2019. Utanríkisráðherrar Norðurlanda samþykktu síðan 30. október að fela Birni Bjarnasyni, fyrrverandi ráðherra, að gera nýja Stoltenberg-skýrslu sem verði tilbúin um mitt ár 2020. Í henni verði að finna tillögur um aukið samstarf ríkjanna í utanríkis- og öryggismálum, meðal annars með tilliti til loftslagsbreytinga, netógnna og mikilvægi þess að styðja við alþjóðasamvinnu og alþjóðalög (e. multilateralism).



Samstarf við Norðurlöndin, þar með talið Færeyjar og Grænland, og við Eyrstrasaltsríkin, er fyrirferðarmikið í starfi utanríkisráðherra. Á árinu 2019 hittust utanríkisráðherrar Norðurlandanna (N5) þrisvar sinnum og utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna (NB8) tvisvar sinnum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti auk þess 13 formlega tvíhliða fundi með norrænum utanríkisráðherrum á liðnu ári, auk fjölmargra óformlega samtala. Þá er ógetið fjölmargra funda og samtala háttsettra embættismanna og sérfræðinga og samstarfs sendiráða og fastanefnda Íslands, Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna á alþjóðavettvangi.

1.3. Norðurslóðir.

Málefni norðurslóða eru forgangsmál í íslenskri utanríkisstefnu. Þessi áhersla birtist glögg í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar er dregin fram sú sérstaða sem Ísland nýtur sem norðurskautsríki og bent á að auknum siglingum og annarri starfsemi fylgi tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Hagsmunir Íslands eru gríðarmiklir en augu alþjóðasamfélagsins beinast í sífellt auknum mæli að norðurhjaranum. Í ljósi þess hve margbrotið og viðkvæmt svæði norðurslóðir eru, hvort sem litið er til umhverfis, öryggismála, efnahagslegra eða félagslegra þátta, er brýnt að tryggja áfram stöðugleika, sjálfbærni og samvinnu. Stefnumörkun Íslands þarf að taka mið af þessu.



Núgildandi stefna Íslands í málefnum norðurslóða á sér stoð í þingsályktun sem samþykkt var samhljóða á Alþingi vorið 2011 (337. mál, þskj. 1148). Stefnan felur í sér tólf megináherslur sem lúta meðal annars að stöðu Íslands innan svæðisins, mikilvægi Norðurskautsráðsins og hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmálum, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og öryggis- og viðskiptahagsmunum. Áhersla er einnig lögð á grannríkjasamstarf við Færeyjar og Grænland og réttindi frumbyggja.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá því stefnan var samþykkt. Sjálfbær þróun og loftslagsbreytingar hafa komist í forgrunn alþjóðamála. Á sama tíma eru blikur á lofti á sviði öryggis- og varnarmála sem mikilvægt er að hafi ekki neikvæð áhrif á samstarf ríkja á norðurslóðum.

Í ljósi þessa hefur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hleypt af stokkunum vinnu við endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Þverpólítískri þingmannanefnd hefur verið falið að fjalla um málefni norðurslóða út frá víðu sjónarhorni, meðal annars með tilliti til umhverfismála, efnahagsmála, stjórnmála og öryggismála. Á grundvelli þessarar vinnu er stefnt að því að utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar um nýja norðurslóðastefnu á næsta löggjafarþingi.

1.4. Norðurskautsráðið.


Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu á ráðherrafundi ráðsins í Rovaniemi í Finnlandi í maí á síðasta ári. Formennskan gengur á milli aðildarríkjanna á tveggja ára fresti og mun Rússland taka við keflinu á næsta ráðherrafundi, sem haldinn verður í Reykjavík í maí 2021.

Norðurskautsráðið er sem fyrr mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða. Formennska í ráðinu er veigamikil verkefni og veitir Íslendingum einstakt tækifæri til að halda á lofti áherslumálum sem lúta að sjálfbærri þróun. Undir yfirskriftinni „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“ leggur formennskuáætlun Íslands sérstaka áherslu á málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku, og fólk og samfélög á norðurslóðum. Auk þess leitast íslenska formennskan við að styrkja enn frekar starfsemi Norðurskautsráðsins, jafnt inn á við sem út á við. Formennskuáætlunin var unnin í nánú samráði við fjölmarga aðila, meðal annars innan Stjórnarráðsins, í fræðasamfélaginu og atvinnulífinu. Þá tekur hún mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulaginu um aðgerðir á sviði loftslagsmála.

Á fyrra ári formennskunnar hafa fundir Norðurskautsráðsins verið haldnir í Reykjanesbæ, á Ísafirði, í Hveragerði og Reykjavík. Vegna COVID-19 heimsfaraldursins var fundum ráðsins sem halda átti á Akureyri í mars síðastliðnum frestað, sem og vísindaráðstefnu um plastmengun í norðurhöfum sem fara átti fram í apríl í Reykjavík. Í tengslum við plastráðstefnuna hafði Ísland boðað til ráðherrafundar um málefni norðurhafa, en óvíst er hvort af honum getur orðið síðar á formennskutímanum.

Starf Norðurskautsráðsins fer að mestu leyti fram í sex vinnuhópum ráðsins, en alls telja starfsáætlanir þeirra hátt í hundrað verkefni á formennskutíma Íslands. Framlag vinnuhópanna til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum leggur grundvöll að stefnumótun Norðurskautsráðsríkjanna hvers fyrir sig og sameiginlega. Ísland leitast við að efla þetta mikilsverða starf enn frekar á formennskutímanum.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins



Skrifstofur vinnuhóps um verndun lífríkis (e. Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF) og vinnuhóps um málefni hafsins (e. Protection of Arctic Marine Environment, PAME) eru á Akureyri. Staðsetningin er í samræmi við norðurslóðastefnu Íslands þar sem áhersla er lögð á að hluti af starfsemi Norðurskautsráðsins fari fram hér á landi.

Samhliða formennskunni í Norðurskautsráðinu gegnir Ísland einnig formennsku í Efnahagsráði norðurslóða (e. Arctic Economic Council, AEC), en í því eiga fulltrúar atvinnulífsins sæti. Í tilefni af fimm ára afmæli Efnahagsráðsins var efnt til fyrsta sameiginlega fundar ráðanna tveggja í Reykjavík í október en Ísland hefur beitt sér fyrir auknu samstarfi þeirra á milli.

Ísland heldur úti sendiráðum og aðalræðisskrifstofum í öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins og sendiskrifstofum í sjö af þrettán áheyrarríkjum. Sendiráð Íslands og aðalræðisskrifstofur gegna mikilvægu hlutverki meðan á formennsku Íslands í ráðinu stendur. Rík áhersla er lögð á að samhæfa skilaboð sem Ísland undirstrikar á formennskutímanum, í samskiptum við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir og ríki í umdæmum skrifstofanna.

Utanríkisráðuneytið á sem fyrr í nánú og góðu samstarfi við fjölmarga innlenda aðila á sviði norðurslóðamála, meðal annars vegna verkefna í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Þar

má nefna Norðurslóðanet Íslands á Akureyri, Veðurstofuna, Matís, Orkustofnun og Jafnréttisskólann. Ráðuneytið nýtur góðs af gjöfulegu samstarfi við íslenskt háskóla- og vísindasamfélag en einnig við erlendar mennta- og vísindastofnanir. Verið er að stórefla samstarf utanríkisráðuneytisins og Háskólans á Akureyri. Á grundvelli endurnýjaðrar viljayfirlýsingar um samstarf á sviði norðurslóðafræða milli Noregs og Íslands geta norskir og íslenskir fræðimenn sótt um styrki til sameiginlegra rannsóknarverkefna, auk þess sem ríkin kosta í sameiningu stöðu gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri. Samstarf við Fulbright-stofnunina á Íslandi heldur áfram, en ráðuneytið hefur frá árinu 2014 styrkt komu bandarískra fræðimanna til kennslu og rannsókna á sviði norðurslóðafræða. Einnig hefur verið endurnýjaður samningur við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands en það er liður í stefnu stjórnvalda um aukna upplýsingagjöf til almennings um málefni norðurslóða. Samkomulagið felur meðal annars í sér að á formennskutíma Íslands standi Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við ráðuneytið, fyrir árlegri ráðstefnu og fundaröð sem tengist formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Ráðuneytið vinnur einnig náið með Rannís og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

Utanríkisráðuneytið tók sem endranær virkan þátt í sjöunda þingi Hringborðs norðurslóða í október 2019. Í ræðu á þinginu fjallaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og lagði áherslu á sjálfbæra þróun og efnahagslega uppbyggingu á svæðinu. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í hliðarviðburði Vestnorræna ráðsins um hagsmuni Íslands, Færeyja og Grænlands á norðurslóðum. Þá tók hann þátt í málstofu á vegum utanríkisráðuneyta vestnorrænu landanna þriggja um grænar orkulausnir. Utanríkisráðuneytið gekkst einnig fyrir hliðarviðburðum um jafnréttismál á norðurslóðum og öryggi í siglingum á norðurhöfum.

Í stjórnarsáttmálanum segir um norðurslóðir: „Ísland hefur mikilvæga sérstöðu sem norðurskautsríki þar sem stór hluti efnahagslögsögunnar er innan norðurslóða. Auknum siglingum og annarri starfsemi fylgja tækifæri en líka áskoranir gagnvart umhverfi, lífríki og lífsháttum. Viðkvæmt vistkerfi norðurslóða á að fá að njóta vafans. Málefni norðurslóða snerta nær allar hliðar íslensks samfélags og eru forgangsmál í íslenski utanríkisstefnu. Ísland mun á vettvangi Norðurskautsráðsins einkum leggja áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál og málefni hafsins. Í samræmi við samþykktu norðurslóðastefnu Íslands verður sérstök áhersla lögð á réttindi frumbyggja og jafnrétti kynjanna.“

Á formennskutíma Íslands í Norðurskautsráðinu verður áfram lögð áhersla á að viðhalda góðri samvinnu á vettvangi ráðsins, efla það og styrkja sem mikilvægasta samráðsvettvang um málefni norðurslóða, eins og norðurslóðastefna Íslands kveður á um. Unnið verður eftir leiðarstefi formennskuáætlunarinnar um sjálfbæra þróun og kapp lagt á að halda á lofti áherslumálum Íslands. Enn fremur verði unnið að endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

1.5. Eystrasaltsráðið.

Í Eystrasaltsráðinu (e. Council of the Baltic Sea States, CBSS) fer fram efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, mansal, sjálfbæra þróun, nýsköpun og stjórnmálalegt samstarf. Danir gegna nú formennsku í Eystrasaltsráðinu. Eitt meginhlutverk formennsku Dana er að ljúka starfi um endurskoðun á hlutverki ráðsins. Þar er lögð sérstök áhersla á aukinn sveigjanleika í starfsemi ráðsins og meiri og reglubundnari samvinnu við aðrar svæðisbundnar stofnanir. Þessar áherslur ríma vel við áherslur Íslands í formennskutíð sinni, sem voru á lýðræði, jafnrétti og málefni barna, frá miðju ári 2016 til jafnlengdar 2017.

Í Norður-Evrópu er að finna mismunandi svæðisbundin samtök sem Ísland á aðild að. Auk Norðurlanda- og Vestnorræna samstarfsins má nefna samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8), Norðurskautsráðsins og Eystrasaltsráðsins, einnig Norðlægu víddina og Barentsráðið. Ísland hefur lagt áherslu á hagnýta samvinnu og upplýsingastreymi og jafnframt að glögg yfirsýn sé til staðar svo komið sé í veg fyrir tvíverknad. Breytingar á innra skipulagi í utanríkisráðuneytinu, þar sem svæðisbundið samstarf tilheyrir einni skrifstofu, er liður í þeirri viðleitni.

1.6. Barentsráðið.

Barentsráðið (e. Barents Euro-Arctic Council, BEAC) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna fimm, Rússlands og Evrópusambandsins. Noregur gegnir formennsku í Barentsráðinu til hausts 2021. Á vettvangi ráðsins er hugað að samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem baráttu gegn umhverfisspjöllum og skynsamlegri nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

1.7. Norðlæga víddin.

Norðlæga víddin (e. Northern Dimension) er samráðsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. Innan Norðlægu víddarinnar eru rekin fjögur málefna svið: um lýðheilsu og félagslega velferð; samgöngur og flutninga; menningu; og loks umhverfismál. Enn fremur eru rekin viðskiptaráð og upplýsingagátt um málefni víddarinnar. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar átti fund í St. Pétursborg 2020. Erfið samskipti Rússlands og vestrænna ríkja hafa sett mark sitt á samstarfið undanfarin ár. Af þeim sökum hefur ekki náðst samstaða um að halda ráðherrafund Norðlægu víddarinnar enn sem komið er. Fyrirhugaður er slíkur fundur hér á landi þegar aðstæður verða til þess.

2. ALÞJÓÐA- OG UTANRÍKISMÁL.

2.1. Almenn utanríkismál.

Miklu skiptir fyrir Ísland og hagsmuni Íslands að samskipti við önnur ríki séu góð. Á sviði varnar- og öryggismála skiptir grundvallarmáli að viðhalda góðu sambandi við bandamenn eins og Bandaríkin, Bretland, Þýskaland og önnur Evrópuríki, ekki síst aðrar Norðurlandþjóðir sem standa okkur næst. Hagsmunir ríkjanna eru af ýmsum toga og liggja víða. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að ekkert skiptir lítil ríki eins og Ísland meira máli en almennar grundvallarreglur í samskiptum ríkja sem farið er eftir og njóta stuðnings af því alþjóðakerfi sem sátt ríkir um. Mannréttindi og lýðræði skipta þar meginmáli og brýnt að öll ríki, þ.m.t. Ísland, taki þátt í að standa vörð um þau grunngildi sem þar eru. COVID-19 faraldurinn hefur vitaskuld haft áhrif á tvíhliða samskipti en ekki endilega á neikvæðan hátt.

2.2. Bandaríkin.

Bandaríkin eru hvort í senn mikilvægasta einstaka samstarfsríki Íslands á sviði viðskipta og bandamaður í alþjóðapólitísku tilliti, meðal annars með hliðsjón af aðild beggja ríkja að Atlantshafsbandalaginu, tvíhliða varnarsamningi og vináttu um áratuga skeið. Af þessu leiðir að mikil áhersla er lögð á gott samband milli ríkjanna. Tíðir fundir með æðstu embættismönnum á árinu 2019 hafa skapað aðstæður til að viðhalda því sambandi en um leið verið vettvangur til skoðanaskipta.

Í skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra á síðasta ári var sagt frá fundi ráðherra með Mike Pompeo, bandarískum starfsbróður hans, í ársbyrjun og síðan heimsókn þess síðarnefnda til Íslands í febrúar.

Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, sótti síðan Ísland heim í september síðastliðnum og varð þar með fyrsti varaforseti Bandaríkjanna til að heimsækja Ísland frá því George H.W. Bush kom til Reykjavíkur árið 1983. Pence átti í heimsókn sinni fundi með forseta Íslands og forsætisráðherra en utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fór hins vegar fyrir hringborðsumræðum með Pence og fylgdarliði hans á sviði efnahags- og viðskiptamála og um vísinda- og menningarleg tengsl Íslands og Bandaríkjanna á fundi í Höfða.

Heimsókn varaforsetans sýndi gagnkvæman vilja beggja ríkja til að efla samstarfið og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra lagði áherslu á að enn væru fyrir hendi umtalsverðir möguleikar til að styrkja nán tengsl með frekari viðskiptum. Mike Pence tók undir það og beindi meðal annars athyglinni að mikilvægu hlutverki Íslands sem formennskuríkis í Norðurskautsráðinu til vors 2021. Hann sagði Bandaríkin skuldbundin til þess að dýpka samstarf þjóðanna um málefni norðurslóða, meðal annars með því að efla nýsköpun, frumkvöðlastarf og sjálfbæra þróun í þeim heimshluta.

Fjöldi íslenskra fyrirtækja átti fulltrúa í hringborðsviðræðunum en í júní hafði farið fram í Washington fyrsti fundur í reglulegu viðskiptasamráði sem komið var á fót á grundvelli ákvörðunar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ríkjanna í febrúar 2019, þ.e. í áður nefndri heimsókn Mike Pompeo til landsins.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra heimsótti einnig Washington í september í þeim tilgangi að efla tengsl milli landanna enn frekar á sviði efnahags- og viðskiptamála og kynna stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Hann átti þá fundi með lykilþingmönnum öldungadeildar og fulltrúadeildar þingsins, þar á meðal formanni fjárlaganefndar, formanni vinnuhóps um málefni norðurslóða og öðrum þingmönnum sem hafa látið sig málefni hafsins, norðurslóða og alþjóðaviðskipta sérstaklega varða. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti einnig fundi með fulltrúum þjóðaröryggisráðs og utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna en vilji Bandaríkjastjórnar til að efla samvinnu við Ísland hefur glögglega komið fram á undanförunum mánuðum. Í júní hafði ráðherra átt stuttan fund með Daniel Coats, yfirmanni leyniþjónustumála Bandaríkjanna, sem þá kom við á Íslandi á leið sinni yfir Atlantshafið. Þeir ræddu öryggismál í víðu samhengi, meðal annars á norðurslóðum.

Í janúar á þessu ári var Michael Murphy, aðstoðarráðherra bandaríska utanríkisráðuneytisins, á ferð í Reykjavík og átti þá meðal annars fund með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Þeir hafa ræðst nokkrum sinnum við í síma síðan, s.s. eftir að COVID-19 heimsfaraldurinn skall á. Þá ræddi utanríkis- og

þróunarsamvinnuráðherra við Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í síma um miðjan marsmánuð skömmu eftir að Bandaríkjaforseti tilkynnti tímabundið bann við ferðum ferðamanna af Schengen-svæðinu, sem náði einnig til íslenskra ríkisborgara.

2.3. Rússland.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sótti Rússland heim í nóvember og átti fund í Moskvu með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, þar sem rætt var um norðurslóðamál, tvíhliða samskipti og viðskipti. Þá voru öryggismál í Evrópu og alþjóðamál einnig til umræðu. Ráðherrarnir tveir höfðu áður hist á fundi í maí í Rovaniemi í Finnlandi þegar Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu. Fundurinn í Moskvu telst þó sérlega mikilvægur en þetta er í fyrsta sinn í átta ár sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands á fund með rússneskum starfsbróður sínum í Moskvu. Á fundinum var skrifað undir sameiginlega yfirlýsingu um áframhaldandi samstarf innan Norðurskautsráðsins en Rússar taka við keflinu af Íslendingum að formennskutíð Íslands lokinni í maí 2021. Viðskipti Íslands og Rússlands voru jafnframt ofarlega á baugi. Þau hafa aukist verulega undanfarin misseri eftir lögð í kjölfar innflutningsbanns Rússa á matvæli frá Vesturlöndum. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra áréttaði óánægju íslenskra stjórnvalda með umfang bannsins sem hefur komið mjög illa niður á fiskútflutningi Íslendinga. Á hinn bóginn hafa skapast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í Rússlandi sem selja búnað og þjónustu tengd sjávarútvegi. Þá er ferðaþjónusta á milli landanna einnig í sókn.

Með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra í för var viðskiptasendinefnd skipuð fulltrúum 19 fyrirtækja, Íslandsstofu, utanríkisráðuneytisins, Viðskiptaráðs Íslands og Rússnesk-íslenska viðskiptaráðsins, auk ræðismanna. Viðskiptaráðið var stofnað fyrir í nóvember með þátttöku 44 fyrirtækja, sem starfa innan sjávarútvegs og sjávarútvegstækni, matvælaframleiðslu, nýsköpunar, ferðaþjónustu og fleiri greina.

Árlegt pólitískt samráð íslenskra og rússneskra stjórnvalda hafði áður farið fram í utanríkisráðuneytinu í lok ágúst og leiddi ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins samráðið fyrir hönd Íslands en Vladimir Titov varautanríkisráðherra fyrir Rússlands hönd.

Samskipti Rússlands og vestrænna ríkja hafa undanfarin misseri verið nokkuð stíð, meðal annars í kjölfar átaka í Úkraínu og vegna stöðu mála í Sírlandi og efnavopnaárásar á Bretlandi. Ísland leggur áherslu á að standa vörð um alþjóðalög og virðingu fyrir mannréttindum og sýna samstöðu með nágrannaríkjum og vinahjódum þegar á sameiginleg gildi reynir. Á hinn bóginn er mikilvægt að viðhalda samtali við rússnesk stjórnvöld og freista þess að draga úr spennu. Óumdeilt er að Rússland og Ísland eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta á norðurslóðum og langa sögu viðskiptatengsla.

2.4. Kína.

Áhersla hefur verið lögð á að tryggja að fríverslunarsamningur Íslands og Kína frá 2013 skilaði íslenskum aðilum þeim arði sem að var stefnt. Liður í þeirra vegferð var undirritun utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra í maí á þremur nýjum bókunum við samninginn en með þeim opnast ný tækifæri fyrir útflutning á íslenskum framleiðsluafurðum til Kína. Undirritunin fór fram í Reykjavík en Ni Yuefeng, tollamálaráðherra Kína, kom til Íslands af þessu tilefni. Bókanirnar varða viðurkenningu á heilbrigðisstöðlum fyrir fiskeldisafurðir, fiskimjöl og lýsi og ull og gærur. Einnig var skrifað undir samkomulag um eflingu samstarfs á sviði heilbrigðiseftirlits. Áður hafði verið skrifað undir bókun um heilbrigðisvottun á íslensku lambakjöti í heimsókn utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til Kína, í september 2018.

Mennta- og menningarmálaráðherra var á ferð í Kína í maí og skrifaði þá undir samkomulag um menningarsamstarf landanna ásamt Luo Shugang, menningar- og ferðamálaráðherra Kína. Yfirlýsingunni er ætlað að efla samstarf ríkjanna á sviði sviðslista, myndlistar, barnamenningar, bókmennta, útgáfu og bókasafna. Íslenska sendiráðið í Peking í Kína skipuleggur ár hvert fjölmarga menningarviðburði í samráði við kynningarmiðstöðvar íslenskra listgreina og leggur áherslu á að stuðla að framgangi íslenskra listamanna innan Kína og í öðrum umdæmisríkjum sendiráðsins. Í heimsókninni skrifaði ráðherrann einnig undir samning við kínverskan starfsbróður um gagnkvæma viðurkenningu háskólanáms milli landanna.

Í byrjun júní átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund með You Quan, háttsettum embættismanni í miðstjórn kínverska Kommúnistaflokksins og þar voru rædd tvíhliða samskipti Íslands og Kína. Umræða um mannréttindi var jafnframt fyrirferðarmikil á fundinum og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók sérstaklega upp mótmæli námsmanna í höfuðborg Kína árið 1989, en fundur ráðherrans og You fór fram sama dag og þess var minnst að 30 ár eru liðin frá voðaverkunum sem þá voru framin á Torgi hins himneska friðar.

Samskipti Íslands og Kína eru með ágætum en brýnt er talið að halda í heiðri hið fornkveðna, að vinur er sá sem til vammis segir. Með það í huga átti Ísland aðild að sameiginlegu bréfi meira en tuttugu ríkja til forseta mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í júní þar sem lýst var áhyggjum af stefnu kínverskra

stjórnvalda í ríkinu Xinjiang þar sem múslímar af þjóð úígúra eru fjölmennir. Óháð mannréttindasamtök og stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa lýst tilraunum stjórnvalda til að hefta menningarlegt og trúarlegt frelsi heimamanna, umsvifamiklu eftirliti með borgurunum, sem brjóti í bága við alþjóðleg mannréttindaviðmið, og rekstri fjöldafangabúða. Ísland átti einnig aðild að sameiginlegri yfirlýsingu tuttugu og þriggja ríkja um sama efni sem fastafulltrúi Bretlands flutti í mannréttinda- og félagsmálanefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York í lok október.

2.5. Bretland.

Bretland gekk úr Evrópusambandinu 31. janúar síðastliðinn og þar með úr Evrópska efnahagssvæðinu. Þar sem útgangan fer fram með samningi Bretlands og ESB mun regluverk ESB og aðrir alþjóðasamningar, þar með EES-samningurinn, gilda áfram um Bretland út aðlögunartímabilið sem stendur til ársloka. Engin marktæk breyting verður því á samskiptum Íslands og Bretlands á þessu ári heldur byggjast þau áfram á samningum Íslands við ESB.

Íslensk stjórnvöld höfðu í aðdraganda útgöngunnar undirbúið viðræður við Breta um framtíðarsamband ríkjanna. Þórir Ibsen sendiherra er aðalsamningamaður og formaður samninganefndar Íslands. Nefndin starfar í umboði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra en umsjón og umsýsla viðræðnanna er á verksviði viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Lífleg viðskipti eru milli Íslands og Bretlands en pólitísk samskipti landanna hafa jafnframt verið mikil og góð undanfarin misseri. Embættismannasamráð um pólitísk málefni fór fram í júlí í London og í sama mánuði sótti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ráðstefnu um fjölmiðlafrelsi sem haldin var í London að frumkvæði breskra og kanadískra stjórnvalda. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók meðal annars þátt í vinnukvöldverði í boði Jeremy Hunt, þáverandi utanríkisráðherra Bretlands. Einnig átti hann fund með Chris Skidmore, vísinda-, háskóla- og orkumálaráðherra Bretlands, þar sem rætt var um framtíðarsamstarf ríkjanna á sviði vísinda- og menntamála.

Þá átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fund í maí með Liam Fox, þáverandi utanríkisviðskiptaráðherra Bretlands, þegar hann heimsótti Ísland.

2.6. Þýskaland.

Frank-Walter Steinmeir, forseti Þýskalands, kom til Íslands í opinbera heimsókn í júní og Angela Merkel, kanslari sótti Ísland heim í ágúst og átti fund með Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra. Tuttugu ár voru í október liðin frá formlegri opnun norrænu sendiráðsbyggingarinnar í Berlín. Af því tilefni var haldin sérstök afmælishátíð. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra setti hátíðina í krafti formennsku Íslands í Norðurlandasamstarfi á árinu 2019 en Heiko Maas, utanríkisráðherra Þýskalands, gróðursetti við þetta tækifæri gjöf þýskra stjórnvalda til Norðurlandanna, fuglakirsuberjatré, á lóð sendiráðanna vestan við koparband sendiráðsbygginganna. Í kjölfarið áttu norrænu ráðherrarnir sameiginlegan fund með Michael Roth, aðstoðarutanríkisráðherra Þýskalands. Hernaður Tyrklands í Sýrlandi og öryggis- og varnarsamstarf Evrópu og Bandaríkjanna bar hæst á þeim fundi.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hafði fyrir á árinu átt fund í Berlín með Heiko Maas, utanríkisráðherra Þýskalands. Öryggis- og varnarmál, málefni norðurslóða og alþjóðlegt viðskiptaumhverfi voru meðal helstu umræðuefna á þeim fundi sem fram fór í mars.

2.7. Indland.

Ram Nath Kovind, forseti Indlands, kom til Íslands í opinbera heimsókn í september. Af því tilefni skrifaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með Anumula Gitesh Sarma, skrifstofustjóra Evrópumála í utanríkisráðuneyti Indlands, undir samning um gagnkvæmt áritunarfrelsi fyrir handhafa diplómatskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa, sem tilteknið embættismenn geta fengið. Enn fremur hitti ráðherra viðskiptasendinefnd frá Indlandi sem kom til Íslands með forsetanum. Góð vinátta einkennir samskipti íslenskra og indverskra stjórnvalda. Aðildarríki EFTA eiga í fríverslunarviðræðum við Indland og umtalsverður áhugi er til staðar á auknum viðskiptum milli landanna. Við sama tilefni skrifuðu menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra undir samstarfssamninga við indversk stjórnvöld á sviði menningar og sjávarútvegs sem ber enn frekari vott um aukið samstarf milli ríkjanna.

2.8. Japan.

Áfram er lögð áhersla á að dýpka og auka samskipti við japönsk stjórnvöld en í júní fór meðal annars fram tvíhliða efnahagssamráð ríkjanna í Tókýó. Af Íslands hálfu sóttu fundinn fulltrúar utanríkisráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, ásamt sendiherra og viðskiptafulltrúa í sendiráði Íslands í

Tókýó. Fulltrúar japönsku ráðuneytanna kynntu stöðuna á yfirstandandi fríverslunarviðræðum Japans við önnur ríki. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að hafnar yrðu könnunarviðræður um mögulegar fríverslunarviðræður. Rætt var um núverandi viðskipti landanna, en Japan er mikilvægur markaður fyrir íslenskar vörur og þjónustu, meðal annars sjávarafurðir, heilbrigðistækni og landbúnaðarvörur.

Í maí heimsótti Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra Japan en vilji er til þess að efla tengsl Íslands og Japans á sviði mennta- og vísindamála og var ákveðið á fundinum að hefja vinnu við gerð rammisamkomulags um rannsókn- og vísindasamstarf íslenskra og japanskra háskóla. Ísland og Japan standa sameiginlega að alþjóðlegum ráðherrafundi um vísindi norðurslóða á næsta ári.

3. ÞÁTTTAKA Í STARFI FJÖLÞJÓÐASTOFNANA.

3.1. Málefni Sameinuðu þjóðanna.

Samstarfið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur að mestu snúið að innleiðingu heimsmarkmiðanna, aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og umræðu um leiðir til að efla virðingu fyrir alþjóðalögum og efla fjölþjóðasamstarf til að mæta nýjum áskorunum. Átökin í Miðausturlöndum, Norður-Afríku og á Sahel-svæðinu hafa verið reglubundið á dagskrá öryggisráðsins ásamt umræðu um málefni Íran og Norður-Kóreu.

Í ár eru 75 ár frá stofnun Sameinuðu þjóðanna og tímamótin verða notuð til að minnast árangursins af starfi þeirra í þágu mannréttinda, friðar og sjálfbærrar þróunar en einnig til að ræða hvernig þær geta mætt nýjum áskorunum. Íslandi og Singapúr var á síðasta ári falið að leiða samningaviðræður um það hvernig fagna eigi afmælinu og var ályktunin samþykkt samhljóða á allsherjarþinginu í júní síðastliðnum. Ályktunin felur meðal annars í sér að haldinn verði leiðtogafundur um framtíð Sameinuðu þjóðanna 21. september í tengslum við upphaf allsherjarþingsins.

Í samræmi við stefnu stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á aukna þátttöku og virkni í starfi Sameinuðu þjóðanna til að hafa áhrif á stefnumótun og starfsemi stofnunarinnar. Norðurlöndin eiga með sér náið samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og markvisst hefur verið unnið að því að styrkja það enn frekar, svo sem með sameiginlegum ræðum, samstarfi um ályktanir, í framboðsmálum og með sameiginlegum viðburðum. Þá hafa Norðurlöndin sameiginlega leitast við að auka samstarf við Afríkuríkin um málefni Sameinuðu þjóðanna. Það kom í hlut Íslands að leiða samstarfið á síðasta ári í tengslum við formennsku Íslands í norrænu samstarfi.

Forsendan fyrir sjálfbærri þróun og bættum lífskjörum fólks um allan heim er innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030. Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) heldur utan um framkvæmd heimsmarkmiðanna og forsætisráðherra kynnti vinnu Íslands við innleiðingu markmiðanna á pólitískum umræðuvettvangi í júlí 2019 ásamt fulltrúum ungmenna og atvinnulífsins. Í tengslum við fundinn stóð Ísland fyrir tveimur hliðarviðburðum, annars vegar í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og hins vegar í samstarfi við Malaví þar sem fjallað var um málefni ungs fólks, loftslagsmál og menntun.

Loftslagsmálin voru í kastljósinu í ráðherraviku 74. allsherjarþingsins og aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna bauð til leiðtogafundar um aðgerðir í loftslagsmálum. Ísland kom að undirbúningi fundarins og forsætisráðherra sótti fundinn og gerði grein fyrir aðgerðum Íslands í loftslagsmálum. Mörg ríki og fyrirtæki tilkynntu um aukin framlög til verkefna sem styðja við bakið á þróunarríkjum svo að þau geti ráðist í loftslagsaðgerðir, meðal annars í Græna loftslagssjóðinn. Nokkuð skorti upp á að stóru losunarríkin kæmu til fundarins með nýjar skuldbindingar.

Sameinuðu þjóðirnar stóðu einnig fyrir fyrsta leiðtogafundinum um eftirfylgni heimsmarkmiðanna í tengslum við allsherjarþingið. Forsætisráðherra stýrði þar pallborðsumræðum með forseta Kosta Ríka. Þótt margvíslegur árangur hafi náðst, meðal annars við að draga úr sárafátækt og barnadauða, eru loftslagsbreytingar, vopnuð átök, kynbundið ofbeldi og ójöfnuður meðal helstu áskorana við innleiðingu markmiðanna.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti ræðu Íslands á allsherjarþinginu og lagði í henni áherslu á mikilvægi alþjóðakerfisins og alþjóðalaga, aðgerða gegn loftslagsbreytingum, eftirfylgni heimsmarkmiðanna, málefni hafsins, jafnréttismál og aðgerða til að stuðla að friði.

Að venju tók Ísland virkan þátt störfum allsherjarþingsins og undirnefnda þess með áherslu á alþjóðalög, mannréttindi, jafnrétti kynjanna, málefni hafsins, sjálfbæra þróun og afvopnunarmál.

Mikil samlegðaráhrif voru af setu Íslands í mannréttindaráðinu og starfi þriðju nefndar allsherjarþingsins, sem fjallar um mannréttindamál. Þar lagði Ísland fram drög og leiddi samningaviðræður um tvær ályktanir, annars vegar um að stofna til árlegs alþjóðlegs jafnlaunadags 18. september til að vekja athygli á mikilvægi launajafnréttis og hins vegar um aðild ríkja að framkvæmdastjórn Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) þar sem aðild Íslands að stjórn stofnunarinnar var meðal annars samþykkt. Í annarri

nefnd, sem fjallar um sjálfbæra þróun, leiddi Ísland ásamt Alsír, samningaviðræður ályktunar um landgræðslu og aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun. Ályktanirnar þrjár sem Ísland vann að voru allar samþykktar einróma. Ísland, eitt og sér eða í samfloti með ríkjahópum, flutti ræður og tók þátt í viðræðum um fjölmargar ályktanir í undirnefndum allsherjarþingsins.

Eitt af kjarnamálum Íslands er að vinna að auknu kynjajafnrétti í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna. Í ár eru mikilvæg tímamót í alþjóðlegri jafnréttisbaráttu í ljósi þess að 25 ár eru liðin frá samþykkt aðgerðaráætlunar um jafnrétti á kvennaráðstefnunni í Peking og 20 ár frá ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Þessara áfanga verður minnst innan og utan Sameinuðu þjóðanna í ár. Árlegum fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur tekið virkan þátt, og fara átti fram 9.-20. mars, var frestað um ótiltekinn tíma vegna COVID-19.

Málefni hafsins eru stórt hagsmunamál Íslands innan Sameinuðu þjóðanna. Þar ber hæst vinnu við nýjan alþjóðasamning um vernd og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni á úthafinu (utan lögsögu ríkja) og hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Lissabon í júní nk., til stuðnings framkvæmd á heimsmarkmiði 14, þar sem lögð verður áhersla á alþjóðlegt vísindasamstarf og nýsköpun.

Áskoranir í alþjóðasamskiptum setja mark sitt á samstarfið í allsherjarþinginu og nefndum þar sem reynst hefur erfiðara að ná samstöðu í ýmsum lykilmálum, svo sem varðandi fjárveitingar, afvopnunarmál, mannréttindi og jafnréttismál. Þessi þróun birtist einnig í störfum öryggisráðsins sem hefur átt erfitt með að ná saman um viðbrögð við átökum og neyðarástandi, sérstaklega í tengslum við átökin í Sírylandi. Auk Sírylands hafa Jemen, Líbía, friðaruppbygging og friðargæsla í Afríkúríkjum verið ofarlega á dagskrá ráðsins, ásamt reglubundinni umræðu um málefni Ísrael og Palestínu. Neitunarvaldinu var beitt þrisvar á síðasta ári í tengslum við átökin í Sírylandi og vegna ástandsins í Venesúela.

Fastanefnd Íslands fylgist með umræðum í öryggisráðinu og tekur eftir atvikum þátt í opnum umræðum og gjarnan með sameiginlegum innleggjum Norðurlandanna eða annarra ríkjahópa. Noregur er í framboði til sætis í öryggisráðinu 2021-2022 og kosningarnar fara fram 17. júní næstkomandi. Norðurlöndin vinna sameiginlega að framboði Noregs, en ásamt Noregi eru Írland og Kanada í framboði um tvö sæti í ráðinu. Þá er fagnaðarefni að Eistland náði í fyrsta skipti kjöri í ráðið á síðasta ári og var þétt samstarf milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um framboðið. Þátttaka í kosningum og vinna að framboðum í lykilstöður og stjórnir á vegum Sameinuðu þjóðanna fer fram í höfuðstöðvunum í New York. Nú er unnið að framboði Íslands í framkvæmdastjórn Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) 2021-2025 en fyrir liggur jafnframt að Ísland hefur hug að taka framvegis þátt í hringrás Norðurlandanna um framboð til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

3.2. Samningaviðræður um BBNJ.

Samningaviðræður um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ) sem hófust 2018 héldu áfram með vaxandi þunga á árinu 2019.

Nýi samningurinn mun varða gríðarlega hagsmuni á sviði sem skiptir miklu máli fyrir hafríkið Ísland því samningssvæði hans verður allt úthafið utan lögsögu ríkja, en það svæði nær yfir um helmings yfirborðs jarðar. Viðfangsefni hans er fjölpætt og nær til hafréttar, umhverfismála, verndarsvæða í hafi, nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni, líftækni og erfðaefta í lífrænum auðlindum, einkaleyfaréttar, svo fátt eitt sé nefnt.

Í samningaviðræðunum er af hálfu Íslands talið mikilvægt markmið að samningurinn bæti árangur á þeim sviðum sem hann fjallar um, en styðji einnig við og viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur hingað til.

Í samningaviðræðunum hefur Ísland meðal annars lagt áherslu á að í samningnum verði hugað að verndun og sjálfbærri nýtingu til jafns og að nýtt stofnanafyrirkomulag BBNJ-samningsins hafi léttu yfirbyggingu og skilvirkt og hagkvæmt stjórnkerfi. Einnig stendur Ísland vörð um réttindi strandríkja yfir efnahagslögsögu og landgrunni sínu samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Þá leggur Ísland áherslu á mikilvægi nálægðarreglunnar sem meginreglu við framkvæmd verndunar og nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni utan lögsögu ríkja og að viðhaldið verði svæðisbundnu fyrirkomulagi þar sem það er fyrir hendi varðandi verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Fjórða BBNJ samningalotan hafði verið skipulögð og átti að fara fram í mars/apríl 2020 en vegna COVID-19 faraldursins var henni frestað og óljóst er hvenær hún verður haldin. Mikill þrýstingur er af hálfu nokkurra ríkja og ríkjahópa á að klára samninginn sem fyrst en vegna flækjustígs samningsins og í ljósi þess hve mörg grundvallarálitamál eru enn óleyst má búast við að samningaviðræður standi áfram um nokkra hríð.

3.3. Flóttamannamál.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins tók í desember þátt fyrir Íslands hönd í leiðtogafundi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, sem haldinn var þá í Genf. Fundinum var ætlað að fylgja eftir alþjóðlegri samþykkt um málefni flóttamanna (e. Global Compact on Refugees) sem staðfest var á þingi Sameinuðu þjóðanna í desember 2018 og skapa pólitískan grundvöll fyrir samvinnu ríkja heims um flóttamannavandann.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir hátt í tuttugu milljónir einstaklinga sem flóttafólk og áætlað að um ein og hálf milljón sé í brýnni þörf fyrir að komast til öruggs ríkis. Í ljósi vandans barst ákall til ríkja heims um að axla sameiginlega ábyrgð. Fulltrúi Íslands greindi frá því að á árinu hefði verið tekið á móti 75 kvótaflóttamönnum á Íslandi og að á næstu tveimur árum yrði tekið við fleirum. Ísland veitir einnig áframhaldandi fjárstuðning til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og var nýr rammisamningur þar að lútandi undirritaður á fundi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með Filippo Grandi, framkvæmdastjóra UNHCR, í Genf í febrúar og gildir hann fyrir tímabilið 2020-2023.

UNHCR veitir flóttafólki um allan heim vernd, skjól, lífsafkomu og grunnþjónustu. UNHCR gegnir lykilhlutverki í mannúðaraðstoð og neyðarviðbrögðum á heimsvísu. Hún er jafnframt áherslustofnum í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019 til 2023.

Fastanefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York lagði til drög, sem fyrr segir, að ályktun um aðild Íslands að stjórn Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR Executive Committee) sem var samþykkt samhljóða á allsherjarþingi. Ísland var í framhaldi kjörið inn í stjórn stofnunarinnar á fundi Efnahags- og félagsmálaráðuneytisins (ECOSOC) fyrir júl.

3.4. Ríkjaráðstefna Alþjóðaráðs Rauða krossins.

Í desember fór fram ríkjaráðstefna Alþjóðaráðs Rauða krossins og Rauða hálfmánans en hún fer fram á fjögurra ára fresti í Genf. Að þessu sinni tilkynntu íslensk stjórnvöld og Rauði kross Íslands um sameiginlegar skuldbindingar sínar um aðgerðir og markmið í þágu Alþjóðaráðs Rauða krossins og Rauða hálfmánans til næstu fjögurra ára en í þeim er lögð rík áhersla á forvarnir og stuðning við baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi í vopnuðum átökum og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mansali.

Því var fagnað á ríkjaráðstefnunni í Genf að 70 ár eru liðin frá samþykkt Genfarsamninganna og 95 ár frá stofnun Rauða kross Íslands (RKÍ). Í samræmi við ákall Alþjóðaráðsins var tilkynnt að íslensk stjórnvöld hygðust ásamt Rauða krossi Íslands styðja með fjárframlagi baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi í vopnuðum átökum með áherslu á Suður-Súdan. Þá verður aukin áhersla lögð á baráttu gegn mansali innanlands í samræmi við aðgerðaráætlun stjórnvalda, með eflingu sérkunnáttu fagaðila, samhæfingu verklags og viðbragða. Vitundarvakningar og fræðsla með sérstakri áherslu á réttindi erlendra launþega verður einnig styrkt sérstaklega. Íslensk stjórnvöld og Rauði kross Íslands tilkynntu enn fremur um að þau hafa sett sér markmið um að auka viðbragðsgetu vegna náttúruhamfara og stórslysa á norðurlóðum. Sérstaklega er horft til þess að styrkja samfélög á þessu svæði í samstarfi við önnur ríki og félög Rauða krossins á norðurlóðum. Norðurlöndin og norrænu félög Rauða krossins settu einnig fram sameiginlegar skuldbindingar varðandi umhverfisvernd við mannúðaraðgerðir og lágmörkun skaða með tilliti til loftslagsáhrifa. Þá er rétt að nefna að Anna Jóhannsdóttir, sendiherra og formaður sendinefndar Íslands, og Kristín Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, töluðu fyrir auknum hlut kvenna í stjórnunarstöðum á alþjóðavettvangi Rauða kross-hreyfingarinnar. Þá lögðu þær áherslu á að áfram verði talað af festu og virðingu fyrir alþjóðlegum mannréttindalögum til að vernda almenna borgara, þar á meðal konur og börn gegn kynferðislegu ofbeldi.

3.5. Málefni Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Meginmarkmið Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda og menningarmála. Líkt og hjá öðrum alþjóðastofnunum er innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna meginstefið í öllu starfi stofnunarinnar. UNESCO ber ábyrgð á eftirfylgni heimsmarkmiðs fjögur sem snýr að menntun fyrir alla, en hefur jafnframt aðkomu að eftirfylgni annarra heimsmarkmiða. Meginverkefni UNESCO er til dæmis að leiða alþjóðlega samvinnu með það að markmiði að tryggja öllum gæðamenntun. Þá hefur UNESCO forystu um verndun náttúruarfs og menningarminja. Ísland styður grundvallarreglur, hnattrænar áherslur og markmið UNESCO ásamt því að styðja áframhaldandi endurskipulagningu og hagræðingu í starfi stofnunarinnar.

Markvisst er unnið að því að auka sýnileika og þátttöku Íslands á vettvangi stofnunarinnar með það að leiðarljósi að undirbúa mögulega setu Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO en ríkisstjórn Íslands samþykkti

árið 2018 að bjóða Ísland fram til setu í framkvæmdastjórn stofnunarinnar fyrir tímabilið 2021–2025 en kosningar fara fram í nóvember 2021. Norðurlöndin hafa alla jafna skipst á að taka sæti í stjórninni frá upphafi og nýtur framboð Íslands stuðnings hinna norrænu þjóðanna. Unnið er að framboðinu samkvæmt framboðsáætlun og málefnaáherslur hafa meðal annars verið útfærðar og kynntar fyrir ríkisstjórn.

Fastanefnd Íslands í París tekur virkan þátt í starfi UNESCO. Framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO var formlega tilkynnt á ársfundi UNESCO í nóvember síðastliðnum með norrænni móttöku. Þar að auki tók Ísland meðal annars að sér formennsku í ríkjahópi 1 (vestræn ríki) allt árið 2019. Enn fremur var skrifað undir nýjan rammasamning Íslands við UNESCO um stuðning við verkefni á sviði menntunar (e. Capacity Development for Education Programme – CapED) í Afganistan, með sérstakri áherslu á menntun stúlkna. Ísland var meðal stofnaðila þess verkefnis árið 2003 og það hefur gefið góða raun víða um heim. Frá síðustu áramótum urðu þar að auki fjórir skólar, sem um árabíl hafa verið starfræktir á Íslandi undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sameinaðir í Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (e. International Centre for Capacity Development). Skólarnir verða áfram reknir af utanríkisráðuneyti sem hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands en Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu mun heyra undir starfsemi UNESCO með hliðstæðum hætti og Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar. Sjá IV kafla 4.5 um GRÓ og þróunarsamvinnu innan UNESCO.

4. MANNRÉTTINDAMÁL.

4.1. Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2018-2019.

Um áramótin síðustu lauk átján mánaða setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur sæti í ráðinu. Fullyrða má að kosning Íslands til setu í mannréttindaráðinu 13. júlí 2018 hafi markað tímamót en seta í ráðinu telst með réttu hafa verið eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi. Með það í huga þótti ástæða til að gefa út sérstaka skýrslu um verkefnið sem kom út í febrúar síðastliðnum.

Í skýrslunni er rakinn aðdragandi þess að Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráðinu eftir að Bandaríkin sögðu sig úr því. 47 ríki sitja í mannréttindaráðinu hverju sinni og þar af koma sjö úr hópi Vesturlanda. Kjörtímabilið er þrjú ár en sem fyrr segir sögðu Bandaríkin sig úr ráðinu á miðju kjörtímabili og Ísland var kjörið til að taka sæti þeirra út kjörtímabilið.

Í skýrslunni er gerð tilraun til að varpa mynd á það hvaða hlutverki mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna gegnir. Farið er yfir það hvernig áhersla á mannréttindi hefur alltaf verið hluti af utanríkisstefnu Íslands en hvernig hlutur mannréttinda hafi þó farið vaxandi á undanförunum árum, þ.m.t. með vaxandi þátttöku í starfsemi mannréttindaráðsins.

Það markaði þáttaskil þegar núverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra varð fyrstur íslenskra ráðherra í því embætti til að sækja árlega ráðherraviku ráðsins, í mars 2017. Hann flutti þá ávarp sem eftir var tekið og segja má að það hafi, með öðru sambærilegu ávarpi árið eftir, átt þátt í að búa til það andrúmsloft sem leiddi til þess að Ísland þótti góður kostur til að fylla það skarð sem Bandaríkin skildu eftir sig sumarið 2018.

Önnur skýring á því að Ísland naut stuðnings til verksins felst í forystu sem Ísland hafði haft um gagnrýni á hendur Filippseyjum frá því haustið 2016. Beindist sú gagnrýni að aðgerðum sem nýr forseti, Rodrigo Duterte, kaus að beita í viðleitni til að takast á við eiturlyfjavanda í landinu. Þær fólust meðal annars í aftökum án dóms og laga sem brýtur vitaskuld í bága við öll mannréttindaviðmið.

Skýrslan um setu Íslands í mannréttindaráðinu lýsir þeirri vinnu sem ráðast þurfti í þegar ljóst var að Ísland hafði hlotið kosningu en huga þurfti bæði að því að styrkja hratt og með markvissum hætti fyrirvar gagnvart mannréttindaráðinu. Enn fremur þurfti að gera áætlun um það hverju Ísland hygðist beita sér fyrir sérstaklega á meðan á setu í ráðinu stæði og hverju Ísland hygðist reyna að áorka.

Lagt var upp með að hafa virkt samráð við utanríkismálanefnd um áherslur í sérhverri fundalotu mannréttindaráðsins. Enn fremur var lögð mikil áhersla á að allt starf Íslands færi fram fyrir opnum tjöldum. Ekki þótti koma til greina að taka sæti í mannréttindaráðinu þennan óvenjulega skamma tíma, þ.e. aðeins hálf kjörtímabil, og hafa hendur í skauti allan tímann. Íslensk stjórnvöld vildu nota þetta tækifæri til að láta að sér kveða, efla mjög virkni sína í ráðinu og taka frumkvæði í tilteknum málum. Í þeim tilgangi sóttist Ísland m.a. eftir því að vera fulltrúi Vesturlanda í forsætisnefnd ráðsins á árinu 2019 og úr varð að fastafulltrúi Íslands var kjörinn einn varaforseta. Stýrði hann því fundum í lotum ársins 2019 til jafns við forseta þess og aðra varaforseta.

Mesta athygli vakti þegar Ísland hafði í mars 2019 frumkvæði að því að flutt var sameiginlegt ávarp, af hálfu 36 ríkja, um ástand mannréttinda í Sádi-Arabíu, en utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hafði einmitt gagnrýnt í málflutningi í ráðinu bæði 2017 og 2018 að sum ríki væru eins og stikkfrí þegar kæmi að umfjöllun

ráðsins. Skipti þá meðal annars máli að Sáði-Arabía var kjörinn fulltrúi í mannréttindaráðinu á þessu tímabili og um það er fjallað í leiðbeiningum um starfsemi ráðsins að gera verði sérstakar kröfur til aðildarríkja ráðsins um forystu í mannréttindamálum. Ísland hafði nokkrum sinnum áður í landsávörpum gert að umtalsefni bága stöðu kvenna í Sáði-Arabíu en þetta var í allra fyrsta sinn sem ríki tóku sig saman um slíka gagnrýni. Eins og gefur að skilja heyrir slík gagnrýni mun betur þegar mörg ríki taka sig saman um hana. Um leið er hún líklegri til að hafa áhrif. Nú í febrúar, þegar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sótti ráðherraviku mannréttindaráðsins í fjórða sinn, átti hann fund með Faisal Bin Farhan Al Saud utanríkisráðherra Sáði Arabíu, og skoraði hann þá á Sáði-Arabíu að láta baráttufólk fyrir mannréttindum tafarlaust úr haldi.

Ísland hafði einnig á grundvelli fyrri forystu í málinu frumkvæði að því sumarið 2019 að mannréttindaráðið samþykkti ályktun um stöðu mannréttinda á Filippseyjum. Hún felur í sér að skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna þurfi að leggja fram skýrslu um stöðu mála á Filippseyjum fyrir fundalotu ráðsins sumarið 2020. Í stað þess að bæta ráð sitt og bregðast þannig við þeirri gagnrýni sem fram hefur verið sett undanfarin ár reyndu stjórnvöld Filippseyjum mjög að koma í veg fyrir að ályktun Íslands næði fram að ganga.


Svo fór þó að ályktunin var samþykkt með góðum stuðningi líkt þenkjandi ríkja. Það sætti tíðindum og var fagnað, bæði af alþjóðlegum mannréttindasamtökum og fjölda fólks á Filippseyjum, sem lætur sér annt um mannréttindi eða hefur mátt sæta ofsóknum vegna baráttu sinnar fyrir bættum mannréttindum. Filippseyjar eiga sæti um þessar mundir í mannréttindaráðinu og ættu að láta sér sérstaklega annt um að sýna gott fordæmi í mannréttindamálum.

Áhersla á jafnrétti og mannréttindi kvenna einkenndi málflutning Íslands í mannréttindaráðinu á þessum átján mánuðum sem Ísland átti þar sæti og var þátttaka forsætisráðherra í umræðum mannréttindaráðsins sumarið 2019 til marks um þær áherslur. Hámarki náði vinna fulltrúa Íslands í þeim efnum sumarið 2019 þegar mannréttindaráðið samþykkti ályktun Íslands og fleiri ríkja og stofnana um jöfn laun til handa körlum og konum.

Ísland lagði einnig upp með að gera réttindum hinsegin fólks hátt undir höfði í málflutningi sínum en ástæða er til að leggja áherslu á að þar er um viðkvæman málaflokk að ræða á vettvangi fjölþjóðasamstarfs, enda mikið verk að vinna til að stuðla að hugarfarsbreytingu meðal þjóða.

Enn fremur lagði Ísland áherslu á að beita sér fyrir umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og náðist nokkur árangur í þeim efnum á tímabilinu, svo sem þegar samþykkt var haustið 2019 tillaga Íslands og Rúanda um sérstakt átak til hagræðingar í starfi þess. Tillögurnar voru afrakstur umfangsmikillar yfirferðar á skipulagi ráðsins þar sem rætt var meðal annars við fulltrúa flestra ríkja heims. Þær fólu í sér að vinnuaðferðum yrði breytt og skipulagi funda ráðsins sem leiðir til um tólf %a fækkunar funda án þess að draga úr skilvirkni ráðsins. Um er að ræða mestu breytingar á starfi ráðsins um árabíl. Ísland lagði einnig lóð á vogarskálar í umræðu um brotthvarf sérstaks dagskrárliðar í starfsemi ráðsins um málefni Ísraels og Palestínu. Ísland hefur fyrir sitt leyti ekki hikað við að gagnrýna ísraelsk stjórnvöld þegar tilefni hefur verið

Staða Íslands á völdum mannréttindavísium



til, en jafnframt bent á þá hlutdrægni sem felst í þessum fasta dagskrárlíð. Ekkert annað ríki eða landsvæði heyrir undir sérstakan dagskrárlíð af þessu tagi.

4.2. Almenn ánægja með framgöngu Íslands.

Segja má að við úrsögn Bandaríkjanna úr mannréttindaráðinu hafi gefist einstakt tækifæri fyrir Ísland til að öðlast þar sæti án mikils tilkostnaðar eða langs aðdraganda. Mannréttindi eru hornsteinn utanríkisstefnunnar og standa Íslendingum nærri og það sýndi sig á þessum tíma að við höfum þar góða sögu að segja og ýmislegt fram að færa.

Niðurstaðan af mati á setu Íslands í mannréttindaráðinu er sú að Ísland og íslensk utanríkisþjónusta ráði fyllilega við verkefni af þessum toga. Hins vegar sýndi sig einnig hve miklu máli það skiptir að skýr vilji til að láta að sér kveða sé fyrir hend og að áherslur hafi verið skilgreindar fyrirfram með tilgreindum markmiðum og aðgerðum til að ná þeim fram. Reynslan sýnir að smáríki eins og Ísland getur haft afgerandi áhrif, þótt jafnvíst sé að nauðsynlegt er að byggja í því sambandi á þéttu samráði og samstarfi við önnur líkt þenkjandi ríki. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna er vissulega ekki fullkomið – og gagnrýni á starf þess verður á stundum hávær – en það er engu að síður helsti vettvangur ríkja heims til hreinskiptinna samræðna um mannréttindamál, bæði í einstökum ríkjum og á þemátískum grunni.

Meðan á setu Íslands í mannréttindaráðinu stóð sóttu þó nokkrir góðir gestir Ísland heim. Má þar fyrst nefna Linu al-Hathloul, baráttukonu fyrir mannréttindum í Sádi-Arabíu, sem var aðalræðumaður á málþingi sem haldið var í tilefni af alþjóðlega mannréttindadeginum 10. desember. Lina al-Hathloul hefur að undanfögnu barist fyrir frelsi systur sinnar, Loujain al-Hathloul, sem rænt var úti á götu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í maí 2018 og flutt til Sádi-Arabíu þar sem hún hefur síðan setið í fangelsi. Hún hefur meðal annars sætt pyntingum og einangrunarvist. Loujain hafði um árabíl barist fyrir afnámi forræðis karla yfir konum í Sádi Arabíu og akstursbanni kvenna. Loujain al-Hathloul var ein þeirra mannréttindafrömuða sem hópur ríkja hvatti stjórnvöld í Sádi-Arabíu til að frelsa í sameiginlegri yfirlýsingu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í mars 2019, enda hefði hún ekkert til sakar unnið annað en að berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Í ávarpi sínu á fundinum 10. desember þakkaði Lina Íslandi þetta frumkvæði og sagði engan þurfa að efast um að það skipti miklu máli að kastljósinu væri beint að Sádi-Arabíu með þessum hætti. Stjórnvöld þar væru viðkvæm fyrir alþjóðlegri gagnrýni og gagnrýnin hefði haft áhrif.

Í nóvember sótti Maria Ressa, þekkt fjölmiðlakona og baráttumanneskja fyrir mannréttindum á Filippseyjum, Ísland heim og átti þá fund með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Kumi Naidoo, aðalframkvæmdastjóri mannréttindasamtakanna Amnesty International, kom einnig til fundar við ráðherra síðastliðið sumar. Naidoo færði ráðherra þakkir fyrir þá forystu sem Ísland hefði tekið á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, meðal annars um Filippseyjar og Sádi Arabíu. Victor Madrigal-Borloz, óháður sérfræðingur mannréttindaráðsins í málefnum hinsegin fólks, kom einnig til Íslands í september og hélt erindi í Háskóla Íslands, auk þess sem hann átt fund með biskupi Íslands og fulltrúum heilbrigðisstétta. Til marks um áherslu Íslands á réttindi hinsegin fólks var ákveðið um sumarið 2019 að verja þrettán milljónum króna til UN Free & Equal, sérstaks verkefnis sem skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) heldur utan um til að vinna að útbreiðslu réttinda hinsegin fólks (LGBTI) hvarvetna í heiminum.

Almennt virðist sem þorri Íslendinga hafi verið jákvæður í garð þátttöku Íslands í starfi mannréttindaráðsins og setu okkar þar 2018-2019. Í könnun sem gerð var fyrir á árinu kom fram að aðildin að mannréttindaráðinu naut stuðnings 72,6 % þeirra sem spurðir voru og jafnframt töldu 67,7 % að seta Íslands í mannréttindaráðinu gæti haft jákvæð áhrif á þróun mannréttinda á heimsvísu.

Seta Íslands í mannréttindaráðinu

90
ræður



Um 90 ræður í fjórum lotum ráðsins.

56
ríki



56 ríki tekin fyrir í jafninga-rýni mannréttindaráðsins.

30
fundir



30 fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins

Í tengslum við setuna í mannréttindaráðinu er einnig álitid mikilvægt að viðhafa gott samráð við hlutaðeigandi aðila hér heima. Gengið hefur verið út frá því að samráð fari fram við utanríkismálanefnd Alþingis í aðdraganda hvernar fundalotu ráðsins að lágmarki og þá er virkt samráð milli ráðuneyta í gegnum fyrrnefndan stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi. Einnig er þess gætt að fram fari reglubundið samráð við einstaka stofnanir og frjáls félagasamtök.

4.3. Ísland verður hluti af norrænni framboðshringrás.

Á fundi með norrænum kollegum sínum í Borgarnesi í september sl. vakti utanríkisráðherra athygli á mikilvægi þess að Norðurlöndin ætíð fulltrúa í mannréttindaráðinu. Jafnframt lét hann þess getið að Ísland hefði áhuga að taka þátt í óformlegri norrænni hringrás innan Vesturlandahópsins (WEOG) á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið hefur átt sér stað samráð innan Norðurlandanna um það hvernig norrænum framboðum til mannréttindaráðsins verði háttáð næstu árin. Niðurstaða liggur nú fyrir og hefur utanríkisráðherra gert utanríkismálanefnd grein fyrir henni. Danmörk á sæti í mannréttindaráðinu nú um stundir og út árið 2021. Gangi Finnum allt í haginn í kosningum sem eiga að fara fram haustið 2021 taka þeir sæti í ráðinu í byrjun árs 2022 og sitja í ráðinu út árið 2024. Síðan er gert ráð fyrir því að Ísland fari fram þar á eftir, vegna setu í mannréttindaráðinu árin 2025-2027, og hafa þau áform verið tilkynnt inn í WEOG-hópin. Önnur Norðurlönd kæmu í kjölfarið, þ.e. Noregur og Svíþjóð, og liggur því fyrir með óformlegum hætti hvernig hringrás Norðurlandanna verður háttáð næsta eina og hálfu áratuginn.

5. JAFNRÉTTISMÁL.

5.1. Almenn.

Jafnrétti er lykiláhersla stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og unnið hefur verið ötullega að áframhaldandi framförum á því sviði bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Starf utanríkisþjónustunnar á sviði jafnréttismála byggist á þeirri áherslu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að Ísland geti verið sterk rödd á alþjóðavettvangi og fyrirmynd um jafnréttismál. Í alþjóðlegum samanburði hefur Ísland náð góðum árangri í jafnréttismálum og hlotið alþjóðlegar viðurkenningar sem vakið hafa athygli. Ísland trónir meðal annars á toppi kynjajafnréttislista Alþjóðaefnahagsráðsins ellefta árið í röð og hlaut viðurkenningu fyrir einarða baráttu fyrir jafnrétti á norrænu viðskiptaráðstefnunni Womenomics í Kaupmannahöfn vorið 2019. Vægi jafnréttismála hefur aukist verulega á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Litið er til Íslands sem fyrirmynd um löggjöf og þróun málaflokksins á heimsvísu og er víða leitast eftir samstarfi við Ísland um bestu leiðir í jafnréttisbaráttunni. Í skýrslu Alþjóðabankans Women, Business and the Law fékk Ísland fullt hús stiga eða 100 stig af 100 mögulega fyrir melda þætti um jafnrétti á vinnumarkaði.

Á grundvelli þessa hefur Ísland verið leiðandi á sviði jafnréttismála á alþjóðavettvangi, meðal annars hvað varðar sjálfbæra þróun og mannréttindi kvenna, þ.m.t. kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi, viðskipti og efnahagslega valdeflingu kvenna.

Síðastliðin ár hefur Ísland einnig hvatt til þátttöku drengja og karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og stuðlað að umræðu um samskipti kynjanna og kynhlutverk. Íslensk yfirvöld vinna náið með UN Women, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og með íslensku landsnefnd stofnunarinnar. Í samvinnu við utanríkisráðuneytið hefur landsnefndin þróað aðferðir með það að markmiði að virkja karla í jafnréttisumræðunni, ræða um ávinning karla og kvenna af auknu jafnrétti, enda sé það lykillinn að sjálfbærri þróun og velsæld allra.

Jafnréttismál og mannréttindi kvenna voru sett í öndvegi af hálfu Íslands í öllu starfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðastliðið ár, og setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Áhersla á jafnrétti, mannréttindi kvenna, og réttindum hinsegin fólks einkenndi málflutning Íslands í mannréttindaráðinu. Þar ber hæst ályktun Íslands og fleiri ríkja um jöfn laun til handa körlum og konum sem var samþykkt samhljóða í mannréttindaráðinu sumarið 2019.

Samningaviðræður um pólitíska yfirlýsingu kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna fóru fram í febrúar síðastliðinn og tók fastanefnd Íslands virkan þátt í samningaviðræðunum. Pólitíska yfirlýsingin er gerð með það að leiðarljósi að meta árangur og áskoranir við framkvæmd aðgerða aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna á framkvæmdaáætluninni frá Peking, í tilefni 25 ára afmælis áætlunarinnar. Sökum útbreiðslu COVID-19 veirunnar var 64. fundi kvennanefndar SP, sem átti að fara fram í mars 2020, frestað um ótiltekinn tíma. Aðildarríkin sammæltust um að hafa dagsfund 9. mars síðastliðinn, aðeins fyrir fastanefndir aðildarríkjanna í New York, þar sem pólitísk yfirlýsing var formlega borin upp til samþykkis.


Auk kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaráðsins í Genf tók Ísland virkan þátt í umræðu um jafnrétti kynjanna og mannréttindi kvenna á vettvangi mannréttindanefndar (3. nefndar) allsherjarþingsins og nefnd Sameinuðu þjóðanna um fólksfjölgun og þróunarmál. Þar hefur áhersla meðal annars verið lögð á að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi kvenna. Haustið 2019 lagði Ísland til ályktun í mannréttindanefnd allsherjarþings um stofnsetningu alþjóðlegs jafnlaunadags. Auk Íslands stóðu sjö ríki að ályktuninni, Ástralía, Kanada, Nýja Sjáland, Panama, Suður-Afríka, Sviss og Þýskaland sem eru öll hluti af alþjóðlegum samtökum ríkja um að tryggja jöfn laun (e. Equal Pay International Coalition). Um hundrað ríki til viðbótar voru meðflytjendur að ályktuninni sem sýnir mjög breiðan stuðning við málefnið. Ályktunin tilgreinir 18. september sem árlegan alþjóðlegan jafnlaunadag sem haldinn verði í fyrsta sinn árið 2020. Markmið alþjóðadagsins verður að vekja athygli á aðgerðum sem ráðist hefur verið í og stuðla að jöfnum launum, og hvetja til frekari aðgerða til að ná markmiði um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafna vinnu sem áttunda heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna tekur sérstaklega til. Ályktunin rekur upphaf sitt, sem fyrr segir, til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf sem, fyrir tilstilli Íslands og fleiri ríkja, samþykkti í júlí sl. einróma ályktun um jöfn laun til handa konum og körlum.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins tóku þátt í Alþjóðaráðstefnu um mannfjölda og þróun (e. Nairobi Summit on ICPD25) í Naíróbí í Kenya í nóvember þar sem áform ríkisstjórnarinnar um auknar aðgerðir á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis voru áréttuð. Á ráðstefnunni var fylgt eftir áætlun sem samþykkt var á ráðstefnu Mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í Kaíró fyrir 25 árum. Sú ráðstefna markaði tímamót því þar voru kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi sett í forgrunn í tengslum við vinnu vegna mannfjöldapróunar í heiminum. Þróunarmálaráðherrar Norðurlandanna birtu sameiginlega grein við upphaf ráðstefnunnar sem ítrekaði mikilvægi þess að kyn- og frjósemisréttindi, sem samþykkt voru á Kaíró ráðstefnunni 1995, séu virt og vöruðu þar að auki við pólitísku bakslagi í málaflokknum. Ísland hefur á undanförunum árum aukið mjög stuðning við UNFPA en hún er ein af áherslustofnunum Íslands í þróunarsamvinnu samkvæmt þróunarsamvinnustefnu sem Alþingi samþykkti á síðasta ári.

Ísland hefur verið í leiðandi hlutverki við að koma jafnréttismálum á dagskrá í umfjöllun um alþjóðaviðskipti. Þannig stýrir Ísland, ásamt Botsvana og Alþjóðaviðskiptamiðstöðinni, starfshópi í Genf um alþjóðaviðskipti og jafnréttismál. Árin 2018-2019 hefur starfshópurinn unnið að því að koma yfirlýsingu um jafnréttismál og viðskipti í framkvæmd. Eitt af því sem yfirlýsingin leggur áherslu á er að í reglulegri úttekki á viðskiptastefnu aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði fjallað um jafnréttismál.

Á ráðherrafundi EFTA í Liechtenstein í júní 2019 voru ný jafnréttisákvæði færð inn í samningslíkan fríverslunarsamtakanna sem EFTA ríkin leggja fram við upphaf samningaviðræðna sem grundvöll fríverslunarviðræðna. Það var að frumkvæði Íslands að EFTA ákvað að skoða hvort rétt væri að fjalla sérstaklega um jafnréttismál í fríverslunarsamningum.

Kynjajafnrétti í heiminum - 10 efstu þjóðirnar



Heimild: Global Gender Gap Report 2020, World Economic Forum

Markvisst er unnið að markaðssetningu íslenskrar jafnréttisþekkingar innan vébanda Uppbyggingarsjóðs EES þar sem áhersla er lögð á samstarfsverkefni við viðtökuríkin þar sem íslensk sérþekking getur nýst. Fjöldmörg verkefni sem hafa það að markmiði að nýta stöðu og árangur Íslands á sviði jafnréttis hafa hlotið styrki úr sjóðnum. Meðal þeirra er samanburðarverkefni um stöðu jafnréttismála í utanríkisþjónustu Slóveníu og Íslands sem hleypt var af stokkunum í árslok 2019. Þá efndi utanríkisráðuneytið á árinu 2019 til ráðstefnunnar *Jafnrétti til útflutnings* í samvinnu við Uppbyggingarsjóð EES, Portúgal og Noreg.

Tilgangurinn var að kynna hvað íslensk samtök og stofnanir hafa upp á að bjóða, þ.e. hvaða leiðir hafa verið farnar og hvaða aðferðir þróaðar sem skilað hafa árangri í jafnréttisbaráttunni hér á landi og gætu nýst í samstarfsríkjum Uppbyggingarsjóðs EES. Lykilfólk í þeim fimmtán ríkjum sem um ræðir sótti ráðstefnuna, alls um 130 manns. Ráðstefnan var haldin í Hellisheiðarvirkjun og Veröld – Húsi Vigdísar. Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands var heiðursgestur ráðstefnunnar. Verkfærakista frá helstu samtökum og stofnunum sem vinna héraendis að jafnréttismálum var kynnt á ráðstefnunni og verður áfram nýtt á fundum sem haldnir eru í sjóðsstjórnnum sem grunnur til kynningar á íslenskri sérþekkingu og lausnum.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins tóku virkan þátt í Heimspingi kvenleiðtoga í Hörpu í Reykjavík í nóvember síðastliðinn. Heimspingið var haldið undir yfyrskriftinni „We Can Do It!“ sem vísar til þess árangurs sem Ísland hefur náð í jafnréttismálum. Alþjóðlegum kvenleiðtogum úr stjórnmálum, ríkisstjórnnum og þjóðþingum sem eiga aðild að Women Political Leaders var boðið til heimspingsins, auk alþjóðlegra kvenleiðtoga úr viðskiptum, menningu, vísindum og tækni, svo dæmi séu nefnd. Um 450 kvenleiðtogar frá yfir 80 löndum tóku þátt í þinginu og áttu meðal annars samtalið um aðgerðir til að jafna tækifæri kynjanna. Þingforseti Malaví kom hingað til lands í boði utanríkisráðuneytisins. Auk þess að sækja þingið átti þingforsetinn fundi með fulltrúum ráðuneytisins.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins tók Ísland virkan þátt í að styðja við framkvæmd ályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi, til dæmis með stuðningi við stofnun gagnagrunns með það að markmiði að efla grundvallarþekkingu á landsáætlunum um framkvæmd ályktunarinnar. Þá hefur Ísland, ásamt fleirum, þrýst á um stefnumótun bandalagsins á sviði jafnréttismála. Í nóvember 2019 var til dæmis ný stefna um að fyrirbyggja og vinna gegn kynferðislegri misnotkun samþykkt af utanríkisráðherrum bandalagsins.

6. EVRÓPURÁÐIÐ.

Undanfarin ár hefur fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu haft aðsetur í Reykjavík en einn staðarráðinn starfsmaður sinnt daglegum verkefnum í Strassborg. Breytingar verða gerðar á þessu fyrirkomulagi á árinu 2020 því stefnt er að því að enduroppna fastanefnd Íslands í Strassborg á sumarmánuðum og nýr fastafulltrúi, ásamt öðru starfsfólki fastanefndarinnar, verður í Strassborg. Breytingarnar eru gerðar í aðdraganda formennskutímabils Íslands hjá Evrópuráðinu, sem stendur frá nóvember 2022 og lýkur með ráðherrafundi á Íslandi í maí 2023. Ísland hefur aðeins einu sinni áður gegnt formennsku í Evrópuráðinu, árið 1999. Við undirbúning fyrir formennskutímabil Íslands í Evrópuráðinu nú verður meðal annars nýtt afar góð reynsla af formennsku Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, en Evrópuráðið sinnir fjölbreytilegum málaflokkum eins og mannréttindamálum, félagsmálum, umhverfismálum, sveitarstjórnarmálum, menntunar- og menningarmálum og samvinnu á sviði löggjafar. Utanríkisstefna Íslands byggist á skýrum viðmiðum um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti og gera má ráð fyrir að styrkleikar Íslands, ekki síst á sviði jafnréttismála og að því er varðar réttindi og stöðu barna endurspeglast í formennskuáætluninni sem unnin verður á næstu misserum. Þá má gera ráð fyrir að umfjöllun um COVID-19 faraldurinn og viðbrögð einstakra aðildarríkja við honum muni endurspeglast í umfjöllun á vettvangi Evrópuráðsins á næstu misserum og árum.

Í júní 2019 fór fram kosning nýs aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Hlutskörpust var Marija Pejčinović Burić, fyrrum vara forsætisráðherra og ráðherra utanríkis- og Evrópumála í Króatíu. Marija er aðeins önnur kvenna til að gegna stöðu aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá upphafi. Hún tók við starfinu í september 2019.

Á undanförunum árum hefur ríkt togstreita milli Evrópuráðsþingsins og Rússlands sem hefur bæði valdið fjárhagslegum erfiðleikum og pólitískum vanda innan stofnunarinnar. Upphafið má rekja til þess þegar Evrópuráðsþingið svipti rússnesku sendinefndina atkvæðarétti í þinginu árið 2014 vegna innlimunar Rússlands á Krímskaga. Í kjölfarið hætti Rússland að greiða aðildargjöld og vorið 2019 þurfti ráðherranefndin að taka ákvörðun um lausn á vandanum, þ.e. hvort að vísa ætti Rússlandi úr ráðinu fyrir brot gegn grunngildum þess eða leita annarra lausna á deilunni. Á ráðherrafundi ráðsins í Helsinki í maí 2019 var ákveðið að þróa viðbragðsferli, ásamt Evrópuráðsþinginu og aðalframkvæmdastjóra, til að gera stofnunni kleift að bregðast við á samræmdan hátt ef að aðildarríki bryti gegn skyldum sínum samkvæmt stofnsáttmála Evrópuráðsins. Þróun þessa ferlis er enn á lokastigi en ákvörðunin leiddi til þess að Rússland hóf aftur að greiða aðildargjöld og sendi að nýju sendinefnd til Evrópuráðsþingsins í júní 2019.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sótti ráðherrafund Evrópuráðsins í Helsinki í maí 2019, á formennskutímabili Finna, en framtíð Evrópuráðsins og staða mannréttindamála í Evrópu voru helstu umræðuefnin á fundinum. Evrópuráðið varð 70 ára á árinu og af því tilefni var haldin sérstök athöfn í tengslum við ráðherrafundinn. Á fundinum undirritaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra samning Evrópuráðsins um aðgang að opinberum gögnum og í desember 2019 skilaði fulltrúi Íslands í Strassborg inn fullgildingarskjölum Íslands vegna Evrópusamningsins um landslag (e. European Landscape Convention). Ísland varð þar með fertugasta aðildarríki Evrópuráðsins til að fullgilda samninginn.

Samstarf fastanefndar Íslands gagnvart Evrópuráðinu við önnur Norðurlönd er í föstum og góðum farvegi og jafnframt á sá hópur gott samstarf við fastanefndir Eystrasaltsríkjanna. Á fimmta tug íslenskra sérfræðinga tekur nú þátt í sérfræðinganefndum og verkefnum á vegum Evrópuráðsins og skipuleg tengsl við þann hópur verða eflað í aðdraganda formennskutímabils Íslands.

Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp dóma í sex málum gegn Íslandi á árinu 2019 og 9. október það ár voru fyrstu málin gegn Íslandi sem tekin hafa verið fyrir í yfirdeild dómstólsins, mál *Gests Jónssonar gegn Íslandi* og mál *Ragnars Halldórs Hall gegn Íslandi* flutt í dómstólnum.

Yfirdeild dómstólsins fjallaði einnig í febrúar 2020 um mál *Guðmundar Andra Ástráðssonar gegn Íslandi*.

7. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL.

7.1. Almenn.

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru stór hagsmunamál fyrir Ísland. Virk þátttaka Íslands á alþjóðasamstarfi um þessa málaflokka hlýtur að vera eitt af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar og getur skipt sköpum í hagsmunagæslu fyrir Ísland á alþjóðavettvangi. Alþjóðasamfélagið vinnur að ýmsum lausnum sem krefjast virkrar þátttöku Íslands svo tryggja megi að nýjar lausnir og viðbrögð í loftslags-, auðlinda- og umhverfismálum falli að hagsmunum Íslands. Auk hagsmunagæslunnar eru einnig ný og stórkostleg tækifæri fólgin í því að taka virkan þátt í þátt þróa og byggja upp hið nýja græna hagkerfi svo tryggja megi komandi kynslóðum sjálfbæra framtíð.

Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags- og auðlindamál gætti víða í áherslum í formenskum Íslands á síðasta ári. Í formennsku Ísland í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2019 var áhersla lögð á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og hafið. Að frumkvæði Íslands var ný framtíðarsýn samþykkt fyrir Norrænu ráðherranefndina sem gerir ráð fyrir að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030, með áherslu á að nýta styrkleika landanna í þágu aðgerða í loftslagsmálum. Á vettvangi NB8 samstarfsins var einnig lögð áhersla á málefni hafsins sem sett voru á dagskrá að frumkvæði Íslands.

Í formennskuáætlun Íslands í Norðurskautsráðinu eru loftslags-, auðlinda- og umhverfismál megin stefndir yfirkristinnu, „Saman til sjálfbærni á norðurlöndum“. Lögð er áhersla á skipti yfir í endurnýjanlega orkugjafa svo takast megi að draga úr loftslagsbreytingum og tækifæri til sjálfbærs vaxtar sem felast í bættri nýtingu á sjávarfangi. Einnig er lögð áhersla á mótun aðgerða til að stemma stigu við úrgangi í norðurhöfum með sérstakri áherslu á plastmengun.

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru einnig leiðarstef í stefnu Íslands í þróunarsamvinnu þar sem annað tveggja meginmarkmiða er verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda. Áherslur eru á aukna nýtingu jarðhita, verndun og sjálfbæra nýtingu hafs og vatna, endurheimt vistkerfa, sjálfbæra landnýtingu og aukna mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Fjórtaða aðildarríkjaping Eyðimerkursáttmálans var haldið á síðasta ári með þátttöku frá utanríkisráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Góð samvinna er á milli ráðuneytanna um verkefni sáttmálans, en að þessu sinni sótti umhverfis- og auðlindaráðherra þingið. Mikið og gott samstarf er við skrifstofu Eyðimerkursáttmálans í New York en þar er fastanefnd Íslands leiðandi í málaflokknum í samvinnu við fastanefnd Namibíu.

Átjándi aðildarríkjaping samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (e. Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Flora and Fauna, CITES) fór fram í Genf í Sviss í ágúst 2019. Ísland tók að venju virkan þátt í þinginu og vann utanríkisráðuneytið að undirbúningi þess í nánú samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Á vettvangi samningsins hefur Ísland almennt lagst gegn tillögum um listun tegunda nytjastofna sjávar, á þeim forsendum að fiskveiðistjórnun sé ekki á valdsviði CITES-samningsins heldur sé það á ábyrgð einstakra ríkja og fiskveiðistofnana að koma á betri stjórnun og tryggja sjálfbæra nýtingu. Þessi sjónarmið voru undirstrikuð í málflutningi Íslands á aðildarríkjapinginu í Genf.

7.2. Loftslagsmál.

Þegar Parísarsamningurinn var samþykktur árið 2016 sendi Ísland eins og önnur aðildarríki samningsins inn markmið – landsákvarðað framlag – um samdrátt í losun til ársins 2030. Því var lýst yfir að Ísland tæki þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% samdrátt í losun til ársins 2030, með fyrirvara um að samkomulag næðist við ESB um þátttöku í því. Noregur sendi inn sambærilegt markmið.

Samkomulag við Evrópusambandið um þetta fyrirkomulag tókst seint á síðasta ári og var þingsályktunartillaga um staðfestingu þessa samkomulags samþykkt á Alþingi snemma á þessu ári.

Samstarf utanríkisráðuneytisins við forsætisráðuneytið á vettvangi loftslagsmála hefur verið aukið að undanfögnu. Utanríkisráðuneytið tók meðal annars virkan þátt í undirbúningi funda forsætisráðherra með norrænum forsætisráðherrum á formennskutíma Íslands í norrænu ráðherranefndinni, til dæmis undirbúningi funda forsætisráðherranna með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og gerð sameiginlegrar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda og forstjórum stórra norræna fyrirtækja um samstarf í loftslagsmálum. Þá tók utanríkisráðuneytið virkan þátt í undirbúningi forsætisráðherra vegna þátttöku í leiðtogafundi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í New York í september. Þar voru lagðar fram áherslur Íslands um náttúrulegar lausnir í loftslagsmálum með áherslu á landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis, bindingu kolefnis í steindum neðanjarðar, auk vistvænnar orku með áherslu á jarðhita.

Í tengslum við leiðtogafundinn í New York gaf forsætisráðherra yfirlýsingu um tvöföldun á framlagi sínu til Græna loftslagssjóðsins (e. Green Climate Fund) Sjóðurinn fjármagnar verkefni í lág- og meðaltekjuríkjum sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og gera löndum kleift að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga.

Sjóðurinn vinnur með opinbera geiranum og einkageiranum að fjármögnun loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndum. Sjóðurinn er stærsti loftslagssjóðurinn um þessar mundir og gegnir lykilhlutverki við að uppfylla skuldbindingar Parísarsamningsins um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Ísland hefur greitt um 25 m.kr. árlega í sjóðinn frá 2014 en mun greiða um 50 m.kr. árlega á tímabilinu 2021-2025.

25. aðildaríkjafundur loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna var haldinn í Madrid á Spáni undir lok árs 2019, undir forystu Chile. Umhverfis- og auðlindaráðherra fór fyrir sendinefnd Íslands. Til stóð að halda fundinn í Chile, en vegna óaldar í landinu, var fundinum aflýst þar og Spánverjar buðust til að halda fundinn. Chile lagði mikla áherslu á að nauðsynlegt væri að ná góðri niðurstöðu og auka metnað. Eftir langa og stranga samningafundi náðist ekki niðurstaða um nokkur veigamikil atriði á dagskrá þótt fundurinn væri sá lengsti sem haldinn hefur verið undir merkjum Loftslagssamningsins.

Ekki tókst að ganga þar frá mikilvægum málum á borð við reglur um viðskipti með losunarheimildir á milli landa þótt eitthvað þokaðist í samkomulagsátt. Ágreiningur varð um framhald vinnu að reglum um bókhalð og skýrslugerð um loftslagsheimildir og verður það mál tekið upp á vorkundi. Ekki náðist heldur samstaða um dagskrárliði um langtíma fjármögnun loftslagsaðgerða og fleiri þætti. Þessi mál verða því öll á dagskrá næsta aðildaríkjafundar sem halda átti í Glasgow í haust en hefur verið frestað til næsta árs vegna COVID-19 faraldursins.

Erfitt reyndist einnig að ná samstöðu um orðalag í ákvörðun fundarins um aukinn metnað í loftslagsmálum og vísan í niðurstöður vísindarannsókna varðandi loftslagsbreytingar. Mörgum ríkjum þykir ekki nægilega fast að orði kveðið í niðurstöðum fundarins hvað þessi atriði varðar. Ekki náðist heldur samstaða um hvernig standa ætti að undirbúningi fyrir fyrstu endurskoðun á landsbundnum markmiðum ríkja varðandi losun gróðurhúsalofttegunda, sem ætlunin var að lögð yrðu fram á þessu ári í aðdraganda fundar loftslagssamningsins sem ráðgerður var í Glasgow nú í haust en hefur nú verið frestað. Chile lagði mikla áherslu á málefni hafsins í sinni formennsku og því var mjög ánægjulegt að í fyrsta sinn var í lokaákvörðun aðildaríkjafundarins vísað í mikilvægi þess að tengja málefni hafsins við loftslagsmálin. Tvær nýjar skýrslur vísindanefndar loftslagssamningsins, IPCC um áhrif loftslagsbreytinga, annars vegar á hafnið og jökla og hins vegar á land og landgæði, sem komu út á síðasta ári, fengu nokkra umfjöllun. Í ljós þessara skýrslna verða haldnir sérstakir viðburðir á vorkundi loftslagssamningsins í Bonn sem halda átti í júní en hefur verið frestað til hausts. Annar atburðurinn verður um áhrif loftslagsbreytinga á málefni hafsins en hinn atburðurinn um áhrif loftslagsbreytinga á land og mótvægisáðgerðir í baráttunni við landeyðingu.

Norrænn skáli var á ráðstefnunni og fóru þar fram fjölmargir viðburðir, sem flestir tengjast starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlanda í loftslagsmálum og voru flestir viðburðir mjög vel sóttir. Sérstakur hliðarviðburður um súrnun hafsins á norðurslóðum var haldinn á vegum Norðurskautsráðsins undir formennsku Íslands og vakti hann verðskuldaða athygli og var vel sóttur. Þá stóðu Veðurstofa Íslands og Alþjóða veðurfræðistofnunin fyrir vel sóttum hliðarviðburði um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum á bráðnun íss og jökla.

7.3. Málefni hafsins.

Af málefnum hafsins á síðasta ári bar hæst vinnuna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að nýjum alþjóðasamningi um vernd og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni á úthafinu. Sérstaklega er farið inn á þann þátt starfsins undir kafla 3.2 Samningaviðræður um BBNJ.

Á vettvangi FAO var sem fyrr áhersla lögð á baráttuna gegn ólöglegum og óskráðum fiskveiðum með sérstakri áherslu á að aðstoða þróunarstrandríki og smáeyríki við innleiðingu alþjóðasamnings hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar.

Fiskinefnd FAO (e. Committee on Fisheries, COFI), kemur saman til fundar á tveggja ára fresti á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Fundi nefndarinnar sækja ávallt, auk fulltrúa utanríkisráðuneytisins, fulltrúar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Á síðasta fundi nefndarinnar árið 2018 var Ísland kosið í framkvæmdaráð, sem starfar milli funda, og situr fastafulltrúi Íslands hjá FAO í Róm í ráðinu. Framkvæmdaráðið fundaði reglulega á síðasta ári og hefur mikilvægi ráðsins verið að aukast. Ráðinu var falið á síðasta fundi fiskinefndarinnar að vinna að frekari tillögum fundarins um að stofna sérstaka undirnefnd um fiskveiðistjórnun, sambærilega og undirnefnd um viðskipti með sjávarafurðir (e. Sub Committee on Fish Trade). Einnig hefur ráðið unnið að undirbúningi 25 ára afmælis síðareglna um ábyrgð í fiskimálum (e. Code of Conduct for Responsible Fisheries (CCRF), en haldið verður upp á það á sérstökum viðburði á fundi fiskinefndarinnar árið 2020. Fyrir þann fund hefur ráðið fengið það hlutverk að semja drög að yfirlýsingu afmælisfundarins um framtíðarvinnu FAO tengda CCRF. Sem liður í undirbúningi afmælisins hélt FAO árið 2019 alþjóðlega vísindaráðstefnu um sjálfbærar fiskveiðar. Þátttakendur frá Íslandi voru frá vísindasamfélaginu, einkageira og embættismenn.

7.4. Jarðvarmi – endurnýjanlegir orkugjafar.

Íslensk stjórnvöld leggja sem fyrr mikla áherslu á öflugt samstarf á alþjóðavettvangi á sviði endurnýjanlegra, umhverfisvænna orkugjafa, ekki síst nýtingu jarðvarma. Utanríkisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Íslenski orkuklasinn eiga samráð í sérstökum samráðshópi sem stofnað var til á grundvelli sérstakrar samstarfsyfirlýsingar um aukið samstarf þeirra á milli á sviði endurnýjanlegrar orku og í loftslagsmálum. Markmiðið með þessu samráði er að styrkja getu Íslands til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og heimsmarkmiðunum á vettvangi loftslags- og umhverfismála.

Íslensk stjórnvöld styðja áfram við bakið á átaki Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku fyrir alla (e. Sustainable Energy for All, SE4All) og eiga aðild að alþjóðastofnuninni um endurnýjanlega orku (e. International Renewable Energy Agency, IRENA). Einnig á utanríkisþjónustan öflugt samstarf við orkugeirann á Íslandi með það að markmiði að koma íslenskri þekkingu á endurnýjanlegri orku betur á framfæri í þróunarríkjunum. Utanríkisráðuneytið tók þátt í aðalfundi IRENA. Í tengslum við fundinn var sérstök kynning á skýrslunni „A New World: The Geopolitics of Energy Transformation“ sem kom út á síðasta ári. Ritstjórn var í höndum sérstakrar ritnefndar undir forystu Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseti Íslands. Ólafur kynnti skýrsluna ásamt Adnan Amin fyrrverandi framkvæmdastjóra IRENA og fleirum.

IRENA valdi sér nýjan aðalframkvæmdastjóra, Francesco La Camera, á ársfundinum 2019. Virðist ný framkvæmdastjórinn hafa tekið stjórn stofnunarinnar föstum tökum og virtist meðal annars sem jarðhiti hafi fengið meiri athygli en í stefndi. Verður að telja það góð tíðindi en meðal verkefna sem stofnunin rekur er Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (e. Global Geothermal Alliance, GGA) sem í eru 46 aðildarríki og 39 samstarfsaðilar, alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki. Á fundi GGA sem haldin var í tengslum við aðalfund IRENA kom fram að IRENA er að efla starf sitt á vettvangi jarðhitánýtingar sem hluta lausnar á orkuvanda heimsins, ekki síst í þróunarríkjum.

Halda átti heimsráðstefnu jarðhitageirans, World Geothermal Congress, hér á landi nú í vor. Þetta er alþjóðaráðstefna þar sem reiknað var með að um 3000 manns myndu sækja. Af því tilefni bauð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra meðal annars aðalframkvæmdastjóra IRENA að koma til Íslands til að vera einn af aðalræðumönnum. Ráðstefnunni hefur verið slegið á frest og óljóst er hvenær hún verður haldin.

7.5. Starfið fram undan.

Í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna verður áfram lögð áhersla á þátttöku á alþjóðavettvangi í auðlinda- og umhverfismálum. Mikilvægi hafsins er óumdeilt og Ísland hefur eftir bestu getu reynt að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á því sviði, sérstaklega í hafréttarmálum. Þar hefur oft verið við ofurefli að etja þegar kemur að stórum hagsmunum, svo sem um

þessar mundir í samningaviðræðum um nýjan alþjóðasamning um nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika utan lögsögu ríkja.

Í kjölfar samþykktar heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna árið 2015 var haldin hafráðstefna Sameinuðu þjóðanna um heimsmarkmið 14 á árinu 2017, þar sem Fídjí og Svíþjóð voru gestgjafar. Framkvæmdastjóri samtakanna hafði boðað til annarrar slíkrar hafráðstefnu dagana 2.– 6. júní 2020 í Lissabon og þema hennar var: „Aðgerðir til stuðnings heimsmarkmiði 14 með nýsköpun sem byggist á vísindum.“ Vegna COVID-19 faraldursins var ráðstefnunni frestað og óljóst er hvenær hún fer fram.

8. ÞJÓÐRÉTTARMÁL.

8.1. Samningar Íslands við erlend ríki.

Frá því í apríl 2019 hefur Ísland fullgilt, staðfest eða gerst aðili að allmörgum þjóðréttarsamningum. Þar á meðal má nefna:

- Valfrjálsa bókun við samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu
- Samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, ásamt áorðnum breytingum frá árunum 2014, 2016 og 2018, um vinnuskilyrði farmanna
- Heildarsamning um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvador
- Evrópusamning um landslag
- Fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Tyrklands
- Samning um samstarf í samkeppnismálum milli ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
- Samning um landbúnaðarafurðir milli Íslands og Ísraelsríkis
- Fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja
- Samning um að koma í veg fyrir stjórnlausar úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins
- Samning milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um atvinnuréttindi aðstandenda sendiráðsstarfsmanna
- Marghliða samning um breytingar á tvísköttunarsamningum til þess að koma í veg fyrir rýrnun skattstofna og tilfærslu hagnaðar
- Samning milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, um samstarf og gagnkvæma stjórnsýsluástoð í tollamálum
- Bókun milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um framkvæmd samnings milli ríkjanna um endurvildtöku frá 23. september 2008
- Ákvörðun nr. 1/2016 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Egyptalands
- Ákvörðun nr. 1/2018 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Serbíu, og ákvörðun nr. 2/2018 um uppfærslu á viðauka IV, við sama samning, um tollmeðferð og viðskiptaliprun
- Ákvarðanir nr. 5 og 6/2017 um tæknilegar breytingar á tollalýsingu vara sem falla undir töflu í viðauka II um unnar landbúnaðarvörur og töflu 1 í viðauka III um sjávarafurðir við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna Evrópu og Hong Kong
- Bókun um breytingu á samningnum milli Norðurlandanna frá 23. september 1996 til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir
- Samkomulag um breytingu á Norðurlandasamningi um aðgang að æðri menntun sem gerður var milli ríkjanna hinn 3. september 1996
- Samning um breytingar á Norðurlandasamningi frá 14. júní 1993, með áorðnum breytingum, um sameiginlegan norrænan vinnuþátt fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna
- Heildarsamning um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Lýðveldisins Indónesíu
- Viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Lýðveldisins Norður-Makedóníu
- Samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020
- Samning um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga
- Samning um að draga úr ríkisfangsleysi
- Samning um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði

- Bókun við samninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði, um málefni sem varða aðeins loftför
- Ákvörðun nr. 1/2018 um breytingu á viðauka A um unnar landbúnaðarvörur við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Ísrael
- Ákvörðun nr. 2/2018 um breytingu á viðauka I við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Ísrael
- Ákvörðun nr. 1/2017 um breytingar á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Tyrklands
- Samning um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu
- Samning um vöruskipti milli Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Íslands og Konungsríkisins Noregs

Síðastnefndur vöruskiptasamningur var gerður í tengslum við möguleika útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu án sérstaks útgöngusamnings. Á slíkt reyndi ekki og vöruskiptasamningurinn öðlast því ekki gildi.

Þá skal þess getið að utanríkisráðuneytið vinnur, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgildingu, staðfestingu og aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir, sem stefnt er að því að öðlist gildi á árinu.

Sérstök áhersla hefur á undanförunum mánuðum verið lögð á tímanlega birtingu þjóðréttarsamninga sem fullgildir hafa verið á síðasta ári. Einnig er að hefjast sérstakt átaksverkefni með stuðningi af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar, um birtingu þjóðréttarsamninga sem fullgildir hafa verið, en hafa beðið birtingar, frá síðasta áratug. Verulega dró úr birtingum vegna niðurskurðar eftir efnahagshrun þar sem forgangsraða þurfti verkefnum. Aðgerðaráætlun til að birta uppsafnaða samninga er hafin, en vegna heimsfaraldurs kemst hún til framkvæmda síðar á þessu ári. Tímanleg birting verður til þess að treysta og tryggja upplýsingaflæði, auka réttaröryggi og stuðla að auknu gagnsæi.

8.2. Hafréttarmál.

Hafréttarmál hafa áfram verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Samningaviðræður um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (e. Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ), sem hófust 2018, héldu áfram með vaxandi þunga á árinu 2019.

Nýi samningurinn mun varða gríðarlega hagsmuni á sviði sem skiptir miklu máli fyrir hafríkið Ísland því samningssvæði hans verður allt úthafið utan lögsögu ríkja, en það svæði nær yfir um helming yfirborðs jarðar. Viðfangsefni hans er fjölbætt og nær til hafréttar, umhverfismála, verndarsvæða í hafi, nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni, líftækni og erfðaefna í lífrænum auðlindum, einkaleyfaréttar, svo dæmi séu tekin.

Í samningaviðræðunum er af hálfu Íslands talið mikilvægt markmið að samningurinn bæti árangur á þeim sviðum sem hann fjallar um, en styðji einnig við og viðhaldi þeim árangri sem náðst hefur hingað til.

Í samningaviðræðunum hefur Ísland meðal annars lagt áherslu á að í samningnum verði hugað að verndun og sjálfbærri nýtingu til jafns og enn fremur að nýtt stofnanafyrirkomulag BBNJ-samningsins hafi léttu yfirbyggingu og skilvirkt og hagkvæmt stjórnkerfi. Ísland stendur einnig vörð um réttindi strandríkja yfir efnahagslögsögu og landgrunni sínu samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Þá undirstrikar Ísland mikilvægi nálægðarreglunnar sem meginreglu við framkvæmd verndunar og nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni utan lögsögu ríkja og að viðhaldið verði svæðisbundnu fyrirkomulagi þar sem það er fyrir hendi um verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Síðasta samningalotan, sem hefur verið skipulögð, átti að fara fram í mars og apríl á þessu ári, en vegna COVID-19 faraldursins var henni frestað. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýja tímasetningu, en mikill þrýstingur er af hálfu nokkurra ríkja og ríkjahópa á að klára samninginn sem fyrst. Vegna flækjustigs samningsins og í ljósi þess hve mörg grundvallarálitamál eru enn óleyst má búast við að samningaviðræður standi áfram um nokkra hríð.

Fulltrúar Íslands tóku á árinu jafnframt virkan þátt í árlegum samningaviðræðum hjá Sameinuðu þjóðunum um fiskveiðiályktun og hafréttarályktun Sameinuðu þjóðanna, þar sem fjallað er um ýmiss konar mál sem tengjast hafrétti og málefnum hafsins.

8.3. Landgrunnsból.

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki

eiga að senda landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsörkin.

Þær náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olú, gas og málma, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðæfni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná ekki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.

Í mars 2016 afgreiddi landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna tillögur vegna hluta-greinargerðar íslenskra stjórnvalda um ytri mörk íslenska landgrunnsins utan 200 sjómílna sem skilað var til nefndarinnar í apríl 2009. Greinargerðin náði annars vegar til Ægisdjúps í suðurhluta Síldarsmugunnar og hins vegar til vestur- og suðurhluta Reykjanes hryggjar. Greinargerðin tók hvorki til hins umdeilda Hatton Rockall-svæðis, sem er hluti af íslenska landgrunninu, og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til, né austurhluta Reykjanes hryggjar sem skarast við það svæði. Greinargerðum um þessi svæði verður skilað síðar.

Tillögur landgrunnsnefndarinnar varðandi Ægisdjúp voru í samræmi við upprunalega greinargerð Íslands þar um. Þær gera íslenskum stjórnvöldum kleift að ákveða á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins á því svæði gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan. Utanríkisráðherrar Íslands, Danmerkur, Færeyja og Noregs undirrituðu í lok október 2019 tvíhliða samninga um skiptingu landgrunns suðurhluta Síldarsmugunnar í samræmi við tillögur landgrunnsnefndarinnar til ríkjanna.

Á Reykjanes hrygg féllst landgrunnsnefndin á þá punkta sem marka hinn svokallaða hlíðarfót sem grundvallar ytri mörk landgrunnsins innan 350 sjómílna frá grunnlínum, en ekki þá punkta sem liggja þar fyrir utan. Taldi nefndin að fyrirbyggjandi gögn væru ekki nægilega afgerandi fyrir svæðið utan 350 sjómílna til stuðnings kröfum Íslands um að Reykjanes hryggurinn teljist náttúrulegur hluti landgrunnsins.

Undanfarin ár hefur starfshópur undir stjórn utanríkisráðuneytis unnið að endurskoðaðri greinargerð fyrir Reykjanes hrygg. Sú vinna grundvallast á sameiginlegum jarðfræðilegum skilningi sem skapaðist um afmörkun þess svæðis Reykjanes hryggjar, sem er undir sterkum áhrifum frá heita reitnum undir Íslandi. Unnið hefur verið að því að styrkja jarðfræðilegar röksemdir Íslands, ásamt því að afmarka landgrunnið á suðausturhluta Reykjanes hryggjar til að gefa heildstæðari mynd af svæðinu.

8.4. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.

Í brennidepli hjá Alþjóðlega sakamáladómstólnum á síðasta ári var óháð úttekt á starfsemi dómstólsins, sem verður lokið seinni hluta þessa árs. Jafnframt er í undirbúningi val á nýjum saksóknara og kosning sex dómara í lok þessa árs.

Tekið var það framfaraskref í desember síðastliðnum að breyta Rómarsamningnum til að bæta hungurdaða við lista yfir stríðsglæpi þegar þeir eru framdir í stríðsátökum, sem ekki eru alþjóðleg. Einnig vakti athygli ákvörðun dómstólsins í nóvember á síðasta ári að hefja rannsókn á meintum glæpum gegn Róhingjum.

Það er fagnaðarefni að Kiribati gerðist aðili að dómstólnum í nóvember. Fjöldi aðildarríkja stóð þó í stað á liðnu ári þar sem Filippseyjar sögðu sig formlega frá dómstólnum í mars 2019, eftir að dómstóllinn hóf rannsókn árið 2018 á stríði forseta landsins gegn fíkniefnum.

8.5. Mannúðarréttur.

Á síðasta ári var unnið að undirbúningi sameiginlegra heita stjórnvalda og Rauða kross Íslands, til framlagningar á Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans í desember 2019, en hún er haldin á fjögurra ára fresti. Gerð voru fimm sameiginleg heit og var eitt þeirra sameiginlegt með norrænu ríkjunum og landsfélögum Rauða krossins á Norðurlöndum. Sérstök áhersla var lögð á baráttu gegn mansali, kynferðislegu ofbeldi í vopnuðum átökum, vernd umhverfis og eflingu sameiginlegrar viðbragðsgetu á norðurlöndum. Framkvæmd heitanna, sem gilda fyrir tímabilið 2020-2023 er þegar hafin í samstarfi stjórnvalda og RKÍ, meðal annars á vettvangi landsnefndarinnar.

Utánríkisráðuneytið fer með formennsku í nefndinni sem stofnuð var í samræmi við heit á alþjóðaráðstefnunni árið 2007. Hlutverk nefndarinnar, sem skipuð er fulltrúum dómismálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, auk fulltrúa utanríkisráðuneytis og RKÍ, er að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarrétti, vera vettvangur umræðna um alþjóðlegan mannúðarrétt og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd mannúðarréttar. Nefndin heldur fundi að jafnaði 4-5 sinnum á ári og fjallar hverju sinni um ýmis málefni á sviði mannúðarréttar.

8.6. Útflutningseftirlit.

Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli ýmissa alþjóðaskuldbindinga og leyfisveitingar heyra undir utanríkisráðuneyti í þeim tilvikum. Alþjóðaskuldbindingarnar grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að svokölluðum eftirlitskerfum. Ísland tekur þátt í þremur eftirlitskerfum: Ástralíuhópnum um efna- og lífefnavopn, Eftirlitskerfinu með flugskeytataekni (MTCR) og Kjarnbirgjahópnum (e. Nuclear suppliers Group, NSG). Þá hefur Ísland sótt um þátttöku í Wassenaarfyrirkomulaginu frá 1995 sem fjallar um hefðbundin vopn og hluti með tvíþætt notagildi. Í flestum tilvikum er getið um leyfisskyldan útflutning á listum sem birtir eru á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra veitir þrenns konar útflutningsleyfi, einstök leyfi, almenn leyfi og heildarleyfi, en útflutningseftirlit varðar bæði vörur og þjónustu sem geta haft hernaðarlegt eða tvíþætt notagildi.

8.7. Þvingunaraðgerðir.

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 29 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka og vegna geryðingarvopna. Árið 2019 voru teknar upp þvingunaraðgerðir vegna efnavopna. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Þvingunaraðgerðir hafa verið í gildi gagnvart Úkraínu frá mars 2014 vegna ólöglegra aðgerða Rússlands á Krím-skaga og í austurhluta Úkraínu. Þessum aðgerðum er beitt af flestum ríkjum sem teljast til hóps Vesturlanda, meðal annars af Bandaríkjunum, Kanada og ríkjum Evrópusambandsins.

8.8. Iceland-málið á vettvangi EUIPO.

Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) komst að þeirri niðurstöðu í apríl 2019 að vörumerkjaskráning bresku verslunarkeðjunnar Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu Iceland í Evrópu-sambandinu sé ógild í heild sinni. Fyrirtækið hefur nú áfrýjað dómnum til kærunefndar Hugverkastofu Evrópusambandsins. Greinargerð fyrir íslensk stjórnvöld, Íslandsstofu og Samtök atvinnulífsins, var skilað seinni hluta október og ætti niðurstaða kærunefndarinnar að liggja fyrir á þessu ári.

Forsaga málsins er að íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins ákváðu á sínum tíma að grípa til til lagalegra aðgerða gegn Iceland Foods Ltd., sem fékk árið 2014 orðmerkið Iceland skráð hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins. Krafa Íslands var að þessi skráning Iceland Foods yrði ógild, enda væri um þekkt landfræðilegt heiti að ræða og einnig að merkið Iceland væri almennt, sérkennalaust og hefði aldrei átt að fást skráð. Hugverkastofan féllst því á kröfur Íslands í málinu og ákvað að skráning Iceland Foods Ltd. á orðmerkinu ICELAND skuli vera ógild í heild sinni. Niðurstaðan er fordæmisgefandi á þessu réttarsviði ef hún stendur óhögguð. Iceland Foods Ltd. á eftir sem áður orð- og myndmerki sitt, svokallað „lógó“, skráð í Evrópu og víðar og getur haldið áfram að stunda viðskipti undir nafninu.

Stjórnvöld héldu einnig áfram að vinna að málinu á almennum grunni um vernd landaheita á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO. Fulltrúar stjórnvalda sóttu tvo fundi á árinu 2018 þar sem Ísland var meðflytjandi að tillögum um vernd landaheita í DNS-kerfinu og sem vörumerki. Tillögurnar náðu ekki fram að ganga í það sinn. Áfram verður unnið að málinu á vettvangi WIPO.

8.9. Starfið fram undan.

Fram undan eru mikilvægir áfangar á sviði hafréttar, meðal annars samningalotur vegna nýs samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ). Áfram verður megináhersla lögð á rétt strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að fiskveiðistjórnun sé ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn. Ábyrg fiskveiðistjórn Íslands og afrakstur hennar skapar Íslandi sterka stöðu til virkrar þátttöku í slíkum samningaviðræðum á alþjóðavettvangi.

Ísland leggur sitt lóð á vogarskálarnar með eflingu mannréttinda, virðingar á mannúðarlögum og innleiðingu og stuðningi við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Fjölbreyttri hagsmunagæslu verður áfram sinnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana og barist fyrir friði, öryggi og virðingu fyrir þjóðarétti í samskiptum ríkja. Með sameiginlegum heitum sem gerð voru á Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins verður sérstök áhersla lögð á viðbúnað og viðnámsþrek á norðlægum slóðum, vernd umhverfis í vopnuðum átökum, svo og áframhaldandi barátta gegn kynbundnu ofbeldi og mansali.

Sérstakt átak verður gert til að birta tímanlega þjóðréttarsamninga sem gerðir eru af hálfu Íslands, jafnframt því að vinna að birtingu þjóðréttarsamninga sem óbirtir eru frá síðustu árum, og bæta þannig

gagnsæi, upplýsingamiðlun og tryggja sem best að almenningur hafi aðgang að þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er aðili að.

9. MÁLEFNI PRÓTOKOLLSSKRIFSTOFU.

9.1. Hlutverk.








Prótokollsskrifstofan vinnur að utanríkishagsmunum Íslands heima og erlendis með því að hafa yfirumsjón með opinberum heimsóknnum á Íslandi og erlendis, alþjóðlegum viðburðum og ráðstefnum, diplómötum og ræðismönnum gagnvart Íslandi og kjörræðismönnum Íslands erlendis

Prótokollsstjóri er yfirmaður prótokollsskrifstofunnar sem hefur umsjón með opinberum heimsóknnum og vinnuheimsóknnum erlendra ríkja og alþjóðastofnana. Hann ber ábyrgð á framkvæmd reglna sem lúta að erlendum diplómötum og öðrum úrlendisréttarhöfum, sem eru auk sendiráðsstarfsmanna, fulltrúar alþjóðastofnana og hermálayfirvalda.

9.2. Erlend sendiráð og fyrirsvar gagnvart Íslandi.

Ísland er með stjórn málasamband við nær öll ríki heims sem eru nálægt 200 talsins. Þar af halda 137 lönd úti sendiskrifstofum gagnvart Íslandi, 18 á Íslandi, 119 erlendis, flest í Osló. Fjögur lönd eru með sendiráð gagnvart Íslandi í eigin höfuðborgum. Þetta er hagkvæmt fyrirkomulag sem Ísland hefur einnig fært sér í nyt í auknum mæli á undanförunum árum.

Sendiskrifstofur erlendra ríkja í Reykjavík

Sendiráð	Fyrirsvar
 Bandaríkin	 Evrópusambandið
 Kanada	 Atlantshafsbandalagið
 Bretland	 Grænland
 Frakkland	 Færeyjar
 Þýskaland	
 Spánn	
 Danmörk	
 Finnland	
 Noregur	
 Svíþjóð	
 Rússland	
 Pólland	
 Indland	
 Japan	
 Kína	

Alls eru **88** útsendir erlendir diplómatar sem starfa í **19** sendiskrifstofum í Reykjavík. Auk þess eru **100** íslenskir ríkisborgarar staðarráðnir.

Fjöldi erlendra sendiráða gagnvart Íslandi staðsett erlendis

	Evrópa	Norður-Ameríka	Mið- og Suður-Ameríka	Asía og Eyjaálfa	Afríka	Samtals
Sendiráð, þar af í:	38	1	17	32	31	119
Osló	17	0	5	10	5	37
Stokkhólmi	6	0	4	8	8	26
London	3	0	5	8	5	21
Kaupmannahöfn	7	1	0	4	6	18
Berlín	0	0	0	2	3	5
Brussel	0	0	2	0	1	3
Dublin	0	0	0	0	3	3
Helsinki	1	0	0	0	0	1
Washington	0	0	1	0	0	1
Eigin höfuðborg	4	0	0	0	0	4

9.3. Spánn opnar sendiráð.

Spánn opnaði sendiskrifstofu á Íslandi á árinu 2019. Þar með eru sendiskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi orðnar nítján talsins. Samskipti landanna eru rótgróin. Hátt í þúsund Spánverjar búa á Íslandi, en samkvæmt Þjóðskrá er Spánn í 8. sæti yfir lönd þar sem flestir Íslendingar búa erlendis (2018). Fyrst um sinn gegnir spænskur sendifulltrúi forstöðu sendiráðsins á Íslandi, en sendiherrann situr áfram í Osló.

9.4. Diplómatahópurinn.

Diplómatahópurinn (f. corps diplomatique) gagnvart Íslandi telur samtals 616 manns, þar af búa um 90 hérlendis. Hópur úrlendisréttarhafa er allt að tvöfalt stærri, þ.e. þeirra sem njóta sérstakra réttinda og fríðinda samkvæmt alþjóðasamningum, því við bætast makar, aðrir fjölskyldumeðlimir og einkastarfsmenn. Listi yfir fulltrúa erlendra ríkja og stofnana á Íslandi er birtur í ritinu Diplomatic and Consular List sem er uppfært reglulega á vef ráðuneytisins.

9.5. Alþjóðastofnanir.

Auk sendiráðsmanna búa á Íslandi einn fulltrúi alþjóðastofnunar (Norður-Atlantshafsbandalagsins) og einn fulltrúi bandarískra hermálayfirvalda í tengslum við varnarsamninginn.

Meðal þeirra verkefna sem prótókollsskrifstofan kemur að varðandi úrlendisréttarhafa eru dvalarleyfi, persónuskilríki, kennitölur og atvinnuleyfi fjölskyldna þeirra, sem er gert í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir hérlendis.

Fleiri alþjóðastofnanir eru með starfsemi eða fulltrúa á Íslandi þótt viðkomandi njóti ekki stöðu diplómata. Listi yfir alþjóðastofnanir og -samstarf á Íslandi er á vef ráðuneytisins.

9.6. Ræðismannahópurinn á Íslandi.

Á Íslandi eru 53 ríki með kjörræðisskrifstofur. Kjörræðismenn erlendra ríkja eru oftast íslenskir ríkisborgarar sem gæta hagsmuna þeirra hérlendis með svipuðum hætti og sendiráðin.

9.7. Afhendingar, heimsóknir og fundir.

Prótókollsskrifstofan hefur umsjón með opinberum heimsóknum ríkisoddvita, forsætisráðherra og utanríkisráðherra í nánú samstarfi við skrifstofu forseta Íslands og forsætisráðuneytið. Hún kemur einnig að heimsóknum annarra ráðherra eftir þörfum. Hið sama á við um opinberar heimsóknir erlendis.

Árið 2019 var mjög gestkvæmt á Íslandi, meðal annars vegna formennsku Íslands í Norðurlandasamstarfi og í Norðurskautsráðinu. Meðal þeirra sem sóttu landið heim voru forsetar Þýskalands og Indlands, kanslari Þýskalands, varaforseti og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, forsætisráðherrar Norðurlandanna og aðalframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, ásamt fjölmörgum utanríkisráðherrum.

Sendiherrar 23 ríkja afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2019, þar af eru þrír með aðsetur á Íslandi, sendiherrar Bandaríkjanna, Þýskalands og Noregs.

9.8. Ræðismenn Íslands erlendis.

Ísland er með 220 ræðisskrifstofur erlendis, fjórar þeirra eru skipaðar launuðum starfsmönnum en 216 eru skipaðar kjörræðismönnum.

Prótókollsskrifstofan hefur yfirumsjón með samskiptum við kjörræðismenn Íslands af hálfu ráðuneytisins, en mál sem tengjast aðstoð við Íslendinga erlendis fara um borgaraþjónustu ráðuneytisins og viðskipta- og menningarmál fara um viðskiptaskrifstofuna.

Kjörræðismenn gegna afar mikilvægu hlutverki í utanríkisþjónustu Íslands, ekki síst í þeim löndum þar sem engin sendiráð eru. Þeir vinna óeigingjarnt starf við að kynna Ísland og greiða götu íslenskra útflutningsfyrirtækja en um leið veita þeir Íslendingum sem lenda í vanda erlendis ómetanlega aðstoð á sviði borgaraþjónustu, þ.m.t. vegna andláts, fangelsunar eða slysfara. Fyrir alla þessa vinnu þiggja þeir engin laun.

Nánar er fjallað um kjörræðismenn og viðskiptamál í kaflanum um viðskiptamál á öðrum stað í þessari skýrslu.

Utanríkisráðuneytið leggur mikla áherslu á að treysta og efla sambandið við kjörræðismenn Íslands erlendis og upplýsa þá um hagsmuni Íslands, stjórnsmál, efnahagsmál og annað. Í því skyni stendur ráðuneytið reglulega að sérstökum ræðismannaráðstefnum sem haldanr eru á Íslandi á fimm ára fresti. Áttunda ráðstefnan af þessum toga var haldin í Reykjavík í september 2019. Markaðs- og kynningarstarf, menningarmál, jafnréttismál og borgaraþjónusta voru á meðal þess sem hæst bar á ráðstefnunni.

10. DEILD HEIMASENDIHERRA.

10.1. Almenn.

Heimasendiherrar hafa búsetu á Íslandi en gegna sendiherrastörfum gagnvart sumum þeirra fjölmörgu ríkja þar sem ekki eru íslensk sendiráð, meðal annars á fjarlægum slóðum. Heimasendiherrarnir vinna saman sem þétt liðsheild og þverlægt innan utanríkisráðuneytisins og stjórnarráðsins og með Íslandsstofu og

atvinnulífínu. Á erlendri grund vinna þeir í samvinnu við norræna sendiherra í viðkomandi ríkjum og ræðismenn Íslands, skipa nýja ræðismenn í ríkjunum og stofna nýjar ræðisskrifstofur. Sex heimasendiherrar sinna 32 umdæmisríkjum ásamt því að sinna mikilvægum þverlægum málaflokkum eins og afvopnunarmálum – til dæmis fyrrsvari gagnvart Efnavopnastofnuninni –, jafnréttismálum, nýsköpun og stafrænum útflutningi, jarðhitamálum – fyrrsvari gagnvart alþjóðlegri stofnun um orkumál, IRENA –, loftferðasamningum, sjávarútvegsmálum, uppbyggingarsjóði EES, fiskveiðisamningum, samningaviðræðum við Bretland, rekstri diplómataskóla utanríkisráðuneytisins og hverjum þeim verkefnum öðrum sem þeim eru falin af yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.

Norræna Nýsköpunarsetrið í Singapúr hefur nýst íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum afar vel á því ári sem það hefur starfað. Tvö íslensk nýsköpunarfyrirtæki starfa þar nú þegar og segja má að Nýsköpunarsetrið sé orðið að miðstöð íslenskra hagsmuna í Singapúr í samræmi við hugmyndir framúðarskýrslunnar um að efla viðskipti á þessu svæði í Asíu. Nú gefst nemendum frá Singapúr og Háskóla Íslands kostur á skiptinámi eftir að gerður var samningur milli Háskóla Íslands og National University of Singapúr sem kemur til framkvæmda á þessu ári.

Gerðir voru loftferðasamningar við Úkraínu, Marokkó og Mósambík og viljayfirlýsing (e. Memorandum of Cooperation) við Japan sem greiðir fyrir beinum flugsamgöngum við landið. Þá var undirritaður loftferðasamningur við Sádi Arabíu (sjá ítarlegri umfjöllun í kaflanum um loftferðasamninga).

Gert hefur verið sérstakt átak um nýtingu uppbyggingarsjóðs EES til íslenskra verkefna og um miðlun þekkingar og reynslu. Í kjölfar endurskipulagningar á samstarfi og þátttöku í Uppbyggingarsjóði EES gegna sendiráð Íslands stærra hlutverki gagnvart styrkþegaríkjunum. Stjórnarfundir uppbyggingarsjóðsins og ársfundir í styrkþegaríkjunum voru sóttir af ábyrgðaraðilum í deild heimasendiherra og frá sendiráðunum.

Jafnrétti er orðið ein af megináherslum í uppbyggingarsjóði EES og jafnréttisráðstefnan *Jafnrétti til útflutnings* var haldin um mánaðamótin október/nóvember með þátttöku allra viðtökuríkja uppbyggingarsjóðsins. Efnt var á árinu til samanburðarverkefnis við utanríkisráðuneyti Slóveníu sem kostað er af sjóðnum líkt og gildir um fjölmörg önnur verkefni þar sem Ísland hefur tekið frumkvæði. Efnt var til viðskiptaþings í samvinnu við Íslandsstofu og sendiráð Slóvakíu og stjórnmalasamráð skipulagt með utanríkisráðuneyti Slóvakíu í Bratislava.

Haldin var málstofa á heimsþingi Women Political Leaders í samvinnu við Jafnréttisskóla GRÓ, þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Skuldbindingar Íslands á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda voru ítrekaðar á alþjóðaráðstefnu um mannfjölda og þróun í Kenya.

Allsherjarþing IRENA í Abu Dhabi með áherslu á jarðvarma var sótt og einnig fundur Global Commission on the Geopolitics of Energy Transformation. Stuðlað var að tvísköttunarsamningi við Indónesíu. Strandríkjaviðræður voru haldnar um makríl, kolmunna og síld. Grunnur var lagður að eflingu pólitískra og viðskiptatengsla við ríki Suður Ameríku, sérstaklega Chile, Argentínu og Brasilíu. Margt var lagt af mörkum til umræðu um eflingu orðspors og ímyndar Íslands og mikilvægi aðkomu utanríkisþjónustunnar í þeim efnum, meðal annars með þátttöku í alþjóðlegri ráðstefnu í Lundúnum um orðsporsmál ríkja og borga.

Nýir ræðismenn voru skipaðir í borgunum Ljubljana í Slóveníu, Martin í Slóvakíu, Prag í Tékklandi, Auckland á Nýja-Sjálandi, Tbilisi í Georgíu, Lagos í Nígíeríu og Mahé á Seychelleseyjum.

Heimasendiherrar afhentu trúnaðarbréf í Slóveníu, Austurríki, Nýja-Sjálandi, Níkaragva, Slóvakíu, Tékklandi, Singapúr, Páfastól og Ísrael.

Tekið var á móti utanríkisráðherrum Nýja-Sjálands og Singapúr hérlendis.

11. BORGARAÞJÓNUSTA.

11.1. Almenn.

Borgaraþjónustan veitir Íslendingum vernd og aðstoð þegar í nauðir rekur erlendis eins og berlega hefur komið í ljós á undanförunum vikum, sjá kafla I. Hún er ein af grunnstöðum utanríkisþjónustunnar. Umfang verkefna hefur vaxið mjög samfara efnahagsþróun og hröðum tæknilegum breytingum, en nær 50 þúsund Íslendingar höfðu skráða búsetu erlendis 2019. Stefnumótun í málefnum borgaraþjónustu (2019-2024) var samþykkt í september 2019. Stefnan verður innleidd á næstu misserum. Hún kemur til með að stuðla að bættu öryggi borgaranna með aukinni samræmingu og verkaskiptingu milli þeirra ólíku aðila sem koma að borgaraþjónustumálum. Hún, auk viðbragðsáætlunar utanríkisþjónustunnar, er grunnur að skipulagi starfseminnar og viðbrögðum hennar vegna neyðartilvika.

Framtíðarsýn stefnunnar er að Íslendingar viti að þeir eigi traust bakland í borgaraþjónustunni þegar í harðbakkann slær. Notendur geti í sívaxandi mæli leyst úr eigin málum eftir stafrænum leiðum með leiðbeiningum á miðlum utanríkisþjónustunnar. Fjölgað verði stafrænum lausnum í borgaraþjónustu til að

tryggja öryggi gagna, bæta samvinnu, auka hagkvæmni og skilvirkni. Lausnamiðað starfsfólk njóti stuðnings og þjálfunar, nálgist menn og málefni af lipurð og fagmennsku svo notendur uni hvarvetna vel við úrlausn mála. Þar sem öryggi Íslendinga erlendis er ógnað bregðist borgarþjónustan hratt við, samstiga öflugu tengslaneti heima fyrir og á vettvangi.

Samstarf ráðuneytis, 26 sendiskrifstofa og yfir 220 ræðismanna um víða veröld er grundvöllur þess að veita þjónustu á svo víðfeðmu svæði sem raun ber vitni. Með stefnunni fylgja samræmdar leiðbeiningar fyrir almenning og þjónustuveitendur um afmörkun verkefna, leiðsögn til starfsmanna um og hvaða verkfæri og heimildir borgarþjónustan þarf hverju sinni til að tryggja að borgararnir fái sambærilega þjónustu hvert sem þeir leita.

Borgarþjónustuverkefni á sendiskrifstofum eru mörg hver áþekk þeim sem sýslumenn sinna og falla undir málefna svið annarra ráðuneyta, svo sem dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Þjóðskrár Íslands og lögreglunnar. Umfangsmest er afgreiðsla almennra vegabréfaumsókna, skjalavottanir, ýmsar leiðbeiningar til borgaranna, auk umsjónar með utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Til neyðartilvika teljast útgáfa neyðarvegabréfa, aðstoð vegna slysa, barnaverndarmála, sakamála, handtöku og afplánunar refsídóma og leiðbeiningar til aðstandenda vegna látinna, veikra eða vegalausra borgara.

Breytt mynd öryggismála í heiminum hefur aukið kröfur til viðbragðhlutverks borgarþjónustunnar. Fjölsóttustu ferðamannastaðir heims hafa orðið vettvangur hryðjuverka og náttúruhamfara á borð við flóð og fellibylji. Viðbúnaður borgarþjónustunnar tekur mið af þessu og viðbragðsáætlanir eru unnar í samráði við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra til samræmis við áætlanir annarra stjórnarsýslustofnana. Náð samstarf við utanríkisþjónustur Norðurlanda um samstillt viðbrögð á vettvangi þar sem norrænir borgarar eru í hættu við neyðarþjónustu hefur reynst ómetanlegt, auk aðildar Íslands að neyðarsjóði Evrópu-sambandsins.

Samstarfssamningar voru undirritaðir á liðnu ári við tvær deildir Ríkislögreglustjóra, Almannavarnir og Alþjóðadeild, auk samnings við Þjóðkirkjuna um sálrænan stuðning við Íslendinga í neyð erlendis.

Árið 2019 voru:



49.511

Íslendingar sem bjuggu erlendis



1.744

umsóknir um almenn vegabréf í sendiráðum Íslands




452

neyðarvegabréf gefin út hjá ræðismönnum og sendiráðum


Íslendingar búsettir erlendis

Í heild: **49.511**

Í löndum þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofur: **44.417**



Í löndum þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofur: **5.094**



* Byggt á tölum Þjóðskrár frá 31. mars 2020 og upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna um lánþega erlendis skólaárið 2019-2020.

11.2. Starfið fram undan.

Innleiðing stefnu um borgaraþjónustu er stærsta verkefni næstu missera til að bæta og samræma þjónustu við borgarana. Unnið verður eftir markmiðasettri aðgerðaáætlun sem er hluti af stefnunni.

Meðal aðgerða sem innleiddar verða samkvæmt stefnu:

- Endurbættur gagnagrunnur fyrir verkefni borgaraþjónustu tekinn upp í öllum sendiráðum
- Aukið framboð upplýsinga um borgaraþjónustu á vef utanríkisráðuneytisins
- Fjölgun stafrænna lausna, eins og stafrænnar útgáfu neyðarvegabréfa í samvinnu við vinnustofu um stafrænt Ísland, dómsmála-ráðuneytið og Þjóðskrá Íslands.
- Stafræn Apostille stimplun (e-postille)
- Skráningaragrunnur á vefnum fyrir neyðartilvik (eða smáforrit)
- Uppfærðar neyðaráætlanir í borgaraþjónustu með tilliti til reynslu af COVID-19.

Helstu aðgerðir 2019 til að bæta þjónustuna voru:

- Stefna mótuð í málefnum borgaraþjónustu til fimm ára frá 2019 til 2024
- Símsvörun vegna neyðarþjónustu utan skrifstofutíma samræmd milli sendiskrifstofa
- Samstarfssamningar við Alþjóðadeild og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra undirritaðir.

12. UPPLÝSINGA- OG GREININGAMÁL.

12.1. Almenn.

Upplýsingastefna ráðuneytisins miðar að því að auka gagnsæi og skilning á verkefnum bæði utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa. Henni er jafnframt ætlað að tryggja öllum, hvort sem er almenningi, fyrirtækjum, stofnunum, hagsmunasamtökum, kjörnum fulltrúum eða fjölmiðlum, jafnan aðgang að upplýsingum um utanríkismál og utanríkisstefnuna í samræmi við upplýsingalög, nr. 140/2012, trúnaðarflokkum upplýsingalaga og alþjóðasamninga. Meginstefin í stefnunni eru gagnsæi, aðgengi, virk samskipti og innri upplýsingagjöf. Áhersla er lögð á að utanríkisþjónustan nýti þá miðla sem best henta hverju sinni til að koma upplýsingum á framfæri, þ.m.t. samfélagsmiðla.

Utanríkisráðuneytið aðstoðar við umsjón fjölmiðladagskrár fyrir bæði innlenda og erlenda fjölmiðla í tengslum við heimsóknir erlendra þjóðarleiðtoga, ráðherra og fulltrúa alþjóðastofnana. Meðal þeirra sem heimsóttu Ísland árið 2019 voru varaforseti og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, forseti og kanslari Þýskalands, forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlandanna, utanríkisráðherrar Eystrasaltslandanna, forseti Indlands og framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins.

Formennskuárið mikla setti sömuleiðis svip sinn á störf upplýsingadeildar sem studdi við upplýsingamiðlun í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og norrænu samstarfi með ýmsum hætti, meðal annars með skipulagningu blaðamannafundar í tilefni af Borgarnesfundu norrænu utanríkisráðherranna. Þá vakti seta Íslands í mannréttindaráðinu heimsathygli og skýrsla um störf Íslands í ráðinu var gefin út skömmu eftir að henni lauk, í byrjun árs 2020.

Í tilefni af því að aldarfjórðungur var liðinn frá því að EES-samningurinn tók gildi stóð ráðuneytið fyrir umfangsmikilli kynningu á samningnum. Málstofur voru haldnar með samstarfsaðilum úr atvinnulífinu og háskólasamfélaginu, vegleg skýrsla kom út um reynslu Íslendinga af samningnum og samningurinn var kynntur fyrir á annað hundrað þúsund Íslendingum með afmælismyndböndum á samfélagsmiðlum.

Ímynd Íslands á alþjóðavettvangi er alla jafna jákvæð. Utanríkisráðuneytið vaktar umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og stefnumiðum stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Við upplýsingagjöf til útlanda á ráðuneytið í góðu samstarfi við upplýsingafulltrúa annarra ráðuneyta innan stjórnarráðsins, sendiskrifstofur Íslands erlendis og Íslandsstofu.

Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins sinnir nær öllum samskiptum ráðuneytisins við innlenda og erlenda fjölmiðla. Upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar er miðlað með fréttum á vefsíðu Stjórnarráðsins, tilkynningum á samfélagsmiðlum, fréttatilkynningum og fjölmiðlaviðtölum, auk greininga og skýrslna um starfsemina hverju sinni. Í hverri viku svarar upplýsingadeildin fjölda fyrirspurna frá fjölmiðlum, bæði bréfleiðis og símleiðis. Árið 2019 var vel á fjórða hundrað skriflegum fjölmiðlafyrirspurnum svarað um hvaðeina sem varðar verkefni utanríkisþjónustunnar og þau málefni sem voru í deigluinni hverju sinni auk fjölda fyrirspurna sem bárust símleiðis.

Einnig miðlar utanríkisþjónustan upplýsingum um sértæk málefni til fjölda innlendra og erlendra fyrirspyrjenda. Hátt í 600 almennar fyrirspurnir bárust ráðuneytinu með tölvupósti og í gegnum samfélagsmiðla og enn fleiri sendiráðum erlendis um málefni af ýmsum toga.

Þá ber utanríkisráðuneytinu rík skylda til að miðla upplýsingum til Alþingis í formi skýrslugjafar, svara fyrirspurnum þingmanna eða miðla upplýsingaefni til þingnefnda. Þá miðlar ráðuneytið upplýsingum til félagasamtaka, nemenda og annarra hópa sem biðja um kynningu á starfsemi utanríkisráðuneytisins. Samstarfssamningur ráðuneytisins við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands frá desember 2018, miðar að því að stuðla að

aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Þá lét ráðuneytið gera könnun á viðhorfi Íslendinga til alþjóðasamstarfs vorið 2019 og 2020. Reyndust Íslendingar mjög jákvæðir í garð alþjóðlegrar samvinnu, ekki síst til norræns samstarfs, mannúðarmála og Sameinuðu þjóðanna.


Ráðuneytið á auk þess frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína, sem geta átt erindi við almenning, í samræmi við reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda nr. 464/2018.

12.2. Upplýsingamiðlun og þróunarsamvinna.

Í október 2018 birtust í fyrsta sinn á Vísi, öðrum fjölsóttasta fréttavef landsins, fyrstu fréttirnar úr Heimsljósi, upplýsingaveitu ráðuneytisins um þróunar- og mannúðarmál. Ráðuneytið hafði nokkru áður gert samning við fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækið Sýn hf. um birtingu slíkra fréttar í þeim tilgangi upplýsa um árangur af íslensku þróunar- og mannúðarstarfi, samhliða því að fræða íslenskan almenning betur um málaflokkinn.


Með samstarfinu við Vísi hefur upplýsingagjöf í þessum málaflokkum náð til tugþúsunda fleiri Íslendinga en áður meðan fréttir og greinar voru bundnar við Heimsljós á Stjórnráðsvefnum. Í ljósi þess að ráðuneytið hefur ríka upplýsingaskyldu gagnvart skattborgurum um ráðstöfum fjár til þróunarsamvinnu og mannúðarmála er ljóst að samstarfið við Vísi er mikils virði.

Lesendur fréttar úr **Heimsljósi** á Visir.is árið 2019



Að jafnaði voru fréttir Heimsljóss í Vísi lesnar af 22 þúsundum lesenda á viku

Vitund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna meðal almennings



Á síðasta ári birti Vísir nánast eina frétt að jafnaði á hverjum degi úr Heimsljósi, eða samtals 364 fréttir, og þær voru samkvæmt tölum frá Sýn hf. lesnar 265 þúsund sinnum árið 2019, eða að jafnaði af rúmlega 22 þúsund lesendum í hverjum mánuði. Nokkur munur er á lestri eftir mánuðum, flestir lesendur voru í marsmánuði, 39 þúsund, en fæstir í júní, 13 þúsund. Með samstarfinu hefur upplýsingum um árangur

Íslenskrar þróunarsamvinnu og þátttöku í alþjóðastarfi á vettvangi mannúðarmála verið miðlað til almennings í enn meiri mæli en áður, auk upplýsinga um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og innleiðingu þeirra. Árið 2018 var ráðinn til starfa sérstakur upplýsingafulltrúi sem annast kynningu á heimsmarkmiðunum og leiðir Íslenskra stjórnvalda til að uppfylla þau. Annar starfsmaður ritstýrir *Heimsljósi – upplýsingaveitu um þróunarmál* og sinnir tengdum verkefnum.

Samkvæmt könnun fyrir utanríkisráðuneytið á fyrri hluta árs 2020 telja rúmlega níu af hverjum tíu Íslendingum (90,3%) mjög eða fremur mikilvægt að íslensk stjórnvöld veiti mannúðaraðstoð. Innan við tvö % (1,6%) telja það alls ekki mikilvægt. Könnunin leiðir í ljós að sex af hverjum tíu Íslendingum (59%) leggja fram fjármagn úr eigin vasa til góðgerðarsamtaka.

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands nýtur sem fyrr mikils stuðnings meðal þjóðarinnar og niðurstöður fyrrnefndrar könnunar sýna að 70 til 84 % svarenda eru jákvæð um flesta þætti hennar. Tæplega 80 % (77,8%) telja mikilvægt að íslensk stjórnvöld veiti þróunarríkjum og íbúum þeirra aðstoð. Enn fleiri (83,6%) telja að þróunarsamvinna eigi markvisst að stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum í þróunarríkjum.

Á Stjórnarráðsvefnum hefur myndræn miðlun upplýsinga tekið stakkaskiptum á síðustu mánuðum og þar er að finna ítarleg tölfraðileg gögn um ýmsa þætti þróunarsamvinnu. Þá er vert að nefna að ráðuneytið veitir sérstaka kynningarstyrki til íslenskra félagsamtaka sem vinna að verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála.

12.3. Starfið fram undan.

Upplýsingadeild styður áfram við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og framboð Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO. Áfram verður lögð áhersla á að miðla upplýsingum til almennings um starfsemi utanríkisráðuneytisins og helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi. Þá verður vefur Stjórnarráðsins þróaður áfram til að tryggja aðgang að réttum og áhugaverðum upplýsingum, einnig á myndrænu formi. Átaki í notkun samfélagsmiðla sendiskrifstofanna verður viðhaldið enda auðveldi þeir upplýsingamiðlun til þúsunda Íslendinga sem búsettir eru erlendis, almennings jafnt á Íslandi og í gistiríkjum þeirra, eins og glögg hefur komið í ljós á tímum kórónaveirunnar. Tvíhliða sendiskrifstofur nýta Facebook til að miðla upplýsingum til Íslendinga og almennings í umdæmislöndum og Facebook-síða utanríkisþjónustunnar miðlar upplýsingum um starfsemi Íslands á alþjóðavettvangi til almennings á Íslandi. Þá er sendiráð Íslands í Peking virkt á Weibo. Formenskuteymi, fastanefndir og fleiri sendiskrifstofur hafa einnig viðveru á Twitter í þeim tilgangi að tengjast lykilaðilum í gistiríkjum eða taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi.

13. SKJALASAFN.

13.1. Almenn.

Á undanfögnu ári var haldið áfram undirbúningi fyrir nýtt skjala- og málstjórnarkerfi Stjórnarráðsins. Um leið var hafið nýtt skjalavörslutímabil og hafinn undirbúningur að fyrstu rafrænu afhendingu skjala ráðuneytisins til Þjóðskjalasafns. Haft er samráð og samstarf við önnur ráðuneyti í báðum verkefnum, en taka þarf tillit til sérstöðu utanríkisþjónustunnar að mörgu leyti.

Helstu verkefni á skjalasafni utanríkisráðuneytisins eru móttaka, flokkun og skráning erinda sem berast, auk leiðbeininga og kennslu fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Skjalasafn sér um gerð verklagsreglna og leiðbeininga til starfsmanna um skjalastjórn og notkun skjalavistunarkerfa. Frágangur og skráning varðveislusafna ráðuneytisins og 25 sendiskrifstofa er stór hluti verkefna. Einnig leit í skjalasöfnum um utanríkismál og öðrum gagnasöfnum fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Loks er leit að skjölum sem óskað er eftir aðgangi að með vísan til upplýsingalaga. Gerð og viðhald gæðahandbókar um öll verkefni utanríkisþjónustunnar.

Elsta skjal sem skráð er í skjalasafni um utanríkismál er frá 1919. Sendiráð Íslands í Danmörku er stofnað 1920 og starfsmenn skjalasafns aðstoða við að finna heimildir sem varpa ljósi á fyrstu áratugi í starfi sendiráðsins.

13.2. Starfið fram undan.

Þrátt fyrir að nútíma skjalastjórn sé að mestu rafræn, er enn unnið að frágangi eldri heimilda á pappírformi til varanlegs frágangs, svo þær séu aðgengilegar starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og almennings. Enn er nokkurra ára starf óunnið í því verkefni.

Haldið verður áfram að þjálfa alla nýja starfsmenn í skjalastjórn og notkun málaskrár auk þess sem reyndir starfsmenn fá tækifæri til að viðhalda og bæta sína þekkingu á því sviði um leið og þeir flytjast milli starfsstöðva.

14. SCHENGEN ÁRITANAMÁL.

Útgefnar áritanir til Íslands í íslenskum sendiráðum og sendiráðum fyrirsvarsríkja

	2019	2020*
Danmörk	36.672	5.564
Finnland	284	27
Frakkland	256	40
Holland	11	5
Litháen	354	67
Noregur	3.353	509
Svíþjóð	1.007	84
Þýskaland	370	80
Portúgal	4	-
Alls	42.311	6.376
Sendiráð Íslands	18.008	3.143
Alls áritanir til Íslands	60.319	9.519

*1. janúar til 20. apríl 2020

umsókna sem afgreiddar voru af fyrirsvarsríkjum. Þegar Ísland gerðist aðili að Schengen samstarfinu árið 2001, voru ferðamenn á bilinu 2-300 þúsund. Árið 2018 voru ferðamenn 2,3 milljónir. Samhliða þessari gríðarlegu fjölgun ferðamanna til Íslands, hefur umsóknum um Schengen vegabréfsáritanir til Íslands fjölgað verulega og álag á þau ríki sem Ísland hefur gert samninga við um afgreiðslu umsókna, aukist til samræmis. Til þess að bregðast við þessu aukna álagi og bæta um leið þjónustu við ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands, var ákveðið að taka yfir þessa starfsemi í þeim ríkjum sem álagið er mest.


Gerðir hafa verið samningar við þjónustuaðilann VFS Global til þess að taka á móti vegabréfum og umsóknargögnum, skrá og skanna gögnin og afhenda þau sendiráðunum til afgreiðslu. Með aðkomu þjónustuaðilans er sendiráðunum gert kleift að taka við umsóknum frá fleiri borgum í viðkomandi ríkjum, þar sem þjónustuaðilinn er með starfsemi víða í þessum ríkjum. Slíkt fyrirkomulag er til hagsbóta fyrir umsækjendur, sem þurfa síður að ferðast um langan veg til að leggja inn umsóknir.

Á undanfögnu ári hefur utanríkisþjónustan opnað afgreiðslustaði í sjö borgum í Kína og til stendur að bæta við afgreiðslustöðum í sjö borgum til viðbótar. Það er þó háð leyfi kínverskra stjórnvalda og hefur verið lögð inn umsókn þar að lútandi. Þá var opnuð afgreiðsla umsókna og útgáfa áritana í sendiráðinu í Nýju Delí á Indlandi og opnaðir afgreiðslustaðir í ellefu borgum. Nýlega var opnuð afgreiðsla umsókna og útgáfa áritana í sendiráðinu í Washington D.C. í Bandaríkjunum og opnaðir hafa verið afgreiðslustaðir í fjórum

Utanríkisþjónustan starfrækir afgreiðslu umsókna og útgáfu Schengen vegabréfsáritana til Íslands í fjórum sendiráðum, Moskvu, Nýju Delí, Peking og Washington. Til stendur að opna afgreiðslu í sendiráðinu í London þegar aðstæður vegna COVID-19 leyfa. Þá er starfrækt miðlæg Schengen áritanadeild í utanríkisráðuneytinu sem fer meðal annars með eftirlit með framkvæmd áritanadeilda sendiráðanna, miðlæga afgreiðslu umsókna í samstarfi við sendiráðin, gerð og framkvæmd samninga við þjónustuaðila í gistiríkjum sendiráða og heldur utan um gerð og framkvæmd fyrirsvarssamninga vegna afgreiðslu annarra Schengen ríkja á umsóknum til Íslands á þeim svæðum sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofur.

Þessari þjónustu var nánast alfarið áður sinnt af níu fyrirsvarsríkjum og segja má að Danmörk hafi borið hitann og þungann af fjölgun ferðamanna til Íslands. Dönsk sendiráð afgreiddu 36.700 umsóknir um Schengen áritanir til Íslands á síðasta ári eða 87% allra

Fjöldi umsókna í Kína sem afgreiddar voru hjá sendiráði Íslands í Peking og aðalræðisskrifstofum Danmerkur í Guangzhou og Shanghai 2010-2019



borgum til viðbótar. Að lokum verður opnuð afgreiðsla umsókna og útgáfa Schengen áritana til Íslands í sendiráðinu í London um leið og aðstæður vegna COVID-19 leyfa, með afgreiðslustöðum í London, Manchester og Edinborg.

Línuritið hér á undan sýnir fjölda umsókna sem sendiráðið í Peking og aðalræðisskrifstofur Danmerkur í Guangzhou og Shanghai afgreiddu á árunum 2010-2019. Eins og sjá má fækka afgreiddum umsóknum hjá aðalræðisskrifstofum Danmerkur á árinu 2019 og það kom til vegna takmarkana sem settar voru á fjölda umsókna til Íslands vegna álags á áritanadeildir Dana í Kína. Ísland tók hins vegar á móti mesta fjölda umsókna frá upphafi, þar sem opnaðir voru afgreiðslustaðir í sjö borgum fyrir utan Peking á árinu 2019.

Eins og sjá má í neðangreindri töflu hefur umsóknum á Indlandi fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Með opnun afgreiðslu í sendiráðinu í Nýju Delí er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun umsókna til lengri tíma litið. Sömu sögu er að segja af Bandaríkjunum, en fjögur ríki hafa verið í fyrirsvari fyrir Ísland og séð um afgreiðslu umsókna í fimm borgum, en Ísland tók yfir afgreiðslu umsókna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Sendiráð Danmerkur í London hefur afgreitt umsóknir til Íslands síðastliðin ár, en kínverskir háskólanemar eru í meirihluta umsækjenda um Schengen vegabréfsáritanir í aðdraganda jóla og áramóta. Umsóknum fækkaði í London á árinu 2019 en það má rekja til takmarkana danska sendiráðsins vegna álags. Gert er ráð fyrir töluverðri aukningu með yfirtöku Íslands á afgreiðslu umsókna og afnámi takmarkana á háannatímabilum þegar flugsamgöngur komast í eðlilegt horf á ný.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda umsókna sem barst sendiráðum Íslands og fyrirsvarsríkja í þeim ríkjum utan Schengen þar sem Ísland starfrækir afgreiðslu umsókna og útgáfu Schengen áritana eða hyggur á opnun (London).

Fjöldi umsókna um Schengen áritanir sem barst sendiráðum Íslands og fyrirsvarsríkja frá 2010-2019

Ár	Peking (IS)	Guangzhou (DK)	Shanghai (DK)	Moskva (IS)	Nýja Delí (IS)	Nýja Delí (DK)	BNA (FS)	London (DK)
2010	500	31	73					
2011	466	52	111					
2012	1.082	280	156					
2013	1.202	536	350	1.506				
2014	1.287	774	1.062	2.551				
2015	2.622	1.551	3.327	1.367				
2016	4.606	2.546	7.191	1.273		483		
2017	5.431	4.876	7.603	1.703		3.409	2.724	2.543
2018	6.958	8.464	9.370	1.921		5.221	5.620	3.680
2019	15.202	5.746	7.494	2.355	570	6.216	4.949	3.192

*Ath. Sr. Íslands í Peking hóf afgreiðslu umsókna og útgáfu áritana árið 2007, Moskva 2013, Nýju Delí 2019 og Washington 2020.

Alls bárust 28.442 umsóknir um Schengen áritanir til Íslands í Kína á síðasta ári. Gert var ráð fyrir að fjöldi umsókna gæti orðið á bilinu 30-40.000 á árinu 2020 með opnun afgreiðslustaða í sjö borgum til viðbótar í Kína og flugi flugfélagsins Juneyao Airlines milli Shanghai og Keflavíkur, með viðkomu í Helsinki. Hætt hefur verið við flugið og heimild hefur ekki fengist fyrir opnun fleiri afgreiðslustaða frá kínverskum stjórnvöldum.

Afleiðingar COVID-19 heimsfaraldursins hafa haft í för með sér algjört hrun á umsóknum frá öllum ríkjum. Ekki hafa borist umsóknir svo telja megi frá miðjum mars og með hlíðsjón af aðgerðum ríkja um allan heim til að sporna við heimsfaraldrinum, er ómögulegt að segja til um þróun á fjölda umsókna á þessu og næsta ári.

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI.

1. ALÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF.

1.1. Utanríkisviðskipti almennt.


Frjáls alþjóðleg viðskipti eru undirstaða hagsæðar á Íslandi. Undirstöðugreinar íslenska hagkerfisins byggjast á frjálsum vöru- og þjónustuviðskiptum og því eru fjölmörg störf í landinu tengd utanríkisviðskiptum með einum eða öðrum hætti.

Mikilvægt er fyrir hagsmuni Íslands að til staðar sé alþjóðlegt viðskiptaumhverfi sem byggist á lögum og reglum, hvort sem er á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) eða í formi svæðisbundinna fríverslunarsamninga og nets tvíhliða viðskiptasamninga. Loftferðasamningar gera millilandaflug á vegum íslenskra flugfélaga mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og vernd fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum og fyrir útrás þeirra.

Hér aftar er gerð grein fyrir þeirri vinnu sem hefur farið fram undirfarið ár í þágu þess að tryggja sem best viðskiptakjör og samkeppnisstöðu fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðavettvangi.

Útflutningur á vöru og þjónustu

Upphæðir í milljónum króna



*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Samsetning vöruútflutnings eftir vörutegundum


Upphæðir í milljónum króna

	2018	2019
Afurðir áls	230.132	211.903
Iðnaðarvörur, aðrar	90.924	95.357
Sjávarafurðir	239.815	260.090
Aðrar vörur	41.231	73.840
Vöruútflutningur alls	602.102	641.190

Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur eftir vörutegundum

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur á vörum eftir löndum og landsvæðum

Upphæðir í milljónum króna

	2018	2019	↑↓	Hlutfall af heildarútflutningi 2019
ALLS	602.102,5	641.188,8	↑	100,0%
Evrópa	492.990,7	514.744,9	↑	80,3%
ESB 28	432.440,1	454.357,0	↑	70,9%
ESB 27	372.773,9	388.021,8	↑	60,5%
EFTA	36.942,4	26.897,1	↓	4,2%
Holland (Niðurland)	181.984,0	168.391,4	↓	26,3%
Bretland	59.666,2	66.335,2	↑	10,3%
Spánn	49.665,7	60.726,5	↑	9,5%
Frakkland	38.725,0	45.351,4	↑	7,1%
Þýskaland	36.174,7	37.918,1	↑	5,9%
Noregur	32.708,7	24.760,2	↓	3,9%
Danmörk	13.668,9	14.933,6	↑	2,3%
Pólland	7.135,8	13.538,4	↑	2,1%
Portúgal	9.674,7	11.837,0	↑	1,8%
Rússland	6.959,3	9.766,8	↑	1,5%
Færeyjar	6.461,2	4.473,9	↓	0,7%
Önnur evrópuríki	50.166,5	56.712,4	↑	8,8%
N- og S-Ameríka	58.184,7	79.473,7	↑	12,4%
Bandaríkin	41.486,5	46.831,9	↑	7,3%
Kanada	12.456,9	27.620,6	↑	4,3%
Grænland	2.643,7	8.037,4	↑	1,3%
Afríka	9.429,1	11.741,4	↑	1,8%
Nígería	6.886,6	8.719,9	↑	1,4%
Asía	38.829,7	31.645,4	↓	4,9%
Kína	15.642,4	15.914,3	↑	2,5%
Japan	12.439,3	7.705,4	↓	1,2%
Eyjaálfa	2.668,3	3.583,4	↑	0,6%
Ástralía	2.319,7	1.710,6	↓	0,3%

Heimild: Hagstofa Íslands

Samsetning þjónustuútflutnings

Upphæðir í milljónum króna


	2018	2019*
Þjónustuútflutningur, heild	710.355,7	691.344,4
Þar af...		
Farþegarflutningar með flugi	182.102,5	139.189,0
Ferðalög	337.266,9	330.677,2
Önnur þjónusta	190.986,3	221.478,2

*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur á þjónustu

Upphæðir í milljónum króna




*Bráðabirgðatölur

Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun útflutningstekna

Upphæðir í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

1.2. Viðskipti við einstök ríki og svæði.

Eftirfarandi tafla sýnir umfang utanríkisviðskipta árið 2018 við nokkur lönd en tölur ársins 2019 liggja ekki fyrir fyrir en síðar á árinu. Einnig sýnir hún inn- og útflutning á vörum og þjónustu eftir nokkrum löndum og hlutfall viðskipta við þau miðað við heildarutanríkisviðskipti.

Umfang utanríkisviðskipta 2018

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Umfang utanríkisviðskipta 2018

Upphæðir í milljónum króna

Land	Vöru- útflutningur	Vöru- innflutningur	Þjónustu- útflutningur	Þjónustu- innflutningur
Bandaríkin	41.486,5	70.489,2	227.157,6	73.659,6
Holland (Niðurland)	181.984,0	52.691,9	21.768,1	33.486,1
Bretland	59.666,2	44.790,0	83.547,5	76.216,4
Þýskaland	36.174,7	72.749,7	43.036,1	20.261,1
Noregur	32.708,7	95.077,5	20.396,5	17.651,3
Danmörk	13.668,9	52.168,3	28.810,9	34.771,5
Spánn	49.665,7	13.759,2	13.334,4	33.660,7
Kína	15.642,4	73.606,8	10.930,4	1.191,9
Frakkland	38.725,0	22.012,9	25.234,0	9.959,5
Svíþjóð	2.953,6	35.981,7	18.113,1	14.493,9
Kanada	12.456,9	13.931,9	31.554,1	7.327,1

1.3. Bandaríkin.

Bandaríkin eru stærsta einstaka viðskiptaríki Íslands, hvort sem horft er til vöru- og þjónustuviðskipta eða beinna fjárfestinga á Íslandi. Einnig hafa flestir ferðamenn á Íslandi verið frá Bandaríkjunum eða rúmlega 24% allra ferðamanna árið 2019. Utanríkisráðherra leggur mikla áherslu á að rækta viðskiptasamband Íslands og Bandaríkjanna og unnið er að auknu viðskiptafrelsi milli ríkjanna.

Fyrsti fundur í viðskiptasamráðinu sem utanríkisráðherrar Íslands og Bandaríkjanna komu á fót í byrjun árs 2019 var haldinn í júní í Reykjavík. Manisha Singh, starfandi aðstoðarráðherra Bandaríkjanna í málefnum hagvaxtar, orku og umhverfismála, fór fyrir bandarísku sendinefndinni og skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins leiddi íslensku sendinefndina. Einnig fóru fram pallborðsumræður í tengslum við viðskiptasamráðið með þátttöku íslenskra fyrirtækja. Á fundinum var ákveðið að ríkin ynnu áfram að því að efla samskiptin á sviði efnahagsmála og stofnaður var vinnuhópur um efnahagslega valdeflingu kvenna. Enn fremur var ákveðið að standa fyrir áframhaldandi upplýsingaskiptum og samstarfi um skimun erlendra fjárfestinga og efla enn frekar samstarf um verndun innviða, einkum á sviði tölvufjarskipta.

Í byrjun september stýrðu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, hringborðsumræðum um viðskiptamál, þar sem íslenskir og bandarískir fulltrúar úr viðskiptalífnum ræddu saman um tækifæri til að efla enn frekar viðskipti milli ríkjanna.

Síðar í sama mánuði átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundi með lykilaðilum í bandaríska stjórnkerfinu og þinginu með það meðal annars að markmiði að efla tengslin á sviði efnahags- og viðskiptamála. Í kjölfarið var lagt fram frumvarp í fulltrúadeild bandaríska þingsins sem felur í sér að íslenskir fjárfestar og viðskiptafólk sem stundar viðskipti í Bandaríkjunum geti sótt um E-1 og E-2 vegabréfsáritanir. Framlagning frumvarpsins er árangur fjölda funda utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og eftirfylgni sendiráðsins í Washington. Verði frumvarpið að lögum er um afar mikilvægt skref að ræða til að bæta aðgengi íslenskra fjárfesta og viðskiptaaðila að bandaríska markaðinum.

Embættismenn beggja ríkja hafa síðustu mánuði haldið áfram viðræðum um viðskipti og fjárfestingar á milli ríkjanna og þeim viðræðum verður haldið áfram. Í því sambandi áttu fulltrúar ráðuneytisins í janúar 2020 fundi með fulltrúum embættis viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta (USTR), viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis í Washington. Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur einnig í þessu ljósi nýlega greint viðskiptasamninga sem Bandaríkin hafa gert með það að leiðarljósi að kanna hugsanleg tækifæri til að opna enn frekar á viðskipti við Bandaríkin.

Útanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra opnaði ráðstefnu um viðskipti á norðurslóðum í Washington í maí og tók þátt í pallborðsumræðum ásamt fyrirtækjum og stofnunum frá Íslandi, Grænlandi og Bandaríkjunum. Ráðstefnan var fyrsti viðburðurinn sem tengdist formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu.

Þá leiddi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra viðskiptasendinefnd á vegum Amerísk-Íslensku viðskiptaráðanna á Íslandi og í Bandaríkjunum í heimsókn til San Francisco í nóvember síðastliðnum. Alls tóku rúmlega 40 manns þátt í heimsókninni frá um 25 fyrirtækjum.

1.4. Kína.


Útflutningur frá Íslandi til Kína hefur aukist umtalsvert frá því fríverslunarsamningur landanna tók gildi. Þannig var vöruútflutningur um 14,8 milljarðar kr. á árinu 2019 en 4,8 milljarðar kr. árið 2014. Hann hefur því tæplega þrefaldast á tímabilinu. Vert er að taka fram að á milli árunna 2018 og 2019 minnkaði vöruútflutningur um einn milljarð kr. Vöruinnflutningur frá Kína nam rúmlega 55 milljörðum kr. árið 2019. Sú tala er í samræmi við innflutning á árunum 2015 til 2017, en lægri en árið 2018 þegar innflutningur var 73,2 milljarðar kr. Þannig er vöruskiptajöfnuður við Kína hlutfallslega hár og neikvæður um 40,2 milljarða kr. árið 2019. Tölur vegna þjónustuviðskipta við Kína á árinu 2019 hafa ekki verið birtar. Þó má geta þess að á árinu 2018 nam útflutningur á þjónustu 10,9 milljörðum kr. og innflutningur á þjónustu nam 1,19 milljörðum kr. Þjónustujöfnuður við Kína var jákvæður um 9,7 milljarða árið 2018 sem er hækkun frá 7,3 milljörðum kr. árið 2017. Kínverskum ferðamönnum til Íslands hefur jafnframt fjölgað umtalsvert en þeir voru um 89 þúsund árið 2018, en 114 þúsund árið 2019, að meðtöldum ferðamönnum frá Hong Kong.

Til þess að geta flutt út fiski- og landbúnaðarafurðir til Kína þurfa kínversk stjórnvöld að viðurkenna íslensk heilbrigðisvottorð fyrir þær vörur. Þá þarf samkvæmt kínverskum lögum að fara fram heilbrigðisúttekt fyrir allar tegundir dýraafurða sem ekki hafa áður verið fluttar til landsins. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum misserum unnið ötullaga að því máli. Þannig var í júní 2016 undirritað samkomulag um útflutningsheimild fyrir sex tegundir sjávarafurða, þ.e. þorsk, ufsa, langlúðu, síld, skötusel og rauðsprettu. Í september 2018 var skrifað undir samkomulag um lambakjöt og innflutning til Kína á lifandi íslenskum hrossum. Þá var í maí 2019 skrifað undir samkomulag um fiskimjöl og lýsi, eldisfisk og ópvegna ull.

Aukin viðskipti milli Íslands og Kína má að einhverju leyti rekja til nýrra viðskiptahátta og netvæðingar. Árið 2018 var skrifað undir samkomulag um aukið samstarf á sviði rafrænna viðskipta og vinnuhópur um netviðskipti var stofnaður. Þessu var fylgt eftir árið 2019 með fundum og kynningum á möguleikum sem í boði eru. Þá hefur utanríkisráðuneytið haft milligöngu um það að koma Íslandsstofu í beint samband við kínverska aðila um markaðssetningu íslenskra vara á tilteknum sölusíðum í Kína. Samstarf um rafræn viðskipti er mikilvægt fyrir frekari framþróun viðskipta milli landanna. Árið 2018 var undirritað samkomulag um stofnun vinnuhóps um jarðorku. Íslenskir aðilar í vinnuhópnum áttu fundi á árinu 2019 og unnið var að því að greina helstu stefnur og kröfur. Ráðgert er að halda næsta fund í Kína á þessu ári, en óvíst er hvenær sá fundur getur farið fram vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Vöruviðskipti við Kína


Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

Þjónustuviðskipti við Kína

Upphæðir í milljónum króna



Heimild: Hagstofa Íslands

1.5. Japan.

Japan er stærsti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu og jafnframt þriðja stærsta efnahagskerfi heims. Íslensk stjórnvöld hafa því lengi haft áhuga á gerð fríverslunarsamnings við Japan og sá áhugi var ítrekaður á fyrsta formlega viðskiptasamráði landanna í júní 2019 í Tókýó. Vonir standa til þess að viðskiptasamráðið geti orðið til þess að kveikja áhuga Japans á gerð fríverslunarsamnings við Ísland. Þar var rætt um aukna möguleika á tvíhliða fjárfestingum og tækifæri í nýsköpun en mörg íslensk fyrirtæki og ólík eiga í viðskiptum við Japan.

Ný stjórn Íslenska viðskiptaráðsins í Japan (ISCCJ) tók til starfa í desember 2019 en ráðið hefur verið starfrækt frá árinu 2003. Meðlimum hefur fjölgað talsvert og þar er að finna fulltrúa frá nokkrum stærstu fyrirtækjum Japans, til dæmis frá Mitsubishi Hitachi Power Systems og Fuji Electric, og Maruha Nichiro, sem er stærsta sjávarútvegsfyrirtækis heims.

Ísland hefur vakið mikla athygli fyrir frjótt nýsköpunarumhverfi og talsvert hefur borið á fjárfestingum japanskra fyrirtækja í íslenskum líftækni- og nýsköpunarfyrirtækjum á árinu. Samningur Mjólkursamsölnunar við japanska framleiðslurisann Nippon Luna um framleiðslu og dreifingu á Ísey skyri í Japan vakti einnig mikla athygli á árinu. Til stendur að sala hefjist núna á vordögum.

1.6. Rússland.

Viðskipti við Rússland hafa verið í deiglu undanfarin misseri og þótt rússnesk stjórnvöld banni enn innflutning á fiski og öðrum mikilvægum útflutningsvörum hefur orðið jákvæð þróun á ýmsum öðrum sviðum.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í stofnun Íslensks-rússnesks viðskiptaráðs 1. nóvember síðastliðinn. Stofnfélagar voru rúmlega fjörutíu, þar á meðal fyrirtæki í sjávarútvegi, sjávarútvegstækni, matvælaframleiðslu, nýsköpunargeirum og ferðaþjónustu.

Síðar í sama mánuði fór utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til fundar við Sergey Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í Moskvu. Fjöldmenn viðskiptasendinefnd fulltrúa nítján íslenskra fyrirtækja var í för með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Viðskiptasendinefndin átti fundi með ýmsum aðilum úr rússnesku viðskiptalífi, heimsótti Skolkovo nýsköpunarmiðstöðina í útjaðri Moskvu og fjöldmennur viðskiptaviðburður var haldinn í sendiráði Íslands í Moskvu með þátttöku íslenskra og rússneskra fyrirtækja.

Ýmis áhugaverð viðskiptatækifæri eru fyrir íslensk fyrirtæki í Rússlandi, ekki síst á sviði nýsköpunar. Rússnesk stjórnvöld hafa blásið til sóknar til að auka sjálfbærni og afköst í innlendri matvælaframleiðslu og hópur íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegstækni hefur náð mikilvægum samningum um framleiðslu og hönnun á búnaði fyrir matvælaframleiðslu og fiskiskipum. Þá er skyr framleitt í samstarfi íslenskra og rússneskra aðila í Rússlandi. Utanríkisráðuneytið hefur stutt við sókn íslenskra fyrirtækja á þennan markað, meðal annars með skipulagningu viðskiptasendinefnda ásamt Íslandsstofu. Auk viðskiptasendinefndarinnar sem fylgdi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hafa sendiráðið í Moskvu og Íslandsstofa staðið fyrir heimsóknnum þriggja viðskiptasendinefnda frá því síðasta skýrsla kom út, gagngert til að kynna íslenskt hugvit og þekkingu á sviði sjávarútvegstækni.

Ákveðinn viðsnúningur hefur því orðið í viðskiptum landanna undanfarin misseri, þrátt fyrir innflutningsbann rússneskra stjórnvalda á ýmis íslensk matvæli.

1.7. Færeyjar - Hoyvíkursamningurinn.

Hefð er fyrir samvinnu Íslands og Færeyja á sviði sjávarútvegs en á undanförunum árum hafa vöru- og þjónustuviðskipti blómstrað á báða bóga. Þetta má ekki síst rekja til fríverslunarsamstarfs landanna, fyrst með fríverslunarsamningi árið 1992 en einkum með gerð Hoyvíkursamningsins árið 2005. Sá samningur kom á sameiginlegu efnahagssvæði milli Íslands og Færeyja, svipað og EES-samningurinn gerir, en hann telst langvítækasti fríverslunarsamningur sem bæði Ísland og Færeyjar hafa gert. Fyrstu árin eftir gildistöku Hoyvíkursamningsins var viðskiptahallinn Íslandi í vil en á síðustu þremur árum hefur þetta snúist við og virði útflutnings Færeyja á vörum og þjónustu til Íslands er töluvert meira en frá Íslandi til Færeyja. Eftirtektarvert er að þrátt fyrir smæð hins færeyska efnahags og markaðar er virði viðskipta Íslands við Færeyjar hærra en á margfalt stærri mörkuðum, til dæmis Indlandi og Svíþjóð.

Undir lok árs 2019 samþykkti Lögþing Færeyja tillögu um að draga til baka uppsögn á Hoyvíkursamningnum. Sextán þingmenn greiddu atkvæði með því að draga uppsögnina til baka en þrettán voru því mótfallnir. Færeysk stjórnvöld tilkynntu íslenskum stjórnvöldum um uppsögn samningsins 31. desember 2018 og hún hefði að öllu óbreyttu átt að taka gildi 1. janúar síðastliðinn. Ástæður uppsagnarinnar


sneru aðallega að eignarhaldi útlendinga í færeyskum sjávarútvegi með þeim rökum að samningurinn stangaðist á við lög sem bönnuðu erlendar fjárfestingar í útgerð. Í kosningum til Lögþings Færeyja, sem haldnar voru 31. ágúst á síðasta ári, missti þáverandi landstjórn Jafnaðarmanna, Þjóðveldisflokksins og Framsóknar meirihluta. Ný stjórn Sambandsflokksins, Miðflokksins og Fólkaflokksins undir forystu Bárðar á Steig Nielsen, formanns Sambandsflokksins og lögmanns Færeyja, tók við völdum 17. september. Stjórnarsáttmáli nýrrar stjórnar gaf til kynna að meint ástæða uppsagnar Hoyvíkursamningsins væri ekki lengur fyrir hendi. Í kjölfarið hófust viðræður utanríkisráðherra ríkjanna sem varð til þess að utanríkisráðherra Færeyja lagði fram fyrrgreinda tillögu í Lögþingi Færeyja um afturköllun uppsagnar samningsins.

Í lögum um fiskveiðistjórnun sem nýja stjórnin lagði fram og tóku gildi 1. janúar á þessu ári er fyrri lögum, þar sem útlensku eignarhaldi var úthýst úr færeyskri útgerð, breytt á þann veg að núverandi erlendar fjárfestingar í útgerð haldi gildi sínu en 25% þak verði á nýfjárfestingu erlendra aðila fram til ársins 2032. Þá á að vera búið að losa um allar erlendar fjárfestingar í færeyskri útgerð. En þótt færeyskri löggjöf um erlendar fjárfestingar í útgerð hafi í grundvallaratriðum ekki verið breytt heldur Hoyvíkursamningurinn gildi sínu. Samningurinn er yfirsterkari færeyskri löggjöf og þar með fjárfestingarákvæði samningsins.

Í undirbúningi eru viðræður á þessu ári milli Íslands og Færeyja um bætta Hoyvíkursamning og ástæða er til að binda vonir um enn sterkara efnahags- og viðskiptasamstarf við þessa nánun vinabjóð á komandi árum. Efnahagslíf Færeyja er sérlega öflugt og Færeyingar eru nú í forystusveit þjóða í fiskeldi. Því er nærtækt fyrir Íslendinga að sækja í smiðju Færeyinga við uppbyggingu þeirrar atvinnugreinar á Íslandi.

Vöruviðskipti við Færeyjar

Upphæðir í milljónum króna




● Útflutningur ● Innflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands

Þjónustuviðskipti við Færeyjar

Upphæðir í milljónum króna



● Útflutningur ● Innflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands

1.8. Grænland.

Frá því umræður hófust á fundi vestnorrænu ráðherranna í september árið 2017 um þríhliða viðskiptasamning milli Íslands, Færeyja og Grænlands hafa aðstæður breyst töluvert, sérstaklega hvað varðar Færeyjar og Hoyvíkursamninginn. Á árlegum fundi embættismanna Íslands og Grænlands í Reykjavík í desember 2019 var farið yfir samstarf Íslands og Grænlands á breiðum grundvelli, svo sem á sviði öryggis- og varnarmála, viðskiptamála og ferðamála. Uppbygging ferðamannþjónustu á Grænlandi er ofarlega á forgangslista heimamanna og slík uppbygging býður upp á margvísleg tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk fylgist með þróun mála á þessum sviðum og leitast við að vera í góðu sambandi við Íslendinga sem tengjast rekstri á Grænlandi. Skrifstofan er í daglegum tengslum við stjórnsýslu og grænlenka stjórnmalamenn, þingmenn og ráðherra.

Það var mikilvægur áfangi í samskiptum þjóðanna þegar grænlenka stjórnvöld opnuðu sendiskrifstofu á Íslandi í október 2018. Skrifstofan verður án efa til að efla enn frekar samstarf Íslands og Grænlands. Frá þeim tíma hafa grænlenkir ráðamenn komið til Íslands og átt fundi sem aukið hafa áhuga á nánari samskiptum þjóðanna.

2. EFTA (FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU).

Á þessu ári eru 50 ár liðin frá því að Ísland gerðist aðili að EFTA og 60 ár frá því að stofnunin var sett á fót. Aðildin að EFTA hefur alla tíð verið einn mikilvægasti þáttur í utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í hagsæld hér á landi. EFTA-aðild Íslands leiddi til gerðar tvíhliða fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalag Evrópu (EEC) árið 1972 og aðildar Íslands að EES-samningnum. Kjarninn í starfsemi EFTA er fríverslun.

Eitt af meginverkefnum EFTA undanfarin ár hefur einmitt snúist um gerð nýrra fríverslunarsamninga ásamt því að viðhalda og uppfæra þá sem fyrir eru. Öll aðildarríki EFTA eru mjög háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að mörkuðum annarra ríkja. Mikilvægi markaða utan ríkja ESB hefur aukist, meðal annars vegna aukins kaupmáttar í mörgum þessara ríkja og vegna greiðari samgangna. Mikilvægi fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna hefur aukist bæði vegna þessarar staðreyndar og vegna þess að þeim fjölga stöðugt.

Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að

Samningur	Undirritun	Gildistaka
EFTA-sáttmálinn	4.1.1960	3.5.1960
Fríverslunarsamningur Íslands og ESB	28.2.1972	1.4.1973
Samningur við Danmörku um viðskipti við Grænland	31.1.1985	1.2.1985
EFTA-Tyrkland	10.12.1991	13.7.1992
EFTA-Ísrael	17.9.1992	1.8.1993
EES-samningurinn	2.5.1992	1.1.1994
EFTA-Palestína	30.11.1998	1.7.1999
EFTA-Marokkó	19.6.1997	1.12.1999
EFTA-Mexíkó	27.11.2000	1.10.2001
EFTA-Makedónía	19.6.2000	1.8.2002
EFTA-Jórdanía	21.6.2001	1.9.2002
EFTA-Singapúr	27.6.2002	1.1.2003
EFTA-Chile	26.6.2003	1.12.2004
EFTA-Túnis	17.12.2004	1.6.2005
EFTA-Suður-Kórea	15.12.2005	1.9.2006
Hoyvíkur-samningurinn (Færeyjar)	31.8.2005	1.11.2006
EFTA-Líbanon	24.6.2004	1.1.2007
EFTA-Egyptaland	27.1.2007	1.8.2007
EFTA-SACU	26.6.2006	1.5.2008
EFTA-Kanada	26.1.2008	1.7.2009
EFTA-Albanía	17.12.2009	1.10.2011
EFTA-Perú	24.6.2010	1.10.2011
EFTA-Serbía	17.9.2009	1.10.2011
EFTA-Úkraína	24.6.2010	1.6.2012
EFTA-Hong Kong	21.6.2011	1.10.2012
EFTA-Svartfjallaland	14.11.2011	1.10.2012
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	15.4.2013	1.7.2014
EFTA-GCC	22.6.2009	1.7.2014
EFTA-Mið-Ameríkuríkin	24.6.2013	5.9.2014
EFTA-Kólumbía	25.11.2008	1.10.2014
EFTA-Bosnía og Hersegóvína	24.6.2013	1.1.2015
EFTA-Georgía	27.6.2016	1.9.2017
EFTA-Filippseyjar	28.4.2016	1.1.2020
EFTA-Ekvador	25.06.2018	Ekki enn í gildi
EFTA-Indónesía	16.12.2018	Ekki enn í gildi

EFTA-ríkin hafa gert 29 fríværslunarsamninga við 40 ríki og ríkjasambönd utan ESB. Ísland hefur fullgilt fríværslunarsamning EFTA-ríkjanna og Indónesíu, sem undirritaður var 16. desember 2018. Samningurinn hefur þó ekki tekið gildi þar sem Indónesía hefur ekki fullgilt hann. Unnið er að því að finna dagsetningu fyrir undirritun á fríværslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Mercosur-ríkjanna – Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ. Efnislegum samningaviðræðum lauk í ágúst á síðasta ári en eftir er að ganga frá ýmsum lausum endum.

Viðræður standa yfir um gerð fríværslunarsamninga við Indland, Malasíu og Víetnam. Fríværslunarviðræðurnar við Indland hafa staðið yfir með hléum frá árinu 2008. Viðræðurnar hafi verið torsóttar en miðaði í rétta átt áður en hlé var gert á þeim vegna kosninga á Indlandi síðastliðið vor og sumar. Samskipti eru hafin á ný og stefnt er að því að hefja viðræður aftur fljótlega. Hlé hefur verið á viðræðunum við Malasíu í nokkur misseri en til stendur að hefja þær aftur fljótlega. Fáein útistandandi mál voru eftir þegar viðræðunum var frestað að beiðni Malasíu.

EFTA-ríkin miða alltaf að því að fá að minnsta kosti sambærilegan markaðsaðgang og aðrir viðsemjendur viðkomandi ríkis og þá sérstaklega ef um er að ræða samning við ESB. Stundum hefur þetta orðið til þess að viðræður í einstökum fríværslunarsamningum hafa tekið lengri tíma en ella. Þetta á til dæmis við um fríværslunarviðræðurnar við Víetnam sem hefur ekki verið tilbúið að veita EFTA-ríkjunum sama markaðsaðgang og ESB.

Stefnt er að því að hefja aftur fríværslunarviðræður við Taíland á þessu ári. EFTA-ríkin eru tilbúin að hefja fríværslunarviðræður við Kósovó. Fyrst þarf þó Kósovó að ná samkomulagi um tollamál við nágrennaríkin.

Á undanförunum árum hafa samningaviðræður bæði um nýja fríværslunarsamninga og uppfærslu þeirra eldri orðið tímafrekari og flóknari. Ástæðan er einkum sú að EFTA-ríkin og viðsemjendur EFTA hafa mismunandi áherslur sem oft er erfitt að samræma. Þetta á meðal annars við um markaðsaðgang með landbúnaðarvörur, þjónustuviðskipti og hugverkarétt. Viðræður um uppfærslu fríværslunarsamninganna við Kanada og Mexíkó eru dæmi um þetta. Viðræður um uppfærslu fríværslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Mexíkó hafa verið settar í biðstöðu vegna þess að kröfur þeirra um fríværslu með landbúnaðarvörur ganga mun lengra en EFTA-ríkin geta fallist á.

Könnunarviðræður EFTA-ríkjanna og Kanada um uppfærslu fríværslunarsamnings ríkjanna hafa staðið yfir í nokkurn tíma en þeim miðaði hægt aðallega vegna ólíkra sjónarmiða á sviði landbúnaðar og þjónustuviðskipta. Þær hafa nú reynst árangurslausar og í athugun er hvort Ísland fari í tvíhliða viðræður við Kanada

Viðræður EFTA-ríkjanna og Chile um uppfærslu fríværslunarsamnings milli ríkjanna ganga vel. Þá eru viðræður EFTA-ríkjanna og Tollabandalags Suður-Afríku (S-Afríka, Botswana, Lesótó, Namibía og Esvatíní (áður Svasíland)) um uppfærslu fríværslunarsamnings ríkjanna langt komnar. Samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Rússland, Belarus og Kasakstan eru í biðstöðu um ótiltekinn tíma.

EFTA-ríkin og Bandaríkin áttu fund 6. nóvember í fyrra þar sem skipst var á skoðunum og upplýsingum um viðskiptamál.

Fyrir ráðherrafund EFTA í júní á síðasta ári var lokið vinnu innan EFTA við að uppfæra texta sem nota á í samningaviðræðum um sjálfbæra þróun og að taka upp ákvæði um jafnrétti í fríværslunarsamningum EFTA, að frumkvæði Íslands.

3. TVÍHLIÐA VIÐSKIPTASAMNINGAR.

3.1. Almenn.

Tvíhliða viðskiptasamningar stuðla að því að greiða götu fyrirtækja og einstaklinga og styrkja viðskiptaumhverfið á erlendum mörkuðum. Utanríkisráðuneytið vinnur í nánú samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir við gerð þessara samninga. Flestir fríværslunarsamningar eru gerðir í samstarfi við önnur EFTA-ríki. Á síðasta ári var meðal annars gerður fríværslunarsamningur við Indónesíu og viðræður við Bandaríkin fóru fram þar sem óskað var eftir að rætt yrði um tvíhliða fríværslunarsamning og nú er unnið að því að skoða möguleika á slíkum viðræðum. Þá var rætt við Kanada bæði óformlega og formlega, þar sem grundvöllur tvíhliða fríværslunarsamnings á milli ríkjanna var almennt skoðaður. Telja verður þó að betra fari um slíkan samning ef hann er á milli Kanada og EFTA-ríkjanna. Árlegt samtal á milli Færeyja og Íslands fór fram vegna Hoyvíkursamningsins. Færeyingar höfðu áður lýst sig reiðubúna til þess að rifta samningnum, en afstaða þeirra breyttist við stjórnarskipti í framhaldi af þingkosningum í Færeyjum. Kína hélt árlegan fund vegna fríværslunarsamningsins, en staða milliríkjaviðskipta hefur aldrei verið jafn sterk og nú. Indland rifti formlega langvarandi fjárfestingasamningi sínum við Ísland, líkt og það gerði við öll önnur samningsríki. Indland taldi samninginn veita erlendum fjárfestum of mikla réttarvernd. Þá sótti

Ísland flestar samningaráðstefnur vegna loftferðasamninga á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) með ágætum árangri. Á síðasta ári gerði Ísland loftferðasamninga við Úkraínu, Marokkó og Mósambík og samkomulag við Japan. Þá voru eldri samningar uppfærðir og viðræður hafnar um nýja samninga.

Loftferðasamningar



3.2. Loftferðasamningar.

Flugiðnaðurinn hefur verið ein af helstu atvinnugreinum landsins þrátt fyrir áföll á síðasta ári og nokkurn samdrátt í komu ferðamanna til landsins. Umsvif flugrekenda eru meginþátturinn í uppbyggingu flugiðnaðarins. Aukin umsvif ferðapjónustunnar hér á landi hefðu ekki verið möguleg án mikillar fjölgunar flugferða íslenskra flugrekenda til og frá landinu. Einnig er viðleitni þeirra til að byggja upp Keflavíkurlugvöll sem alþjóðlega miðstöð flugferða til og frá landinu mikilvægt framlag til hagvaxtar hér á landi. Ljóst er að rekstrarumhverfi flugfélaga um allan heim hefur versnað til muna með tilkomu og áhrifa af COVID-19 heimsfaraldrinum. Nú er staðan sú að nær allt farþegaflug liggur niðri og hrun hefur orðið á ferðamönnum sem sækja Ísland heim. Hvort áhrif faraldursins verði langvarandi er enn óljóst. Hins vegar má ætla að sterkur flugiðnaður geti takmarkað þau neikvæðu efnahagsáhrif sem óneitanlega fylgja COVID-19 og flýtt fyrir uppbyggingu ferðapjónustu að nýju.

Áætluarflug milli Íslands og annarra land byggist á loftferðasamningum við viðkomandi ríki. Gerðir hafa verið loftferðasamningar og viljayfirlýsingar um flugsamgöngur við um 115 ríki en í hópi þeirra eru svo til öll ríki Evrópu, mikill meirihluti Asíuríkja, ásamt Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó. Hins vegar hafa aðeins verið gerðir loftferðasamningar við hluta landanna í Mið- og Suður Ameríku, Afríku og Eyjaálfu. Það er rík ástæða til að gera loftferðasamninga við fleiri ríki, einkum í Afríku og rómönsku Ameríku. Áherslur flugrekenda verða þó ávallt hafðar að leiðarljósi í þessu efni og utanríkisráðuneytið hefur reglulega samráðsfundi með fulltrúum þeirra.

Flugrekendur sjá ekki aðeins um að flytja farþega til og frá landinu. Sumir þeirra eru mest í fraktflutningum og útleigu flugvéla til annarra flugfélaga, einkum í Afríku og Asíu. Þessi starfsemi er orðin mjög umfangsmikil og skilar miklum tekjum í þjóðarbúið. Loftferðasamningar við viðkomandi ríki greiða fyrir þessari starfsemi.

Jafnframt því að gera nýja loftferðasamninga eru gildandi samningar uppfærðir eftir því sem þörf krefur og undirritaðir samningar fullgildir. Einnig hefur Ísland sóst eftir að verða aðili að fleiri loftferðasamningum ESB við þriðju ríki en án mikils árangurs að undanfögnu. Þá hefur Ísland sótt flestar árlegar samningaráðstefnur á vegum ICAO með ágætum árangri.

Loftferðasamningar veita mismikil réttindi. Auk gagnkvæmra heimilda til farþega- og farmflugs milli samningsríkja veita flestir samningar heimild til millilendinga í þriðja ríki og í sumum tilvikum heimildir til fraktflugs til og frá þriðju ríkjum og viðkomandi samningsríki án viðkomu í heimaríki.

Á síðasta ári gerði Ísland loftferðasamninga við Úkraínu, Marokkó og Mósambík og samkomulag (e. Memorandum of Cooperation) við Japan sem greiðir fyrir beinum flugsamgöngum milli landanna. Þá hafa loftferðasamningarnir við Kenía og Síerra Leóne verið uppfærðir og gerð loftferðasamnings við Georgíu er langt komin.

3.3. Fjárfestingarsamningar.

Fjárfestingasamningar milli ríkja gegna fyrst og fremst því hlutverki að vernda fjárfesta og fjárfestingar þeirra á erlendri grund þannig að þeir njóti lögbundinna réttinda í því ríki þar sem þeir fjárfesta og geti gætt hagsmuna sinna gagnvart dómstólum. Fjárfestingasamningar renna þannig stöðum undir og stuðla að fjárfestingum á milli landa.

Í samningaviðræðum um gerð fjárfestingasamninga leggja ríki gjarnan fram sína eigin samningsfyrirmynd sem grundvöll samningaviðræðna. Samningsfyrirmynd Íslands byggist á svokölluðu OECD-módeli, sem tekur mið af stöðu samningaviðræðna innan OECD um gerð fjölþjóðlegs sáttmála um fjárfestingar, sem stóðu yfir um langt árabíl en lauk án niðurstöðu í byrjun síðasta áratugar.

Helstu ákvæði samningsfyrirmynda Íslands varða svokölluð jafnréttiskjör og bestukjör. Jafnréttiskjör fela í sér að ekki megi gera greinarmun á meðferð innlendra og erlendra aðila og bestukjör fela í sér að ekki megi mismuna erlendum aðilum innbyrðis. Rétt er að undirstrika að tvíhliða fjárfestingasamningar milli ríkja byggja ætíð á gildandi lögum og reglum viðkomandi ríkja. Samningarnir veita þannig engan sjálfstæðan rétt umfram það sem almennt gildir í viðkomandi ríki.

Þá er í samningsfyrirmynd Íslands ákvæði sem felur í sér að eignarnám megi aðeins gera í samræmi við lög gistiríkis. Síðast en ekki síst er í samningsfyrirmyndinni ákvæði um yfirfærslur fjármuna, þar sem miðað er við að fjármunir sem tengjast fjárfestingunni skuli fást yfirfærðir án tafar og án takmarkana.

Eitt mikilvægasta ákvæðið í samningsfyrirmynd flestra ríkja um gerð tvíhliða fjárfestingasamninga er um lausn deilumála. Það felur meðal annars í sér að fjárfestar geti skotið ágreiningi um framkvæmd samningsins til alþjóðlegs gerðardóms og hið sama gildir ef ríkin innbyrðis eiga í deilu um túlkun samningsins.

Á undanförunum árum hefur áhugi íslenskra stjórnvalda og atvinnurekenda á því að gera fleiri tvíhliða fjárfestingasamninga við önnur ríki aukist. Alþingi samþykkti þingsályktun um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga 16. mars 2011 þar sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra var falið að móta stefnu varðandi gerð fjárfestingasamninga við önnur ríki. Stefnan var birt sem hluti af skýrslu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til Alþingis í apríl 2012. Þar koma fram eftirtaldar áherslur:

- Gerðir skulu fjárfestingasamningar við ríki sem hafa vaxið hratt að undanförunu og þar sem ætla má að viðskiptatækifærum fjölgi á næstunni.
- Þá skulu gerðir samningar við ríki sem nú þegar eiga í viðskiptum eða samstarfi við íslenska aðila og fjármagnshreyfingar á milli ríkjanna koma við sögu.
- Loks skulu gerðir samningar við ríki sem hafa gert fríverslunar-, tvísköttunar- eða loftferðasamning við Ísland til að gæta enn frekar þeirra hagsmuna sem felast í þeim samningum.

Ísland hefur gert 11 fjárfestingasamninga við önnur ríki, þar af við níu ríki í tvíhliða samningum og við tvö ríki sem hluta af fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna. Í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna er í sumum tilvikum ákvæði um stofnfjárfestingar og vernd fjárfestinga. Í þeim tilvikum er ekki talin ástæða til að gera sérstakan fjárfestingasamning milli viðkomandi ríkja.

Enginn nýr samningur var gerður á árinu 2019.

3.4. Tvísköttunarsamningar og upplýsingasamningar á sviði skattamála.

Tvísköttun tekna og eigna á sér stað þegar skattur er lagður á sama skattstofn hjá sama skattaðila í tveimur eða fleiri ríkjum á sama tímabili. Markmið tvísköttunarsamninga er tvíþætt: að koma í veg fyrir slíka tvísköttun og vinna gegn undanskotum frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Gerð tvísköttunarsamninga er talin mikilvægur liður í að efla hagvöxt, ekki síst í ríkjum þar sem utanríkisviðskipti eru umfangsmikil. Á grundvelli þess hafa stjórnvöld lagt áherslu á að ljúka samningagerð við ríki þar sem íslenskir aðilar eiga ríkra hagsmuna að gæta. Á sama tíma hefur verið horft til nýrra markaðssvæða eins og kostur er, en þar skipta mestu ábendingar frá þeim aðilum og fyrirtækjum sem stunda utanríkisviðskipti. Einnig eru stjórnvöld meðvituð um að frjálst flæði vinnuafis, vöru og fjármagns sem er til staðar á Evrópska efnahagssvæðinu kallar óhjákvæmilega á skýrari skattareglur á ýmsum sviðum. Þetta fellur

vel að því meginhlutverki tvísköttunarsamninga að skipta skattlagningarrétti milli ríkja í því skyni að koma í veg fyrir þá viðskiptalegu hindrun sem felst í tvísköttun og skekkir samkeppnistöðu.

Samningsfyrirmynd Íslands er að mestu leyti sniðin eftir samningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) en þó með nokkrum frávikum sem stafa af íslenskum réttarreglum og pólitískri stefnumörkun. Staðlaður samningur sem Ísland notar sem grunn við upphaf samningaviðræðna var uppfærður af fjármálaráðuneytinu árið 2018. Samningaviðræður um nýjan tvísköttunarsamning geta hafist ef annað hvort ríkið sem á í hlut óskar formlega eftir þeim og nást samningar alla jafna í tveimur lotum. Tvísköttunarsamningar koma að jafnaði til framkvæmda í upphafi næsta almanaksárs eftir fullgildingu.

Fjöldi tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert og komnir eru til framkvæmda eru 39 talsins við 44 ríki. Utanríkisráðuneytið hefur átt í góðum samskiptum við fjármálaráðuneytið um framhald mála og liggur mest á að koma á tvísköttunarsamningum við ríki þar sem íslensk fyrirtæki stunda viðskipti, til dæmis Indónesíu, Sádi-Arabíu og Eþíópíu. Þá hafa ríki á borð við Ísrael og Georgíu lýst yfir áhuga á að hefja viðræður um tvísköttunarmál. Þá er enn á dagskrá að vinna að gerð tvísköttunarsamnings við Singapúr og Chile. Til stóð að hefja viðræður við Makedóníu en að ósk þeirra var þeim frestað. Fyrirhugaðar eru viðræður við Nýja-Sjáland um gerð tvísköttunarsamnings.

Langtímamarkmið samninganefndar um tvísköttunarmál hefur verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD auk fleiri ríkja í Evrópu, einkum þó við ESB og EFTA-ríkin. Af 35 aðildarríkjum OECD eru samningar við 30 ríki í höfn, en fimm standa eftir; Ástralía, Chile, Ísrael, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Leitast hefur verið eftir formlegum og óformlegum viðræðum við framangreind ríki.

Í ljósi þess hversu langan tíma tekur að hefja samningaferli er nauðsynlegt að horfa til að minnsta kosti þriggja til fjögurra ára í senn við gerð samningaáætlunar.

Áætlun um gerð tvísköttunarsamninga árin 2018-2020

OECD ríki	Evrópa	Önnur ríki
Ástralía	Makedónía*	Suður-Afríka
Chile	Montenegró*	Singapore
Ísrael	Serbía*	Indónesía
Nýja-Sjáland	Bosnía/Herzegovina**	
Tyrkland	Kósavó**	

* Þessi ríki eru umsóknarríki Evrópusambandsins

** Þessi ríki eru á lista Evrópusambandsins yfir hugsanleg umsóknarríki

4. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA.

4.1. Viðskiptaþjónusta.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins styður íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði, veitir ráðgjöf og leitar lausna þegar upp koma vandamál í samskiptum við erlend stjórnvöld, hvað varðar tollamál, heilbrigðisreglur og tæknilegar viðskiptahindranir, svo dæmi séu nefnd. Þá styður viðskiptaþjónustan einnig við það verkefni viðskiptaskrifstofu að vinna að því að búa íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu umgjörð, með gerð ýmissa samninga við erlend ríki.

Utánríkisráðuneytið vinnur náið með Íslandsstofu að þessu markmiði og samstarfið hefur víkkað og dýpkað í kjölfar nýrra laga um Íslandsstofu sem samþykkt voru árið 2018. Nú er unnið að því að efla viðskiptaþjónustuna og útflutningsaðstoð á mörkuðum enn frekar. Til marks um það hefur fagleg stjórn viðskiptafulltrúanna tólf sem eru við störf á ellefu sendiskrifstofum Íslands erlendis verið færð undir Íslandsstofu. Viðskiptafulltrúarnir vinna beint eftir nýrri langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs, eins og betur er greint frá í kafla 5.

4.2. Ný sóknarfæri.

Utanríkisráðuneytið vinnur áfram að því að greina tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að nýta sér fjármagn og stuðning á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, Uppbyggingarsjóðs EES og nýrra samstarfssjóða utanríkisráðuneytisins og atvinnulífsins til að fylgja eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í þróunarríkjum. Þá er einnig unnið að því að upplýsa íslensk fyrirtæki um tækifæri og möguleika í samvinnu við Íslandsstofu og því verkefni verður haldið áfram.

4.3. Norrænt samstarf og fjármagn til fyrirtækja í nýsköpun og hátækni.

Starfrækt eru nú fjögur norræn nýsköpunarhús víðs vegar um heiminn, í Kísildal, New York, Hong Kong og Singapúr. Íslensk fyrirtæki hafa verið áhugasöm um að nýta sér aðstoðina sem þar er í boði og nú eru til dæmis fjögur íslensk fyrirtæki hluti af norræna nýsköpunarhúsinu í Singapúr. Með þátttöku Íslands í verkefninu býðst íslenskum fyrirtækjum og frumkvöðlum aðgangur að norrænu tengslaneti og aðstoð norrænu viðskiptaskrifstofanna á nokkrum af áhugaverðustu og ört vaxandi mörkuðum heims. Til stendur að opna fimmta norræna nýsköpunarhúsið á árinu í Tókýó og húsinu er ætlað að vera stökkpallur fyrir norræn vaxta- og sprotafyrirtæki inn á markað í Japan. Unnið er nú ötullega að því að kynna húsin og möguleikana sem fylgja aðild á Íslandi í samstarfi við stjórnvöld og nýsköpunarumhverfið.

Í Norður-Ameríku tekur Ísland jafnframt þátt í eftirfarandi verkefnum: Nordic Sustainable Cities, Nordic Digital Health og Nordic Welfare Solutions í Kanada sem lauk í lok árs 2019. Um 100 fyrirtæki tóku þátt Nordic Welfare Solutions vinnustofum á Norðurlöndunum, 27 sóttu um og 16 voru samþykkt, þar af fimm frá Íslandi.

Samnorrænt verkefni um sjálfbærar borgir, Nordic Sustainable Cities, er starfrækt í Bandaríkjunum og Kína. Markmið verkefnisins er að styðja við þróun sjálfbærrar þéttbýlismyndunar á mikilvægum markaðssvæðum með viðskiptahagsmunum norrænna fyrirtækja að leiðarljósi. Íslenskum fyrirtækjum sem taka þátt í verkefninu í Kína býðst þátttaka á kynningar- og viðskiptafundum í hratt vaxandi áhersluborgum verkefnisins í Peking, Xiongan, Chengdu, Xianyang, Yixin og Zhaoqing. Verkefnið í Kína er á þriðja starfsári og hefur þegar leitt til viðskiptasamninga íslenskra fyrirtækja á sviði jarðhita og sjálfbærrar eldsneytisframleiðslu.

4.4. Þróunarsamvinna og viðskipti.

Viðskipti Íslands við Afríkuríki eru enn sem komið er mjög lítil, en ástæða er til að gefa álfunni gaum því hún er hratt vaxandi efnahagsveldi. Því er spáð að íbúafjöldi eigi eftir að tvöfaldast fyrir miðja öldina og þar verði 2,5 milljarðar manna og vinnandi hendur hvergi í heiminum fleiri, strax frá 2035. Þróunarsamvinna Íslands í Afríku hefur að miklu leyti beinst að bættri menntun og heilsu, ekki síst mæðra og barna, sem er mikilvæg forsenda fyrir efnahagslegri þróun í álfunni. Efnahagslegur og pólitískur samruni álfunnar eykst jafnt og þétt og 30. maí 2019 tók fríverslunarsamningur Afríku gildi (e. African Continental Free Trade Agreement, AfCFTA), þegar 54 af 55 ríkjum Afríkusambandsins höfðu skrifað undir hann. En þó almennt megi segja að viðskiptatækifæri felist í hratt vaxandi mörkuðum, eru áskoranir enn miklar. Takmarkað aðgengi er að lánsfé, spilling er mikil, stofnanir eru óskilvirkar og fátækt er víða mikið – allir þessir þættir og fleiri geta gert starfsumhverfið erfitt. Varast ber þó að alhæfa nokkuð um alla álfuna í þessum efnunum, og flest ríki glíma nú þegar við neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga.

Stærstu viðskipti Íslands við álfuna eru skreiðarviðskipti í Nígeríu. Þau eru dæmi um viðskipti þar sem vara, sem annars er ekki markaður fyrir og væri sóað að öllum líkindum, skilar milljörðum í íslenskt þjóðarþú þrátt fyrir almennt litla kaupgetu viðskiptavina. Með hugviti mætti finna fleiri slíka markaði. Það eru líka dæmi um mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar í viðskiptum í Afríku en íslenskir skreiðarútflytjendur hafa styrkt tugi þúsunda augnaðgerða í Nígeríu og skapað sér þannig mikilvæga viðskiptavild.

Einungis 40% íbúa álfunnar hafa aðgang að rafmagni og 17% hafa aðgang að grænni orku fyrir eldamennsku. Gríðarleg eldiviðarnotkun hefur afar neikvæð umhverfisleg áhrif. Í þessu felast viðskiptatækifæri þar sem áhersla er lögð á heimsmarkmið nr. 7 um hreina orku fyrir alla, í fjölbjóðlegu, svæðisbundnu og tvíhliða þróunarstarfi. Íslensk þróunarsamvinna hefur stutt við þetta markmið og íslenskar verkfræðistofur tekið þátt í þessari þróun, einkum í Sigdalnum mikla í austanverðri Afríku, þar sem mikinn jarðhita er að finna. Stærstu verkefni í burðarliðnum eru í Eþíópíu. Einnig felast mikil tækifæri í nýtingu og í dreifingu á vatnsorku í fjölmörgum löndum Afríku og ekki síst í sólarorku. Í apríl fagnaði forsætisráðherra Eþíópíu fyrsta orkusölusamningi landsins við einkafyrirtæki sem undirbýr nú nýtingu á jarðvarma til raforkuframleiðslu. Um er að ræða samning við fyrirtæki sem er að hluta í íslenskri eigu og sem fjölmargir íslenskir sérfræðingar hafa unnið að til fjölda ára. Fleiri slík verkefni eru í burðarliðnum í Eþíópíu.

Í lok október síðastliðins skipulögðu norræn sendiráð í Addis Ababa í Eþíópíu, ásamt sendiráði Íslands í Kampala, ráðstefnu um norrænar orkulausnir og hvernig þær geta nýst markmiðum Eþíópíu í orkumálum. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni í því augnamiði að styðja við heimsmarkmiðin og kynna norrænar lausnir á hnattrænum áskorunum. Ráðinn var sérstakur orkumálafulltrúi tímabundið til aðstoðar norrænum fyrirtækjum og kynningarefni útbúið.

4.5. Viðskipti og kjörræðismenn Íslands.

Kjörræðismenn vinna mikilvægt starf um heim allan fyrir utanríkisþjónustuna en alls gegna 216 einstaklingar í 88 ríkjum nú hlutverki kjörræðismanna Íslands. Þeir eru ólaunaðir og vinna náði með utanríkisráðuneytinu og sendiráðum að því að gæta íslenskra hagsmuna á ólíkum sviðum.

Í lok september fór fram ræðismannaráðstefna sem haldin var í áttunda sinn. Mikil áhersla var á viðskipta- og efnahagstengd málefni, enda geta ræðismenn stutt við útrás íslenskra fyrirtækja á sínum markaði og vakið athygli á Íslandi sem fýsilegum fjárfestingarkosti og áfangastað fyrir ferðamenn. Meðal annars var fjallað um nýja langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning og sagt frá breytingum á starfi Íslandsstofu, fjallað um markaðsátök til að auka áhuga erlendra ferðamanna á að heimsækja Ísland, sagt frá aðgerðum íslenskra stjórnvalda á sviði orkumála og grænnar orku, fjallað um íslenska menningu og landbúnaðarafurðir, sagt frá starfi nýsköpunarfyrirtækja og stöðu jafnréttismála, svo dæmi séu tekin. Þá er nú unnið að því að auka og efla upplýsingagjöf til kjörræðismanna Íslands í þágu viðskiptasóknar, ekki síst á fjarlægum mörkuðum, svo þeir hafi greiðan aðgang að góðu upplýsingaefni sem þeir geti nýtt sér við störf sín í þágu Íslands.

4.6. Iceland Naturally – 20 ár af árangursríkri sókn á Bandaríkjamarkað.

Iceland Naturally tók til starfa árið 2000. Það er samstarfsverkefni aðalræðisskrifstofunnar í New York, Íslandsstofu og tólf fyrirtækja með viðskiptahagsmuni í Norður-Ameríku. Iceland Naturally skipuleggur tugi markaðsaðgerða ár hvert til að kynna Ísland sem áfangastað, íslensk vörumerki, vöru og þjónustu, sem og menningu. Stærstu verkefni eru Íslandshátíðir – Taste of Iceland – á áherslumörkuðum í Bandaríkjunum og Kanada sem náðu til fimm borga árið 2019, þar af einnar í Kanada. Iceland Naturally vinnur náði með kynningarmiðstöðvum skapandi greina á Ísland. Nefna má sem dæmi samstarf varðandi kynningu á Íslandi sem áfangastað fyrir kvikmyndaframleiðendur sem staðið hefur í tæp 20 ár, samstarf við Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar á íslenski tónlist og Íslandi sem áfangastað fyrir hljóðupptök og náði samstarf við Hönnunarmiðstöð, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Miðstöð íslenskra bókmennta í gegnum árin. Iceland Naturally hefur byggt upp öflugt samfélag á vefnum og nær til rúmlega milljón neytenda í Norður Ameríku í gegnum samfélagsmiðla. Þá fer „The Icelander“, fréttabréf Iceland Naturally til rúmlega 250 þúsund áskrifenda í Bandaríkjunum og Kanada í hverjum mánuði.

5. ÍSLANDSSTOFA.


5.1. Almenn.

Áfram hefur verið unnið að því að efla Íslandsstofu og framkvæma breytingar á stofnuninni í kjölfar nýrra laga sem Alþingi setti árið 2018, með það að markmiði að gera stofnuninni betur kleift að sinna hlutverki sínu, að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlendra ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Markmiðið með breytingunum var að efla Íslandsstofu og samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við markaðsstarf á erlendum mörkuðum, jafnhliða því að auka samþættingu og samstarf allra þeirra aðila sem koma að þessum verkefnum.

Í október kynnti Íslandsstofa langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning. Stefnumótunin var unnin af Íslandsstofu, fyrir hönd utanríkisráðuneytisins, í nánú samstarfi við íslenskar atvinnugreinar. Alls komu um 400 manns að vinnunni með beinum hætti, en haldnar voru 13 vinnustofur um land allt, með fulltrúum allra helstu útflutningsgeira landsins. Mikil samstaða var um að sjálfbærni væri samnefari yfir áherslur Íslands í markaðsstarfi. Markmiðið er að Ísland sé þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni og fléttast sú framtíðarsýn inn í sex stefnumótandi áherslur stefnumótunarinnar sem eru: orka og grænar lausnir, hugvit, nýsköpun og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónusta, sjávarútvegur, sérhæfð matvæli og náttúruafurðir. Þá voru helstu markaðssvæðin einnig skilgreind, en áfram eru hefðbundnir útflutningsmarkaðir Íslands mikilvægastir. Samhljómur var um að Norður-Ameríka, Vestur-Evrópa og Kína yrðu áherslumarkaðir Íslands næstu ár. Markaðs- og kynningarstarf miðar því einkum að þeim svæðum.

Nýja stefnan var samþykkt af útflutnings- og markaðsráði, sem sett var á fót með nýju lögunum, en ráðið gegndi einnig lykilhutverki við mótun langtímastefnunnar og fylgir henni sömuleiðis eftir. Í ráðinu sitja 36

fulltrúar atvinnulífs og stjórnvalda og úr ólíkum geirum viðskipta- og atvinnulífs. Skilgreind hafa verið árangursviðmið svo hægt sé að meta árangur stefnumótunarinnar. Stefnan er mörkuð til fimm ára í senn, en árangursviðmið eru sett á fimm og tíu ára tímabili.



Heimild: Íslandsstofa

Haustið 2019 var fagleg stjórnun og yfirsýn yfir störf viðskiptafulltrúa færð frá utanríkisráðuneytinu til Íslandsstofu. Það var talin eðlileg breyting þar sem Íslandsstofa heldur utan um markaðsstarf á erlendri grundu og því mikilvægt að samhljómur sé í starfi Íslandsstofu og viðskiptafulltrúanna. Sérstakir viðskiptafulltrúar eru við störf á ellefu sendiskrifstofum Íslands erlendis, í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku. Þeir hafa það hlutverk að kynna Ísland, íslensk vörumerki, vörur og þjónustu og veita viðskiptaþjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja. Viðskiptafulltrúarnir búa yfir bæði djúpri þekkingu á markaðssvæðum sínum, auk þess að búa yfir víðtæku tengslaneti og mikilli reynslu. Öll sendiráð hafa það hlutverk að styðja við íslenskt atvinnu- og viðskiptalíf erlendis, bæði með því að opna dyr og hjálpa til við sókn á nýja markaði, en einnig koma til aðstoðar þegar greiða þarf úr vandamálum gagnvart stjórnvöldum og opinberum stofnunum.

Í september 2019 var Grænvangi, samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir, hleypt af stokkunum. Grænvangur er hýstur hjá Íslandsstofu. Hlutverk Grænvangs er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Grænvangur hefur einnig það hlutverk að vinna með íslenskum fyrirtækjum að því að markaðssetja umhverfis- og loftslagsvænar lausnir á alþjóðamarkaði en það er gert undir enska nafninu „Green by Iceland“.

Alþjóðadagur viðskiptalífsins fór fram í fyrsta sinn í nóvember 2019, en hann er haldinn á grundvelli samstarfssamnings alþjóðlegu viðskiptaráðanna og utanríkisráðuneytisins sem gerður var árið 2018. Eitt af markmiðum samkomulagsins var að vinna sameiginlega að alþjóðlegri ráðstefnu þar sem athygli væri vakin á alþjóðlegum málefnum. Yfirskrift fyrstu ráðstefnunnar var „Hvernig verður fyrirtækið þitt árið 2030“ og þar var meðal annars fjallað um þær áskoranir sem viðskiptalífið stendur frammi fyrir vegna tæknibreytinga á borð við gervigreind og sjálfvirkni og hvaða tækifæri felast í þessari nýju tækni.

6. ALÞJÓÐLEGT MENNINGARSTARF.

Vöxtur og viðgangur íslenskrar menningar og listalífs í útlöndum setur sífellt sterkari svip á daglegt starf utanríkisþjónustunnar. Smár heimamarkaður sníður menningu, listum og afþreyingu þrengri stakk en stærri þjóðum. Svarið er að sækja út í heim þar sem mörgum er afar vel tekið.

Vart telst til tíðinda lengur að myndlistarmaður opni sýningu eða hljómsveit haldi tónleika í þekktum menningar- og listhúsum stórborga heimsins. Íslensk nöfn eru reglulega tilnefnd til stórra verðlauna í heimi tónlistar og kvikmynda og æ oftar hreppir okkar fólk hnossið. Sama á við um leikhúsfólk sem setur á svið sýningar, íslenskar og útlendar, í virtum leikhúsum víða um lönd. Þýddar íslenskar bækur eru gefnar út á tugum tungumála.

Góð tengsl eru víða milli sendiráða og lista- og menningarstofnana. Þannig verður til vettvangur fyrir viðburði á sviði lista og menningar. Samstarf sendiráða Norðurlandanna á menningarsviðinu, sem oft nýtur styrkja úr norrænum sjóðum, er alltaf að aukast. Nú er til dæmis í burðarliðnum menningarhátíð í Kanada,

Nordic Bridges, þar sem norrænu sendiráðin eru bakhjarlar. Oft eru sérstök söguleg tilefni til að vegsama listir og menningu. Á þessu ári fögnum við til dæmis 80 ára afmæli utanríkisþjónustunnar og aldarafmæli elsta sendiráðsins, sem opnað var í Kaupmannahöfn 1920.

Utanríkisráðuneytið vinnur náið með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Íslandsstofu og kynningarmiðstöðvum. Miðstöðvarnar leggja faglegt mat á erindi og beiðnir um stuðning sem ráðuneytinu berast og hafa hönd í bagga við gerð menningaráætla sendiráðanna.

7. FJÖLÞJÓÐLEGT VIÐSKIPTASAMSTARF (FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR).

7.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).

Litlar þjóðir með tiltölulega einhæft atvinnulíf þurfa að reiða sig á inn- og útflutning í ríkari mæli en stórar þjóðir, sem búa við fjölbreyttari atvinnuvegi og eru sjálfum sér nægar á fleiri sviðum. Greið milliríkjavíðskipti, sem WTO stendur vörð um, eru Íslandi því afar mikilvæg.

Langvinn atök stórra ríkja í WTO varpa skugga á starfið um þessar mundir. Farvegur fyrir lausnir ágreiningsmála er í uppnámi. Bandaríkin og fleiri ríki takast á um skipan dómara í áfrýjunarnefnd, sem úrskurðar í deilumálum. Nefndin hefur verið lömuð frá í desember.

Við þetta bætast djúpstæðar deilur völdugra ríkja, einkum Kína og Bandaríkjanna, sem valda uppnámi. Væringarnar draga úr alþjóðlegum hagvexti, veikja efnahag heimsbyggðarinnar og ýta undir lausung í viðskiptum, sem bitnar ekki bara á þeim sjálfum, heldur enn frekar á minni ríkjum, sem ekki geta neytt aflsmunar í ágreiningi og þurfa að reiða sig á reglufestu.

Þrátt fyrir óveðursskýin, sem setja mark sitt á starfið í bili, er WTO mikilvæg stofnun fyrir Ísland. Við skipum okkur í sveit ríkja sem sjá hagsæld sinni best borgið með því að tryggja starfsemi stofnunarinnar þannig að hún geti rækt það mikilvæga hlutverk sitt að standa vörð um sanngjörn og greið alþjóðaviðskipti.

Þótt sum stóru ágreiningsmálin snerti Ísland ekki beint er iðulega tekist á um skipan mála, sem skapa fordæmi fyrir hliðstæð mál, sem ekki komast í sviðsljósið. Fordæmin geta leitt til breytinga, sem rýra viðskiptakjör okkar. Því er brýnt að fylgjast grannt með og láta röddina heyrast þegar þörf krefur. Reglur um ríkisstyrki í sjávarútvegi, sem er brýnt hagsmunamál fyrir Ísland, eru á dagskrá. Íslensk stjórnvöld beita sér af öllu afli gegn slíkum styrkjum.

Ríkisstyrkir til vinnslu jarðefnaeldsneytis er af svipuðum toga og tala íslensk stjórnvöld gegn hvers kyns markaðsröskun á því sviði. Niðurgreitt jarðefnaeldsneyti dregur úr hugsanlegum arði af fjárfestingu í endurnýjanlegri orku, sem stríðir gegn hagsmunum Íslands.

Fastanefnd Íslands í Genf heldur á lofti stefnu Íslands í jafnréttismálum og gerir það sem í hennar valdi stendur til að vinna þeim framgang, meðal annars með því að leiða vinnuhóp WTO um jafnréttismál og alþjóðaviðskipti, ásamt Botswana og Alþjóðaviðskiptamiðstöðinni (ITC).

7.2. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Ísland var eitt stofnríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) 1961. Ræturnar liggja í Efnahagsstofnun Evrópu (OEEC), forvera OECD sem varð til eftir stríð og annaðist meðal annars framkvæmd Marshall-aðstoðarinnar. Höfuðstöðvarnar eru í París og fastanefnd Íslands þar gætir hagsmuna ríkisins í stofnuninni, til dæmis í OECD-ráðinu sem gerir verkefnaáætlanir og ákveður framlag ríkja til stofnunarinnar.

Hátt í 100 opinberir starfsmenn taka þátt í störfum OECD á ári hverju, þar á meðal við greiningu á stöðu efnahagsmála á Íslandi. Menntamál, skattamál, heilbrigðismál, samkeppnismál, ferðamál og atvinnumál koma líka við sögu.

Á ráðherrafundi OECD í fyrra var fjallað um það hvernig aðildarríkin gætu sem best búið sig undir stafræna byltingu. OECD býr yfir mikilli þekkingu um viðskipti, skattlagningu, menntun og síðast en ekki síst friðhelgi einkalífs í þessu sambandi. Ástandið í viðskiptamálum á heimsins og ágreiningur um skipan mála var á dagskráfundarins. Ráðherrar hvöttu OECD til halda vöku sinni og reyna að sjá fyrir hvernig stafrænir viðskiptahættir breyta viðskiptum milli landa í framtíðinni.

Í september kom Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, í heimsókn til Ísland og afhenti efnahagsskýrslu stofnunarinnar um Ísland sem unnin er á tveggja ára fresti. Að þessu sinni var í skýrslunni horft sérstaklega til úrbóta í menntamálum. Þá tók hann þátt í ráðstefnu um uppbyggingu velsældarhagkerfis sem fór fram á sama tíma en OECD hefur unnið mikið starf varðandi þróun mælikvarða þar að lútandi.

Íslensk stjórnvöld hófu í fyrra samstarf við OECD um gerð hæfnismats á regluverki ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi til að draga úr samkeppnishindrunum. Verkefnið er eitt það stærsta sem Ísland hefur unnið með nokkurri alþjóðastofnun og niðurstöður líta dagsins ljós á miðju ári 2021.

Ísland á einnig í nánú samstarfi um menntamál við OECD en stofnunin sér meðal annars um PISA könnunina, eitt mikilvægasta samanburðartöl sem íslensk stjórnvöld hafa aðgang að. Þá snýst samstarfið einnig um heimsmarkmið númer fjögur.

Fastanefndin og forsætisráðuneytið hafa að undanfögnu unnið að því að kortleggja þátttöku Íslands í starfsemi OECD í því skyni að gera hana árangursríkari.

8. ÚRSÖGN BRETLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU OG VIÐRÆÐUR UM FRAMTÍÐAR-SAMBAND VIÐ BRETLAND.

8.1. Almenn.

Bretland gekk formlega úr Evrópusambandinu 31. janúar 2020, þremur og hálfu ári eftir að meirihluti kjósenda reyndist fylgjandi útgöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu 23. júní 2016. Útgönguferlið gekk ekki klakklaut fyrir sig. Bresk stjórnvöld tilkynntu 29. mars 2017 um útgöngu úr ESB. Samkvæmt 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið var gert ráð fyrir að Bretland gengi úr sambandinu tveimur árum eftir að tilkynnt var um útgöngu, eða 29. mars 2019. Fyrstu drög af útgöngusamningi Bretlands og ESB voru samþykkt af hálfu ESB í nóvember 2018 en þar sem ekki tókst að fá samþykki breska þingsins fyrir samningnum var útgöngu frestað í þriggung. Boris Johnson tók við af Theresu May sem forsætisráðherra Bretlands í júlí 2019 og tókst að knýja fram ákveðnar breytingar á útgöngusamningnum sem vörðuðu landamærin á milli Írlands og Norður-Írlands. Þar sem breski Íhaldsflokkurinn vann afgerandi sigur í þingkosningum sem fóru fram 12. desember 2019 reyndist Johnson í kjölfarið auðsött að koma útgöngusamningi sínum í gegnum breska þingið.

Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu kemur til með að hafa umtalsverð áhrif á samband Íslands og Bretlands. Undanfarin ár hefur því umfangsmikil vinna átt sér stað innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins í heild bæði vegna útgöngunnar sjálfar og til að undirbúa viðræður um framtíðarsamband við Bretland sem hefjast í maí 2020 og fara fram samhliða viðræðum Bretlands og ESB.

Þar sem Bretland gekk úr ESB á grundvelli útgöngusamnings tók aðlögunartímabil gildi frá útgöngudegi til ársloka 2020. Á aðlögunartímabilinu er Bretland áfram bundið af regluverki ESB, þar með töldum alþjóðasamningum. Þetta þýðir að enn hefur engin breyting orðið á sambandi Íslands og Bretlands þar sem samningar Íslands við ESB gilda áfram um Bretland en þar skiptir EES-samningurinn mestu máli. Yfirlýst stefna breskra stjórnvalda er að ljúka viðræðum við ESB og önnur nán samstarfsríki eins og Ísland og hin EFTA-ríkin um framtíðarsamning áður en aðlögunartímabilinu lýkur. Árið 2020 er því ákaflega annasamt þegar kemur að viðræðum við Bretland.

Svo getur farið að viðræðum um ákveðna þætti eins og vöru- og þjónustuviðskipti verði lokið en viðræður um nánara samstarf á ýmsum sviðum haldi áfram eftir lok aðlögunartímabilsins.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að aðlögunartímabilinu ljúki áður en framtíðarsamningur hefur tekið gildi. Komi til þess munu samningar sem þegar hafa verið gerðir við Bretland vegna undirbúnings fyrir hugsanlega útgöngu Bretlands úr ESB án samnings tryggja kjarnahagsmunum Íslands á sviði vöruviðskipta og loftferða þar til viðræðum um viðtækari framtíðarsamning er lokið.

Viðræður um framtíðarsamning við Bretland eru óvenjulegar á margan hátt enda byggjast viðskipti og samskipti okkar við Bretland á fjölmörgum sviðum að mestu leyti á EES-samningnum. Útganga Bretlands úr ESB hefur í för með sér að EES-samningurinn gildir ekki lengur um Bretland að aðlögunartímabilinu loknu en þetta er í fyrsta sinn sem ríki yfirgefur EES-samstarfið. Mikilvægt er að vel takist til þar sem Bretland er næststærsta viðskiptaþjóð Íslands og hefur fram að þessu verið hluti af innri markaðnum. Útganga Bretlands úr honum hefur óhjákvæmilega í för með sér töluverðar breytingar á sambandi Íslands og Bretlands sem felur í sér áskoranir sem þarf að takast á við og tækifæri sem mikilvægt er að nýta sem best.

8.2. Ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr ESB og EES.

Í samningnum eru einnig ákvæði um tengd réttindi sem varða til að mynda almannatryggingar og viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Þá er í samningnum greitt úr ýmsum tæknilegum úrlausnarefnum vegna útgöngu Bretlands úr EES á sviði vöruviðskipta, opinberra innkaupa, hugverkaréttinda, persónuverndar og tollamála.

Um langt skeið ríkti mikil óvissa um það hvort Bretland gengi úr ESB á grundvelli útgöngusamnings eða án slíks samnings. Íslensk stjórnvöld þurftu því að búa sig undir mismunandi sviðsmyndir. Í tilfelli útgöngu án samnings þurfti að gera ráð fyrir því að ekkert aðlögunartímabil tæki gildi og að EES-samningurinn og aðrir samningar Íslands við ESB hefðu hætt að gilda um Bretland strax við útgöngu.

Skilgreind voru ákveðin forgangssvið þar sem afar mikilvægt þótti að tryggja kjarnahagsmunum á milli Íslands og Bretlands, ekki síst áframhaldandi búseturéttindi íslenskra og breskra borgara og tryggja að sem

minnst röskun yrði á vöruviðskiptum og flugi á milli ríkjanna. Þrír samningar voru gerðir við Bretland á þessum mismunandi sviðum sem hefðu getað tekið gildi ef til þess hefði komið að Bretland hefði gengið úr ESB án samnings. Ýmist var samið tvíhliða við Bretland, ásamt Norðmönnum eða í samfloti með hinum EFTA-ríkjunum innan EES. Þá var samkomulag (MoU) um fólksflutninga á milli Íslands og Bretlands í kjölfar hugsanlegrar útgöngu án samnings einnig undirritað.

Allar ESB-gerðir um flug, fjármálaþjónustu og aðrar varúðarráðstafanir ESB sem tengdust innri markaðnum voru teknar upp í EES-samninginn. EFTA-ríkin innan EES voru því ekki í lakari stöðu en aðildarríki ESB þegar kom að varúðarráðstöfunum vegna hugsanlegrar útgöngu án samnings.

Vinna vegna undirbúnings fyrir útgöngu án samnings getur komið að góðum notum á ný, ef svo fer að ekki næst að ljúka viðræðum um framtíðarsamning fyrir lok árs 2020, þegar áætlað er að aðlögunartímabilinu ljúki.

Þess má einnig geta að lög um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr ESB og EES voru samþykkt á Alþingi 17. október 2019. Lögin tryggja meðal annars að samningar okkar við Bretland um útgönguskilmála geta tekið gildi og skilgreina þar að auki stöðu Bretlands á aðlögunartímabilinu.

Samráð vegna Brexit, 11. janúar 2017 til 28. janúar 2020



8.3. Viðræður um framtíðarsamband við Bretland.

Eins og fram hefur komið verður engin marktæk breyting á samskiptum Íslands og Bretlands á þessu ári heldur byggjast þau áfram á samningum Íslands við ESB. Þótt möguleiki sé á allt að tveggja ára framlengingu aðlögunartímabilsins stefna Bretar að fullum aðskilnaði frá ESB í lok ársins.

Í febrúar síðastliðnum birti breska ríkisstjórnin samningsmarkmið sín fyrir viðræður við ESB. Þar er stefnt að víðtækum fríverslunarsamningi auk sértækra samninga á nokkrum sviðum, s.s. fiskveiða, loftferða, orku, búseturéttinda o.fl. Fríverslunarsamningur myndi ná yfir öll svið viðskipta og er í því sambandi vísað til fríverslunarsamninga sem Evrópusambandið hefur lokið á síðastliðnum árum sem mögulegrar fyrirmyndar, s.s. Kanada. Breska ríkisstjórnin sér ekki fyrir sér sameiginlegt stofnanakerfi eða ákvæði um lausn deilumála sem ná til allra samninganna. Hver og einn samningur eigi að hafa sína eigin stofnanauppbyggingu og ákvæði um lausn deilumála. Jafnframt er tekið fram að dómstóll Evrópusambandsins megi ekki hafa þar neina aðkomu. Sérstaklega er tekið fram í samningsmarkmiðunum að sambærileg sjónarmið eigi við fyrir samningaviðræður við EFTA-ríkin.

Drög að samningsmarkmiðum ESB voru birt 3. febrúar og 18. mars birti ESB samningstilboð í heild sinni. Í samningstilboði ESB er lagt upp með einn samning sem á að ná yfir öll svið samstarfsins. ESB skiptir mögulegum framtíðarsamningi niður í þrjú meginsvið; a) almenn ákvæði um grunnreglu, meginreglu og stofnanauppbyggingu, b) efnahagslegar ráðstafanir sem myndu ná yfir viðskipti og jöfn samkeppnisskilyrði og c) ákvæði um öryggismál á sviði löggæslu, samstarf á sviði dómsmála, utanríkismál og öryggis- og varnarmál.

Bretar hafa ekki birt þá texta sem þeir hafa lagt fyrir Evrópusambandið. Í meginráttum er þó nokkur samhljómur á milli samningsmarkmiða ESB og Bretlands. Báðir aðilar virðast stefna að nánú efnahagslegu samstarfi og yfirgripsmiklum fríverslunarsamningi en á sama tíma mun Bretland ganga út úr innri markaðnum. Sú mikla áhersla sem Bretland leggur á sjálfstæði og fullveldi Bretlands og sú áhersla sem Evrópusambandið leggur á jöfn samkeppnisskilyrði geta samt sem áður reynst samningsaðilunum erfið þegar kemur að samningaviðræðum um ríkisstyrki, samkeppnismál, umhverfismál og vinnuréttarlöggjöf. Ekki síst þegar samið verður um ákvæði um lausn deilumála. ESB gerir jafnframt kröfu um áframhaldandi aðgang að fiskimiðum innan breskrar lögsögu en Bretar leggja áherslu á að verða sjálfstætt fiskveiðiríki.

Fyrsta lota í viðræðum Bretlands og Evrópusambandsins fór fram 2.–5. mars og fleiri lotur höfðu verið skipulagðar áður en COVID-19-faraldurinn gerði það að verkum að öllum lotum var frestað um óákveðinn tíma. Viðræður eru nú hafnar á ný og önnur lota viðræðanna fór fram í gegnum fjarfundabúnað daganna 20.–24. apríl. Gert er ráð fyrir að þessu fyrirkomulagi verði haldið áfram á meðan ferðatakmarkanir vegna COVID-19 eru enn í gildi.

Íslensk stjórnvöld hafa átt í nánnum samskiptum við fulltrúa bresku ríkisstjórnarinnar, við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-ríkin – sérstaklega EFTA-ríkin innan EES – varðandi undirbúning viðræðna. Sendiráð Íslands í London og Brussel gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi og gera það áfram á meðan á samningaviðræðunum stendur.

Mögulegt er að vegna EES-samningsins komi atriði í samningum Bretlands og ESB til með að hafa bein áhrif á feni samnings Íslands og Bretlands. Ísland hefur því lagt áherslu á að samningaviðræður Íslands og Bretlands, og eftir atvikum hinna EFTA-ríkjanna innan EES, fari fram samhliða viðræðum Bretlands og ESB. Bresk stjórnvöld hafa staðfest að svo verði.

8.4. Undirbúningur samningaviðræðna á Íslandi.

Um leið og undirbúningur hófst árið 2017 fyrir viðræður um framtíðarsamband við Bretland settu íslensk stjórnvöld fram þrjár skýrar sviðsmyndir:

- að gerður verði djúpur og víðfeðmur efnahags- og samstarfssamningur við Bretland sem undirstrikar nán tengsl landanna á helstu sviðum
- að EFTA-ríkin fjögur (Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss) eða EFTA-ríkin þrjú innan EES (EFTA-ríkin utan Sviss) semji í sameiningu við Bretland þegar það á við og samræmist hagsmunum Íslands
- að samningur við Bretland taki mið af samningum ESB og Bretlands þegar það á við og samræmist hagsmunum Íslands

Í desember síðastliðnum skipaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra aðalsamningamann og samninganefnd sem falið hefur verið það hlutverk að skilgreina samningsmarkmið og leiða viðræður af Íslands hálfu um framtíðarsamband við Bretland eftir brotthvarf þess úr ESB. Ljóst er að framtíðarviðræður koma til með að snerta svið sem falla undir öll ráðuneyti og nán samvinna á milli þeirra því gífurlega mikilvæg. Gert er ráð fyrir að vinnuhópar sem í eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta og skipaðir voru vegna útgöngunnar haldi áfram störfum. Samninganefndin getur þannig dregið fram sérfræðipækkingu og stuðning þeirra í framtíðarviðræðum við Bretland. Nefndin starfar í umboði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra en umsjón og umsýsla viðræðanna verður á verksviði viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Eins og gefur að skilja hafa upprunalegar timalínur riðlast vegna COVID-19 faraldursins. Að öllum líkindum hefjast samningaviðræður við Bretland í maí og fara fram í gegnum fjarfundabúnað fyrst um sinn. Enn sem komið er það yfirlýst stefna breskra stjórnvalda að lengja ekki aðlögunartímabilið þrátt fyrir að COVID-19 faraldurinn hafi seinkað viðræðum umtalsvert.

EFTA-ríkin innan EES koma til með að semja sameiginlega við Bretland, a.m.k. þegar kemur að hefðbundnum fríverslunarviðræðum. Mögulegt er að EFTA-ríkin innan EES komi til með að semja sameiginlega á öðrum sviðum sem falla utan fríverslunarviðræðna en slíkt samráð verður metið út frá hagsmunum Íslands.

Að öllum líkindum koma samningar á milli Íslands og Bretlands til með að byggjast á víðtækum fríverslunarsamningi með mögulegum viðbótarsamningum á sviðum sem ekki er venjulega samið um í fríverslunarviðræðum. Á þessu stigi samningaviðræðanna er enn nokkur óvissa um fyrirmynd og form viðræðna þar sem Bretland hefur ekki gefið út samningsmarkmið gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES. Þó er hægt að draga ályktanir um vilja Breta út frá samningsmarkmiðum þeirra gagnvart Evrópusambandinu. Líklegt er að í fríverslunarsamningi verði meðal annars samið um markaðsaðgang fyrir vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og fjárfestingu og opinber innkaup. Samningurinn myndi jafnframt innihalda ákvæði um upprunareglur og tollamál, tæknilega staðla og reglur um plöntu- og dýraheilbrigði, hugverkaréttindi, sjálfbæra þróun og vinnuréttarmál auk ákvæða um samkeppnismál og undirboðs- og jöfnunartolla. Jafnframt þessu myndi Ísland leggja áherslu á að ræða málefni sem varða sjávarútvegsmál, búsetu- og atvinnuréttindi, námsréttindi og skólagjöld, rannsóknir og menntun, loftferðir, reikigjöld og samstarf á sviði lögreglumála og tollgæslu. Ekki er útilokað að einhver þessara sviða verði felld undir fríverslunarsamning.

Utanríkisráðherra hefur kynnt ríkisstjórninni samningsmarkmið Íslands fyrir framtíðarviðræðurnar. Þau byggjast á fyrirbyggjandi undirbúningsvinnu og samráði við hagsmunaaðila, önnur ráðuneyti og viðkomandi stofnanir. Í janúar 2020 komu fulltrúar þessara aðila saman til fundar í utanríkisráðuneytinu og fleiri samráðsfundir eru ráðgerðir á meðan viðræður standa yfir.

Viðræður um **framtiðarsamband við Bretland** skiptast í þrjú megin svið



Fríverslunarviðræður

12 til 14 vinnuhópar



Samningar sem falla utan fríverslunarviðræðna

4 til 8 vinnuhópar



Útgöngusamningur og tengd málefni

2 til 3 vinnuhópar



Samtals um **30 sérfræðingar** frá ráðuneytum og stofnunum sem koma með beinum hætti að framtiðarviðræðum við Bretland

8.5. Útflutningur á hlífðarbúnaði frá ríkjum ESB

Í reglugerð sem ESB gaf út 14. mars var í ljósi COVID-19 faraldursins sett krafa um sérstakt útflutningsleyfi vegna útflutnings til ríkja utan ESB á tilteknum hlífðarbúnaði sem notaður er við aðhlyningu sýktra einstaklinga. Krafan um útflutningsleyfi átti samkvæmt orðalagi reglugerðarinnar við um útflutning frá aðildarríkjum sambandsins til EFTA-ríkjanna, en hins vegar ekki um útflutning frá einu aðildarríki sambandsins til annars.

Íslensk stjórnvöld, ásamt öðrum EFTA-ríkjum, mótmæltu því að útflutningur til EFTA-ríkjanna væri ekki undanþeginn kröfu um útflutningsleyfi líkt og útflutningur til annarra aðildarríkja ESB. Þannig komu forsætisráðherra og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra mótmælum Íslands á framfæri, og mótmælum var sömuleiðis komið á framfæri í sameiginlegu EES-nefndinni. ESB féllst á sjónarmið Íslands og annarra EFTA-ríkja og gerði breytingar á umræddri reglugerð á þann veg að útflutningur til EFTA-ríkjanna á hlífðarbúnaði var undanþeginn kröfunni um útflutningsleyfi.

8.6. Aðild að samningi um sameiginleg innkaup á lækningabúnaði, lyfjum, vöru og þjónustu.

Ísland gerðist 30. mars aðili að samningi sem nær öll aðildarríki ESB auk Bretlands höfðu gert með sér um að standa saman að innkaupum á lækningabúnaði, lyfjum, vöru og þjónustu sem nauðsynleg eru hverju sinni. Með samningnum geta aðildarríki hans fengið hagstæðari kjör og skjótari afgreiðslu á slíkum vörum og þjónustu. Aðildin að honum því mjög mikilvægur liður í að tryggja íslenskum heilbrigðisyfirvöldum nauðsynleg aðföng fyrir heilbrigðisþjónustu vegna COVID-19 faraldursins

9. EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ.

Vísað er til [skýrslu starfshóps utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um EES-mál](#) sem kom út í október 2019 þar sem fjallað er sérstaklega um aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

IV. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL.

1. ALMENNT.


Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland er leiðarljós þegar kemur að öryggis- og varnarmálum en sem herlaus þjóð tryggir Ísland öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnanna.

Breyttu öryggisumhverfi Íslands er mætt með því að vinna með markvissum hætti að því að tryggja öryggi og varnir landsins. Grundvöllur varna og öryggis Íslands er aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá 1951. Þá hafa örar tækniframfarir í för með sér nýjar ógnir og til að mæta þessum áskorunum hefur áhersla á afvopnunarmál aukist. Íslandi er aðili að öllum fjölþjóðlegum samningum og samkomulögum á þessu sviði.

Utanríkisráðuneytið fer með varnarmál í nánú samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Framkvæmd varna- og öryggistengdra verkefna er í höndum Landhelgisgæslu Íslands og Ríkislögreglustjóra. Einnig er gott samstarf við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið um netöryggismál.

Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum

Upphæðir í milljónum króna



Auk þess að vinna að því að tryggja að geta og sérfræðiþekking í varnarmálum sé til staðar í landinu er mikilvægt að fylgjast náið með þróun öryggisumhverfisins og pólitískrar umræðu um öryggismál. Það er meðal annars gert með virkri norrænni samvinnu á þessu sviði, innan NB8 hópsins, með öðru grannríkjasamstarfi en einnig virkri þátttöku á vettvangi alþjóðastofnanna. Sérstakur sendiherra fyrir afvopnunarmál tryggir aðkomu Íslands að vinnu við málaflokkinn. Sendiskrifstofur Íslands erlendis gegna einnig mikilvægu hlutverki á þessu sviði, sérstaklega fastanefndir Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, Sameinuðu þjóðunum og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, auk sendiráðs Íslands í Washington.

2. VARNIR ÍSLANDS.

Öryggisumhverfi Íslands hefur gjörbreytt á síðustu árum og fátt bendir til þess að sú þróun muni ganga til baka. Hernaðarumsvif hafa aukist á Norður-Atlantshafinu og hernaðaruppbygging Rússlands á Kólaskaga heldur áfram. Þetta hefur leitt til þess að Atlantshafsbandalagið og bandalagsríki á svæðinu horfa á ný til mikilvægis Norður-Atlantshafsins við að tryggja öryggi á svæðinu og samgöngur á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Samvinna Íslands við grannríkjaþjóðir hefur aukist í takt við þessa þróun en auk samvinnu við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin fer fram reglubundið samráð við Bandaríkin og Bretland. Ísland á einnig í óreglubundnu og óformlegu samráði við Þýskaland og Frakkland.


Samstarf Norðurlandanna er í föstum farvegi innan norræna varnarmálasamstarfsins (NORDEF) þar sem Ísland, sem herlaus þjóð, tekur þátt í borgaralega hluta starfsins.

Samkvæmt varnarmálalögum er utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ábyrgur fyrir varnar-skuldbindingum Íslands. Vegna aukins vægis málflokksins var varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins

endurvakin árið 2017. Um síðustu áramót var nafninu breytt í öryggis- og varnarmálskrifstofu og á sama tíma tók skrifstofan við nýjum málaflokkum: öryggispolítík, málefnum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, pólitísku samráði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins auk útflutningsleyfa.

Samanber heimild í varnarmálagögum og á grundvelli samkomulags utanríkisráðuneytis við innanríkisráðuneytið, nú dómsmálaráðuneyti, er Landhelgisgæslu Íslands og Ríkislögreglustjóra falin framkvæmd rekstrarverkefna á sviði varnarmálatengdra verkefna. Landhelgisgæslan sinnir daglegum rekstri þ.m.t. er rekstur varnarmannvirkja á öryggissvæðunum, rekstur stjórnstöðvar NATO á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli, reksturs eftirlitskerfi, ratsjár- og fjarskiptakerfa, gistiríkjastuðningur, samþætt lofrýmiseftirlit bandalagsins og þátttaka í lofrýmismisgæslu í samvinnu við þær þjóðir sem hér á landi dvelja hverju sinni. Um er að ræða mikilvægan þátt í framlagi Íslands til bandalagsins enda ná kerfin yfir umfangsmikið svæði á Norður- Atlantshafinu og eru mikilvægar fyrir sameiginlegar varnir bandalagsins.

Þjóðir sem lagt hafa Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til lofrýmismisgæslu við Ísland



* Áætlað

Í takt við þróun öryggismála í Evrópu hafa umsvif Atlantshafsbandalagsins og bandalagsríkja verið að aukast á Norður-Atlantshafi. Reglubundin viðvera Bandaríkjamanna og annarra bandalagsríkja hefur aukist á Íslandi í vegna kafbátæftirlits, lofrýmismisgæslu og varnaræfinga en tímabundin viðvera Bandaríkjamanna byggir á varnarsamningnum og samkomulagi á milli Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 2016. Ráðist hefur verið í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á varnarmannvirkjum sem Ísland ber ábyrgð á samhliða því að hefja nýjar framkvæmdir til að styðja við aukna viðveru bandalagsríkja á Íslandi og uppfylla gistiríkjaskuldbindingar Íslands. Á sama tíma hefur staðið yfir umfangs mikil endurnýjun á kerfisbúnaði og í stjórnstöðinni ásamt uppfærslum á ratsjárkerfunum. Þessar framkvæmdir halda áfram og eru fjármagnaðar af Íslandi, Bandaríkjunum og Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Þær eru enn fremur hluti af aðgerðum stjórnvalda til að standa við skuldbindingar Íslands í varnarmálum, mæta kröfum um aukið framlag og eru í samræmi við Þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Framkvæmd lofrýmismisgæslu Atlantshafsbandalagsins er í höndum Landhelgisgæslunnar og fer fram þrisvar á ári. Á síðasta ári sáu Bandaríkin, Bretland og Ítalía um lofrýmismisgæsluna. Noregur tók að sér að sinna verkefninu í byrjun árs 2020 og til stóð að ítalski flugherinn tæki það að sér á eftir Norðmönnum en í kjölfar COVID-19 faraldursins var komu flughersins frestað. Frá upphafi lofrýmismisgæslu bandalagsins árið 2008 hafa alls 10 ríki sinnt henni. Loftrýmismisgæslan er mikilvægur þáttur í eftirliti bandalagsins með nyrðri mörkum þess og liður í að auka samstarfshæfni og viðbragðsgetu þátttökuríkja. Á síðustu árum hefur reglulega reynt á eftirlitið er rússneskar sprengjuflugvélar hafa flogið inn í lofrýmismisgæslusvæði bandalagsins.

Aukinn kraftur hefur færst í varnaræfingar á og við Ísland. Skemmst er að minnast kafbátaleitaræfingar Atlantshafsbandalagsins Dynamic Mongoose sem haldin var 2017 og varnaræfingarinnar Trident Juncture 2018. Áfram er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í undirbúningi og framkvæmd varnaræfinga á og við Ísland. Skipulagningin krefst víðtæks samráðs helstu stofnana sem annast framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna.

Gert er ráð fyrir því að Norður-Víkings varnaræfingar verði í framtíðinni haldnar á oddatölu ári og verður næsta æfing því 2023. Kafbátaleitaræfingin Atlantshafsbandalagsins, Dynamic Mongoose, verður haldin á árum sem enda á jafnri tölu.

Vegna ástandsins í kjölfar COVID-19 var hætt við Norður-Víkings varnaræfingu sem átti að vera í apríl 2020. Þrátt fyrir að hún sé tvíhliða æfing Íslands og Bandaríkjanna var mikill áhugi á henni meðal annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og stefndi í að fjöldi þátttökuríkja yrði 10. Gert er ráð fyrir að

kafbátaleitaræfingin Dynamic Mongoose verði í lok júní og fram í júlí. Lokaákvörðun veltur þó á því hvernig staða mála vegna COVID-19 verður.

Til að mæta breyttum öryggishorfum í Evrópu hefur Ísland aukið framlög til öryggis- og varnarmála á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í samræmi við skuldbindingar bandalagsríkja um aukinn viðbúnað og jafnari byrðar, meðal annars í stuðnings- og átakssjóði bandalagsins og með aukinni þátttöku borgaralegra sérfræðinga í verkefnum og aðgerðum bandalagsins.

3. AFVOPNUN – HARÐNANDI MÓTVINDUR.

Ekki sér fyrir endann á þeirri óvissu sem einkennt hefur stöðu afvopnunarmála undanfarin ár. Þær alþjóðlegu öryggispolítísku skuldbindingar sem birtast í þéttriðnu neti samninga og samkomulaga um afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir eiga enn og oftast undir högg að sækja.

Samfara þessari neikvæðu þróun koma æ betur í ljós þær miklu áskoranir, sem örar tækniframfarir hafa skapað fyrir þróun alþjóðlegra öryggismála, og um leið frekari viðleitni til afvopnunar. Sú heilsuvá, sem alþjóðasamfélagið tekst á við í dag mun hafa áhrif á framkvæmd afvopnunarinnar, sérstaklega vegna hugsanlegrar átakahættu og þjóðfélagslegrar upplausnar, sem kann að leiða af þessari vá.

Upplýsingatækni og gervigreind, sem nota má bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, hafa skapað gjörbreytta stöðu í afvopnunarmálum. Flækjustigið hefur aukist verulega vegna tækniframfara, en á sama tíma er tæknin mun aðgengilegri og einstaklingar og hópar geta tileinkað sér tækni og tól sem geta ógnað friði. Ríki eða ríkjahópar hafa að ákveðnu marki tapað einkaleyfinu á vígvæðingu og um leið á vígbúnaðartakmörkunum.

Mikilvægi þess að varðveita og styrkja hvers kyns samninga um afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir hefur sjaldan eða aldrei verið meira en í dag. Alþjóðasamfélagið hefur í auknum mæli brugðist við þessum áskorunum og með aukinni áherslu á afvopnunarmál. Þessu til áherslu má nefna verkefnaskrá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál, sem lögð var fram haustið 2018, en þar er meðal annars vel skilgreint hvernig afvopnunarmál geta lagt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Atlantshafsbandalagið hefur einnig lagt aukna áherslu á afvopnunarmál. Sérstök áhersla var lögð á þennan málaflokk í yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins í London 4. desember á síðasta ári.

Ísland er aðili að öllum fjölbjóðlegum samningum og samkomulögum um afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir.

3.1 Gereyðingarvopn.

Staða afvopnunarmála er hvað viðkvæmust þegar kemur að kjarnavopnum. Tvíhliðasamningar kjarnavopnaveldanna, Rússlands og Bandaríkjanna, skipta þar miklu. Samningur þeirra um meðaldræg kjarnavopn (INF) rann sitt skeið á enda í ágúst síðastliðnum og staðan varðandi framlengingu samningsins um langdræg kjarnavopn (e. New START), sem fellur úr gildi 2021, er afar óljós. Vísbendingar um aukna áherslu ríkjanna tveggja á kjarnavopn eru að koma fram, jafnframt því sem aukinn þrýstingur er á að Kína komi inn í samninga um kjarnavopn.

Óvissan hefur sett mark sitt á undirbúning vegna endurskoðunarráðstefnu um samninginn við bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) vorið 2021. Í ljósi neikvæðrar þróunar varðandi samninga um eyðingu kjarnavopna gæti sá samningur verið í hættu. Þess utan verður ekki séð að samningurinn um bann við kjarnavopnum (e. Treaty on the Prohibition of Nuclear Weapons) komi til að leiða til fækkunar kjarnavopna, enda engin ríki með kjarnavopn aðilar að honum. Vonast er að hægt verði að ná árangri varðandi NPT samninginn, sem tekur til banns við útbreiðslu, afvopnunar og friðsamlegrar notkunar kjarnorku. Ísland hefur tekið virkan þátt í undirbúningi endurskoðunarráðstefnu NPT, en mikil vinna er um þessar mundir unnin á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalaginu og í norrænu samstarfi um málalíbúnað.

Mikilvægi þess að verja NPT samninginn er óumdeilanlegt. Það gildir einnig um framlag Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til hans sem og framlag og framkvæmd samningsins um bann við tilraunum með kjarnavopn (CTBT).

Árangursleysi við að koma hömlum á kjarnavopn Norður Kóreu og dauðateygjur samningsins um kjarnorkuáætlun Íran auka mjög á þessa óvissu. Vaxandi spenna milli Pakistan og Indlands vegna Kasmír héraðs eru einnig áhyggjuefni, því þau standa utan samninga um kjarnavopn.

Hvað varðar önnur gereyðingavopn, annars vegar efnavopn og hins vegar sýkla- og eiturefnavopn, eru neikvæð teikn á lofti. Sérstaklega eru þó erfiðleikar í framkvæmd samningsins um bann við efnavopnum (CWC) miklir og einkum tilkomnir vegna beitingu slíkra vopna í Sírlandi, Írak, Malasíu og á Bretlandi og andstöðu nokkurra aðildarríkja við að tilgreina þá sem brjóta samninginn.

Ísland hefur með virkum hætti fordæmt beitingu slíkra vopna og stutt styrkingu Efnavopnastofnunarinnar í Haag til að takast á við þessa vaxandi ógn, auk þess sem sérstakur fastafulltrúi Íslands sinnir stofnuninni.

Standa verður vörð um þetta flaggskip afvopnunarsamninga, sem er líklega sá árangursríkasti í sögu afvopnunar.

Aðildarríki samningsins um bann við sýkla- og eiturefnavopnum (e. Biological Weapons Convention) eru farin að horfa æ meira til veikleika samningsins, sem skortir eftirlitskerfi með framkvæmd, því líkur á beitingu þessara tegunda vopna hafa aukist með tækniframförum, þar sem jafnvel hópar og einstaklingar, geta komið sér upp aðstöðu til að framleiða slík ógnarvopn. Þetta var sérstaklega til skoðunar á ríkjaráðstefnu samningsins fyrr í vetur.

Rétt er að áréttta þegar að kemur að gereyðingavopnum og hefðbundnum vopnum að Ísland er aðili að þremur eftirlitssamtökum varðandi útflutning á hergögnum og hlutum sem hafa tvíþætt notagildi, Ástralíuhópurinn (efna- og lífvopn), Kjarnabirgjahópurinn og flugskeytataekni (MTCR), sem getið er annars staðar, þar sem Ísland gegndi formennsku 2017–2018 með Írlandi. Ísland sinnir þar skyldum sínum með virku útflutningseftirliti eins fram kemur annars staðar.

3.2 Hefðbundin vopn.

Staða samninga um hefðbundinn vígbúnað fer ekki varhluta af þeirri óvissu sem ríkir í alþjóðlegum afvopnunarmálum. Samningurinn um hefðbundin vopn í Evrópu (CFE) er enn í erfiðri stöðu vegna þess að Rússland stendur ekki að framkvæmd hans þótt önnur aðildarríki geri það. Þessi staða hefur varað frá 12. desember 2007 þegar Rússland frestaði framkvæmd. Vísbendingar eru um erfiðleika á framkvæmd annarra samkomulaga um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), bæði um traustvekjandi atferlisreglur á hernaðarsviðinu (svonefnt Vínarskjal) og samninginn um opna lofthelgi (e. Open Skies Treaty). Endurskoðun Vínarskjalsins hefur ekki borið árangur vegna andstöðu Rússlands og samningurinn um opna lofthelgi kemur til endurskoðunar 2021, en deilur eru um framkvæmd hans þó hún gangi heilt yfir vel í dag.

Áfram er samningurinn um eftirlit með vopnaviðskiptum (ATT) sá samningur sem hefur jákvæðastan framgang, þótt þar vanti stórveldi í vopnaviðskiptum. Bandaríkin hafa hætt þátttöku í samningnum, en Kína hefur lýst áhuga á að gangast undir hann. Enn miðar í rétta átt í aðgerðum gegn útbreiðslu smávopna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ÖSE, nú síðast með tillögu um að bæta við aðgerðum vegna skotfærabirgða á aðgerðalistann.

Framkvæmd annarra samninga gengur yfirleitt nokkuð vel. Skuldbindingar aðildarríkja samningsins um bann við jarðsprengjum (APL) voru staðfestar í tilefni 20 ára afmælis hans í Osló í nóvember síðastliðnum og framtíðarsýn um jarðsprengjulausan heim 2030 samþykkt. Sama gildir um samningana um klasasprengjur (CCM) og um óhefðbundin vopn (CCW). Vandamál við alla þessa samninga eru í hnotskurn þrjúþætt: fjármögnun þeirra, almenn fjölgun aðildarríkja og síðast en ekki síst fjarvera stóru herveldanna.

3.3 Ný frumkvæði í afvopnunarmálum.

Þrátt fyrir mótvind í afvopnunarmálum er í gangi mikil og fjölbreytt vinna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í Genf, Vín og New York við að skilgreina leiðir til samningagerðar á ýmsum sviðum vígbúnaðar, svo sem kjarnakleyfra efna (e. fissile material), sjálfvirkra og sjálfstýrðra vopna (LAWS), netöryggis (e. cyber security, ITC), og blandingshernaðar (e. hybrid warfare) og nýverið hugmyndir um bann við notkun sprengja í þéttbýli (e. Explosive Weapons in Populated Areas). Eitt mikilvægasta verkefnið fram undan er skoða leiðir til að takmarka hervæðingu geimsins og koma í veg fyrir vopnavæðingu hans. Í mörgum tilvikum er byggt á stefnuskjali (e. Securing our Common Future: Agenda for Disarmament) aðalfrumkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem hann lagði fram 24. maí 2018. Þar er meðal annars lögð áhersla á að afvopnun og vígbúnaðartakmarkanir stuðli að framkvæmd nýu heimsmarkmiða, þó 16. markmiðið um frið og réttlæti vegi þar þyngst.

Ísland hefur tekið virkan þátt í samráði um afvopnun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, NATO, ÖSE, Norðurlandanna og NB8. Það hefur meðal annars verið gert með skipun sendiherra fyrir afvopnunarmál og virku starfi fastanefnda Íslands. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um afvopnunarmál er mikilvægt fyrir Ísland að taka virkan þátt í að verja það kerfi afvopnunarsamninga, sem mótast hefur síðastliðin 50 ár enda lykilorð þess í þjóðaröryggisstefnu Íslands.

4. ÍSLENSKA FRIDARGÆSLAN.

Á síðasta ári voru tímamót í störfum Íslensku friðargæslunnar þegar 17 ára viðveru Íslands í Afganistan lauk. Breytingar hafa verið í farvatninu um störf bandalagsins þar í landi. Störfum þar hefur verið fækkað og stöður sem Ísland hefur hingað til mannað hafa verið lagðar niður. Eðli máls samkvæmt er það háð takmörkunum hvers konar stöður Ísland getur mannað við þessar aðstæður enda um að ræða borgaralega

sérfræðinga. Þegar mest var mannaði Íslenska friðargæslan 13-15 stöðugildi en undir lokin voru aðeins tvö eftir.

Í takt við breytt öryggisumhverfi og ákall um aukin framlög og eflingu sameiginlegra varna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins heldur Ísland áfram að leggja til borgaralega sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar í verkefni og sérfræðistörf á vettvangi bandalagsins. Ekki er aðeins um að ræða framlag Íslands til aðgerða heldur sinna sérfræðingarnir einnig stefnumótun og annarri málefnavinnu. Með þessu öðlast þeir einnig mikilvæga innsýn í störf bandalagsins sem stuðlar að aukinni þekkingu á sviði öryggis- og varnarmála á Íslandi.

Á liðnu ári tóku 13 sérfræðingar Íslensku friðargæslunnar þátt í langtímaverkefnum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, 6 konur og 7 karlar. Ísland leggur til sérfræðing á tengiliðaskrifstofu bandalagsins í Georgíu og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litháen auk þess sem borgaralegir sérfræðingar voru við störf í verkefni bandalagsins í Afganistan fyrri hluta síðasta árs. Borgaralegir sérfræðingar Íslensku friðargæslunnar voru einnig við störf í höfuðstöðvum bandalagsins í Belgíu og innan herstjórnarkerfisins í Bretlandi, Bandaríkjunum og Belgíu.

Við val á viðfangsefnum borgaralegra sérfræðinga Íslensku friðargæslunnar er haft í huga á hvaða sviðum Ísland hafi sérþekkingu. Einnig er horft til þess hvar viðkomandi sérfræðingar geti stuðlað að framgangi hagsmuna Íslands. Í höfuðstöðvunum unnu á árinu 2019 sérfræðingar á sviði afvopnunar- og upplýsingamála, að öryggispolítísku samstarfi og innan herstjórnarkerfisins að skipulagningu aðgerða, gerð varnaráætlana auk pólitískrar ráðgjafar hjá nýrri undirherstjórn bandalagsins í Norfolk í Bandaríkjum, sem fer með ábyrgð á Norður-Atlantshafi.

Í ár stendur til að leggja til sérfræðing til samstöðuáðgerða bandalagsins í Lettlandi. Þar með mun Ísland manna stöður hjá samstöðuáðgerðum bandalagsins í öllum Eystrasaltsríkjunum. Á árinu er einnig stefnt að því að fulltrúi Landhelgisgæslunnar fari tímabundið til starfa hjá flugherstjórn bandalagsins í Rammstein til að stuðla að því að eflir tengsl Landhelgisgæslunnar við þennan samstarfsaðila og auka sérþekkingu á þessu sviði.

Að venju tók Ísland þátt í kosningaefirliti á vegum Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Samtals tóku tíu manns frá Ísland þátt í eftirliti í Moldóvu, Hvíta-Rússlandi, Úsbekistan og í tvígang í Úkraínu.

5. FJÖLÞJÓÐASAMSTARF.

5.1. Atlantshafsbandalagið.

Árið 2019 markaði 70 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins. Af því tilefni komu utanríkisráðherrar saman til afmælisfundar í Washington í apríl og leiðtogar bandalagsins funduðu í Lundúnum dagana 3.-4. desember. Forsætisráðherra og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sóttu fundinn í London fyrir Íslands hönd. Fundurinn undirstrikaði samstöðu og einingu meðal bandalagsríkjanna í því verkefni að tryggja sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis. Í yfirlýsingu fundarins voru meðal annars árettuð þau gildi sem bandalagið hvílir á: lýðræði, einstaklingsfrelsi og lög og réttur.

Breyting hefur orðið á öryggisumhverfi Atlantshafsbandalagsins síðustu árum og starfsemin tekur óhjákvæmilega mið af nauðsyn þess að aðlaga bandalagið að breyttum tímum. Á fundi leiðtoganna var meðal annars ákveðið að taka til skoðunar hvernig styrkja megi pólitískt samstarf innan bandalagsins. Framkvæmdastjóri mun leiða þessa vinnu og hafa sér til stuðnings vinnuhóp tíu óháðra einstaklinga. Verða tillögur framkvæmdastjóra lagðar fyrir næsta leiðtogafund bandalagsins á árinu 2021.

Ljóst er að á síðustu árum hefur dregið úr vilja rússneskra stjórnvalda til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Það birtist einkum í hernaðaríhlutun í nágrennaríkjum og í beitingu fjölþættra aðgerða sem fela til dæmis í sér afskipti af innri málefnum ríkja, með undirróðri og netárásam. Almenn samstaða ríkir um stefnu bandalagsins gagnvart Rússlandi. Hún byggist annars vegar traustum fælingar- og varnarmætti bandalagsins og hins vegar á mikilvægi þess að halda samskiptaleiðum opnum, meðal annars á vettvangi NATO-Rússlandsráðsins.

Atlantshafsbandalagið hefur einnig í auknum mæli beint sjónum að suðurjaðri bandalagsins til að vera betur í stakk búið að bregðast við aðsteðjandi ógnum á því svæði. Verkefni og aðgerðir bandalagsins miða að því að bæta stöðugleika og styrkja varnarinnviði veikburða ríkja og með virkri aðkomu að baráttu alþjóðasamfélagsins gegn hryðjuverkum. Þannig ákváðu varnarmálaráðherrar ríkjanna í febrúar á þessu ári að styrkja enn frekar þjálfunarverkefni bandalagsins í Írak með því að taka yfir hluta af ráðgjafar- og þjálfunarverkefnum sem hingað til hafa verið á hendi fjölþjóðaliðsins.

Áfram er lögð rík áhersla á að afvopnunarmál séu ein meginstoð í stefnu bandalagsins til að tryggja öryggi og stöðugleika. Innan bandalagsins má greina þungar áhyggjur af framvindu alþjóðasamstarfs á sviði afvopnunarmála og vígbúnaðartakmarkana.

Sívaðandi áhrif og umsvif Kína á alþjóðavettvangi kalla eftir góðu samráði milli bandalagsríkja þegar kemur að viðbrögðum við þeim auknu tækifærum og áskorunum sem því fylgja. Um þetta var ályktað á áðurnefndum leiðtogafundi í desember. Öryggismál í geimnum eru meðal nýrra viðfangsefna bandalagsins auk þess sem varnir gegn netárásum og fjölþátta ógnum halda áfram að vera meðal forgangsmála. Samvinna við aðrar alþjóðastofnanir og nán samstarfsríki bandalagsins, þar með talin Svíþjóð og Finnland, verða áfram meðal áherslumála.

Jákvæð þróun hefur orðið á sviði kynjajafnréttis innan bandalagsins en nýverið var samþykkt stefna bandalagsins gegn kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Stefnan nær til borgaralegs starfsfólks og liðsafla í aðgerðum og verkefnum bandalagsins, sem og til annarra aðila sem starfa á þess vegum. Víðtækt samráð var haft við aðrar alþjóðastofnanir við gerð stefnunnar. Þá er þess einnig að geta að meira fer fyrir umræðum meðal bandalagsríkja um þær öryggisáskoranir sem stafa af loftslagsbreytingum.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu öryggis, stöðugleika og sameiginlegra varna, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum halda áfram að vera forgangsmál. Ísland hefur á síðastliðnum árum aukið þátttöku íslenskra sérfræðinga í alþjóðastarfslíði í höfuðstöðvum bandalagsins, í verkefnum og í herstjórnarkerfinu.

Á fyrstu mánuðum ársins 2020 hefur COVID-19 faraldurinn sett sterkan svip á starfsemi bandalagsins. Reynt hefur á viðbragðsáætlanir og breytt skipulag en eftir sem áður hefur bandalagið getu til að sinna kjarnaverkefnum sínum á sviði sameiginlegra varna. Atlantshafsbandalagið hefur ekki sérstöku hlutverki að gegna alþjóðlega í viðbrögðum við heilbrigðisvá og er því ekki í fremstu víglínu gegn COVID-19. Mörg bandalagsríki hafa þó veitt hvert öðru aðstoð og nýtt til þess liðsafla, búnað og flutningsgetu sinna herja. Yfirherstjórn bandalagsins hefur veitt aðstoð við samhæfingu slíkra aðgerða auk þess sem Samhæfingar- og viðbragðsmiðstöð (EADRCC) á vegum Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins (EAPC) hefur milligöngu um beiðnir bandalags- og samstarfsríkja.

5.2. NORDEFKO.

Á síðasta ári voru tíu ár liðin frá stofnun norræna varnarsamstarfsins (Nordic Defence Cooperation, NORDEFKO) sem í ljósi breyttra öryggisáskoranna hefur eflst töluvert á stuttum tíma. Svíar fóru með formennsku á afmælisárinu og áhersla var lögð á að hefja vinnu við framkvæmd framtíðarsýnar varnarsamstarfsins til ársins 2025 (NORDEFKO Vision 2025) en um er að ræða vegvísi fyrir samstarfið sem samþykktur var í formennskutíð Noregs árið 2018.

Framtíðarsýnin inniheldur 16 markmið sem miða að því að efla varnargetu og varnarsamvinnu Norðurlandanna. Á varnarmálaráðherrafundi haustið 2019 var einu markmiðanna hrint í framkvæmd með samþykkt ráðherranna á verkferlum varðandi samráð og upplýsingaskipti um örugg samskiptakerfi komi til hættuástands.

Þátttaka í verkefnum NORDEFKO er valkvæð og sem herlaust land tekur Ísland þátt í öryggisþólitíska þætti samvinnunnar en hefur þó í einstaka tilvikum tekið þátt í vinnu innan hermálahlíðarinnar, eins og á síðasta ári þegar Ísland tók þátt í gerð tæknilegs samkomulags sem miðar að því að auðvelda komu og brottfarir ríkisloftfara vegna sameiginlegra æfinga, annarra aðgerða eða þegar flugöryggi er ógnað.

Formennska í norræna varnarmálasamstarfinu gengur milli Norðurlandanna að Íslandi undanskildu. Framlag Íslands til vinnunnar felst í því að á nokkurra ára fresti er í samstarfi við viðkomandi formennskuríki haldinn vinnufundur á Íslandi. Slíkur fundur var haldinn hér á landi haustið 2019 og hann var skipulagður í samstarfi við Svíþjóð sem gegndi formennsku á síðasta ári.

5.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.

Eftirlitssveitir ÖSE í Úkraínu eru stærsta yfirstandandi verkefni stofnunarinnar. Jákvæð þróun varð í Úkraínudeilunni á síðari hluta ársins 2019. Hersveitir og vígbúnaður voru flutt frá nokkrum stöðum á samskiptalífunni, sem skilur að deiluaðila, og fangaskipti fóru fram. Leiðtogafundur í svokölluðum Normandí-4 hópi (Úkraína, Rússland, Frakkland og Þýskaland) var haldinn í desember, í fyrsta sinn í fjögur ár. Á vettvangi ÖSE ítrekar Ísland reglulega stuðning sinn við sjálfstæði Úkraínu og krefst þess að alþjóðlega viðurkennd landamæri ríkisins verði virt. Kyrrstaða er í öðrum langvarandi deilum á ÖSE-svæðinu, svo sem á milli Georgíu og Rússlands um Suður-Ossetíu og Abkasíu, milli Aserbaísjan og Armeníu um Ngorno-Karabakh og Rússa og Moldóvu um Transnistríu.

Á vettvangi ÖSE fer fram mikilvæg vinna við grundvallarsamninga um öryggissamvinnu í Evrópu; Vínarskjalíð, samninginn um takmörkun hefðbundins herafila í Evrópu (e. The Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, CFE) og samninginn um opna lofthelgi (e. Open Skies Treaty). Vesturlönd hafa lagt fram umfangsmiklar tillögur um endurskoðun Vínarskjalsins sem miða að því að styrkja hermálagagnsæi og upplýsingagjöf um heræfingar. Rússar hafa enn ekki ljáð máls á þátttöku í endurskoðuninni. Óbreytt staða er með endurskoðun samningsins um takmörkun hefðbundins herafila í Evrópu. Þrátt fyrir að Bandaríkjamenn gagnrýni Rússa fyrir að brjóta ákvæði samningsins um opna lofthelgi í sambandi við einstakar eftirlitsflugferðir hefur tekist að halda honum gangandi. Nú hefur verið gert hlé á eftirlitsflugi á grundvelli samningsins vegna COVID-19 faraldursins. Samningarnir eiga það sameiginlegt að miða að því að efla traust og koma í veg fyrir átök. Undir formerkum nýrrar umræðu um takmörkun vígbúnaðar (e. Structured Dialogue) sem hófust árið 2016 hefur umræðan á árinu 2019 meðal annars snúist um nýjar ógnir meðal annars fjölþættar.

5.4. Netöryggi.

Nútíma samfélög eru í sífelld auknum mæli háð nýrri tækni og öflugu fjarskiptakerfi. Aukin áhersla er á stafræna þróun og rafræna afgreiðslu hvort sem er á hinum frjálsa markaði eða hjá ríkinu. Aðgerðir við að draga úr áhrifum COVID-19 faraldursins hafa meðal annars leitt til þess að á meðan faraldurinn gengur yfir hefur störfum í mun meiri mæli en áður verið sinnt í fjarvinnu sem byggir á tæknilausnum og treystir á öflugu fjarskiptakerfi. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að öryggi sé tryggt eins og kostur er. Nýrri tækni fylgja nýjar ógnir og nauðsynlegt er fyrir samfélög að tryggja öryggi með því að efla viðnámsþol við áföllum og verja mikilvæga innviði fyrir árásum.

Öryggi 5G fjarskiptakerfisins hefur verið mikið til umfjöllunar og hafa flest nágrannaríki Íslands gripið til aðgerða til að tryggja öryggi við innleiðinguna og Evrópusambandið hefur gefið út samræmdar leiðbeinandi reglur eða eins konar verkfærakistu um innleiðingu nýja fjarskiptakerfisins. Málið hefur einnig verið til skoðunar hjá íslenskum stjórnvöldum, meðal annars út frá skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir, til dæmis á vettvangi Atlantshafsbandalagsins sem hefur sett 5G fjarskiptakerfin á lista yfir mikilvæga innviði bandalagsríkja.

Það er í höndum bandalagsríkja að efla viðnámsþol og varnir heima fyrir en Atlantshafsbandalagið sér sjálft um netvarnir kerfa bandalagsins. Reglulegar úttektir eru gerðar á aðgerðum sem bandalagsríki hafa gripið til að tryggja öryggi eigin kerfa. Öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins í netvörnum, sem er í Tallinn, veitir aðildarríkjum og bandalaginu ráðgjöf, fræðslu og þjálfun í málaflokknum. Þá ber að nefna að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði 29. janúar sl. þriggja manna starfshóp um öryggi fjarskiptakerfa vegna innleiðingar 5G í íslenskt samfélag. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Starfshópnum var ætlað að meta þörf á breytingum á regluverki vegna öryggishagsmuna sem væru til þess fallnar að auka öryggi 5G-kerfa á Íslandi og tryggja traust og trúverðugleika erlendra sem innlendra aðila á íslenska fjarskiptakerfinu. Skýrsla starfshópsins hafði ekki verið birt þegar skýrsla þessi fór í prentun.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna takast ríki á um hvort þörf sé á setningu nýrra alþjóðalaga um netöryggismál eða hvort þau alþjóðalög sem til staðar eru nái einnig til netheima og rétt sé að beita þeim í stað þess að móta nýjar reglur. Vinna er enn í gangi og erfitt að segja til um hverjar lyktir málsins verða. Þó er ljóst að líkt þenkjandi ríki sem telja að ríkjandi alþjóðalög og gildi nái til netheima eiga á brattann að sækja gagnvart þeim ríkjum sem telja þörf á nýrri nálgun sem fæli meðal annars í sér möguleik á auknu eftirlit og takmörkun tjáningarfrelsis. Innan Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu er unnið að því að því að efla traust og fyrirbyggja átök á þessu sviði.

Auk samvinnu á vettvangi alþjóðastofnanna á Ísland samráð við grannríki í málaflokknum. Utanríkisráðuneytið á í nánú samráði og samvinnu við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið í málaflokknum og fulltrúi utanríkisráðuneytis á sæti í netöryggisráði en vinna þess er leidd af fulltrúa samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis.

6. Meginmarkmið.

Meginmarkmiðin eru þessi:

- Tryggja að ávallt séu til staðar á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, og varnarsamningnum við Bandaríkin ásamt virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.

- Tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi.
- Tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkjastuðningur, sérfræðipækking og viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.
- Tryggja þátttöku og framlag Íslands í varnar- og öryggissamstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins.
- Tryggja virka þátttöku á sviðið afvopnunar og vígbúnaðartakamarkana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

V. ÞRÓUNARSAMVINNA.

1. HLUTVERK OG STEFNA.

Ný stefna íslenskra stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2019-2023 var samþykkt af Alþingi í maí 2019. Yfirmarkmið stefnunnar er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Yfirmarkmið stefnunnar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og tveimur þróunarmarkmiðum sem vinna að framgangi tíu markmiða:

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun - yfirmarkmið

Draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar



1.3 Bætt grundvallarheilbrigðisþjónusta og lækkuð tíðni mæðra- og barnadauða



1.4 Bætt aðgengi að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu



1.5 Skjót endurreisn, aukinn viðnámsþróttur og sterkari innviðir samfélaga



2.5 Sjálfbær hagvöxtur og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla



1.2 Jafn aðgangur allra að góðri menntun

ÞM 1: Uppbygging félagslegra innviða og störf í þágu friðar: Efla grunnþjónustu og styrkja stofnanir til að bæta lífskjör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.

ÞM 2: Verndun jarðarinnar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda: Auka viðnámsþrótt samfélaga og örva hagvöxt á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar auk þess sem gripið verður til aðgerða vegna loftlagsbreytinga



2.4 Aukin mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftlagsbreytinga



1.1 Kynjajafnrétti og valdefling kvenna



2.1 Aukin nýting jarðhita og annara endurnýjanlegra orkugjafa



2.2 Verndun og sjálfbær nýting hafs og vatna



2.3 Endurheimt vistkerfa, sjálfbær landnýting og takmörkun landhagnunar

Á síðasta ári lögðu íslensk stjórnvöld fram landrýnisskýrslu til Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Þá var haldinn fyrsti leiðtogafundur um heimsmarkmiðin frá því þau voru samþykkt 2015. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu þeirra markmiða sem snúa að alþjóðastarfi og þróunarsamvinnu. Innan ráðuneytisins starfar sérstakur upplýsingafulltrúi og sérstakur erindreki fyrir heimsmarkmiðin. Ráðuneytið tekur þátt í starfi verkefnisstjórnar um heimsmarkmiðin sem hefur umsjón með innleiðingu heimsmarkmiðanna hér á landi. Forsætisráðuneytið leiðir starf hópsins og fulltrúi utanríkisráðuneytisins gegnir varaformennsku.

Unnið er að heildrænni árangursstjórnun í þróunarsamvinnu sem byggir á markvissri vinnu að þessum meginmarkmiðum Íslands. Árangur, skilvirkni og fagleg vinnubrögð eru sem fyrr í forgrunni allrar þróunarsamvinnu. Alþjóðlegt samstarf á sviði þróunarsamvinnu er mikilvægt í því samhengi, en Ísland tekur

meðal annars þátt í samstarfi á vettvangi Nordic plús-ríkjanna, sem telja Norðurlöndin, Bretland, Holland og Írland.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra leiddi fund norrænna þróunarmálaráðherra í október á árlegum fundi sem haldinn var í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Fundurinn var haldinn í Stokkhólmi þar sem ráðherrarnir ræddu áskoranir sem tengjast fólksfjölgun, samþættingu friðar-, mannúðar- og þróunarmála, sjálfbæra nýtingu hafs og vatna, auk nýsköpunar á sviði þróunarsamvinnu.

Samstarf á vettvangi þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) var jafnframt umfangsmikið á árinu en nefndin gegnir mikilvægu hlutverki við að efla samhæfingu og setja alþjóðlegan faglegan ramma fyrir þróunarsamvinnu, auk þess að veita faglegt aðhald. Jafnframt veitir nefndin gögn, greiningar og sérfræðiráðgjöf. Ísland tekur þátt í nefndastarfi á sviði jafnréttismála, umhverfismála, árangursstjórnunar og eftirlits, tölfræði, og samstarfs við frjáls félagasamtök. DAC fulltrúi Íslands í París tók við hlutverki varaformanns undirnefndar DAC um stærri stefnumál að vori 2019. Þá veitti sérfræðingahópur á vegum DAC Íslandi ráðgjöf við endurskoðun á þróunarsamvinnutengdum kostnaði sem fellur til vegna hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi í kjölfar endurskoðaðra reglna af hálfu DAC. Ísland tók einnig þátt í jafningjarýni DAC á Svíþjóð um nýsköpun í þróunarsamvinnu í október 2019, ásamt fulltrúum frá Kanada og Hollandi. Virk þátttaka Íslands á vettvangi DAC er mikilvægur þáttur í gæða- og umbótastarfi Íslands á sviði þróunarsamvinnu, þar sem mikil áhersla er lögð á að framlagsríki deili lærdómi og þeim nálgunum sem vel gefast á ólíkum málefnasviðum.

Susanna Moorehead, nýr formaður DAC, tók við embætti á síðasta ári og heimsótti Ísland í janúar 2020. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna þróunarsamvinnu Íslands og koma á framfæri málefnaáherslum hennar í starfi formanns DAC. Hún tók meðal annars þátt í opinni málstofu um framtíð þróunarsamvinnu, flutti framsögu og tók þátt í pallborðsumræðum í viðburðinum.

2. FRAMLÖG TIL ÞRÓUNARSAMVINNU.

Stærsti hluti af framlögum Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er á hendi utanríkisráðuneytisins en að auki telst hluti af kostnaði við umsækjenda um vernd á Íslandi og móttöku kvótaflóttafólks til framlaga til þróunarsamvinnu og fellur því hluti af framlögum undir félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið.

Vegna sérstöðu framlaga til opinberrar þróunarsamvinnu er mikilvægt að hafa góða yfirsýn og heildarmynd yfir öll útgjöld sem teljast sem framlög. Skilgreiningar DAC byggjast á sameiginlegum verklagsreglum þar sem reynt er að tryggja að tölfræði um opinbera þróunarsamvinnu sé samanburðarhæf milli aðildarríkja. Fjármálastjórn og bókhald ráðuneytisins hefur verið þróað í samræmi við þessar verklagsreglur en yfirgripsmikil vinna stendur nú yfir til að samræma vinnulag að nýjum reglum DAC. Í mars 2019 heimsóttu sérfræðingar frá DAC þær íslensku stofnanir sem eru ábyrgar fyrir framlögum til þróunarsamvinnu. Tilgangurinn með heimsókninni var að styðja við starf Íslands á þessu sviði, veita ráðgjöf um verklag og rýna nýja aðferðafræði við útreikninga á þeim kostnaði sem telja má fram sem opinbera þróunarsamvinnu. Ísland hefur þróað aðferðafræði byggða á nýjum tilmælum DAC um hlutdeild kostnaðar við umsækjendur um vernd og móttöku kvótaflóttafólks sem telja má fram sem þróunarsamvinnu.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2019 námu framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu sem utanríkisráðuneytið hefur umsýslu með 5,9 milljörðum kr. Áætlað heildarframlag, og þá er meðtalin kostnaður annarra ráðuneyta, ásamt stofnfjárframlögum til Alþjóðabankans og fleiri stofnana, var 8,237 milljarðar kr. og því var heildarhlutfallið um 0,27% af VPT árið 2019¹.

3. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARSAMVINNA.

Stór hluti tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands fer fram í tveimur samstarfslöndum, Malaví og Úganda, undir umsjá sendiráða Íslands. Þróunarsamvinnan er að mestu leyti unninn í samstarfi við héraðsyfirvöld í einu héraði í Malaví og tveimur í Úganda. Leitast er við að bæta ýmsa grunnþjónustu í héruðunum og efla getu héraðsstjórnanna til að veita þá þjónustu. Að auki er gott samstarf við ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna í löndunum tveimur á málefnasviðum sem samræmast áherslum Íslands. COVID-19 faraldurinn hefur sett strik í reikninginn það sem af er þessu ári. Starfsemi sendiráðanna í löndunum tveimur er í lágmarki og óvissa ríkir um framkvæmd áætlana ársins.

3.1. Malaví.

Árið 2019 markaði tímamót í þróunarsamvinnu Íslands og Malaví en þá voru liðin 30 ár frá því Íslendingar hófu samstarf í landinu. Frá árinu 2012 hefur stærsta þróunarverkefni Íslands verið stuðningur

¹ Skv. bráðabirgðauppgjöri.

við grunnþjónustu í Mangochi héraði, öðru fjölmennasta héraði landsins, við sunnanvert Malavívatn. Í verkefnastöðinni er markmiðið að styðja viðleitni stjórnvalda í Malaví og héraðsstjórnvalda í Mangochi-héraði til að bæta grunnþjónustu fyrir 1,2 milljónir íbúa héraðsins. Framlög Íslands til Malaví námu ríflega 1,1 milljarði kr. árið 2019.

Óháð úttekt var gerð 2018 á fyrsta héraðsverkefninu (2012-2016) sem sýndi að svokölluð héraðsnálgun hafi tekist vel. Þar er beinum fjárlagastuðningi til héraðanna og verkefnanálgun fléttað saman. Verkefnin þóttu henta vel og mæta þörfum haghafa á svæðinu. Sérstaklega hafi verið stutt við eignarhald heimamanna, ekki síst með skýrum tengslum verkefnanna við þróunaráætlanir héraðanna. Þá voru verkefnin skipulögð til langs tíma sem talið er vænlegt til að festa árangur og sjálfbærni í sessi. Óháðri miðannarúttekt á öðrum hluta verkefnastöðarinnar (MBSP II 2017-2021) er nýlokið. Niðurstöður úttektarinnar eru jákvæðar en ýmsar tillögur eru lagðar fram til að bæta árangur enn frekar. Unnið er að úrvinnslu tillagnanna, en COVID-19 faraldurinn mun fyrirsjáanlega tefja fyrir.

Markmiði um byggingu 36 kennslustofa og 12 kennarastofa var náð á árinu. Byggingarnar hafa verið teknar í notkun, fullbúnar borðum og stólum fyrir bæði nemendur og kennara. Bættur aðbúnaður nemenda hefur minnkað álag og þrengsli í skólastofunum sem hefur jákvæð áhrif á gæði menntunar í þeim 12 áhersluskólum sem studdir eru í verkefnastöðinni.

Menntamál í Mangochi



Bættur aðbúnaður með fleiri skólastofum fyrir

29.875

nemendur í 12 skólum



Hlutfall stúlkna og drengja nær jafnt -

14.593

drengir og

15.282 stúlkur



Fjöldi nemenda á hvern kennara var

1:68 árið 2019,

1:86 árið 2017 og

1:139 árið 2013



Fjöldi nemenda á kennslustofu árin 2018-19 nam 129

sem er **41%**

lækkun frá árunum 2016-17

Sólarsellum hefur verið komið fyrir í þremur skólum til að auðvelda kennurum starfið og gefa eldri nemendum tækifæri til að læra fyrir lokapróf eftir að myrkur er skolið á. Salernisaðstaða var bætt í sjö skólum, auk þess sem fimm salerni fyrir fatlaða nemendur voru sett upp í tveimur skólum. Reist hefur verið hreinlætisaðstaða við níu skóla sem ætluð eru stúlkum meðan á blæðingum stendur, til að stemma stigu við brottfalli stúlkna úr skóla af þeim ástæðum. Á árinu voru tveir leikskólar reistir, á lóð tveggja grunnskóla, þar sem um 300 börn munu fá mat, leik og örvun. Á árinu 2019 var fræðslumiðstöð fyrir kennara reist og 284 kennarar í héraðinu fengu endurmenntun í kennslu- og uppeldisfræði. Hafist var handa við að byggja 19 kennarahús sem gerir nýjum kennurum kleift að búa nálægt vinnustaðnum. Þá fengu 144 skólanefndir í sveitunum þjálfun, meðal annars um jafnréttismál og hvernig standa eigi að eftirfylgni við starf skólanna. Mæðrahópar úr nærsamfélaginu fengu tólf reiðhjól til að aðstoða við að fylgja eftir skólagöngu barna en mæðrahóparnir elda einnig skólamáltíðir.

Teknir voru í notkun 158 vatnspóstar og brunnar á árinu sem bæta aðgengi rúmlega 43 þúsund manna að drykkjarhæfu vatni. Í hreinlætishluta verkefnisins hefur valdefling og stuðningur við sveitarfélög og samfélag í sveitum Mangochi leitt til bættrar vitundar fólks um hreinlæti og mikilvægi salerna og aðstöðu til handþvotta. Frá 2017 hafa þrjú sveitarfélög í Mangochi héraði náð ODF (e. Open Defecation Free) – vottun, sem þýðir að öll heimili hafa viðunandi hreinlætisaðstöðu, aðgang að salerni og aðstöðu til handþvotta. Vinna við að votta sveitarfélagið Mponda, sem er það fjölmennasta í Mangochi, heldur áfram árið 2020. Bætt hreinlæti hefur dregið úr niðurgangspæstum og tilfelli kóleru eru óþekkt í héraðinu í dag. Rafræn námsgögn á chichewa, opinberu tungumáli Malaví, sem ætlað er heilbrigðisfulltrúum og þorpsnefndum sem hafa það hlutverk að upplýsa nærsamfélög sín um lýðheilsu og forvarnir sjúkdóma, var þróað af heilbrigðisyfirvöldum í Mangochi á árinu, það fyrsta sinnar tegundar í landinu.

Vatns- og hreinlætismál í Mangochi 2019



158 vatnspóstar og brunnar teknir í notkun árið 2019



43.450 manns hafa því aðgang að neysluhæfu vatni



Rúmlega **13.000** heimili í Mponda-sveitarfélaginu hafa salernisaðstöðu



71 vatnsnefnd þjálfuð í viðhaldi og rekstri vatnspósta

Ný fæðingardeild við héraðssjúkrahúsið í Mangochi bæ var formlega tekin í notkun í ársbyrjun 2019 og einnig miðstöð ungbarna- og mæðraverndar. Helmings lækkun mæðradauða á héraðssjúkrahúsinu á árinu er að miklu leyti þakkað tilkomu nýju fæðingardeildarinnar. Alls fæddust 7939 börn þar árið 2019. Eldhús og þvottahús við fæðingardeildina voru reist á árinu.

Heilbrigðisþjónusta í Mangochi



Opnun þriggja fæðingardeilda og biðskýla fyrir barnshafandi konur bætir aðgengi fyrir tæplega

81 þúsund kvenna að fæðingarþjónustu í sveitum héraðsins



Fjarlægð minnkaði úr 20 km í **4** km að meðaltali frá heimili til heilsugæslu



Hlutfall kvenna sem eignast börn undir eftirliti menntaðs heilbrigðisstarfsfólks

nam **64%** árið 2019 en 60% árið 2017.

Með tilkomu þessarar þjónustu hefur aðgengi að heilbrigðisþjónustu batnað fyrir verðandi mæður, fæðandi konur og nýbura þar sem minni tími fer í að ganga eða ferðast á hjóli frá heimili til heilsugæslu. Tveir nýir heilsupóstar með ungbarnaþjónustu opnuðu í dreifbýli. Heilsugæslustöðvum er viðhaldið reglulega og aðgengi að rafmagni, vatni og hreinlætisaðstöðu bæt. Á árinu voru 38 heilbrigðisstarfsmenn ráðnir á heilbrigðisstofnanir í Mangochi héraði innan verkefnastöðarinnar. Byggð voru tíu starfsmannahús við heilbrigðisstofnanir. Þrettán mæðrahópar voru þjálfaðir en þeir vinna í sveitum við að gefa konum og stúlkum upplýsingar um kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu í héraðinu, meðal annars hvenær eigi að koma fyrst og hversu oft í mæðravernd og hver séu hættumerki eftir fæðingar, mikilvægi þess að fara í leghálsskoðun reglulega og hvar ungt fólk geti fengið viðundandi upplýsingar og þjónustu.

Stöðumat og hagahafagreiningum lauk á árinu en sú vinna aðstoðar héraðsýfirvöld við áætlanagerð til að efla efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna í héraðinu. Verkefnaþættirnir tveir hefjast árið 2020.

Góðir stjórnunarhættir og tengd ferli voru styrkt með áherslu á deildir fjármála-, eftirlits og innkaupa og framkvæmdasvið héraðsins var stutt með ráðningu þriggja sérfræðinga.

Í lok árs 2019 var undirritaður samstarfssamningur milli sendiráðs Íslands í Lilongve fyrir hönd íslenskra stjórnvalda og Mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) í Malaví um þriggja ára verkefni sem á að efla kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi unglingsstúlkna og kvenna í Mangochi héraði. Samningsupphæðin er 1,2

milljónir Bandaríkjadala eða um það bil 148 milljónir króna. Verkefnið er hannað og framkvæmt í nánú samstarfi við heilbrigðisyfirvöld í Mangochi héraði. Markvisst verður unnið með breiðum hóp úr samfélögunum í sveitum Mangochi, þar með töldum trúarleiðtogum og höfðingjum, kvannahópum, skólafyrirvöldum og körlum, konum, drengjum og stúlkum. Verkefninu er í fyrsta lagi ætlað að stuðla að aukinni þekkingu á fjölskylduáætlunum og þjónustu á því sviði, jafnframt vinnu við að draga úr ótímabærum þungunum unglingsstúlkna, notkun getnaðarvarna og lengri tíma milli barnsfæðinga. Í öðru lagi verður heilbrigðisþjónusta við konur bætt vegna fæðingarfistils (e. obstetric fistula) en sett verður upp sértök skurðstofa á héraðssjúkrahúsínu í Mangochi bæ þar sem boðið er upp á meðferð gegn fistli. Þriðji hluti verkefnisins snýr að forvörnum og þjónustu vegna kynbundins ofbeldis í héraðinu og þá aðallega heimilis- og kynferðisofbeldi.

UN Women í Malaví fengu styrk frá sendiráðinu til að styðja stjórnvöld við undirbúning fyrstu aðgerðaráætlunar landsins um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Verkefnið er til eins árs, frá júní 2019 til júní 2020. Settur hefur verið á fót stýrihópur frá forsetaskrifstofu landsins sem vinnur með ráðgjafa UN Women við að þróa aðgerðaráætlunina sem ætlað er að fyrirbyggja átök og draga úr líkum á þeim undir formerkjum áframhaldandi friðar og öryggis. Auk þess er áætlunin gerð til að tryggja að ferlar og áætlanir sem stuðla að friði, öryggi og framþróun í malavísku samfélagi, marki spor í átt til jafnréttis og valdeflingar kvenna og stúlkna, en þær verða oftast en ekki útundan í þess háttar ferlum og áætlunum.

Til að auka aðgengi að orku og auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa í Mangochi héraði fór sendiráðið í þriggja ára samstarf með Energising Development (EnDev), verkefnastof þýsku þróunarsamvinnustofnunarinnar (GIZ). Markmiðið er að auka eftirspurn eftir og notkun á orkusparandi eldstæðum og auka útbreiðslu og notkun á sólarrafhlöðum til rafmagnsframleiðslu bæði til einkanotkunar og almennrar notkunar, meðal annars í skólum, heilsugæslustöðvum og fyrirtækjum í héraðinu. Stefnt er að því að veita 24 þúsund einstaklingum aðgang að rafmagni frá sólarrafhlöðum á næstu þremur árum.

Framlög til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (e. World Food Programme, WFP) fara í verkefni um heimaræktaðar skólamáltíðir í sex skólum í Mangochi héraði. Markmiðið er að bæta næringu og hag skólabarna en nemendur sem fá skólamáltíðir hætta síður námi, líður betur á skólatíma og standa sig þannig betur í skólanum. Enn fremur gefur þessi nálgun smábændum kost á því að selja framleiðslu sína á öruggum markaði en mikil áhersla er lögð á að fá aðföng máltíða úr nærliggjandi sveitum og efla þar sem viðskipti á svæðinu. Lögð er áhersla á að rækta grænmeti í gördum við skóla eins og kostur er.

Ísland gerði samning við bólusetningabandalagið Gavi (e. Gavi – The Vaccine Alliance) í Malaví í ársbyrjun 2019 til þriggja ára um bólusetningar barna, með áherslu á Mangochi hérað. Alls leggur Ísland eina milljón bandarískra dala til verkefnisins. UNICEF er framkvæmdaraðili Gavi í Malaví. Norðurlöndin hafa lengi stutt starf Gavi og með nýja samningnum bætist Ísland í hópinn.

Sendiráðið studdi við kvenframbjóðendur í Mangochi héraði fyrir síðustu þing- og sveitarstjórnarkosningar í Malaví sem fram fóru 21. maí 2019 í gegnum Action Aid samtökin og verkefnið „Bjóðum konur velkomnar í sveitarstjórnir“ (e. Hello female councillors). Verkefnið er hluti stærri herferðar sem nefnist „50:50 Campaign“ og miðar að því að auka þátttöku kvenna í stjórnámálum í Malaví. Herferðin bar ríkulegan árangur, konum fjölgaði á þingi og eru núna 23,3% þingmanna en voru 16,7% eftir kosningarnar 2014. Í Mangochi héraði voru tíu konur kjörnar á þing eða í héraðs- og bæjarstjórn. Konum frá héraðinu fjölgaði um helming á þingi og þær eru nú fjórar, þeirra á meðal er aðstoðarþingforseti landsins ný þingkona frá Mangochi. Þrjár konur komust í fyrsta skipti í héraðsstjórn Mangochi og núna sitja alls sex konur í héraðs- og bæjarstjórn.

Sendiráðið studdi heimsókn sendinefndar þriggja þingkvenna frá Malaví til Íslands í nóvember síðastliðnum þegar fyrsti kvenforseti malavíska þingsins, Catherine Gotani Hara, og tvær aðrar þingkonur heimsóttu Íslands. Þær sátu meðal annars Women Leaders Global Forum-ráðstefnuna í Reykjavík 18. - 20. nóvember og heimsóttu Alþingi.

Verið er að greina hvernig hægt er að aðstoða Malaví í baráttunni gegn COVID-19 faraldrinum. Mangochi hérað hefur nýlega óskað eftir stuðningi við viðbragðsáætlun sína gegn COVID-19. Ísland mun styðja við héraðsfyrirvöld eins og hægt er og er nú unnið að útfærslu á stuðningnum.

3.2. Úganda.

Ísland og Úganda hafa starfað saman á sviði þróunarsamvinnu í 20 ár. Tímamót voru í starfseminni í lok árs 2019 þegar samvinnu við Kalangala-eyjahéraðið í Viktoríuvatni lauk. Ísland hefur ávallt sinnt þróunarstarfi í fiskimannasamfélögum. Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á menntun barna, aðgang að drykkjarhæfu vatni og kömrum og heilnæmara lífneri. Þannig leggur Ísland sitt af mörkum til að byggja upp

menntaðri og heilsuhaustari kynslóð ungmenna. Í dag er yfir helmingur íbúa landsins yngri en 16 ára og því er spáð að mannfjöldinn fari úr rúmlega 40 milljónum í dag í 100 milljónir árið 2050.

Í Kalangala hefur verið unnið að fjölbreyttum verkefnum allt frá upphafi tvíhliða þróunarsamvinnu í Úganda, þegar héraðsstjórnvöld þar voru afar vanmáttug. Á allra síðustu árum var áhersla lögð á heildrænan stuðning í menntamálum og ná til allra menntastofnana á eyjunum, þ.e. 26 grunnskóla, þriggja gagnfræðaskóla og tveggja verkmenntaskóla á gagnfræðastigi. Á eyjunum búa 70 þúsund manns á 43 eyjum og felst stuðningurinn meðal annars í bættum aðbúnaði og byggingu skólafasta, menntun kennara, námsbókum fyrir alla nemendur, svefnálmum fyrir börn frá einangruðum eyjum, kennara-íbúðum, kömrum við alla skóla og skólamáltíðum fyrir alla sem eru eldaðar með orkusparandi hlóðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á aðkomu foreldra að skólafasta og skólamáltíðum. Auk þess hefur verið stutt við íþróttir, tónlist og leiklist. Ísland er eina framlagsríkið sem hefur sinnt menntamálum á eyjunum og það er sannarlega árangur af starfinu, eins og sést á myndinni hér að neðan:

Menntamál í Kalangala

Hlutfall barna í skóla



Fjöldi nemenda á hverja kennslubók



Hlutfall stúlkna í skólum



Læsi í 6. bekk



Samstarf við Buikwehérað við Viktoríuvatn hófst árið 2014. Tveimur áföngum vatns-, salernis- og heilsueflandi verkefnis (WASH I og II) er nú lokið og einum áfanga menntaverkefnis (EDU I). Á árinu 2019 hófst undirbúningur og framkvæmd á öðrum áfanga menntaverkefnisins (EDU II) og boðnar voru út og samþykktar byggingar og lagfæringar á 21 skóla á árinu en verkefnið stendur til 2021. Til stendur að valdefla konur sem starfa við vinnslu og sölu á fiski í Buikwe og framkvæmd var þarfagreining í lok árs. Rétt eins og í Kalangala, tekur þróunarsamvinna Íslands mið af þróunaráætlunum Úganda og héraðanna sem hafa jafnframt eignarhald á verkefnunum, en njóta tæknilegs og fjárhagslegs stuðnings og eftirlits af hálfu Íslands.

Á árinu 2019 var hafin vinna við þarfagreiningu fyrir val á nýju samstarfshéraði við Viktoríuvatn og urðu fiskimannasamfélög í Namayingo-héraði, skammt frá landamærum Kenya fyrir valinu, sökum stærðar fiskimannasamfélagsins, sárafatæktar og slæms aðbúnaðar í vatns-, hreinlætis- og menntamálum – allt langt undir landsmeðaltali.

Ísland studdi enn fremur við stækkun á vatnsveitu og stækkun fiskmarkaðar í Pakwach-héraði við Albertvatn á síðasta ári. Á fiskmarkaðnum koma saman um þrjú þúsund sölumenn í hverri viku, af þeim eru konur um 70%. Fiskurinn fer til fjölda annarra landa í álfunni. Ofangreind verkefni eru unnin í samræmi við landsáætlun Íslands í Úganda frá 2014 sem hefur verið framlengd til loka árs 2020.

Norðan við Pakwach, í Arua- og í Adjumanihéruðunum eru fjölmennar flóttamannabyggðir en í Úganda eru um 1,4 milljónir flóttamanna og meðal fjölmennustu flóttamannabyggðar í Afríku. Þorri flóttamanna eru konur og börn. Ísland veitti UNICEF stuðning á síðasta ári við vatns- og hreinlætisverkefni við skóla og heilbrigðisstofnanir. Það náði til yfir 12 þúsund íbúa, bæði flóttamanna og heimamanna. Til stendur að halda verkefninu áfram 2020-2022 en í verkefninu er mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu fléttað saman.

Á milli 80-90 Úgandar hafa sótt nám hjá GRÓ, þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (áður háskólar SP) á Íslandi. Fyrrum nemendur Sjávarútvegsskólans áttu fund með sendiráðinu á árinu til að ræða mögulegt samstarf sín á milli og með Íslandi. Það gerðu nemendur Jafnréttisskólans einnig og stóðu þeir fyrir málstofu í desember ásamt sendiherra í tilefni af tíu daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Um 15 blaðamenn sóttu viðburðinn. Skólarnir eiga í töluverðu samstarfi við Makerere háskóla í Kampala sem er einn besti háskóli Afríku, norðan Suður-Afríku. Nýlega hafa bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík skrifað undir viljayfirlýsingar við Makerere háskólann um samstarf, sem meðal annars felur í sér skipti á kennurum og nemendum.

Ísland hefur tilkynnt um stuðning við heilbrigðisfyrivöld Buikwehéraði í baráttunni við COVID-19 faraldurinn og mun sömuleiðis greiða skólamáltíðir barna í 45 skólum í eina önn.

Í samstarfi við Norðurlöndin og önnur líkt þenkjandi ríkja hafa íslensk stjórnvöld gagnrýnt úgandísk stjórnvöld fyrir brot á mannréttindum, sérstaklega hinsegin fólks, og skerðingu á fjölmiðlafrelsi, tjáningarfrelsi og réttinum til að koma saman með friðsömum hætti.

3.3. Svæðasamstarf á sviði jarðhita í Austur-Afríku.

Svæðaverkefni í jarðhitamálum lauk á síðasta ári. Verkefnið sem var drifið af eftirspurn veitti stuðning við yfirborðsrannsóknir og þjálfun á sviði jarðhita og náði til sjö ríkja í Sigdalnum í Austur-Afríku, Djibútí, Eritreu, Eþíópíu, Kenya, Malaví, Rúanda og Tansaníu. Þá var einnig veittur stuðningur við undirbúning að stofnun öndvegisseturs í jarðhitamálum fyrir Afríku í Kenya. Lokaúttekt á verkefninu fór fram árið 2019 og helstu niðurstöður voru þessar:

- Árangur verkefnisins var góður og sýndi að svæðin sem rannsökuð voru gætu gefið allt að 550 MW af rafmagni.
- Verkefnið féll vel að þörfum þeirra landa sem fengu aðstoð, var í takt við stefnu Íslands og áherslur í þróunarsamvinnu og féll að forgangsröðun Norræna þróunarsjóðsins (NDF) í loftslagsmálum.
- Verkefnið var hagkvæmt og aðföng vel nýtt, til dæmis með því að setja ákveðna verkþætti í alþjóðleg útboð. Einnig var talið hagkvæmt að semja beint við Ísor og Jarðhitaskólann um þjálfun og eftirlit.
- Þörf er á frekari stuðningi í jarðhitamálum á þessu svæði meðal annars við að svara spurn eftir áframhaldandi grunnrannsóknnum, aðstoða ríki við í umsóknarferli fyrir fjármögnun næstu skrefa í rannsóknnum á virkjanamöguleikum, styðja við símenntun jarðhitasérfræðinga, styrkja getu við rekstur virkjana, styðja áfram við öndvegissetrið og efla stofnanauppbyggingu fyrir jarðvarmaorkuver og fjölnýtingu.

Fulltrúar þróunardeildar jarðhitastofnunar Kenya (e. Geothermal Development Company, GDC) sótti Ísland heim í september 2019 til að kynna sér hringrásarhagkerfi jarðhitans og fjölnýtingu. Í framhaldinu var ákveðið að standa fyrir hliðarviðburði á heimsjarðhitaráðstefnunni í Reykjavík sem halda átti í apríl 2020, en hefur nú verið frestað fram á næsta ár vegna COVID-19.

3.4 Svæðasamstarf í Vestur-Afríku.

Svæðasamstarfsverkefni Íslands í Sierra Leóne og Líberíu héldu áfram á árinu 2019. Stór hluti verkefnanna snýr að því að auka verðmæti og gæði fiskafurðanna, og bæta lífsviðurværi þeirra sem starfa innan virðisreikju fiskis á landi, þar eru konur í miklum meirihluta.

Í Sierra Leóne var lögð áhersla á samstarf í Tombo sem er 40 þúsund íbúa útgerðarbær. Þar hefur risið endurbætt reykofnaaðstaða, byggð á íslensku hugviti, sem gerir konum sem stunda fiskverkun og sölu á fiski kleift að stunda vinnu sína í öruggu umhverfi með aðgengi að vatni, hreinlætisaðstöðu og verðmætari söluvöru. Um 80-90% af öllum lönduðum fiski í Sierra Leóne er reykur til þess að auka geymsluþol vörunnar. Nýju reykofnarnir eru einnig mjög orkusparandi og minnka því kostnað við reykunguna og draga úr gróðureyðingu. Enn fremur var hafist handa við umfangsmikið vatns- og salernisverkefni í samvinnu við UNICEF sem kemur til með að sjáibúunum og fiskiðnaðinum fyrir hreinu vatni og bættri hreinlætisaðstöðu.

Í Líberíu er hreinsun strandlengjunnar mikil áskorun og einn verkefnispátturinn fólst í hreinsun stranda á nokkrum af helstu löndunarstöðum Líberíu með tilheyrandi breytingu á umhverfinu og auknum möguleikum á notkun svæðanna til afþreyingar og útivistar. Vatns- og salernisverkefni hófst í

nágrenni Robertsportbæjar í samstarfi við UNICEF. Jafnframt hefur rannsóknarstofa sem þjóna á fiskiðnaði landsins verið hönnuð og rannsóknartæki keypt í samstarfi við Matís.

Í ferð ráðherra til Sierra Leóne í október 2019 voru áherslur á valdeflingu kvenna og jafnrétti kynjanna styrktar enn frekar með því að heita stuðningi við tvö verkefni. Annað er unnið í samstarfi við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og snýr að forvörnum og lækningu við fæðingarfistli. Hitt verkefnið er unnið í samstarfi við UNICEF og snýr að því að sporna við brottfalli stúlkna úr skólum og bæta hreinlætisaðstöðu stúlkna þegar þær eru á blæðingum.

Samstarfsstofnanir Íslands í Sierra Leóne og Líberíu, UNICEF og UNFPA eru í framlínu þeirra sem bregðast við COVID-19 faraldrinum. Töluvert hefur hægst á framkvæmdum við vatnsveitur á fyrri hluta árs 2020 og mun UNICEF leggja fram breytta framkvæmdaáætlun og beiðni um nýta hluta framlagsins í COVID-19 tengd verkefni.

Helsti afraksturinn á árinu 2019.

- 11 nemar stunduðu nám í sex mánaða námi Sjávarútvegsskóla Gró á Íslandi árið 2019.
- 1 nemandi útskrifaðist úr Rhódos-akademíunni í hafrétti.
- 12 reykofnar voru byggðir og reykofnaskýli með aðgangi að sólarrafmagni, hreinu vatni-, salernis- og svefnaðstöðu.
- 40.000 manna vatnsveita byggð í Sierra Leone.
- 6 almenningssalerni (36 klósett alls) og sturtuáðstöður byggðar í sjávarþorpum.
- 100 manns í sjávarþorpum þjálfuð í hreinsun strandlengjunnar kringum fisklöndunarstaði.
- 5 standlengjur við löndunarstöðvar hreinsaðar af plasti og rusli.
- 1 fisklöndunarstöð endurbætt.
- 1 aðgerðaraðstaða fyrir landaðan fisk fullkláruð með aðgangi að vatni, salerni og sólarrafmagni.
- 10 leiðbeinendur þjálfaðir af Sjávarútvegsskóla Gró og Matís í notkun endurbættra reykofna og rekstri reykofnaskýlis.

Svæðasamstarf í Vestur-Afríku 2019



3.5. Samstarf við atvinnulífið.

Í maí 2019 var lögð fram skýrsla frá ráðgjafafyrirtækinu Capacent sem hafði verið falið að framkvæma greiningu á mögulegum útfærslum á samstarfi við atvinnulífið á sviði þróunarsamvinnu. Skýrslan lagði mikla áherslu á að auka og efla samstarf innan stjórnarráðsins og milli stjórnvalda og atvinnulífs í þeim tilgangi að skýrt verði hvert fyrirtæki sem starfa, eða hafa áhuga á að starfa í þróunarlöndum, eiga að leita. Einnig var lagt til að auka kynningu, bæði til almennings og fyrirtækja, um þá samstarfsmöguleika sem til staðar eru í samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda í þróunarsamvinnu.

Í framhaldi af skýrslunni var samþykkt að setja á laggirnar sérstakt þjónustuborð hjá Íslandsstofu árið 2020, þar sem fræðslu og kynningarstarf færi fram og þangað gætu íslensk fyrirtæki sótt allar upplýsingar um hugsanlega sjóði og styrkjamöguleika til þróunarsamvinnuverkefna.

Nýr samstarfsjóður atvinnulífs og íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er kominn á fullt skrið. Sjóðurinn er ætlaður samstarfsverkefnum fyrirtækja í þróunarríkjum og er lögð sérstök áhersla á að verkefni styðji við heimsmarkmið númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt.

Hámarksfjárhæð til einstakra verkefna er allt að 200.000 evrur yfir þriggja ára tímabil en styrkfjárhæð getur numið allt að 50% af heildarkostnaði verkefnis.


Fyrstu íslensku fyrirtækin sem vinna með stjórnvöldum gegnum sjóðinn eru Marel og Thoregs sem hlutu styrk í janúar 2019. Bæði verkefni byggja á íslensku hugviti og verkþekkingu og koma til með að stuðla að aukinni þekkingu á tækni og vinnslu í matvælaíðnaði með það að markmiði að hafa bein áhrif á verðmæti afurða, uppbyggingu atvinnumöguleika og sjálfbæran vöxt í viðkomandi landi.

Auglýst var að nýju eftir umsóknum á haustdögum 2019 og þá var einnig mögulegt að sækja um forkönnunarstyrki, sem geta numið allt að 2 milljónum kr. en þeim er ætlað að styðja við hugmyndir eða verkefni á frumstigi sem geta leitt af sér stærri þróunarverkefni. Alls bárust ellefu styrkumsóknir að heildarupphæð um 155 milljónir kr. frá tíu fyrirtækjum. Samþykkt var að veita þremur fyrirtækjum styrk samtals að upphæð 46 milljónir króna.

Að undangenginni breytingu á reglum sjóðsins, sem útvíkkar ramma fyrir leyfileg samstarfslönd til allra smáeyþróunarríkja (SIDS) sem teljast þróunarríki (samkvæmt lista OECD-DAC), var auglýst í þriðja sinn á fyrri hluta þessa árs. Vegna COVID-19 var umsóknarfrestur framlengdur til 12. maí.

Ísland hefur undanfarin ár starfrækt ráðgjafalista á sviði jarðhita og fiskimála. Á grundvelli samstarfsyfirlýsinga við alþjóðastofnanir svo sem Alþjóðabankann, FAO og IFAD geta þær óskað eftir sérfræðiráðgjöf, einkum við undirbúning og gæðamat verkefna sem eru í undirbúningi. Umsýsla og eftirlit með ráðgjafalistanum er í samstarfi við Ríkiskaup. Á árinu 2019 fóru alls 11 íslenskir til ráðgjafar við ýmis verkefni á vegum Alþjóðabankans til fimm landa, Víetnam, Bangladess, Indónesíu, Filippseyja og El Salvador.

Íslenskir ráðgjafar á sviði jarðhita og fiskimála



4. FJÖLÞJÓDLEG ÞRÓUNARSAMVINNA.

Fjórar áherslustofnanir í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu eru tilteknaðar í nýrri þróunarsamvinnustefnu, Alþjóðabankinn, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Að auki starfar Ísland með öðrum alþjóðastofnunum að þróunarmarkmiðum.

Útsendir sérfræðingar í þróunarsamvinnu sinna samstarfi við alþjóðastofnanir. Í Róm gættir fastafulltrúi hagsmuna Íslands og sinnir málefnum samstarfi við Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD), Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP). Norrænu ríkin öll viðhafa mikið samstarf um málefni Rómarstofnananna þriggja, móta sameiginlega stefnu á flestum sviðum og hafa sett sér það markmið að auka samstarfið frekar.

Útsendur sérfræðingur á sviði þróunarsamvinnu í New York sinnir málefnum samstarfi við stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna þar sem Ísland tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum. Regluleg samskipti eru við þróunarsamvinnu- og mannúðarstofnanir Sameinuðu þjóðanna í New York. Ísland situr stjórnarfundum UNICEF, UN Women, UNDP og UNFPA og tekur þátt í ákvarðanatöku um stefnumótun, landaáætlanir og annað sem tengist starfinu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á sér einnig stað pólitískt

samstarf um þróunarsamvinnu- og mannúðarmál, en meðal þess eru störf annarrar nefndar allsherjarþings SP sem fjallar meðal annars um sjálfbæra þróun.

Fastanefnd Íslands í New York vinnur að eftirfylgni heimsmarkmiðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í samráði við verkefnastjórn Stjórnarráðsins um markmiðin. Þar má nefna fjármögnun þróunar, formennsku í vinahópi um landgræðslu og umræðustjórn vegna landgræðsluályktunar í annarri nefnd allsherjarþingsins. Þá kemur fastanefndin einnig að vinnu við mannréttinda-, jafnréttis- og loftslagsmál, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda.

Fyrir Íslands hönd skrifaði ráðuneytisstjóri undir rammisamning við Menningarmálastofnun SP (UNESCO) í apríl 2019 um samstarf á sviði þróunarsamvinnu. Ísland styður við verkefni UNESCO á sviði menntunar í Afganistan með sérstakri áherslu á stúlkubörn og verkefni sem varðar tjáningarfrelsi og öryggi fjölmíðlafólks þar í landi. Það er einn þeirra grundvallarþátta sem styðja við virka lýðræðisþróun og vernd mannréttinda, sem Ísland leggur jafnframt ríka áherslu á í þróunarsamvinnu.

Formlegt samstarf hófst við Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD) á árinu 2019 að lokinni þarfa- greiningu og skýrslu þar um. Í samstarfi við IFAD var skipulögð vinnustofa á Íslandi í nóvember 2019 um bláa hagkerfið og IFAD hefur óskað eftir enn frekara samstarfi til að nýta íslenska þekkingu í framtíðinni í samræmi við þá samstarfsáætlun sem nú liggur fyrir. Þá var formlegt samkomulag gert við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) á árinu um stuðning Íslands í baráttunni gegn ólöglegum veiðum og tækniaðstoð um málefni hafsins. Ísland veitir framlög til átaks gegn ólöglegum fiskveiðum og lánar veidarfæraserfræðing til starfa í Róm.

4.1. Alþjóðabankinn.

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðastarfi Alþjóðabankans í gegnum kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna en ríkin átta deila stjórnarsæti í bankanum og samræma því málflutning og afstöðu til málefna. Ísland tók sæti aðalfulltrúa í stjórn bankans fyrir hönd kjördæmisins í júlí síðastliðnum og leiðir kjördæmisstarfið til 2021. Samhliða því var sérstök deild innan þróunarsamvinnuskrifstofu ráðuneytisins stofnuð í þeim tilgangi að leiða samræmingu á málefnum starfi kjördæmisins í höfuðborgum kjördæmislanda meðan á stjórnarsetu Íslands stendur. Meðal áherslna kjördæmisins í samstarfinu við bankann má nefna loftslagsmál, endurnýjanlega orku, jafnréttismál, uppbyggingu mannauðs, atvinnusköpun og samstarf við einkageirann. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti sæti í þróunarsamvinnunefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir hönd kjördæmisins árið 2019 og tók virkan þátt í fundum nefndarinnar á vorfundum og ársfundum bankans þar sem hann hélt ávörp fyrir hönd kjördæmisins. Þá átti ráðherra tvíhliða fundi með framkvæmdastjórum bankans um samstarf Íslands og lykiláherslur.

Stór hluti framlaga Íslands til Alþjóðabankasamsteypunnar (World Bank Group) fer til Alþjóðafarastofnunarinnar (International Development Association, IDA) sem er sú stofnun bankans sem veitir fátækustu löndum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum, auk ráðgjafar. Þá veita íslensk stjórnvöld stuðning til sömu ríkja í gegnum áætlun Alþjóðafarastofnunarinnar um niðurfellingu skulda fátækustu ríkjanna. Með samstarfi sínu við IDA hefur Ísland átt þátt í að veita 86 milljónum manna aðgang að heilnæmu vatni og 657 milljónum manna grunnheilbrigðisþjónustu, svo dæmi séu tekin. Í desember 2019 lauk samningaviðræðum aðildarríkja um 19. endurfjármögnun stofnunarinnar sem Ísland tók virkan þátt í og lagði meðal annars sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna og bláa hagkerfið í málflutningi sínum, með góðum árangri. Endurfjármögnuninni lauk með stuðningi 52 framlagsríkja en umfangið nemur alls 82 milljörðum Bandaríkjadala sem renna til 74 fátækustu landa heims. Framlag Íslands, sem samþykkt var á árinu, nemur 1,467 milljarði íslenskra króna fyrir tímabilið 2021-2023.

Árangur IDA 2011-2019



Ísland á í öflugu tvíhliða samstarfi við sjóði innan Alþjóðabankans sem endurspeglar áherslur Íslands í þróunarsamvinnu. Sérstök áhersla er lögð á samstarf á sviði jarðhita, fiski-, jafnréttis- og mannréttindamála. Samstarfið gefur Íslandi tækifæri til að tengjast betur starfi bankans á viðkomandi málefnaviðum.

Ísland leggur til fjármagn og tekur virkan þátt í starfi ProBlue sjóðs bankans sem vinnur að málefnum hafsins og þróun bláa hagkerfisins. Mengun í hafi er sérstakt áherslusvið sjóðsins. Sjóðurinn fellur mjög vel að áherslum Íslands um verndun sjávar og sjálfbæra nýtingu. Ísland leggur til fjármagn í verkefni sem snúa að fiskimálum og plastmengun í hafi. Sjóðurinn hefur á fyrsta starfsári sínu gengt lykilhlutverki í að samþætta málefni bláa hagkerfisins inn í starfsemi bankans og beina alþjóðlegri athygli að málefnum hafsins. Þátttaka Íslands í ProBlue sjóðnum styrkir almennt samstarf við bankann í tengslum við bláa hagkerfið og skapar fleiri tækifæri til að miðla íslenskri þekkingu á því sviði. Þessu samhliða fjármagnaði Ísland stöðu sérfræðings hjá bankanum á sviði fiskimála með búsetu í Gana árin 2017-2019. Utanríkisráðuneytið auglýsir sambærilega stöðu lausa til umsóknar á árinu 2020.

Orkusjóður bankans (e. Energy Sector Management Assistance Programme, ESMAP) styður við mótun endurnýjanlegra orkuverkefna sem síðar koma til fjármögnunar hjá bankanum og fleiri aðilum. Sjóðurinn hefur til langs tíma verið mikilvægur samstarfsaðili Íslands bæði á sviði jarðhita og frá og með 2019, einnig á sviði vatnsafls. Þá hefur Ísland fjármagnað stöðu jarðhitasérfræðings hjá orkusjóðnum og á árinu hóf nýr jarðhitasérfræðingur störf hjá bankanum. ESMAP er mikilvægasti vettvangur bankans til að auka þekkingu á jarðhitaverkefnum og greiða fyrir fjárfestingum á því sviði. Á árinu samþykkti bankinn til dæmis nýtt 325 milljóna Bandaríkjadala jarðhitaverkefni í Indónesíu sem ESMAP tók þátt í að móta. Ísland hefur einnig stutt við brautryðjendastarf ESMAP á sviði jafnréttismála og jarðhita. Meðal þess sem kom út úr þeirri vinnu á árinu er vinnustofa um jarðhita og jafnréttismál í smáeyrúnaarríkjum (e. Small Island Development States, SIDS) sem ESMAP stóð fyrir á Gvadelúpeyjum í mars 2019 og Ísland tók þátt í, en miklir möguleikar eru til jarðhitánýtingar á svæðinu. Á árinu kom sérfræðingur frá Alþjóðabankanum til landsins og kynnti starfsemi bankans á sviði vatnsorku og tækifæri sem í henni felast fyrir íslensk fyrirtæki. Vonir standa til að íslenskir sérfræðingar geti tekið þátt í verkefnum bankans á komandi árum. ESMAP hefur kynnt tillögur um að stofna sjóð vegna COVID-19 sem snýr að því að tryggja heilbrigðisstofnunum í þróunarríkjum aðgang að endurnýjanlegri orku, einkum með uppsetningu sólarorkubúnaðar og mun Ísland skoða þátttöku í því verkefni.

Árangur af verkefnum orkusjóðs Alþjóðabankans, ESMAP 2017-2019



Ísland veitir framlög í sérstakan jafnréttissjóð (Umbrella Facility for Gender Equality, UFGE) innan bankans. Árið 2019 var ákveðið að framlengja núverandi samning til 2023 í samræmi við gildistíma nýrrar þróunarsamvinnustefnu Íslands. Sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í stefnumótun bankans hvað varðar kynjajafnrétti og hefur stuðlað að aukinni innleiðingu kynjasjónarmiða í starfi bankans almennt sem og verkefnum og undirstofnunum hans. Sjóðurinn hefur skilað góðum árangri og núverandi jafnréttisstefna bankans byggir meðal annars á rannsóknum og verkefnum sjóðsins. Á síðustu misserum hefur sjóðurinn aukið áherslu sína á kynbundið ofbeldi og hafa nú ellefu verkefni og aðgerðir bankans innleitt samþætta nálganir sem taka á kynbundnu ofbeldi auk þess sem lærdómur af starfi sjóðsins endurspeglast í auknum mæli í starfsemi bankans og undirstofnunum hans.

Nýr mannréttindasjóður (e. Human Rights and Development Trust Fund, HRDTF) var stofnaður á grunni Norræna mannréttindasjóðsins (e. Nordic Trust Fund) fyrri hluta árs 2019 og byggir á nýrri og metnaðarfullri mannréttindanálgu í takt við viðmið SP. Ísland er stofnaðili að sjóðnum og flutti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarp á stofnviðburði sjóðsins á vörfundum Alþjóðabankans í apríl sl. þar sem hann lagði áherslu á gildi mannréttinda í þróunarsamstarfi.

Í samstarfi við bankann var á árinu einnig unnið að því að skoða hvernig fjölga mætti íslenskum sérfræðingum í bankanum. Áætlað er að Ísland leggi til sérfræðinga á sviði jafnréttismála og mannréttinda síðari hluta árs 2020.

Alþjóðabankinn hefur nú þegar samþykkt verkefnaramma fyrir 14 milljarða Bandaríkjadala til að aðstoða lönd vegna COVID-19 faraldursins, og í bígerð er aðstoð upp á allt að 160 milljarða Bandaríkjadala á næstu 15 mánuðum. Þá er í skoðun hvort leggja megi til stuðning vegna sértækra verkefna á tilteknum málefnaviðum bankans vegna viðbragða við faraldrinum

4.2. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Rammasamningur milli íslenskra stjórnvalda og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) veitir heildstæða umgjörð um samstarfið. Ætla má að kjarnaframlög Íslands til UNICEF hafi náð til milljóna barna víðs vegar um heim. Að auki styður Ísland beint við ýmis verkefni landaskrifstofa UNICEF í samstarfs- og áherslulöndum. Í Mósambík hefur Ísland styrkt vatns-, salernis- og hreinlætisaðstöðu í einu fátækasta fylki landsins, Zambezíu frá því árið 2014 en verkefnalok eru áætluð á þessu ári. Aðeins 38% af íbúum sýslunnar hafa aðgang að hreinu drykkjavatni og ástandið er hvað verst í Zambezíu af öllum fylkjum Mósambík. Aðgengi að hreinu vatni hefur þó aukist um 18% eftir að verkefnið hófst fyrir sex árum.

Ísland hefur einnig stutt við heilsutengd verkefni UNICEF í Palestínu frá árinu 2011 og studdi meðal annars ljósmæðraeftirlit með mæðrum í viðkvæmri stöðu. Úttekt á verkefninu frá 2018 sýnir að mikil þörf var á þjónustunni sem talin er hafa átt stóran þátt í að draga úr bæði mæðra- og ungbarnadauða.

Frá árinu 2012 hefur Ísland setið í stjórn og stutt fjárhagslega við samstarfsverkefni UNICEF og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um upprætingu limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna í 17 löndum í Afríku. Áætlað er að fleiri en 200 milljónir kvenna hafi þurft að þola þessa meðferð en limlesting á kynfærum kvenna er heilbrigðisvandamál, brot á mannréttindum og birtingarmynd á kynbundnu misrétti og ofbeldi. Viðamikil úttekt var gerð á árangri verkefnisins frá 2008-2017 sem sýndi að góður árangur hefur náðst. Samningur vegna verkefnisins var endurnýjaður árið 2018 og framlengdur til fimm ára.

Þá er í gildi samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UNICEF sem felst, auk kynningarstarfa, meðal annars í því að landsnefndin veiti útsendum sérfræðingum fræðslu áður en þeir hefja störf á vettvangi.

UNICEF er leiðandi í hagsmunagæslu barna í mannúðarviðbrögðum SP sem og í þróunarverkefnum sem taka við mannúðarverkefnum. UNICEF leggur áherslu á sex meginþætti til að tryggja heilsu og heilbrigði barna í heimsfaraldrinum. Tryggja að börn hafi aðgang að grunnheilbrigðisþjónustu, bólusetningum og að ungbarnaeftirliti. Byggja þarf upp vatns- salernis- og hreinlætiskerfi með áherslu á aðgengi barna að handþvottaaðstöðu. Mikilvægt er að viðhalda eðlilegu skólastarfi eins og hægt er og á sama tíma að aðstoða ríki við tæknilegar lausnir til að tryggja að börn fái áframhaldandi menntun meðan dvalið er heima við. Félagsleg vernd er mikilvæg á þessum tímum; gæta þarf að félagslegu- og efnahagslegu öryggi foreldra og sjaldan hefur verið eins mikil þörf til að gæta að vernd barna með tilliti til aukinnar hættu á ofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Að lokum vinnur UNICEF ötullega að því að tryggja öryggi barna á flóttu og þeirra sem dvelja í flóttamannabúðum.

4.3. Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.

UN Women er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem hefur jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og stúlkna að meginmarkmiði og er stofnunin ein áherslustofnana Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Heildarframlög til stofnunarinnar námu alls um 243 m.kr árið 2019. Þar af námu kjarnaframlög 134 m.kr. en slík framlög gera stofnunum kleift að veita fé til þeirra svæða sem mest þurfa á aðstoð að halda og veita svigrúm þegar bregðast þarf skjótt við. Líkt og undanfarin ár voru framlög einnig veitt til landaáætlana UN Women í Palestínu og í Afganistan. Þá var fjármögnuð staða jafnréttisfulltrúa á skrifstofu UN Women í Tyrklandi 2018 og fram á mitt ár 2019 auk þess sem stuðningur var veittur til flóttamannaverkefnis í Tyrklandi.

Ísland og Noregur fjármagna umfangsmikið verkefni á vegum UN Women í Mósambík um framkvæmd á landsáætlun Mósambík um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Verkefnið hófst árið 2017 og eru áætluð verkefnalok í lok 2021. Verkefnið er unnið í fjórum fylkjum í landinu og meðal annars hefur starfsfólk ríkisstofnanna og grasrótarsamtaka verið þjálfað um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, komið hefur verið upp öruggum svæðum fyrir þolendur ofbeldis og gerð umfangsmikil rannsókn á mögulegum leiðum fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna í fylkjunum fjórum.

Ísland hefur stutt við starf UN Women í flóttamannabúðunum Eid-bi-Eid í Jórdaníu við landamæri Sírylands frá 2015 en UN Women rekur þar gríðarstaði fyrir konur, sálfræðiaðstoð og skapar efnahagsleg tækifæri fyrir konur og stúlkur.

Í gildi er samstarfssamningur milli ráðuneytisins og landsnefndarinnar. Markmið hans er að skapa grundvöll fyrir samráð og samvinnu ráðuneytisins og landsnefndarinnar, stuðla að umfjöllun um alþjóðamál með hugsjónir og markmið UN Women að leiðarljósi, fjalla um þátttöku Íslands á sviði jafnréttismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, efla umfjöllun á Íslandi um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í þróunarríkjum og efla þátt Íslands í málefnum UN Women.

UN Women á sæti í ráðgefandi stjórn í nýstofnuðum þróunar- og uppbyggingarsjóði SP vegna COVID-19 (e. COVID-19 Response and Recovery Fund) og gegnir þar mikilvægu hlutverkefni við að tryggja samþættingu kynjasjónarmiða í starfi sjóðsins. Af hálfu UN Women er lögð áhersla á fimm málaflokka í viðbrögðum við faraldrinum og við uppbyggingu samfélaga. 1) Aðgerðir gegn auknu kynbundnu ofbeldi og tryggja þjónustu fyrir þolendur. 2) Efnahagsleg valdefling kvenna. 3) Jafna hlutföll kynjanna í umönnunarstörfum. 4) Þátttaka kvenna í stefnumótun og í uppbyggingaferli ríkja. 5) Jafnréttismiðuð stefnumótun stofnana og ríkja með áherslu á kynskipta tölfræði.

4.4. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna.

Meginmarkmið Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi í þróunarríkjum. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja þróunarríki við stefnumótun og framkvæmd verkefna sem miða að því að útrýma fátækt, sjá til þess að þungun kvenna sé litin jákvæðum augum, fæðingar verði öruggar, ungt fólk sé laust við alnæmi og að konur og stúlkur njóti tilhlýðilegrar virðingar. Mikilvægir þættir starfseminnar eru réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, ungbarnavernd, dreifing getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðsla. Neyðar- og mannúðaraðstoð er einnig stór þáttur í verkefnum stofnunarinnar.

Í þróunarsamvinnustefnu Íslands 2019-2023 er UNFPA skilgreind sem ný áherslustofnun í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu og jókst stuðningur Íslands við stofnunina töluvert. Síðustu tvö ár hefur Ísland veitt stofnuninni árlega 31,5 m.kr. kjarnaframlag. Frá árinu 2011 hafa íslensk stjórnvöld veitt framlög til samstarfsverkefnis UNFPA og UNICEF sem miðar að því að binda endi á limlestingar á kynfærum kvenna en verkefnið nær til 17 land í vestan, austan- og norðaustanverðri Afríku.

Á alþjóðlegri ráðstefnu um kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi í Naíróbí í nóvember 2019 tilkynnti Ísland um heildstæðan stuðning við kyn- og frjósemisheilbrigði í Mangochi héraði í Malaví í samvinnu við UNFPA, en verkefnið er til þriggja ára.

Ísland hefur einnig stutt við mannúðarstarf UNFPA í Sýrlandi og árið 2019 nam framlagið 54,6 m.kr. Þar að auki veitti Ísland 50 m.kr stuðning við mannúðarverkefni UNFPA í Jemen árin 2018-2019. Ofbeldi gegn konum var útbreitt í Jemen en hefur enn aukist eftir að átök brutust út. Ísland hefur stutt við starf UNFPA sem rekur 33 miðstöðvar fyrir þolendur kynbundins ofbeldis og Ísland fjármagnar fimm þessara stöðva þar sem alhliða þjónusta er veitt.

Útanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra kynnti sér verkefni UNFPA í Síerra Leóne í heimsókn til landsins í október 2019 og tilkynnti um 150 þúsunda Bandaríkjadala framlag til styrkingar eftirlits- og forvarnarkerfis gegn fæðingarfistli, skurðaðgerða fyrir 100 konur sem þjást af fæðingarfistli og endurhæfingu þeirra. Vegna COVID-19 hefur aðgerðum vegna fistils, sem teljast valkvæðar, fækkað tímabundið. Því fékk UNFPA heimild til að nýta framlagið vegna mars og apríl til aðgerða tengdum COVID-19.

UNFPA gegnir mikilvægu hlutverki er varðar réttindi kvenna og stúlkna, bæði í mannúðar- og þróunarverkefnum. Áherslur UNFPA í viðbrögðum við COVID-19 snúa fyrst og fremst að þremur þáttum. Í fyrsta lagi að tryggja réttindi kvenna og stúlkna að áframhaldandi heilbrigðisþjónustu með áherslu á örugga fæðingarþjónustu og aðgengi að mæðra- og ungbarnaeftirliti. Í öðru lagi að þolendur kynbundins ofbeldis hafi aðgang að öruggum úrræðum og í þriðja lagi að konur og stúlkur hafi áframhaldandi aðgang að getnaðarvörnum.

4.5. GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu.

Um langt skeið hafa eftirtaldir fjórir skólar, Jafnréttisskólinn, Jarðhitaskólinn, Landgræðsluskólinn og Sjávarútvegsskólinn starfað hér á landi. Hlutverk skólanna er fyrst og fremst að auka getu þróunarríkja á sérsviði hvers skóla fyrir sig og styðja þannig við stefnu Íslands í þróunarsamvinnu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemi skólanna var um langt árabíl í samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) en því samstarfi lauk formlega um síðustu áramót. Nokkru áður hafði verið hafist handa við að leita nýs alþjóðlegs samstarfsaðila fyrir þennan þátt þróunarsamvinnunnar og var áhersla lögð á að skólarnir gætu áfram starfað í tengslum við stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Einkum voru skoðaðir möguleikar á samstarfi við Þjálfunar- og rannsóknastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNITAR) og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Viðræður við UNESCO leiddu í ljós að samstarfið á góða samleið með áherslum í íslenskri þróunarsamvinnu og sérfræðisviðum skólanna fjögurra. Í samræmi við formkröfur UNESCO í slíku samstarfi var skipulag skólanna einfaldað þannig að skólarnir koma nú saman innan einnar sjálfstæðrar miðstöðvar sem hefur eigin stjórn.

Miðstöðin ber heitið GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu (www.grocentre.is) og starfar undir merkjum UNESCO sem svokölluð Category II miðstöð, sbr. samning Íslands við stofnunina sem undirritaður var í desember 2019 og sbr. reglugerð nr. 1260/2019.

Ráðgert er að skólarnir fjórir verði áfram hýstir með sama hætti og verið hefur, á grundvelli samninga við viðeigandi stofnanir innanlands. Breytingunum er ætlað að styðja enn frekar við hlutverk skólanna en raska ekki grunnstarfsemi þeirra eða hlutverki. Með þessu móti er einnig fyrirhugað að auka samlegð milli skólanna, samþætta starf þeirra frekar við aðra þróunarsamvinnu Íslands, leita nýrra samstarfstækifæra á alþjóðlegum vettvangi, nýta betur íslenskt þróunarsamvinnufé og auka gagnsæi og eftirlit með ráðstöfun þess.

Á hverju ári taka skólarnir fjórir á móti hópum sérfræðinga frá þróunarríkjum til námsdvalar á Íslandi og standa auk þess fyrir námskeiðum í þróunarríkjunum. Jafnframt gefst þeim nemendum sem lokið hafa námi við skólana kostur á að sækja um styrki til meistara- og doktorsnáms við íslenska háskóla. Fjöldi starfandi sérfræðinga frá þróunarríkjum – um 1400 talsins - hefur fengið þjálfun á vegum skólanna hér á landi og fjöldi manns hafa sótt námskeið á þeirra vegum í samstarfsríkjum.

Framlög til skólanna nema um 790 milljónum króna á yfirstandandi ári og áfram verður lögð rík áhersla á starf skólanna þar sem virðisaukandi sérþekking Íslands nýtist í alþjóðlegri þróunarsamvinnu í samræmi við stefnu Íslands.

5. NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ.

Þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð fer stöðugt vaxandi. Ástæður eru almennt einkum átök, loftslagsbreytingar og efnahagslegt álag víðs vegar um heiminn. Fæðuskortur tengist oftast átökum og áföllum af völdum veðurfars. Erfitt er að hafa stjórn á farsóttum vegna átaka, veikra heilbrigðiskerfa og skorti á aðgengi að vatni og salernisaðstöðu. Milljónir hafa flosnað upp af heimilum sínum og lent á vergangi eða

flóttu sem hefur í för með sér miklar þjáningar, þar með talið aukna áhættu á að verða fyrir kynferðislegu og kynbundu ofbeldi. Viðbúid er að COVID-19 farsóttin hafi geigvænlegar heilsufars- og efnahagslegar afleiðingar í fátækum og stríðshrjáðum löndum og reikna má með að þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð vaxi gríðarlega. Hún sýnir jafnframt hve mikilvægt alþjóðlegt samstarf er í baráttunni gegn farsóttum og öðrum plágum og óáran sem ógna mannkyni.

Íslensk stjórnvöld leggja hönd á plóginn til að bregðast við þessu alvarlega ástandi. Einkum er starfað með þeim stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaráði Rauða krossins sem hafa það hlutverk að bregðast við neyðarástandi og veita lífsbjargandi aðstoð og vernd. Gerðir eru rammasamningar við helstu samstarfsstofnanir og á árinu var unnið að endurnýjun þriggja slíkra samninga, við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Neyðarsjóð Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Samræmingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA). Slíkir samningar miðast við ákvæði þróunarsamvinnustefnu um að beita sér fyrir auknum og fyrirsjáanlegum framlögum til mannúðarmála í samræmi við áherslur um aukna skilvirkni og árangur mannúðaraðstoðar.

Skjót endurreisn, aukinn viðnámsþróttur og sterkari innviðir samfélaga eru leiðarljós í mannúðaraðstoð Íslands. Stuðningur vegna Sýrlands var umfangsmestur á árinu. Uppfyllt var heit sem gefið var árið 2018 um stuðning til þriggja ára til nokkurra stofnana Sameinuðu þjóðanna vegna langvinnra átaka í landinu. Þá var brugðist við ákalli ýmissa alþjóðastofnanna á árinu, meðal annars með framlögum til Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) sem hlaut stuðning vegna neyðarástandsins í Jemen til að vinna að bættri mæðra- og ungbarnaheilsu í landinu. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) var studd til að bregðast við neyðarástandi sem skapaðist í Mósambík og Malaví í kjölfar flóða. Ákalli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna vegna Venesúela til að aðstoða fólk sem flúið hefur landið var mætt með framlagi og einnig hlaut Flóttamannastofnunin sérstakt framlag vegna vaxandi flóttamannavanda í heiminum. Þá var svarað ákalli Alþjóðaráðs Rauða krossins vegna baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi í vopnuðum átökum og beinist framlag Íslands að Suður-Súdan. Enn fremur var brugðist við neyðarkalli undirstofnunar Samræmingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) vegna jarðskjálftanna í Albaníu með því að senda fulltrúa alþjóðlegs viðbragðsteymis Sameinuðu þjóðanna (UNDAC) á vettvang til að starfa í stjórnstöð.

Öflugur og mannskæður jarðskjálfti reið yfir Albaníu 26. nóvember. Strax næsta dag var íslenskur sérfræðingur sendur á vettvang til að taka þátt í að skipuleggja og samræma björgunaraðgerðir að beiðni alþjóðlegs viðbragðsteymis SP (UNDAC). Skjót viðbrögð skipta sköpum í kjölfar náttúruhamfara og því er kapp lagt á góðan undirbúning, skýra verkferla og samninga við helstu aðila í neyðarviðbrögðum sem hægt er að virkja hratt þegar neyðarástand skapast.

Þá var unnið að því markmiði þróunarsamvinnustefnu að styrkja tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu og styðja nærumhverfi þar sem neyð og átök eiga sér stað til að efla viðnámsþrek og stuðla að uppbyggingu til framtíðar. Samstarf hófst við Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) um uppbyggingu vatns- og salernismála í Úganda þar sem stórir hópar flóttamanna dvelja, einkum frá Suður-Súdan.

Auk þessa voru uppfylltir allir gildandi samningar ráðuneytisins um mannúðaraðstoð og fylgst er með árangri allra aðila í gegnum framvindu- og úttektarskýrslur, samráð og vettvangsheimsóknir.

Loks voru veittir styrkir úr mannúðarsjóði ráðuneytisins til þriggja félagasamstaka, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins á Íslandi.

6. SAMSTARF VIÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK.


Af fjárlögum ársins 2019 veitti utanríkisráðuneytið styrki til tólf þróunarsamvinnuverkefna að heildarupphæð 180 m. kr. Þar af voru sjö ný verkefni ABC barnahjálpar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins á Íslandi, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS Barnaþorpa, Styrktarfélagssins Broskalla og Vina Indlands sem fengu úthlutun á þessu ári. Einnig var staðið við skuldbindingar til eldri langtímaverkefna á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins á Íslandi og Sól í Tógó.

Að auki var alls 118 m. kr. úthlutað til sex mannúðarverkefna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins á Íslandi. Þar af voru 51,5 m. kr. eyrnamerkar viðbrögðum vegna neyðarinnar sem skapast hefur vegna atakanna í Sýrlandi á undanförunum níu árum. Samkvæmt gildandi rammasamningi um alþjóðlega mannúðaraðstoð milli Rauða krossins á Íslandi og utanríkisráðuneytisins, fékk Rauði krossinn 95,7 m. kr. sem voru nýttar til verkefna í Jemen, Malaví, Mósambík, Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og Líbanon.


Af þróunarsamvinnuverkefnum komu öll nema tvö verkefni til framkvæmdar í löndum í Afríku sunnan Sahara, eitt í Búrkína Fasó, Malaví, og Síerra Leóne og tvö í Eþíópíu, Kenya, Tógó og Úganda. Eitt

Þróunarsamvinnuverkefni var unnið á Indlandi. Mannúðarverkefni svöruðu neyð í fimm löndum; Malaví, Indónesíu, Jemen, Suður Súdan og Sýrlandi.


Úthlutanir til félagasamtaka 2019



Úthlutanir til félagasamtaka 2019



Úthlutanir til verkefna félagasamtaka eftir eðli verkefna



Félagasamtök leggja mikið af mörkum til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar á heimsvísu og styrkur þessara samtaka felst einkum í nálægð þeirra við grasrótina á þeim stað sem verkefni þeirra eru framkvæmd. Styrkir til félagasamtaka eru auglýstir að minnsta kosti einu sinni á ári og allar upplýsingar um umsóknarferlið eru birtar á vef stjórnarráðsins.

7. ÞVERLÆG MÁLEFNI.

Kynjajafnrétti, mannréttindi og loftslags- og umhverfismál eru skilgreind sem þverlæg málefni innan þróunarsamvinnu Íslands. Þetta felur í sér að í allri þróunarsamvinnu Íslands eru þessir málaflokkar samofnir starfinu, en jafnframt eru sett fram sértæk markmið sem unnið er að.

7.1. Umhverfis- og loftslagsmál.

Ísland er aðildarríki að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (e. United Nations Framework Convention on Climate Change, UNFCCC) og styður fjárhagslega við undirsjóð hans fyrir fátækustu þróunarríkin. Meginverkefni sjóðsins er að styðja við undirbúning og framkvæmd aðgerðaáætlana um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styðja við viðnámsþrótt samfélaga gegn loftslagsbreytingum.

Ísland tvöfaldaði stuðning sinn við Græna loftslagssjóðinn á árinu sem er stærsti loftslagssjóðurinn í heiminum. Sjóðnum er ætlað að fjármagna verkefni í lág- og millitekjuríkjum sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og gera löndum kleift að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Sjóðurinn vinnur bæði með opinberum aðilum og einkageiranum. Á vettvangi sjóðsins leggur Ísland áherslu á jafnréttismál, málefni hafsins, varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og takmörkun landhnignunar.

Rammasamningur Íslands við Sjálfbæra orku fyrir alla (e. Sustainable Energy for All, SEforALL) gildir til og með 2020. Meginhlutverk SEforALL er að virkja einkaaðila og ríki heims til að bæta aðgengi að sjálfbærri orku með áherslu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt sérstaklega stutt við vinnu sem ætlað er að stuðla að kynjajafnrétti og eflingu kvenna í orkugeiranum á heimsvísu.

Ísland hefur veitt samþættingu kynjasjónarmiða sérstaka athygli í umhverfis- og loftslagsmálum síðustu árin og leggur sig fram um að styðja sértækar aðgerðir til að efla stöðu kvenna innan málaflokksins. Í því samhengi veittu íslensk stjórnvöld framlög til Umhverfis- og þróunarstofnunar kvenna (e.

Women's Environment and Development Organisation, WEDO) en stofnunin beitir sér fyrir því að auka hlut kvenna frá fátækari ríkjum í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál.

Þar að auki studdi Ísland skrifstofu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí í Kenya vegna verkefnis sem miðar að því að virkja afrískar konur og tengslanet þeirra sem vinna frumkvöðlastarf á sviði sjálfbærrar orku (e. Africa Women Energy Entrepreneur Framework, AWEEF). Tveimur frumkvöðla-verkefnum á vegum AWEEF var hleypt af stokkunum á árinu, í Mósambík og Tansaníu.

Norræni þróunarsjóðurinn (e. Nordic Development Fund) fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu á síðasta ári. Sjóðurinn er í eigu Norðurlandanna fimm og er meginhlutverk hans að veita styrki og lán til loftslagstengdra verkefna í þróunarlöndunum, einkum í Afríku. Á síðasta ári var gerð úttekt á starfsemi sjóðsins, og er nú unnið að því að skilgreina stefnu sjóðsins til framtíðar í tengslum við endurfjármögnun sjóðsins sem orðin er aðkallandi. Sjóðurinn var síðast endurfjármagnaður fyrir um tuttugu árum og ljóst að hann getur ekki haldið áfram óbreyttri starfsemi nema til komi nýtt hlutafé frá eigendum hans.

Um þessar mundir er samstarfsverkefni íslenskra stjórnvalda og NDF að jarðhitamálum í Austur-Afríku að ljúka. Rýni stendur yfir á því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld geti áfram átt í tvíhliða samstarfi við sjóðinn að loftslagstengdum verkefnum í Afríku, nú með áherslu á landgræðslumál.

7.2. Jafnréttismál.

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna er einn af hornsteinum þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar Íslands enda grundvallarmannréttindi og forsendur framfara og þróunar. Íslensk stjórnvöld hafa um árabíl lagt áherslu á að verkefni og framlög, hvort heldur í tvíhliða eða fjölþjóðlegri samvinnu, styðji við jafnrétti kynjanna og bæti stöðu stúlkna og kvenna. Með stuðningi við UN Women beitti Ísland sér víða á árinu í málsvarastarfi og stuðningi við verkefni og aðgerðir fyrir réttindum kvenna. Þar má nefna aðstoð við sýrlenskar konur í flóttamannabúðum í Líbanon og Jórdaníu. Mannréttindi kvenna og réttindi hinsegin fólks fengu líka mikið vægi með setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Í nóvember 2018 gaf utanríkisráðuneytið út þriðju landsáætlun Íslands um framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Innan ramma landsáætlunarinnar hefur Ísland meðal annars átt í samstarfi við UN Women í Mósambík, Palestínu og Afganistan og átt í góðu samstarfi við Jafnréttisháskóla Sameinuðu þjóðanna.

Frá árinu 2011 hefur Ísland notast við kynjajafnréttisstikuna, aðferðafræði DAC, til að greina verkefni og framlög með tilliti til þess hvort og að hvað miklu leyti þeim er ætlað að vinna að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Notkun jafnréttisstikunnar hefur reynst mikilvægur hluti af umsjón með framlögum til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Frá upphafi mælinga hafa yfir 80% verkefna Íslands verið jafnréttismiðuð, en fá lönd innan OECD hafa svo hátt hlutfall jafnréttisverkefna.

Gerður hefur verið samningur við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) um að gera jafnréttisúttekt á þróunarsamvinnu Íslands. Allar landsskrifstofur UNDP, einkafyrirtæki og ýmis ráðuneyti viðtökuríkja hafa farið í gegnum vottunina (e. Gender Equality Seal Programme) en Ísland verður fyrsta framlagsríkið til að gangast undir slíka vottun. Tilgangur jafnréttisvottunar er að styrkja við framkvæmd stefnumótunar og þekkingar starfsfólks á sviði jafnréttismála í þróunarsamvinnu. Um er að ræða ítarlega greiningarvinnu og stöðumat á þróunarsamvinnu á sendiskrifstofum utanríkisráðuneytisins í Malaví og Úganda, auk metnaðarfullrar aðgerðaáætlunar fyrir 2020 en UNDP gerir úttekt á starfinu í upphafi 2021.

Ljóst er að félagsleg-, efnahagsleg- og heilsufarleg áhrif af COVID-19 eru ólík á konur og karla og munu draga fram ríkjandi mismunun kynjanna. Ísland mun leggja áherslu á að kynjasjónarmið séu samþætt öllum viðbrögðum við heimsfaraldrinum, bæði er varðar aðgerðir Íslands í tvíhliða starfi sem og beita sér fyrir því að stofnanir sem gæta að jafnréttishagsmunum hafi sæti við borðið þegar ákvarðanir eru teknar í fjölþjóðastarfi.

Konur eru í meirihluta þeirra sem eru í framlínu heilbrigðiskerfis og þeirra sem sinna umönnunarstörfum og eru því í frekari smithættu. Mikilvægt er að tryggja að grunnheilbrigðisþjónusta kvenna líkt og mæðravernd og fæðingarþjónusta sé áfram starfrækt þrátt fyrir álag á heilbrigðiskerfi. Ofbeldi gegn konum og stúlkum er útbreiddasta mannréttindabrot heimsins og niðurstöður sýna að ofbeldi í nánnum samböndum og á heimilum hefur aukist enn frekar í faraldrinum. Alþjóðasamfélagið verður að taka höndum saman til að stemma stigu við þessu og hvert og eitt ríki verður að virkja viðbragðsáætlanir til að koma til móts við þessari aukningu. Efnahagsleg valdefling kvenna er forsenda framfara í jafnréttismálum. Tryggja verður að hagsmunir kvenna gleymist ekki í viðbrögðum við COVID-19 og í uppbyggingu samfélaga eftir að faraldrinum lýkur.

7.3. Mannréttindi.

Ný stefna í þróunarsamvinnu tekur mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur fullgilt á sviði mannréttinda og hún er í samræmi við stefnu Íslands um mannréttindi í utanríkisþjónustu. Ein helsta breytingin sem stefnan boðar fyrir íslenska þróunarsamvinnu er að starfið byggist á mannréttindamiðaðri þróunarsamvinnu. Í maí 2019 var gefin út skýrslan „*Mannréttindi sem drifkraftur breytinga*“ sem fjallar um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfi Íslands. Vinnuhópur sem skipaður var af utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra greindi og útfærði heppilegar leiðir fyrir Ísland til að nýta við innleiðingu mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu hvað varðar sértækar aðgerðir, málsvarastarf og samþættingu mannréttinda við þróunarsamstarf Íslands í tvíhliða samstarfslöndum, Malaví og Úganda. Nú fer fram vinna við að útfæra heildræn stefnumið í mannréttindamálum fyrir þróunarsamvinnu og mótun framkvæmdaáætlunar sem tekur til allra málefnasviða.

Markviss stuðningur við mannréttindatengd verkefni felast meðal annars í stuðningi við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), við verkefni þeirra um tjáningarfrelsi og öryggi fjölmiðlafólks (Freedom of Expression and Safety of Journalists) í Afganistan, en ástandið í þessum málaflokkum er mjög brothætt þar í landi. Stuðningur við tjáningarfrelsi og öryggi fjölmiðlafólks er einn þeirra grundvallarþátta sem styðja við virka lýðræðisþróun og vernd mannréttinda. Ísland styður einnig við og tekur þátt í starfi mannréttindasjóðs Alþjóðabankans (e. Human Rights and Development Trust Fund, HRDTF) sem hefur það markmið að auka þekkingu á mannréttindastarfi innan bankans og styðja við verkefni sem samþætta mannréttindanálgu starfi bankans. Annar mannréttindamiðaður stuðningur Íslands er við samstarfsverkefni UNICEF og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um upprætingu limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna í 17 löndum í Afríku. Þá styður Ísland við Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (e. International Organization of Supreme Audit Institutions, INTOSAI) en þau vinna að framgangi Líma stefnuyfirlýsingarinnar sem veitir leiðbeiningar um það hvernig á að tryggja sjálfstæði og skilvirkni ríkisendurskoðana, hvernig slíkir þættir skulu endurspeglast í stjórnarskrám og löggjöf til að tryggja sjálfstæði ríkisendurskoðana og óhæði frá löggjafanum. Loks má nefna að Ísland hefur nýlega hafið stuðning við Hnattræna jafnréttissjóðinn (e. Global Equality Fund, GEF) sem styður mannréttindi hinsegin fólks um allan heim. Samningurinn er til þriggja ára og er framlagi beint til lágtekjuríkja í Miðaustralöndum og Afríku.

8. STARFIÐ FRAM UNÐAN.

Í kjölfar nýrrar stefnu á sviði þróunarsamvinnu er unnið að ólíkum þáttum innleiðingar hennar. Unnið er að mótun stefnumiða á ólíkum málefnasviðum, í þverlægu málaflokkum mannréttinda, jafnréttismála og umhverfismála, og fyrir mannúðar- og neyðaraðstoð, fjölþjóðlega þróunarsamvinnu, og tvíhliða- og svæðasamstarf. Innleiðing jafnréttisvottunar sem byggir á vottunarkerfi UNDP fyrir þróunarsamvinnu hefur hafist og verður ríkur þáttur í starfi allra deilda á næstunni. Jafnframt stendur full innleiðing mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu fyrir dyrum, en nálgunin er nýnæmi í þróunarsamvinnu Íslands.

Skipulagsbreytingar voru gerðar á starfi ráðuneytisins, en frá og með síðustu áramótum ber ráðherra titil utanríkis- og þróunarmálaráðherra. Í þeirri viðleitni að samhæfa betur starf ólíkra skrifstofa innan ráðuneytisins voru alþjóða- og þróunarsamvinnutengd málefni færð í eina skrifstofu sem ber heitið alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa. Nýr skrifstofustjóri tók til starfa og fjögur ný stöðugildi færðust undir hatt skrifstofunnar sem hluti af skipulagsbreytingunum. Þá er unnið að því að hámarka samlegð af starfi ólíkra starfseininga, í meira mæli er byggt á teymavinnu innan skrifstofunnar og tengsl við starf fastanefnda í New York, París, Genf og Róm hafa verið styrkt.

Samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna lauk í árslok 2019 og GRÓ, Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu var stofnsett. Umsýsla sem tengist Jafnréttis-, Jarðhita-, Landgræðslu- og Sjávarútvegsskólanum, færðist því yfir til GRÓ, en ráðuneytið sinnir áfram hefðbundnu eftirliti með starfsemi og fjármagnar reksturinn að mestu leyti sem hluta af alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Greiningar á nýju samstarfslandi í tvíhliða samstarfi hafa staðið yfir, og mun þeirri vinnu ljúka um mitt ár 2020. Lokaúttekt á svæðaverkefni Íslands í jarðhita lauk í apríl 2019. Niðurstöður úttektarinnar voru mjög jákvæðar og benda til þess að geta viðtökulanda hafi aukist umtalsvert á sviði jarðhitanýtingar. Frumrannsóknir sem gerðar voru innan verkefnisins leiddu í ljós yfir 550 megavatta rými til jarðhitanýtingar í þáttökulöndum verkefnisins. Á komandi ári verður framkvæmt fýsileikamat á framhaldi verkefnisins.

Ísland tók við formennsku í kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórn Alþjóðabankans um mitt ár 2019, og kjördæmisstarfið skipar áfram ríkan sess í starfi Íslands á komandi ári.

Ljóst er að COVID-19 heimsfaraldurinn kemur til með að hafa mikil áhrif á þróunarsamvinnu á komandi tímum. Fjölmargar beiðnir hafa borist um þátttöku í viðbragðssjóðum fjölþjóðastofnana og ljóst að áherslur

alþjóðasamfélagsins þurfa í ríkum mæli að beinast að aðstoð við fátæk ríki vegna viðbragða og afleiðinga heimsfaraldursins. Mikilvægt er að sú vinna sé samræmd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Eins er mikilvægt að haldið verði áfram, eins og hægt er, vinnu þeirra fjölmörgu brýnu verkefna í þróunarsamvinnu sem Ísland á aðild að.

VI. REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR.

1. Almennt.

Undir rekstur utanríkisráðuneytisins falla tvö málefnasvið, annars vegar málefnasvið 4 *Utanríkismál* og hins vegar málefnasvið 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna*. Málefnasvið 4 skiptist í fjóra málaflokka, 4.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála*, 4.20 *Utanríkisviðskipti*, 4.30 *Samstarf um öryggis- og varnarmál*, og 4.40 *Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs*. Undir málefnasvið 35 fellur einn málaflokkur 35.10 *Þróunarsamvinna*.


Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2019 er afkoma innan ársins af rekstri utanríkisráðuneytisins jákvæð sem nemur um 84 milljónum kr. Jákvæð afkoma skýrist helst af því að áætluð útgjöld vegna fjölþjóðasamstarfs færðust til á milli ára og afkoma á málaflokknum var því um 279 milljóna. Á móti vegur að um 182 milljóna kr. fram úr keyrsla var á útgjöldum vegna þróunarsamvinnu en þar er verið að ganga á vinnýttar fjárheimildir undangenginna ára. Heildarútgjöld ársins eru áætluð 16,7 milljarðar kr. Verkefni sem falla undir þróunarsamvinnu eru nú á áætlun og unnið er að því að vinna upp tafir sem hafa orðið á framkvæmd eldri verkefna.

Heildarafkoma ársins er umtalsvert betri eða 781 milljón kr. en þá er búið að taka tillit til vinnýtrra fjárheimilda fyrri ára. Helsta skýring er mikill afgangur af framlögum til málaflokksins *Þróunarsamvinna*, vegna tafa sem urðu á framkvæmd verkefna, en einnig komu upp spillingarmál í samstarfsríkjum árið 2017 og stöðva þurfti tímabundið greiðslur til verkefna.

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2020 nema alls 18.503 milljónum kr., eða um 1,8% af A-hluta fjárlaga. Þar af nema framlög til þróunarsamvinnu og alþjóðastofnana 8.552 milljónum kr., eða sem nemur um 46% af heildarframlögum til þeirra málefnasviða sem falla undir ráðuneytið. Framlög til utanríkisþjónustunnar, þ.e. aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar, sendiskrifstofa og Íslandsstofu nema rétt tæplega 7.296 milljónum kr., eða um 40% af framlögum til ráðuneytisins og um 0,7% af framlögum í A-hluta fjárlaga.

Myndin sýnir hvernig framlög til ráðuneytisins skiptast hlutfallslega á milli málaflokka auk þess sem hún sýnir hvernig framlög til utanríkisþjónustu og stjórnsýslu utanríkismála skiptast niður á helstu verkefni.

Hlutfallsleg skipting framlaga til utanríkismála á fjárlögum 2020



Alls starfa nú í utanríkisráðuneytinu 291 manns og þeim hefur fjölgað um þrjá frá árinu á undan. Af þessum 291 starfsmönnum störfuðu 155 hér á landi og 136 erlendis, þar af voru 76 staðarráðnir og 60 útsendir starfsmenn. Fjölgun starfsfólks á árinu skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúningi fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu, hagsmunagæslu vegna Brexit, formennsku í Norðurlandaráði og stjórnarsetu í Alþjóðabankanum.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 22 löndum, þar af eru 17 tvíhliða sendiráð, fimm fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leiðir til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggja að störfin skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa. Í ráðuneytinu eru 36 sendiherrar þar af 24 karlar, 12 konur og þrír sendiherrar eru í launalausuleyfi

Vinna við jafnlaunakerfi hefur staðið yfir hjá ráðuneytinu undanfarið ár. Þessi vinna hefur verið krefjandi þar sem starfsemi ráðuneytisins er um margt ólík starfsemi annarra ráðuneyta því að starfsfólk utanríkisráðuneytisins er að störfum víðs vegar um heiminn. Ferlið í tengslum við jafnlaunavottunina hefur verið lærdómsríkt og gefið ráðuneytinu góða yfirsýn og góð greiningartól við launavinnslu. Úttekt er lokið hjá ráðuneytinu og staðfesting þess eðlis var afhent í marsmánuði 2019. Ráðuneytið er því jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Utanríkisþjónusta Íslands er ein sú minnsta í Evrópu, enda þjóðin fámenn. Þó eru ýmis verkefni í alþjóðasamskiptum sem verður að sinna óháð stærð þjóða og slíkum verkefnum fer fjölgandi. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar þarf því að vera viðbúið að gegna mögnum hlutverkefnum samhliða. Starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa finna fyrir vaxandi áhuga á Íslandi og íslenskum vörum og spurn eftir þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar þarf því að sinna fjölbreyttum verkefnum og svigrúm til verkaskiptingar er minna en hjá utanríkisþjónustu annarra ríkja. Það er áskorun að tryggja að sendiskrifstofur geti staðið undir auknu álagi og veitt einstaklingum, fyrirtækjum og erlendum stjórnvöldum góða þjónustu og greinargóðar upplýsingar.

2. Starfið fram undan.


Á undanförunum misserum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslu ráðherra „Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í sibreytilegum heimi“ frá 2017. Í skýrslunni eru fjölmargar tillögur um rekstur utanríkisþjónustunnar, húsnæðismál og upplýsingatækni. Langflestum þessara tillagna hefur þegar verið hrundið í framkvæmd en nokkrum er þó enn ólokið og þar er einna veigamest framkvæmd tillagna í húsnæðismálum. Í umræddri skýrslu eru tillögur um bættu starfsaðstöðu í utanríkisþjónustunni ásamt því að greina og fara með skipulögðum hætti yfir stærð, rekstrarkostnað og nýtingu húsnæðis í eigu eða leigu ríkisins erlendis, í því skyni að stuðla að áframhaldandi hagræðingu og samræmingu eins og við verður komið. Jafnframt var lagt til að gerð yrði úttekt á byggingunum að Rauðarárstíg 25 og 27 í þeim tilgangi að nýting þeirra félli að þörfum utanríkisráðuneytisins á næstu árum. Einnig er unnið að því að skoða hvernig utanumhaldi um húsnæðismál sendiráða og húsnæði sendiherra verið háttáð í framtíðinni til að ná fram sem bestri nýtingu og hagkvæmni.

Á árinu er áformað að vinna hefjist við endurbætur á húsnæði ráðuneytisins með það að leiðarljósi að ná fram betri nýtingu húsnæðis og samræma það betur nútíma starfsháttum. Með því er einnig gert ráð fyrir að svigrúm verði til að samnýta núverandi húsnæði með Íslandsstofu.

Áfram verður leitast við að haga rekstri utanríkisþjónustunnar með sem hagkvæmustum hætti án þess að draga úr gæðum utanríkisþjónustunnar. Þetta er meðal annars gert með nýtingu upplýsingatækni og með samvinnu við aðrar Norðurlandapjóðir, meðal annars þegar kemur að húsnæðismálum sendiskrifstofa.


VI. SENDISKRIFSTOFUR ÍSLANDS.

Sendiskrifstofur Íslands



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	44.417	89,7%
Vöruútflutningur (2019)	330.566	51,6%
Þjónustuútflutningur (2018)	549.972	77,4%
Vöruinnflutningur (2019)	538.585	67,0%
Þjónustuinnflutningur (2018)	296.401	63,9%
Starfsmenn	150,5	100,0%
Útsendir diplómatar	60	
Útsendir aðrir	0	
Útsend, önnur rn.	8	
Staðarr. viðskiptaf.	9	
Aðrir staðarráðnir	73,5	
Kostnaður	3.669	100,0%

Viðfemt net utanríkisþjónustunnar um allan heim




150,5 stöðugildi (þar af 8 frá öðrum ráðuneytum)

í **26** sendiskrifstofum í **21** landi.

Kjörræðismenn Íslands eru **216** í **84** löndum.

● Aðalræðisskrifstofa ● Fastanefnd ● Ræðisskrifstofa ● Sendiráð

Berlín



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	1.767	3,6%
Vöruútflutningur (2019)	37.918	5,9%
Þjónustuútflutningur (2018)	43.036	6,1%
Vöruinnflutningur (2019)	66.526	8,3%
Þjónustuinnflutningur (2018)	20.261	4,4%
Fjölpjódasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Króatía, Pólland, Serbía og Svartf.l.	
Starfsmenn	8	5,3%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	173,2	4,7%

Sendiráð í Berlín: Ísland í brennidepli í Þýskalandi.

Hagsmunir Þýskalands og Íslands fara saman í fjölmörgum málum, mikill áhugi á landi og þjóð og vilji til samstarfs. Þýskaland er fimmta mikilvægasta viðskiptaland Íslands, í þriðja sæti í fjölda ferðamanna til landsins, mikilvægur markaður fyrir íslenskar menningarafurðir og ekki síst suðupottur skapandi greina.


Frank-Walter Steinmeier forseti Þýskalands og Angela Merkel kanslari sóttu Ísland heim á síðasta ári. Loftslagsmál, orkumál, jafnréttismál og málefni norðurslóða voru í brennidepli í báðum heimsóknum. Tvíhliða samráð utanríkisráðherra með þýskum starfsbróður sínum fór fram í mars og í október stýrði ráðherra fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Þýskalands í tengslum við 20 ára afmæli norræna sendiráðssvæðisins í Berlín. Norræna listasýning, „Ocean Dwellers“ var opnuð í tengslum við afmælið og haldin var ráðstefna um „bláa hagkerfið“, nýsköpun og viðskipti.

Árið 2019 leiddi sendiráðið norrænt samstarf í Berlín. Efnt var til fjölmargra viðburða sem tengdust áherslum Íslands á formennskuárinu í Norrænu ráðherranefndinni. Eliza Reid forsetafrú flutti ávarp á ráðstefnu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna og tók þátt í árlegri ferðamálakaupstefnu ITB í Berlín. Um 30 íslensk fyrirtæki tóku þátt í ráðstefnunni. Formennskuáætlun Íslands í Norðurskautsráðinu var kynnt í samstarfi við sendiráð Finnlands og þýsku norðurslóðastofnun Alfred-Wegener. Fyrirhugað er frekara samstarf á sviði norðurslóða.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín í ágúst var mikil landkyning, enda sóttu mótið um 80 þúsund gestir. Í nóvember var sérstök Íslandsvika hjá hinu virta tónlistarhúsi Konzerthaus í Berlín, þar sem fram komu fjölmargir íslenskir tónlistarmenn og Sinfóníuhljómsveit Íslands, en Víkingur Ólafsson píanóleikari er staðarlistamaður hjá Konzerthaus. Báðir viðburðir voru vel nýttir til að vekja athygli á íslenski menningu og afurðum. Einnig hefur sendiráðið átt samstarf við útgáfufyrirtækið Deutsche Grammophon og fram undan eru viðburðir með fyrirtækinu til kynningar á íslenski tónlist og tónlistarfólki. Stjórnendur Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna eru annar mikilvægur samstarfsaðili sendiráðsins, en verðlaunin verða afhent á Íslandi í desember.

Um 900 fyrirspurnir bárust sendiráðinu á síðasta ári, þar af um 300 ferðatengdar, 200 um menningarmál og um 300 viðskiptatengdar fyrirspurnir. Beiðnum um fjarpróf hefur fjölgað umtalsvert milli ára, þreytt voru 72 próf á árinu 2019 en 33 árið áður. Loks má þess geta að Ísland fer með formennsku í rekstrar- og eigendahópi norræna sendiráðssvæðisins 2019-2020. María Erla Marelsdóttir sendiherra afhenti forseta Þýskalands trúnaðarbréf í september og hún er fyrsta konan til að gegna embætti sendiherra Íslands gagnvart Þýskalandi. Umdæmi sendiráðsins nær einnig til Póllands, Króatíu, Serbíu og Svartfjallalands og býr sendiráðið að traustu neti 13 ræðismanna í þessum ríkjum, auk Þýskalands.

Brussel



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	157	0,3%
Vöruútflutningur (2019)	9.494	1,5%
Þjónustuútflutningur (2018)	11.583	1,6%
Vöruinnflutningur (2019)	11.025	1,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	10.624	2,3%
Fjölbjóðasamstarf	EES, Schengen	
Umdæmisríki	Holland, Lúxemb., San Marínó, Sviss	
Starfsmenn	18	12%
Útsendir diplómatar	6	
Útsendir aðrir	0	
Útsend, önnur rn.	7	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	5	
Kostnaður	461,1	12,6%

Sendiráð í Brussel: Hagsmunagæsla vegna EES-samningsins.

Árið 2019 var viðburðarríkt í starfsemi sendiráðsins, ekki síst vegna þess að 25 ár voru þá liðin frá því að EES-samningurinn öðlaðist gildi. Í tilefni tímamótanna var efnt til ýmissa viðburða. Forsætisráðherrar EES-EFTA ríkjanna – Íslands, Noregs og Liechtenstein – komu til dæmis saman ásamt leiðtoga ráði ESB 22. mars og forsætisráðherrarnir þrír stóðu að sameiginlegri yfirlýsingu. Einnig var haldin afmælisráðstefna á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA dómstólsins 14. júní. Meðal umræðuefna voru samkeppni og neytendur á EES svæðinu og fólk að störfum á EES svæðinu.

Fastanefndin hélt 15. nóvember ráðstefnu um tveggja stöða kerfi EES-samningsins þar sem sérstakur gaumur var gefinn að árangursríkum þáttum samstarfsins og áskorunum sem tekist hefur verið á við.

Síðari hluta árs 2019 var Ísland í formennsku fyrir EES-EFTA ríkin. Lögð var áhersla á að auka þekkingu á EES samningnum, sérstaklega hjá framkvæmdastjórninni og Evrópuþinginu, knýja á um þátttöku EES-EFTA ríkjanna í áætlunum ESB fyrir tímabilið 2021-2027, stuðla að auknum áhrifum EES-EFTA ríkjanna í ákvörðunartökuferli ESB og tryggja hagsmuni ríkjanna í Brexit-ferlinu. Á árinu tókst vel til um upptöku og innleiðingu EES-gerða, en útistandandi gerðir sem bíða þess að verða teknar upp í EES-samninginn hafa ekki verið færri frá árinu 2013.


Margt gerðist einnig á vettvangi ESB. Kosið var til Evrópuþingsins og ný framkvæmdastjórn undir forystu Von der Leyen tók við völdum 1. desember. Meðal megináherslna nýrrar framkvæmdastjórnar verða umhverfismál, meðal annars loftslagsmál, stafræna hagkerfið, áhrifastaða Evrópu í heiminum og styrking lýðræðislega stöða sambandsins innbyrðis.

Tvíhliða sendiráðið sinnir hefðbundnu hlutverki sendiskrifstofu gagnvart umdæmisríkjunum og gætir hagsmuna Íslands almennt, einkum á sviði utanríkis-, viðskipta- og menningarmála, auk þess sem það veitir Íslendingum ýmis konar borgaralega aðstoð.

Sendiráðið í Brussel er stærsta starfsstöð utanríkisráðuneytisins á erlendri grundu. Þar starfa sex útsendir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, níu fulltrúar frá öðrum ráðuneytum og sex staðarráðnir starfsmenn. Sendiráðið er fastanefnd gagnvart Evrópusambandinu og meginhlutverk hennar er að gæta hagsmuna Íslands í EES-samstarfinu.

Auk Belgíu nær umdæmi sendiráðsins jafnframt til Hollands, Lúxemborgar og San Marínó.

Genf



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	607	1,2%
Vöruútflutningur (2019)	2.130	0,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	10.885	1,5%
Vöruinnflutningur (2019)	7.841	1,0%
Þjónustuinnflutningur (2018)	5.748	1,2%
Fjölpjódasamstarf	EFTA, WTO, S.þ. o.fl.	
Umdæmisríki	Lichtenstein	
Starfsmenn	7	4,7%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	1	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	237,7	6,5%

Fastanefnd/sendiráð í Genf: Seta í mannréttindaráðinu vakti heimsathygli.

Árið 2019 var viðburðaríkt á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna og Ísland lauk aðild sinni í lok ársins. Ályktanir Íslands um mannréttindaástandið á Filippseyjum og jöfn laun, ásamt sameiginlegri yfirlýsingu um mannréttindi í Sádi Arabíu, vöktu heimsathygli og seta Íslands í mannréttindaráðinu fékk umfjöllun í helstu fjölmiðlum heims. Harald Aspelund fastafulltrúi var vararforseti ráðsins og flutti eða tók undir, fyrir hönd Íslands, rúmlega 150 ræður og yfirlýsingar. Ýmsir viðburðir voru haldnir, meðal annars um barnahús og myndlistarsýning var haldin um loftslagsbreytingar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisviðskipti eru forgangsverkefni fastanefndarinnar. Höfuðstöðvar Fríverslunarbandalags Evrópu (EFTA), Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) eru í Genf. Störf sem tengjast aðild Íslands að EFTA eru umfangsmestu verkefni fastanefndarinnar. EFTA ríkin hafa í samstarfi gert 29 fríverslunarsamninga sem bæta aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni Íslands. Viðræður standa yfir um nokkra nýja samninga og uppfærslu þriggja eldri samninga. Ísland leggur áherslu á að hefja viðræður um uppfærslu samningsins við Kanada.


Þátttaka Íslands í störfum WTO, sem sinnir framkvæmd fjölpjódasamninga um viðskipti, er stór þáttur í störfum fastanefndarinnar. Áhrif viðskiptadeilna Bandaríkjanna og Kína setja svip á störf WTO. Nefnd um úrlausn deilumála fjallar meðal annars um nokkur mál sem varða innflutningstolla Bandaríkjanna á ál og stál. Ísland hefur tekið sér rétt þriðja ríkis í þeim málum, sem tryggir þátttökurétt í málunum og aðgang að gögnum.

Áfrýjunarnefnd WTO varð óstarfhæf í desember 2019 vegna þess að Bandaríkin hafa staðið í vegi fyrir skipun nýrra dómara í nefndina. Fastanefnd Íslands tekur virkan þátt í viðræðum um að tryggja starfshæfni nefndarinnar. Ísland tekur virkan þátt í samningaferli um bann við ríkisstyrkjum í sjávarútvegi. Sameiginleg tillaga Íslands og Nýja Sjálands er áberandi í viðræðunum. Stefnit er að því að ljúka þeim á árinu.

Fastanefndin leggur áherslu á jafnréttismál og efnahagslega valdeflingu kvenna. Að frumkvæði Íslands hefur EFTA uppfært samningslíkan sitt um sjálfbæra þróun og tekið jafnréttisákvæði inn í það. Á vettvangi WTO er fastanefndin leiðandi í að nýta jafningjaryni stofnunarinnar til að fjalla sérstaklega um stöðu kvenna í viðskiptum. Frumkvæðið hefur stuðlað að aukinni umræðu um jafnréttismál og efnahagslega valdeflingu kvenna hjá WTO.

Á vettvangi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) leggur Ísland áherslu á heilbrigðisþjónustu fyrir alla ævilangt, óháð efnahag. Gæði, öryggi, árangur, skilvirkni og hagkvæmni eru lykilorð í samstarfinu. Miklar breytingar eru fyrir séðar á vinnumarkaði vegna tækniþróunar, umhverfisbreytinga og lýðfræðilegrar þróunar. Í samvinnu við Alþjóðavinnuástandastofnunina (ILO) leggur Ísland áherslu á þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, félagslegan jöfnuð, þátttöku og réttindi, jafnrétti og útrýmingu ofbeldis.

Helsinki



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	280	0,6%
Vöruútflutningur (2019)	685	0,1%
Bjónustuútflutningur (2018)	6.631	0,9%
Vöruinnflutningur (2019)	8.821	1,1%
Bjónustuinnflutningur (2018)	1.926	0,4%
Fjölbjódasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Eistland, Lettland, Litháen og Úkraína	
Starfsmenn	5	3,3%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	108,3	3,0%

Sendiráð í Helsinki: Íslensk menningarveisla.

Árið 2019 var að miklu leyti sérstakt í starfi sendiráðsins í Helsinki vegna fjölda íslenskra listviðburða. Stærstu og virtustu lista- og hönnunarsöfn í Helsinki tefldu fram íslenskum listamönnum. Má þar nefna Ragnar Kjartansson, Egil Sæbjörnsson, Hrafnhildi Arnardóttur, Brynjar Sigurðarson og Pál Hauk Björnsson. Sendiráðið tekur þátt í þess háttar viðburðum með ýmsum hætti og sendiherra opnaði meðal annars nokkrar sýninganna. Ekki er ofsagt að um íslenska menningarveislu hafi verið að ræða í Helsinki á árinu.

Í maí tók Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu af Finnlandi og mikil áhersla var lögð á samstarf ríkjanna í málefnum norðurslóða. Sendiráðið tók þátt í fundahöldum þessu tengdu, meðal annars ráðherrafundi Norðurskautsráðsins. Ísland fór einnig með formennsku í norrænu ráðherranefndinni á árinu og sendiherra heimsótti af því tilefni skrifstofur norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og kynnti formennskuáætlun Íslands. Finnland fór með formennsku í Evrópuráðinu seinni hluta árs 2018 og fyrri hluta árs 2019 og 70 ára afmæli Evrópuráðsins var fagnað með ráðherrafundi í Helsinki. Loks fór Finnland með formennsku í ráðherraráði ESB síðari hluta ársins 2019 sem EES/EFTA-ríkin þurfa oft að fylgjast með. Þessi formennskuverkefni kalla á fundi sem stjórnmalamenn og embættismenn aðildarríkjanna sækja og það einkenni talsvert starfsemi sendiráðsins á árinu.


Á árinu 2019 fóru fram kosningar í öllum umdæmisríkjum sendiráðsins: þingkosningar í Finnlandi og í Eistlandi, forsetakosningar í Lettlandi og Litháen og forseta- og þingkosningar í Úkraínu. Þannig var talsvert um að vera á pólitíska sviðinu í öllum löndunum og sendiráðið fylgdist með þróun þjóðmálanna í löndunum ásamt því að vekja athygli stjórnvalda á málefnum sem geta skipt máli fyrir hagsmuni Íslands.

Flest menningar- og viðskiptatengd verkefni sem sendiráðið vinnur að eru í samstarfi við aðra, svo sem önnur norræn sendiráð, upplýsingaskrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar og Finnisk-íslenska viðskiptaráðið. Á árinu var meðal annars um að ræða bóka- og ferðakaupstefnur, alþjóðlegu nýsköpunarráðstefnuna Slush í Helsinki og „Public Diplomacy“-viðburði í Eystrasaltsríkjunum.

Sendiráðið kom að starfsemi tengdri Uppbyggingarsjóði EES í Eystrasaltsríkjunum, með því meðal annars að sækja árs- og nefndafundi á vegum sjóðsins. Það voru nýmæli í starfi sendiráðsins sem framhald verður á.

Staða Álandseyja sem sjálfstjórnarhéraðs í Finnlandi með sérstakt þing og stjórn er býsna sterk, að því leyti að heimastjórnin ræður umtalsverðu í sérmálum eyjanna. Samstarfsráðherra Norðurlanda í ríkisstjórn Íslands heimsótti Álandseyjar á árinu og átti meðal annars fund með formanni landsstjórnarinnar og þingforseta. Sendiráðið tók þátt í þeim viðburðum.

Kampala



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	8	0,0%
Vöruútflutningur (2019)	0	0,0%
Þjónustuútflutningur (2018)	9	0,0%
Vöruinnflutningur (2019)	3	0,0%
Þjónustuinnflutningur (2018)	135	0,0%
Fjölþjóðasamstarf	Umhverfisstofnun SP og Afríkusambandið	
Umdæmisríki	Kenýa, Eþíópía, Djíbútí, Maláí, Namibía og Suður-Afríka	
Starfsmenn	9,5	6,3%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	7,5	
Kostnaður	61,8	1,7%

Sendiráð í Kampala: Öflugt samstarf norrænna ríkja.

Norrænu sendiráðin í Úganda eiga öflugt samstarf sín á milli um pólitísk, efnahagsleg og menningarleg málefni, auk öryggis- og þróunarmálefna. Norrænu þjóðirnar halda til dæmis sameiginlegan þjóðhátíðardag með tilheyrandi þematengdri dagskrá þar sem almenningur er hvattur til þátttöku. Í fyrra voru loftslagsbreytingar fyrir valinu og í ár verður lýðræðinu gert hátt undir höfði, með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Þá áttu sendiherrarnir í fyrsta sinn sameiginlegan fund með Yoweri K. Museveni, forseta Úganda. Þetta góða samstarf er óneitanlega mikill styrkur fyrir sendiráðin. Sama má segja um reglulega fundi sendiherra og yfirmanna þróunarsamvinnu líkt-þenkjandi ríkja í Kampala. Þessi ríki hafa gefið út sameiginlegar yfirlýsingar gegn brotum á mannréttindum í landinu, skipulagt fundi með ædstu ráðamönnum ef tilefni þykir til og fulltrúar þeirra bera saman bækur um þróunarsamvinnu.


Norrænt samstarf er einnig öflugt í umdæmisríkjunum. Í fyrra sóttu norrænu sendiráðin í Addis Ababa í Eþíópíu, ásamt sendiráðinu í Kampala, um styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að kynna norrænar orkulausnir og hvernig þær mæta heimsmarkmiði nr. 7 um hreina orku fyrir alla, og markmiðum Eþíópíu í orkumálum. Orkumálaráðgjafi var ráðinn tímabundið, haldin var ráðstefna með stjórnvöldum og atvinnulífi í október í Addis Ababa og útbúið kynningaefni. Stefnt er að útvíkkun þessa samstarfsverkefnis í þágu fleiri heimsmarkmiða á næstu tveimur árum sem Íslandi er boðin þátttaka í.

Í mars var ráðherrafundur Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEA 4) haldinn í Naíróbí með þátttöku umhverfis- og auðlindamálaráðherra Íslands. Þá voru lögð drög að áherslum Íslands í starfi stofnunarinnar á næstu misserum og Ísland tók í fyrsta sinn þátt í reglulegum norrænum tveggja daga fundi með stjórn Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna í október.

Á árinu hófst undirbúningur að mögulegu samstarfsverkefni Íslands og Afríkusambandsins á sviði jafnréttismála sem gæti náð til allra ríkja álfunnar. Í Kenya var ráðinn kjöræðismaður og þá fannst kandídat fyrir þá stöðu í Djíbútí. Sendiherra afhenti forsetum Úganda, Kenya, Eþíópíu og Namibíu trúnaðarbréf á árinu, auk starfandi framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunar SP og framkvæmdastjóra Afríkusambandsins.

Umdæmi sendiráðsins nær til Úganda, Kenya, Eþíópíu, Djíbútí, Malaví, Namibíu og Suður-Afríku. Þá er sendiherra fastafulltrúi Íslands hjá Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí og sendiherra og fastafulltrúi gagnvart Afríkusambandinu í Addis Ababa. Auk þess að sinna tvíhliða þróunarsamvinnuverkefnum í Úganda og umhverfismálefnum, er sendiráðinu ætlað að efla pólitísk og efnahagsleg tengsl við umdæmisríkin. Í Malaví er jafnframt rekið sendiráð sem sinnir tvíhliða þróunarsamvinnu og borgaraþjónustu.

Kaupmannahöfn



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	11.386	23%
Vöruútflutningur (2019)	14.934	2,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	28.811	4,1%
Vöruinnflutningur (2019)	52.729	6,6%
Þjónustuinnflutningur (2018)	34.772	7,5%
Fjölbjóðasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland	
Starfsmenn	6	4%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Útsend, önnur rn.	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	146,6	4%

Sendiráð í Kaupmannahöfn: Fyrsta sendiráð Íslands fagnar aldarafmæli.

Árið 2019 var viðburðaríkt hjá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, meðal annars vegna kosninga og stjórnarskipta í Danmörku, sendiherraskipta og formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Í tengslum við formennskuna var Ísland meðal annars í stóru hlutverki á Kulturnat, menningarnótt Kaupmannahafnar. Sendiráðið stóð fyrir fjölbreyttri dagskrá þar sem fram komu meðal annars Hjaltalín, kórinn Staka, Cycle Festival, Bergur Ebbi og Einar Már Guðmundsson. Einnig voru íslenskar vörur kynntar og Ísland sem áfangastaður ferðamanna.

Borgarþjónusta er umfangsmesta verkefni sendiráðsins enda er talið að um 12 þúsund Íslendingar séu búsettir í Danmörku, þar af um 4 þúsund námsmenn. Lögð er rík áhersla á upplýsingagjöf til þessa hóps, einkum í gegnum samfélagsmiðla. Á árinu 2019 birti sendiráðið um 200 Facebook færslur og fjölgaði fylgjendum um tæplega 500, í um 4.500.


Sendiráðið hefur undanfarið unnið að því að skerpa viðskiptaáherslur og greina sóknarfæri á danska markaðnum, með hliðsjón af nýrri framtíðarstefnumótun fyrir íslenskan útflutning sem Íslandsstofa kynnti í október síðastliðnum. Danmörk er í áttunda sæti yfir mikilvægustu útflutningslönd Íslands og útflutningur þangað nam 3,2% af heildarútflutningi á árinu 2018. Algengt er að íslensk fyrirtæki líti á Danmörku sem framhald af heimamarkaði, þar sem regluverk og starfsumhverfi er svipað, og nýti danska markaðinn sem eins konar tilraunamarkað fyrir vörur sínar og markaðssetningu erlendis.

Sendiráðið leggur ríka áherslu á að aðstoða frumkvöðlafyrirtæki og kynna íslenska nýsköpun enda hefur Kaupmannahöfn á undanförunum árum fest sig í sessi sem miðstöð hönnunar og nýsköpunar. Í september 2019 stóð sendiráðið ásamt Íslandsstofu og Startup Iceland í fyrsta sinn fyrir þátttöku íslenskrar sendinefndar á nýsköpunarhátíðinni TechBBQ sem er orðin stærsta hátíð sinnar tegundar á Norðurlöndunum. Sendiherra bauð við það tækifæri til vel heppnaðrar tengslamyndunarmóttöku þar sem fimmtán íslenskum frumkvöðlafyrirtækjum gafst kostur á að kynna sig fyrir fjárfestum og áhrifafólki í nýsköpunargeiranum. Sendiráðið og Íslandsstofa hafa þegar hafið undirbúning að þátttöku Íslands á næstu hátíð og standa vonir til þess að hægt verði að nýta hana enn betur sem stökkpall fyrir íslensk frumkvöðlafyrirtæki sem ætla sér á alþjóðamarkað.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn fagnar aldarafmæli á þessu ári og mun minnst þessara tímamóta með veglegri menningardagskrá en einnig er ætlunin að líta um öxl og birta fróðleiksmola um sögu sendiráðsins og samskipti þjóðanna á vef sendiráðsins og samfélagsmiðlum.

Umdæmi sendiráðsins nær einnig til Rúmeníu, Búlgaríu og Tyrklands og sendiráðið nýtur dyggrar aðstoðar ræðismanna Íslands í þessum löndum og í Danmörku.

Lilongwe



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	6	0,0%
Vöruútflutningur (2019)	0	0,0%
Þjónustuútflutningur (2018)	3	0,0%
Vöruinnflutningur (2019)	1	0,0%
Þjónustuinnflutningur (2018)	87	0,0%
Starfsmenn	9	6%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	7	
Kostnaður	81,2	2,2%

Sendiráð í Lilongwe: Opnun fæðingardeildar við héraðssjúkrahúsið í Mangochi.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra heimsótti Malaví ásamt sendinefnd 28. janúar til 2. febrúar þar sem hann átti meðal annars fundi með forseta landsins og öðrum ráðamönnum, forstöðumönnum sendiráða framlagsríkja og alþjóðastofnana í Lilongwe. Ráðherra heimsótti Mangochi hérað og kynnti sér eldri verkefni Íslendinga með heimsókn til Monkey Bay sveitasjúkrahúsið en heimsótti einnig skóla, fæðingardeild og skoðaði vatnsbrunna og salernisaðstöðu í þorpum héraðsins. Hápunktur heimsóknarinnar var formleg opnun á nýrri og vel útbúinni fæðingardeild við héraðssjúkrahúsið í Mangochi, að viðstöddum heilbrigðisráðherra Malaví.


Af öðrum viðburðum ársins 2019 má nefna aðra vel heppnaða heimsókn frá Íslandi á fyrsta ársfjórðungi. Fulltrúar utanríkismálanefndar heimsóttu Malaví dagana 21.- 25. janúar á vegum heilbrigðisverkefna GAVI og UNICEF og áttu fundi með heilbrigðisyfirvöldum ásamt þingmönnum frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Sendiráðið tók síðan á móti íslensku þingmönnum í tveggja daga heimsókn í Mangochi héraði þar sem þeir kynntu sér verkefni Íslands í héraðinu.

Samstarfið á milli Íslands og Malaví byggist að mestu á tvíhliða þróunarsamvinnu í Mangochi héraði, við sunnanvert Malavívatn. Frá árinu 2012 hefur stuðningurinn beinst að grunnþjónustuverkefnastöð á héraðsstigi þar sem héraðsyfirvöld sjá um framkvæmdina með stuðningi og undir eftirliti sendiráðsins.

Tiltölulega fá tvíhliða sendiráð starfa í Malaví, eða alls 16. Samstarf sendiráða og alþjóðastofnana er mjög gott og reglulegir fundir haldnir milli forstöðumanna (e. HOMs). Yfirmenn þróunarsamvinnu (e. HOCs) hjá sendiráðum framlagsríkja og alþjóðastofnana funda mánaðarlega og vinna einnig að samhæfingu í ýmsum málaflokkum. Stóru málin í samstarfinu voru áfram umdeildar tillögur Alþjóðabankans um fjárlagastuðning, sem enn hafa ekki fram að ganga. Fulltrúar sendiráðsins sitja einnig í samstarfshópum stjórnvalda og framlagsríkja um sveitarstjórnarmál og jafnréttis- og mannréttindamál.

Árið 2019 markaði tímamót í þróunarsamvinnu Íslands og Malaví en voru liðin 30 ár frá því Íslendingar hófu samstarf í landinu. Sendiráð Íslands í Lilongwe var opnað árið 2004 á grunni umdæmisskrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) sem var opnað 1994, en tvíhliða þróunarsamvinna við Malaví hófst árið 1989. Útsendir starfsmenn eru tveir og átta staðarráðnir sem starfa á sendiskrifstofunni Lilongwe.

London



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	2.688	5,4%
Vöruútflutningur (2019)	66.335	10,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	83.548	11,8%
Vöruinnflutningur (2019)	50.358	6,3%
Þjónustuinnflutningur (2018)	76.216	16,4%
Fjölbjóðasamstarf	IMO	
Umdæmisríki	Írland, Jórd., Katar, Malta, Níg., Port., Sam. Arab. Furstad.	
Starfsmenn	8	5,3%
Útsendir diplómatar	4	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	219,2	6,0%

Sendiráð í London: Útganga Bretlands úr ESB og EES.

Söguleg kaflaskil urðu með nýlegri útgöngu Bretlands úr ESB og EES. Við þessi tímamót er tækifæri til að móta samskipti ríkjanna á nýjum grunni. Sendiráðið vann ötullega að undirbúningi viðskilnaðarins með tilliti til íslenskra hagsmuna. Nú fara fram viðræður um framtíðarsamninga um viðskipti Bretlands og Íslands. Stefnt er að því að ljúka þeim fyrir árslok 2020. Bretland er stærsti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenskar vörur, ekki síst sjávarafurðir. Sendiráðið gegnir sem fyrr lykilhlutverki í að gæta og skilgreina hagsmuni lands og þjóðar í nýju umhverfi þegar EES-samningurinn nær ekki lengur til Bretlands.


Stefnt er að því að utanríkisráðherrar landanna undirriti fyrr en síðar sameiginlega tímamótayfirlýsingu um framtíðarsýn fyrir samskipti landanna til ársins 2030. Sendiráðið kemur að því að framkvæma þá sýn. Áður höfðu utanríkisráðherrar landanna skrifað undir samkomulag um að efla tvíhliða samstarf ríkjanna í varnar- og öryggismálum. Stjórnmatatengsl landanna eru sterk og rík samskipti milli ráðamanna. Forsætisráðherra sótti Bretland heim í byrjun maí 2019 þar sem hún átti fund með Theresu May, þáverandi forsætisráðherra í London og Nicola Sturgeon, fyrsta ráðherra Skotlands í Edinborg. Forsætisráðherra hitti Elísabetu Bretlandsdrottningu og Karl Bretaprins í tengslum við leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins og hélt erindi í hinni virtu Chatham House hugveitu um velferðarhagkerfið. Utanríkisráðherra átti tvíhliða fundi með breskum starfsbræðrum sínum á árinu og sótti meðal annars leiðtogafund NATÓ ásamt forsætisráðherra. Þá áttu embættismenn samráð um samstarf og gagnkvæma hagsmuni landanna.

Sendiráðið er einnig fastanefnd hjá Alþjóða siglingamálastofnuninni (IMO). Sendiráðið lagði áherslu á málefni norðurslóða og nýjan samstarfsvettvang nokkurra aðildarríkja um jafnréttismál, en árið 2019 var valdefling kvenna í siglingamálum í brennidepli. Sendiráðið leggur sig fram um að kynna áherslur Íslands um jafnréttismál hvar sem því verður við komið.

Á síðasta ári heimsóttu um 260 þúsund breskir ríkisborgarar Ísland, nokkru færri en fyrri ár. Bretar eru áfram næstfjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi, eða um 13,4% ferðamanna. Að meðaltali eru 7 flug á dag frá Keflavík til London og 10 flug til Bretlands í heild. Útgáfa vegabréfsáritana vegna ferðalaga frá Bretlandi hafa margfaldast á síðustu árum. Árið 2019 hófst undirbúningur á yfirtöku sendiráðsins á útgáfu vegabréfsáritana 2020, en útgáfan hefur verið í höndum Dana.

Ekkert lát er á sókn íslenskra listamanna og hönnuða til Bretlandseyja og gott samstarf norrænu sendiráðanna í London eykur möguleikana á framgangi þeirra. Sendiráðið styður reglulega þátttöku í lista-, bókmennta-, sviðslista-, tónlistar-, kvikmynda- og hönnunarviðburðum. Nefna má sýningu Ólafs Elíassonar í Tate Modern, þátttöku 8 íslenskra hönnuða í London Design Fair, þátttöku leiklistarhópa í Brighton Fringe Festival og Edinborgar hátíðinni og þátttöku íslenskra ljóðskálda í norrænni ljóðahátíð víðs vegar um Bretlandseyjar. Breskar listamiðstöðvar hafa lýst áhuga á auknu samstarfi eftir Brexit.

Moskva



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	44	0,1%
Vöruútflutningur (2019)	9.767	1,5%
Þjónustuútflutningur (2018)	5.647	0,8%
Vöruinnflutningur (2019)	6.542	0,8%
Þjónustuinnflutningur (2018)	1.267	0,3%
Fjölbj. samvinna	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Arm., Aserb., Hv-Rús., Kasak, Kírg, Moldó, Tadsj, Túrkm og Usb.	
Starfsmenn	6	4,0%
Útsendur diplómatar	3	
Útsendur aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	169,4	4,6%

Sendiráð í Moskvu: Tækifæri og aukin samskipti milli þjóðanna í skugga viðskiptabanns.

Pólítísk samskipti Íslands og Rússlands voru mjög takmörkuð um tíma vegna deilna rússneskra stjórnvalda við Vesturlönd. Í kjölfar Skripal-málsins tók Ísland þátt í aðgerðum bandalagsríkja sinna gegn Rússlandi, sem þýddi meðal annars að engir tvíhliða ráðherrafundir voru haldnir á rúmlega eins árs tímabili. Á árinu 2019 fóru fram mikilvægir fundir milli ríkjanna, bæði tvíhliða og á vettvangi Norðurskautsráðsins, þar sem Ísland og Rússland eiga mikilvæga sameiginlega hagsmunir. Ísland tók við formennsku í ráðinu árið 2019 og Rússland tekur við formennskunni árið 2021.


Forseti Íslands og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra sóttu norðurslóðarráðstefnu í St. Pétursborg. Forseti átti jafnframt tvíhliðafund með Pútín Rússlandsforseta. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti í fyrsta skipti í sjö ár tvíhliða fund með utanríkisráðherra Rússlands í Moskvu í nóvember. Ráðherrarnir höfðu einnig átt fund vorið 2019 í tengslum við leiðtogafund Norðurslóðarráðsins í Finnlandi. Fundirnir voru til marks um aukin pólítísk samskipti á árinu 2019.

Viðskiptabann hefur verið á helstu útflutningsvörur Íslendinga til Rússlands frá árinu 2015 og útflutningur til Rússlands dróst saman um 90% í kjölfarið. Hins vegar hefur mikil uppbygging í rússneskum sjávarútvegi skapað ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á sviði útgerðar- og fiskvinnslutækni. Sum þeirra hafa þegar náð umtalsverðum árangri. Sendiráðið hefur, ásamt Íslandsstofu, reynt að styðja við fyrirtækin, meðal annars með þátttöku í kaupskýningum, ráðstefnum og skipulagningu viðskiptasendinefnda. Rússnesk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað síðla árs 2019 með þátttöku yfir 40 aðila. Fyrsta verkefni ráðsins var að taka þátt í ferð utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra til Moskvu í nóvember síðastliðnum.

Menningarsamstarf hefur verið ein máttarstöðin í samskiptum þjóðanna frá upphafi. Sendiráðið hefur undanfarið meðal annars komið að kynningu íslenskra listamanna með tónleikum, sýningum og bókmenntahátíðum. Þá hefur sendiráðið starfað með öðrum norrænum sendiskrifstofum í Moskvu og Pétursborg að norrænni menningardagskrá. Eitt samstarfsverkefna norrænu sendiráðanna 2019 var útgáfa bókar um norræna feður og föðurhlutverkið á Norðurlöndunum. Meðal viðmælenda voru tveir íslenskir feður og fjölskyldur þeirra.

Stöðugt fleiri rússneskir ferðamenn heimsækja Ísland. Beint flug milli Moskvu og Keflavíkur yfir sumarmánuðina hófst 2018. Þessi beina tenging og aukinn áhugi á Íslandsferðum í Rússlandi hefur aukið álag í útgáfu vegabréfsáritana til rússneskra ferðamanna í sendiráðinu í Moskvu, sem hófst 2013. Árið 2019 jókst útgáfan um 25%, í 2500 áritanir.

Nýja-Delí



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	5	0,0%
Vöruútflutningur (2019)	498	0,1%
Þjónustuútflutningur (2018)	2.268	0,3%
Vöruinnflutningur (2019)	8.101	1,0%
Þjónustuinnflutningur (2018)	1.719	0,4%
Umdæmisríki	Bangl., Malas, Mald, Mairit, Nep, Seych., Sing, Sri L, S-Afrika	
Starfsmenn	7	4,7%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	4	
Kostnaður	146,8	4,0%

Sendiráð í Nýju-Delí: Forseti Indlands í opinberri heimsókn á Íslandi.

Ram Nath Kovind, forseti Indlands, kom í opinbera heimsókn til Íslands í september 2019 ásamt fjölmennu fylgdarliði, meðal annars 40 einstaklingum úr indversku viðskiptalífi. Í heimsókninni var efnt til fjölmennrar viðskiptaráðstefnu. Áþreifanlega hefur orðið vart aukins áhuga í atvinnulífi beggja landanna í kjölfar heimsóknarinnar á gagnkvæmum fjárfestingum og viðskiptum. Starfandi er viðskiptaráð í Indlandi „Indian Iceland Business Association“ (IIBA) og sams konar ráð er starfrækt á Íslandi. Náíð samstarf er þar á milli.

Hafinn er innflutningur á íslenskum fiski og íslensku lambakjöti til Indlands. Tæknilegum hindrunum hefur verið ýtt úr vegi. Markaðsmöguleikar eru góðar og verð ágætt, enda stefnan sú að selja þessar íslensku afurðir sem hágæðavörur til sérþúða og lúxushótel. Þá er íslenskt gæðasalt selt á Indlandi. Þreifingar eru í gangi um sölu/framleiðslu á íslensku skyri á Indlandi. Þá eru athuganir í gangi um innflutning á íslensku vatni og öðrum drykkjarvörum.

Heitt vatn er að finna í norðaustur héruðum Indlands og Ísland hefur boðið aðstoð og ráðgjöf við að nýta auðlindina. Hægt hefur miðað í þeim efnum, en Indverjar líta fyrst og síðast til sólarorkunnar þegar kemur að grænum lausnum. Nýverið hófst hins vegar undirbúningur að byggingu jarðhitavirkjunar í Ladakh héraði og indversk yfirvöld hafa leitað aðstoðar og ráðgjafar Isor/Verkís við framkvæmdina. Virkjunin gæti orðið upphafið að frekari uppbyggingu og nýtingu jarðvarma á Indlandi með aðkomu íslenskra fyrirtækja.

Ferðamönnum frá Indlandi til Íslands fjölga umtalsvert ár frá ári og vaxandi áhugi er greinilegur. Sendiráðið tók nýverið við afgreiðslu vegabréfsáritana frá Indlandi til Íslands. Sendiráðið er virkt í kynningu á Íslandi, í samstarfi við Íslandsstofu og ferðaþjónustuaðila á Íslandi. Talið er að millistétin í Indlandi, sem hefur ráð á ferðlögum, telji milli 200 og 300 milljónir manna.

Undirbúningur að samstarfi landanna í sjávarútvegi er hafinn og skrifað hefur verið undir minnisblað sjávarútvegsráðherra landanna. Viðræður um fríverslunarsamning milli EFTA og Indlands hafa lengi verið í burðarliðnum og halda þær áfram.


Menningarsamskipti landanna hafa farið vaxandi og nýverið skrifuðu ráðherrar málaflokksins undir minnisblað. Ísland hefur verið kynnt markvisst með góðum árangri sem spennandi vettvangur fyrir gerð indverskra Bollywood – kvikmynda.

Aukinn áhugi er á Indlandi á samvinnu við Ísland um loftlagsmál og hlýnun jarðar. Indland er með áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu.

Samskipti Indlands og Íslands eru vinsamleg og gagnkvæmur áhugi á auknu samstarfi, svo sem í viðskiptum, fjárfestingum, í menningarmálum, ferðaþjónustu og á stjórnmálasviðinu.

Sendiráðið er með fyrirsvar gagnvart, Sri Lanka, Bangladesh og Nepal.

Ottawa



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	940	1,9%
Vöruútflutningur (2019)	27.621	4,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	31.554	4,4%
Vöruinnflutningur (2019)	7.480	0,9%
Þjónustuinnflutningur (2018)	7.327	1,6%
Fjölpjódasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Ból., Chile, CostaR, Ekv., Hond., Köl., Pan., Perú og Ven.	
Starfsmenn	3	2,0%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	78,8	2,1%

Sendiráð í Ottawa: Norræn menningarkynning í undirbúningi.

Kanada er á meðal mikilvægustu samstarfslanda Íslands. Löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, meðal annars varðandi norðurslóðamál, varnarmál og sjávarútveg. Viðskipti hafa stóruáhrif frá því að fríverslunarsamningur EFTA og Kanada var gerður 2009. Ferðamenn frá Kanada voru árið 2019 um 70 þúsund. Nýr loftferðasamningur var gerður við Kanada 2013 sem hefur reynst grundvöllur stóruáhrifa flugsamgangna á milli landanna.


Eitt umfangsmesta verkefni ársins 2019 var umsókn um fjárveitingu frá Norræna ráðherraráðinu til að halda menningarkynningu í Kanada. Sendiráðið, í samvinnu við önnur norræn sendiráð í Ottawa, var hlutskarpast í samkeppni um 90 milljóna króna styrk til að halda norræna menningarhátíð. Hátíðin, Nordic Bridges, stendur allt árið 2021 og fer fram víða um Kanada. Sendiherra Íslands verður líkast til í forystu fyrir norrænu sendiherrana frá miðju ári 2020 og það fellur það hlut Íslands að leiða samstarf sendiráðanna. Annað norrænt samstarf var meðal annars þátttaka í Nordic Climate Series og Nordic City Solutions.

Á viðskiptasviðinu hefur sendiráðið haft aðkomu að undirbúningi nýs fríverslunarsamnings EFTA og Kanada og unnið að undirbúningi viðskiptasendinefndar til Kanada 2020, í samvinnu við viðskiptaskrifstofuna í New York og Íslandsstofu. Sendiherra ferðaðist á árinu til British Columbia og heimsótti fjölda fyrirtækja og háskóla. Þá er sendiráðið reglulega í samskiptum við fyrirtæki og viðskiptaaðila sem vinna að viðskiptum á milli landanna. Hæst ber beiðnir um upplýsingar um lög og regluverk landanna varðandi inn- og útflutning og beiðnir um milligöngu sendiráðsins við tengslamyndun.

Sendiráðið fylgist með stjórnáttum í Kanada og rættar tengsl við kanadíska stjórnkerfið. Sendiráðið hefur víðtækt hlutverk á sviði borgarþjónustu, auk framkvæmdar utankjörfundarkosninga. Drjúgur tími fer í fyrirgreiðslu vegna ferðalaga til Íslands og áritunarmála. Samfélög Vestur-Íslendinga er að finna víða um Kanada. Talið er að Kanadamenn af íslensku bergi brotnir sé vel á annað hundrað þúsund. Því ver sendiráðið allnokkrum tíma í að rækta samskiptin við þessi samfélög. Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg, sem starfar að samskiptum við Vestur-Íslendinga, heyrir undir sendiráðið.

Sendiráðið hefur staðið fyrir heimsóknum íslenskra tónlistarmanna, fyrirlestraferð sérfræðings um jarðhitamálefni og sýningu íslenskrar heimildarmyndar um einhverfu, ásamt ráðstefnu um sama efni í samvinnu við Carleton University. Þá eru ótalin ýmis menningarverkefni á vegum sendiráðsins og aðkoma að fjölmörgum verkefnum í samvinnu við kvikmynda- og menningarhátíðir, háskóla, norrænu sendiráðin, félagasamtök og fleiri.

Osló



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	9.471	19,1%
Vöruútflutningur (2019)	24.760	3,9%
Þjónustuútflutningur (2018)	20.397	2,9%
Vöruinnflutningur (2019)	91.358	11,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	17.651	3,8%
Fjölpjöldasamstarf	Norðurslóðir	
Umdæmisríki	Afganistan, Egyptaland, Grikkland og Íran	
Starfsmenn	4	2,7%
Útsendir diplómatar	2	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	100,5	2,7%

Sendiráð í Osló: Margar kynningar á Íslandi og íslenskum vörum.

Ísland og Noregur hafa mikilla gagnkvæmra hagsmuna að gæta í viðskiptamálum, Evrópumálum, öryggis- og varnarmálum, á vettvangi norrænnar samvinnu og í utanríkispólitísku samstarfi sem sýnir sig meðal annars í tíðum heimsóknum ráðherra og embættismanna til Noregs. Í Noregi búa um 9.500 Íslendingar, landið er einn stærsti viðskiptamarkaður Íslands og samtals eru 36 sendiráð í Osló með Ísland í umdæmi sínu.

Auk Noregs er sendiráðið með Egyptaland, Grikkland, Íran og Pakistan í umdæmi sínu og fylgist með málum þeirra landa eins og kostur er. Á árinu heimsótti sendiherra Grikkland og átti fundi með fjölmörgum fulltrúum í utanríkisráðuneyti Grikklands. Aðkoma sendiráðsins að Uppbyggingarsjóði EES í Grikklandi jókst og fulltrúi sendiráðsins sótti til dæmis ársfund sjóðsins í Aþenu á árinu.


Sendiráðið tók á móti og kom að skipulagningu funda fyrir sendinefndir frá Íslandi, meðal annars um orkumál og EES-samninginn. Fulltrúar sendiráðsins tóku þátt í fjölda ráðstefna og samráðsfunda fyrir hönd utanríkisráðuneytisins varðandi endurskoðunarráðstefnu um bann við notkun á jarðsprengjum, um verndun sjávar og um ýmist svæðisbundin mál.

Borgarþjónustuhlutverk sendiráðsins er viðamikil. Tekið er á móti tugum Íslendinga í viku hverri vegna umsókna um vegabréf, fjölda fyrirspurna um réttindi og skyldur Íslendinga í Noregi er svarað og margvíslegum erindum sinnt, meðal annars um barnavernd, slys og andlát.

Á viðskiptasviðinu bar hæst þátttöku Íslands sem gestaþjóðar á North Atlantic Seafood Forum ráðstefnunni í Bergen en þar tóku þátt tuttugu íslensk fyrirtæki auk Íslandsstofu og atvinnuveganefndar Alþingis. Jafnframt var haldin umfangsmikil kynning á íslenskum sjávarútvegi. Haldinn var ferðaþjónustuviðburður í embættisbústað þar sem íslensk fyrirtæki ásamt Íslandsstofu kynntu áfangastaðinn Ísland og starfsemi sína fyrir norskum gestum úr ferðaþjónustu.

Á menningarviðinu tók sendiráðið þátt í og studdi við bakið á fjölmörgum menningarviðburðum svo sem jóla jazzmóttöku fyrir erlenda sendiherra í Osló í embættisbústaðnum, hátíðardagskrá í tilefni dags íslenskrar tungu með framsögu rithöfunda, jólatónleikum íslenskra tónlistamanna, frumsýningu á kvikmyndinni Bergmál með þátttöku leikstjóra, Norrænni kvikmyndahelgi þar sem meðal annars kvikmyndin **Hvítur, hvítur dagur** var frumsýnd, menningarhátíðinni Norrænar nætur í Egyptalandi þar sem íslenski sviðslistahópurinn Marble Crowd sýndi listir sínar, þátttöku sviðslistahópsins Dance for Me á listahátíðum í Bergen og Trondheim, frumsýningu utandyra á kvikmyndinni **Kona fer í stríð** og íslenskrari kvikmyndavíku í Tromsø. Sendiráðið stóð fyrir málstofu á þýðendapingi í Osló ásamt Miðstöð íslenskra bókmennta og félagi þýðenda í Noregi.

París



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	496	1,0%
Vöruútflutningur (2019)	45.351	7,1%
Þjónustuútflutningur (2018)	25.234	3,6%
Vöruinnflutningur (2019)	19.293	2,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	9.960	2,1%
Fjölbjóðasamstarf	OECD, UNESCO, Evrópuráðið	
Umdæmisríki	Alsír, And., Djíbútí, Ítalía, Líban., Marok., Mon., Spánn, Túnis	
Starfsmenn	8	5,3%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	216,5	5,9%

Sendiráð í París: Utanríkisstefnan sett á oddinn.

Meðal þeirra áherslumála sem sendiráðið setti á oddinn síðastliðið ár voru mannréttindi og jafnréttismál, sjálfbærni, umhverfis- og loftslagsmál auk norðurslóða. Í umdæmi sendiráðsins er að finna mjög mikilvæga viðskiptamarkaði auk þess sem Íslendingar sækja umdæmisríkin heim í sífellt meira mæli. Þá eru mörg umdæmisríkjanna einstaklega virk á alþjóðavettvangi, hvort sem litið er til Evrópumála, öryggismála eða á sviði þróunarsamvinnu.


Öryggi og aðstoð við íslenskra ríkisborgara í umdæmislöndunum er ætíð í forgrunni í starfsemi sendiráðsins auk hagsmunagæslu og framkvæmd stefnumiða stjórnvalda í utanríkis- og þróunarsamvinnumálum. Þá leggur sendiráðið jafnframt ætíð áherslu á að stuðla að farsælum samskiptum við stjórnvöld í Frakklandi og umdæmisríkjunum og styðja við markaðssókn íslenskra fyrirtækja og útflutning menningararfurða.

Á árinu sótti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra öldungadeildardeild franska þingsins heim. Haldinn var fundur ráðuneytisstjóra íslensku og frönsku utanríkisráðuneytanna, þar sem meðal annars var sammælt um að koma á skipulögðu samráði milli embættismanna ráðuneytanna. Þá hélt sendiherra fund með helstu ráðamönnum Frakklands á sviði Norðurskautsmála í tilefni af formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu.

Sendiherra Íslands var boðið að gerast meðlimur í alþjóðlegu neti jafnréttisfrömuða, sem vinna að framgangi jafnréttis á heimsvísu, á alþjóðlegu friðarráðstefnunni í París 2019. Sendiráðið vinnur áfram ötulllega að framgangi jafnréttismála en jafnréttisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (Peking +25) sem halda átti í París í sumar hefur verið frestað um eitt ár.

Á yfirstandandi ári var lögð áhersla á að virkja betur slagkraft norrænnar samvinnu í umdæmisríkjunum. Sendiráðið tók þannig þátt í að setja upp norrænar menningarhátíðir í Róm, norræna ljósmyndasýningu á Signubökkum og sendiherra opnaði fyrir hönd Norðurlandanna norræna menningarhátíð í Fontainebleau sem haldin var í samvinnu við Stofnun franskrar listasögu. Á næsta ári stefna norrænu sendiráðin að frekara samstarfi með því að setja á laggirnar sérstakan dag tileinkaðan bláa hagkerfinu og höfunum, og kynningu á norrænni menningu og matargerð í París. Menningarviðburðir sendiráðsins voru þéttsetnir árið 2019. Meðal hápunkta ársins voru eldfjallaviðburður sem sendiráðið stóð fyrir í samvinnu við ARTE-sjónvarpsstöðina, sendiherra opnaði íslenska skálann á Feneyjatvíæringnum og þýðendapring var haldið í samvinnu við stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, helgað þýðingum úr íslensku á frönsku. Þingið miðaði jafnframt að því að vekja áhuga á íslenskunámi og þýðendastarfinu en einungis fáeinir þýðendur vinna að því að þýða íslenskar bókmenntir á frönsku.

Peking



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	41	0,1%
Vöruútflutningur (2019)	15.914	2,5%
Þjónustuútflutningur (2018)	10.930	1,5%
Vöruinnflutningur (2019)	59.239	7,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	1.192	0,3%
Umdæmisríki	S-Kór, Ástr., Kamb., Laos, N-Kór, Mong., Nýja-Sl, Taí, Vietn.	
Starfsmenn	11	7,3%
Útsendir diplómatar	4	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	6	
Kostnaður	221,4	6%

Sendiráð í Peking: Kórónaveiran hefur víðtæk áhrif.

Kórónuveiran gerði fyrst vart við sig fyrir alvöru í Hubei héraði í Kína og herjaði þar grimmt þegar önnur ríki heims litu á veikina sem fjarlægán möguleika. Nokkurn tíma tók fyrir þarlend stjórnvöld að gera sér fulla grein fyrir vandanum en eftir að ríkisstjórnin hafði náð áttum var tekið á vandanum af fullum þunga, tugmilljónir manna settir í einangrun, eftirlit hert og ferðatakmörkanir settar á. Verulegur árangur hefur náðst við að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar og Kína stendur ekki illa í alþjóðlegum samanburði.

Efnahagslífið er að færast aftur í sama horf hvað framleiðsla varðar en vandinn nú er að eftirspurn á helstu mörkuðum hefur hrundið. Það gildir þó ekki um hlífðarbúnað ýmiss konar, þar sem eftirspurn er gífurleg, og sendiráðið hefur unnið að því með stjórnvöldum heima að tryggja aðföng og flutninga. Það tók einnig á að aðstoða íslenska ríkisborgara til heimferðar frá umdæmislöndum við þær aðstæður sem sköpuðust. Verulegur samdráttur var á fyrsta ársfjórðungi í efnahagslífi Kína í fyrsta skipti í meira en 40 ár.

Óljóst er hversu lengi varúðarráðstafanir gilda og það setur starfi sendiráðsins skorður. Vonir stóðu til þess að hægt væri að skipuleggja heimsókn forsætisráðherra til Kína, umhverfisráðherra og utanríkismálanefndar Alþingis, embættismannafundur um viðskipti landanna og pólitísk tengsl voru á dagskrá og vonir standa til þess að þeir verði í haust. Sérstök ástæða er til þess að efla samráð við Kína um málefni norðurslóða að fordæmi Dana og Norðmanna, einmitt nú þegar Ísland gegnir formennsku í Norðurskautsráði.

Á síðasta ári og fram á þetta var mikið álag á áritanaskrifstofu sendiráðsins og starfsmenn höfðu vart undan. Nú þegar ferðir liggja niðri er vitaskuld minna um að vera en unnið er að yfirtöku á útgáfu áritana frá ræðisskrifstofum Danmerkur í Shanghai og Guangzhou, sem til þessa hafa hlaupið undir bagga.


Kínversk stjórnvöld hafa gefið samþykki sitt fyrir skipan nýs kjöræðismanns í Hong Kong og frágangur er á lokastigi. Árið 2019 var metár í útflutningi íslenskra afurða til Kína og einnig í fjölda kínverskra ferðamanna til Íslands. Árangur náðist við viðurkenningu heilbrigðisvottorða og drög hafa verið gerð að markaðsátaki fyrir sjávarafurðir í Kína í samvinnu við Íslandsstofu.

Árvisir viðburðir á borð við sjávarútvegssýninguna í Qingdao í október, innflutningssýninguna í Shanghai í nóvember, hátæknisýninguna í Shenzhen í nóvember og árlegt Roadshow ferðabjónustuaðila í fjórum borgum í nóvember eru enn á dagskrá þó allt sé þetta fyrirvörum háð.

Norrænu samstarfi um sjálfbærar borgir verður haldið áfram og útlit er fyrir heimsókn frá Norðurlandaráði jafnskjótt og aðstæður leyfa. Veglegu norræn-kínversku málþingi undir merkinu Nordic Voices, sem halda átti í maí, hefur verið frestað fram á haustið.

Áfram verður unnið að undirbúningi myndlistarsýningar í Capital Museum í Beijing til að fagna 50 ára afmæli stjórnmalasambands árið 2021.

Stokkhólmur



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	8.917	18%
Vöruútflutningur (2019)	3.757	0,6%
Þjónustuútflutningur (2018)	18.113	2,5%
Vöruinnflutningur (2019)	34.417	4,3%
Þjónustuinnflutningur (2018)	14.494	3,1%
Fjölþjóðasamstarf	Norðurlönd	
Umdæmisríki	Albanía, Kúveit, Kýpur og Sýrland	
Starfsmenn	4	2,7%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	74,5	2,0%

Sendiráð Íslands í Stokkhólmi: Aukin áhersla á viðskiptamál.


Viðskiptatengdum verkefnum og viðburðum á vegum sendiráðsins hélt áfram að fjölga á milli ára. Kynningar íslenskra fyrirtækja fyrir fjárfesta, í embættisbústað sendiherra, og kynning á umhverfisvænum fjárfestingarkostum á Íslandi, svokölluðum grænum skuldabréfum, eru dæmi um slík verkefni. Að sögn samstarfsaðila í ofangreindum verkefnum styrkir aðkoma sendiráðsins ímynd þeirra og auðveldar aðgengi að mikilvægum viðskiptaaðilum. Samstarfið er ekki síður mikilvægt fyrir sendiráðið þar sem dýrmæt tengsl við bæði sænska og íslenska aðila skapast sem styrkir enn frekar burði viðskiptaþjónustunnar. Samstarf við Sænsk-íslenska viðskiptaráðið eflidist jafnframt á árinu og unnið er að skipulagningu viðburða á þeim vettvangi. Þá héldu íslensk fyrirtæki áfram að nýta sér fundaraðstöðu sendiráðsins og aðra almenna ráðgjöf.

Sendiráðið hefur einnig lagt áherslu á að styðja við skapandi greinar. Auk viðskiptahagsmuna liggja á því sviði ómetanleg tækifæri til landkynningar og styrkingar ímyndar Íslands sem samkeppnishæfs nútímaþjóðfélags. Bókmenntir skipa mikilvægan sess og því er áfram lögð áhersla á að hlúa að þýðendum íslenskra bókmennta, sem fer fjölgandi í kjölfar sérstaks átaksverkefnis sendiráðsins árið 2015. Bókmenntatengdir viðburðir fóru reglulega fram í embættisbústaði sendiherra og víða annars staðar með aðkomu sendiráðsins. Fjölmarginir viðburðir tengdir tónlist, kvikmyndum, myndlist og hönnun voru einnig haldnir.

Borgaraþjónusta og almenn þjónusta við Íslendinga voru sem áður umsvifamikill hluti af starfsemi sendiráðsins enda búa um 9 þúsund Íslendingar í Svíþjóð. Vandamál sem sendiráðið getur aðstoðað við eru fjölbreytt og þótt mörg séu auðleyst, til dæmis með útgáfu vegabréfa, eru sum krefjandi og þá getur reynsla, tengsl og staðarþekking starfsfólks sendiráðsins haft afgerandi áhrif. Oft reynir á aðstoð ræðismanna í umdæmi sendiráðsins í þessum málum og einstaka flókin mál geta krafist samstarfs nokkurra sendiráða Íslands, ræðismanna í fleiri löndum og jafnvel sendiráða annarra ríkja.

Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu og í norrænu ráðherranefndinni setti þó nokkurt mark á starfsemi. Þannig kynntu bæði sendiherra og fulltrúar utanríkisráðuneytisins stefnumál Íslands tengd formennskuáætlunum fyrir ýmsum sænskum aðilum og erlendum sendierindrekum í Stokkhólmi. Sendiráðið stóð einnig að pallborðsumræðum utanríkisráðherra Norðurlandanna um málefni norðurslóða, í samstarfi við sænska utanríkisráðuneytið og sendiráð annarra Norðurlanda í Stokkhólmi. Fleiri gesti bar að garði frá Íslandi, ekki síst vegna 71. þings Norðurlandaráðs, þar sem nokkrir ráðherrar og fjöldi þingmanna tóku þátt. Forseti Alþingis kom einnig í opinbera heimsókn í boði forseta sænska þingsins. Slíkar heimsóknir eru enn eitt dæmi um verkefni sem styrkja tengslanet sendiráðsins en einnig gott dæmi um það hvernig þau tengsl sem þegar fyrirfinnast geta nýst við úrlausn og skipulagningu verkefna.

Tókýó



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	52	0,1%
Vöruútflutningur (2019)	7.705	1,2%
Þjónustuútflutningur (2018)	5.864	0,8%
Vöruinnflutningur (2019)	13.173	1,6%
Þjónustuinnflutningur (2018)	703	0,2%
Umdæmisríki	A-Tím, Brún, Filipp, Indón. og Papúa NG.	
Starfsmenn	5	3,3%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	97,3	2,7%

Sendiráð í Tókýó: Mikilvægur árangur í lykilmálum á fyrsta ári Reiwa.

Sumarið 2021 fara fram Ólympíuleikar og Paralympics í Tókýó. Árið 2019 einkenndist talsvert af undirbúningi fyrir þessa stórvíðburði. Íslenska stöðtækjafyrirtækið Össur hefur ákveðið að styrkja japanskt afreksfólk í íþróttum fatlaðra á leikunum og var yfirlýsing þess efnis undirrituð í sendiráði Íslands í Tókýó. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands skrifaði einnig undir samning í sendiráðinu um samstarf vegna æfingabúða íslenska keppnishópsins við borgina Tama City Tokyo sem er í grennd við höfuðborgina og verður formleg samstarfsborg Íslands á og í kringum leikana.

Samstarf Íslands og Japan um málefni norðurslóða var áberandi í starfi sendiráðsins á árinu 2019, en Ísland og Japan standa sameiginlega að næsta alþjóðlega fundi vísindamálaráðherra norðurslóða (Arctic Science Ministerial) í Tókýó í nóvember 2020. Samhliða þeirri ráðstefnu stendur til að halda hliðarráðstefnu Hringborðs norðursins (Arctic Circle Forum) í Tókýó.


Í júní 2019 fór fram fyrsta tvíhliða efnahagssamráð Íslands og Japans í Tókýó. Íslensk stjórnvöld hafa um nokkurt skeið óskað eftir að hefja fríverslunarviðræður við japönsk stjórnvöld. Vonir standa til að samráðið skili sér í formlegum fríverslunarviðræðum við þetta mikilvæga viðskiptaland Íslands en áframhaldandi viðræður eru áætlaðar á fyrri hluta þessa árs. Fyrr á árinu var einnig skrifað undir samkomulag sem greiðir fyrir beinu áætlunarflugi milli landanna.

Í október 2019 var mikið um dýrðir í Japan þegar nýr Japanskeisari var krýndur við hátíðlega athöfn í Tókýó en nýtt ártal hafði verið kynnt í apríl (Reiwa). Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og frú Eliza Reid voru viðstödd athöfnina ásamt rúmlega 100 öðrum þjóðhöfðingjum. Þetta var fyrsta opinbera heimsókn íslensks forseta til Japans í 30 ár, eða frá því frú Vigdís Finnbogadóttir var viðstödd útför Showa keisara árið 1989.

Samstarf íslenskra og japanskra menntastofnana var fyrirferðarmikið í dagskrá forseta en með í för var Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands sem meðal annars var aðalræðumaður á sérstöku málþingi um íslenskt mál og menningu sem sendiráðið hélt í samstarfi við Háskóla Íslands, Veröld – Húsi Vigdísar Finnbogadóttur og Waseda háskóla í Tókýó.

Ísland var áberandi í umræðu um jafnréttis- og mannréttindamál í Japan árið 2019 en mikið er leitað til sendiráðsins vegna árangurs Íslands á þessu sviði og sendiherra eftirsóttur ræðumaður. Sendiherra var meðal annars aðalræðumaður á málþingum Aichi og Yamaguchi héraða, og borganna Nagoya og Saitama, í góðu samstarfi við skrifstofu UN Women í Japan. Íslenska sendiráðið í Tókýó hefur þar að auki leitt norrænt samstarf um málefni hinsegin fólks í Tókýó um nokkurra ára skeið, eða frá árinu 2014.

Washington



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	6.747	13,6%
Vöruútflutningur (2019)	46.832	7,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	227.158	32%
Vöruinnflutningur (2019)	68.384	8,5%
Þjónustuinnflutningur (2018)	73.660	15,9%
Fjölpjódasamstarf	NATO, norðurslóðir	
Umdæmisríki	Brasilía, El Salvador, Gvatemala, Mexíkó, Nic., Par, og Úrug.	
Starfsmenn	6	4,0%
Útsendir diplómatar	3	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	204,1	5,6%

Sendiráð í Washington DC: Tíðar gagnkvæmar heimsóknir og upphaf samráðs um efnahagsmál.

Árið sem leið var viðburðaríkt í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Sjaldan hafa svo tíðar, gagnkvæmar heimsóknir átt stað, fundir og samráð af ýmsu tagi. Hæst ber heimsókn varaforseta Bandaríkjanna, Mike Pence, í september sl. Mike Pompeo, utanríkisráðherra, kom til landsins í febrúar í kjölfar fundar utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands með honum í Washington í upphafi árs. Þá heimsótti orkumálaráðherra Ísland í tengslum við Hringborð Norðurslóða.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti fjölda funda með þingmönnum beggja deilda og flokka í Washington og á Íslandi. Sérstök aðgerðaráætlun liggur að baki auknum samskiptum ríkjanna, sem miðar ekki síst að því að auka viðskipti og efnahagsleg samskipti milli ríkjanna. Liður í því er að Bandaríkjaþing samþykki lög sem gefi íslenskum viðskiptaaðilum tækifæri til að sækja um sérstakar áritanir sem auðvelda tíðar ferðir og lengri dvöl í landinu. Í því skyni hafa sendiherra og starfsmenn sendiráðs átt fjölda funda með þingmönnum og starfsfólki þingmanna. Frumvarpið leit dagsins ljós 19. desember.

Fyrsti fundur Íslands og Bandaríkjanna í reglulegu samráði um efnahagsmál, sem komið var á fót á áður nefndum fundi utanríkisráðherra ríkjanna í Reykjavík í febrúar, fór fram á Íslandi í júní. Í sama mánuði áttu fulltrúi embættis viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta (e. USTR) og sendinefnd skipuð íslenskum embættismönnum fund um viðskiptamál.


Af menningarmálum bar hæst, sýning Ragnars Axelssonar ljósmyndara, sem einnig tengdist viðburðum sem sendiráð stóð fyrir vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu og ráðherra opnaði. Norðurslóðamál eru mjög í deiglu í Washington og fulltrúar sendiráðs héldu fjölmörg erindi um stefnu Íslands. Sýning Rax var síðan sett upp í nýju norrænu safni í Seattle.

Reglubundið samráð á sviði öryggis- og varnarmála fór fram í nóvember og leiddi ráðuneytisstjóri sendinefnd frá Íslandi, sem fundaði með yfirmönnum í utanríkisráðuneyti og varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Sendiráðið tekur virkan þátt í umræðum og fylgist með þróun öryggis- og varnarmála á NorðurAtlantshafi og norðurslóðum.

Norrænt samstarf var blómlegt á árinu. Með styrk frá norrænu ráðherranefndinni efndu sendiráðin til nokkurra viðburða á Bandaríkjaþingi og í samstarfi við félagasamtök, þ.m.t. fundur með þverpólískum samtökum kvenna á þinginu um jafnréttismál. Meðal annars lögð áhersla á loftslagsmál, réttindi hinsegin fólks og valdeflingu kvenna. Þá náðu tíst sendiherra Norðurlanda í tengslum við viðburðina, sem svöruðu fyrirspurnum um stefnu stjórnvalda í þessum málum, til milljóna Twitter notenda.

Í umdæmi sendiráðsins búa um sex þúsund Íslendingar þ.e. í Bandaríkjunum, Mexíkó, Paragvæ og Úrúgvæ. Borgarþjónusta vegur þannig þungt. Þá var á árinu unnið að því að undirbúa útgáfu Schengen vegabréfsáritana sem sendiráðið tekur yfir 2020.

Fastanefnd hjá NATO



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Brussel	
Vöruútflutningur (2019)	Sjá Brussel	
Þjónustuútflutningur (2018)	Sjá Brussel	
Vöruinnflutningur (2019)	Sjá Brussel	
Þjónustuinnflutningur (2018)	Sjá Brussel	
Fjölpjódasamstarf	NATO	
Starfsmenn	6	4%
Útsendir diplómatar	4	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	2	
Kostnaður	232,1	6,3%

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu: Annasamt afmælisár og leiðtogafundur.


Á árinu 2019 var þess minnst að 70 ár voru liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins. Ísland var meðal stofnríkja bandalagsins og tekur þátt í störfum þess á borgaralegum forsendum. Afmælisárið var annasamt þar sem hæst bar fundur leiðtoga þess í London í desember og afmælisviðburður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra í Washington í apríl. Niðurstöður þessara funda staðfestu að Atlantshafstengslin eru sterk sem fyrr og sameiginlegir hagsmunir bandalagsríkja, um að tryggja öryggi og stöðugleika í okkar heimshluta og gagnkvæmar varnarskuldbindingar, standa óhaggaðar.

Fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu hefur fyrirvar og sinnir hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd á vettvangi bandalagsins sem fer fram í fastaráðinu (North Atlantic Council) og með málefnavinnu í undirnefndum þess. Á vegum bandalagsins starfa margar nefndir og sérfræðingahópar sem kalla á skýra forgangsröðun í störfum fastanefndarinnar með hagsmuni og áherslur Íslands í utanríkis- og varnarmálum að leiðarljósi. Auk málflutnings í fastaráði fer hagsmunagæsla fastanefndar fram á vettvangi hermálanefndar, nefndar varafastafulltrúa, varnarmálanefndar, pólitísku nefndarinnar, mannvirkjasjóðsnefndar, fjárlaganefndar, aðgerðanefndar, afvopnunarnefndar og samstarfsríkjanefndar. Þá sinnir fastanefndin fyrirvari gagnvart yfirherstjórnnum bandalagsins í Mons í Belgíu og Norfolk í Bandaríkjunum, tengslum við undirherstjórnir í Brunssum í Hollandi, Napólí og Norfolk, og við Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart.

Undanfarinn áratug hafa íslensk stjórnvöld sett jafnréttismál á oddinn í störfum fastanefndar og stutt við störf sérlegs fulltrúa framkvæmdastjóra um konur, frið og öryggi. Á árinu 2019 náðist mikilvægur áfangi þegar utanríkisráðherrar bandalagsins samþykktu nýja stefnu í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun og fram undan er mikilvæg vinna við mótn stefnu gegn beitingu kynferðisofbeldis sem vopns í átökum. Þá studdi Ísland vinnu bandalagsins á sviði afvopnunarmála á árinu með störfum sérfræðings auk þess sem starfsfólk á vegum utanríkisráðuneytisins var við störf í upplýsingadeild og alþjóða- og öryggisdeild í höfuðstöðvunum í Brussel.

Aðildin að Atlantshafsbandalaginu er lykilstoð í vörnum Íslands eins og kveðið er á um í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Samkvæmt stefnunni skal tryggja að í landinu séu til staðar varnarmannvirki, búnaður, geta og sérfræðiþekking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Rekstur ratsjárkerfisins á loftrýmissvæði Íslands og aðrir varnartengdir innviðir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli eru lykilþættir við að uppfylla þetta ákvæði auk þess að vera mikilvægasta framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins. Rekstur og viðhald þessara varnartengdu innviða eru á ábyrgð Íslands. Í störfum fastanefndarinnar er lögð rík áhersla á að sinna málarekstri vegna umsókna Íslands um fjárframlög til þessara verkefna úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins.

Strassborg



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá París	
Vöruútflutningur (2019)	Sjá París	
Þjónustuútflutningur (2018)	Sjá París	
Vöruinnflutningur (2019)	Sjá París	
Þjónustuinnflutningur (2018)	Sjá París	
Starfsmenn	1	0,7%
Útsendir diplómatar		
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	7,2	0,2%

Fastanefnd Evrópuráðsins í Strassborg: Rússland snýr til baka.

Á undanförunum árum hefur ríkt togstreita milli Evrópuráðsþingsins og Rússlands sem hefur valdið bæði fjárhagslegum erfiðleikum og pólitískan vanda innan stofnunarinnar. Upphafið má rekja til þess að Evrópuráðsþingið svipti rússnesku sendinefndina atkvæðarétti í þinginu árið 2014 vegna innlimunar Rússlands á Krím-skaga. Í kjölfarið hætti Rússland að greiða aðildargjöld sín og vorið 2019 þurfti ráðherranefndin að taka ákvörðun um lausn á vandanum, þ.e. hvort að vísa ætti Rússlandi úr ráðinu fyrir brot gegn grunngildum þess eða leita annarra lausna á deilunni.

Á ráðherrafundi ráðsins í Helsinki í maí 2019 var ákveðið að þróa viðbragðsferli, ásamt Evrópuráðsþinginu og aðalframkvæmdastjóra, til að gera stofnunni kleift að bregðast við á samræmdan hátt ef að aðildarríki bryti gegn skyldum sínum samkvæmt stofnsáttmála Evrópuráðsins. Þróun þessa ferlis er enn á lokastigi en ákvörðunin leiddi til þess að Rússland hóf aftur að greiða aðildargjöld og sendi að nýju sendinefnd til Evrópuráðsþingsins í júní 2019.


Í júní 2019 fór fram kosning nýs aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Hlutskörpust var Marija Pejčinović Burić, fyrrverandi vara forsætisráðherra og ráðherra utanríkis- og Evrópumála í Króatíu. Marija er aðeins önnur kvenna til að gegna stöðu aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá upphafi. Hún tók við starfinu í september 2019.

Á ráðherrafundi Evrópuráðsins í maí 2019 undirritaði ráðherra samning Evrópuráðsins um aðgang að opinberum gögnum og í desember 2019 skilaði fulltrúi Íslands í Strassborg inn fullgildingarskjölum Íslands vegna Evrópusamningsins um landslag (e. European Landscape Convention). Ísland varð þar með fertugasta aðildarríki Evrópuráðsins til að fullgilda samninginn.

Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp dóma í sex málum gegn Íslandi á árinu 2019. Fyrstu málin gegn Íslandi, sem tekin hafa verið fyrir í yfirdeild dómstólsins, voru flutt í dómstólnum 9. október, mál Gestis Jónssonar gegn Íslandi og mál Ragnars Halldórs Hall gegn Íslandi.

Undanfarin ár hefur fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu haft aðsetur í Reykjavík en einn staðarráðinn starfsmaður sinnt daglegum verkefnum í Strassborg. Breytingar verða gerðar á þessu fyrirkomulagi á árinu 2020 því stefnt er að því að enduropana fastanefnd Íslands í Strassborg á sumarmánuðum og nýr fastafulltrúi, ásamt öðru starfsfólki fastanefndarinnar, verður í Strassborg. Þessar breytingar eru gerðar í aðdraganda formennskutímabils Íslands hjá Evrópuráðinu, sem hefst í nóvember 2022 og lýkur með ráðherrafundi á Íslandi í maí 2023.

Róm



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	234	0,5%
Vöruútflutningur (2019)	4.155	0,6%
Þjónustuútflutningur (2018)	8.520	1,2%
Vöruinnflutningur (2019)	22.758	2,8%
Þjónustuinnflutningur (2018)	6.948	1,5%
Starfsmenn	1	0,7%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	0	
Kostnaður	34,8	0,9%

Fastanefnd Íslands í Róm: Nánara samstarf formfest við allar þrjár stofnanirnar.

Árið 2019 náðust öll markmið ársins um að formfesta nánara samstarf við allar þrjár stofnanir Sameinuðu þjóðanna í Róm, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD). Fastafulltrúi í Róm gætir hagsmuna Íslands og kemur á framfæri viðhorfum við stofnanirnar þrjár.

Formlegt samkomulag var gert við FAO á árinu um stuðning Íslands í vinnu gegn ólöglegum veiðum og tækniástoð um málefni hafsins. Samningurinn er þegar virkjaður með framlögum Íslands í átaki gegn ólöglegum fiskveiðum og láni á veiðarfærasérfræðingi til starfa í Róm. Samningurinn við FAO felur meðal annars í að styrkja aðgerðir gegn ólöglegum, óskráðum og stjórnlausem veiðum og stuðningi við bláan hagvöxt (Blue Economy) með áherslu á smáeyjaríki (SIDs).

Í aðdraganda kjörs á nýjum framkvæmdastjóra FAO á árinu setti Ísland á oddinn að allir frambjóðendur kynntu sér áherslur Íslands í málefnum hafsins og stjórn fiskveiða. Það gekk eftir og nýtt stjórnendateymi FAO er vel upplýst um þessa hagsmuni eftir margs konar samráð á árinu.

Formlegt samstarf var hafið við IFAD að lokinni þarfagreiningu og skýrslu þar um. Skipulögð var vinnustofa á Íslandi fyrir IFAD um bláan hagvöxt (Blue economy) á árinu og IFAD hefur óskað eftir enn frekara samstarfi til að nýta íslenska þekkingu í framtíðinni í samræmi við þá samstarfsáætlun sem fyrir liggur.


Fastafulltrúi tók þátt í öllu almennu starfi WFP og beitti sér við stefnumörkun um skólamáltíðir, samstarf við einkageira og tækniástoð frá Íslandi við WFP í framtíðinni. WFP glímur við síaukna þörf fyrir neyðaraðstoð. Fjármögnunarþörf er tíu milljarðar bandarískra dala árlega en stofnunin fékk metfjárhæð á síðasta ári, átta milljarða.

Þátttaka Íslands í mótun skólamáltíðastefnu WFP leiddi til þess árangurs í árslok 2019 að Ísland ákvað að leggja fram myndarlegt framlag – rúmlega 30 milljónir króna – til að hægt væri að hrinda áætluninni í framkvæmd í Austur-Afríku árið 2020. Árlegt óskuldbundið framlag Íslands nemur 50 milljónum króna en heildarframlag Íslands til málefna WFP er metið á um tvær milljónir Bandaríkjadala.

Norrænu ríkin hafa öll mikið samstarf um málefni Rómastofnananna þriggja og móta sameiginlega stefnu á sem flestum sviðum auk þess sem þau koma reglulega fram sem einn hópur á ráðstefnum og fundum. Þau leggja áherslu á að auka óskuldbundin sveigjanleg framlög. Markmið er að hafa alltaf sérstakar yfirlýsingar norrænu þjóðanna á stórfundum og vinna þær saman. Stefnumótun um aukið samstarf náði fram að ganga á árinu.

Á árinu starfaði fastafulltrúi Íslands sem fulltrúi fyrir Evrópuríki í stýrinesnd um sjávarútvegsmál, COFI, (Cofi Bureau).

Fastanefnd í New York



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington	
Vöruúttut ni rgur (2019)	Sjá Washington	
Þjónustuúttut ni rgur (2018)	Sjá Washington	
Vöruinnut ni rgur (2019)	Sjá Washington	
Þjónustuinnut ni rgur (2018)	Sjá Washington	
Fjölpjóðasamstarf	Sþ.	
Umdæmisríki	Antígva og Barbúdu, Bahamaeyjum, Barbados, Belís, Dóminíku, Dóminíska lýðveldinu, Grenada, Gvæönu, Haítí, Jamaíku, Kúbu, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsíu, Sankti Vinsent og Grenadíneyjum, Súrinam og Trinidad og Tobago	
Starfsmenn	8	5,3%
Útsendir diplómatar	5	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	3	
Kostnaður	292,1	8%

Fastanefnd í New York: Starf í þágu þjóða.

Meginstoðirnar í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna er starf í þágu friðar, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar. Fastanefnd Íslands fer með fyrirvar fyrir Ísland hjá Sameinuðu þjóðunum og undirstofnunum þeirra í New York. Fulltrúar fastanefndar taka þátt í umræðum, samningaviðræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu, undirnefndum og stjórnnum ýmissa undirstofnana Sameinuðu þjóðanna, með það að markmiði að hafa áhrif á starfsemi þeirra í samræmi við stefnumál og hagsmuni Íslands. Meðal kjarnamála Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna eru mannréttinda- og jafnréttismál, málefni hafsins og sjálfbær nýting auðlinda ásamt aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Málefni sem tengjast þróunarsamvinnu og sjálfbærri þróun hafa fengið aukið vægi í öllu starfi fastanefndar, ekki síst í tengslum við innleiðingu heimsmarkmiðanna sem er forgangsmál í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna.


Starfsemi fastanefndar hverfist að stórum hluta um vinnu allsherjarþingsins sem hefst á haustin þegar leiðtogar 193 aðildarríkja sækja New York heim. Í framhaldi taka undirnefndir þingsins til starfa og Ísland leggur áherslu á nefndir sem fjalla um mannréttindi, sjálfbæra þróun, afvopnunarmál, fjármál og alþjóðalög. Árlegur fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna er annar mikilvægur liður í starfi fastanefndar og tekur nefndin virkan þátt í undirbúningi fundarins sem er sóttur af fjölmörgum fulltrúum frá Íslandi.

Aukin áhersla í starfi fastanefndar er að styrkja samstarf við undirstofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna, ekki síst Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) sem eru áherslustofnanir Íslands.

Fastanefnd á náið samstarf við fastanefndir annarra ríkja eða ríkjahópa um sameiginlega hagsmuni innan Sameinuðu þjóðanna og ber þar hæst samstarf Norðurlandanna, sem Ísland tók að sér að leiða á síðasta ári í tengslum við formennsku í norrænu samstarfi. Ísland er þátttakandi í starfi fjölmargra annarra ríkjahópa og leiðir ásamt Namibíu vinahóp um aðgerðir vegna þurrka, landhagnunar og eyðimerkurmyndunar.

Fastanefndin er jafnframt sendiráð gagnvart Antígva og Barbúda, Bahamaeyjum, Barbados, Belís, Dóminíku, Dóminíska lýðveldinu, Grenada, Gvæjana, Haítí, Jamaíku, Kúbu, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsíu, Sankti Vinsent og Grenadíneyjum, Súrinam og Trínidad og Tóbago.

Vín



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	294	0,6%
Vöruútflutningur (2019)	198	0%
Þjónustuútflutningur (2018)	4.900	0,7%
Vöruinnflutningur (2019)	4.088	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2018)	2.979	0,6%
Fjölpjódasamstarf	ÖSE, IAEA o.fl.	
Starfsmenn	2	1,3%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	51,8	1,4%

Fastanefnd í Vín: ÖSE stuðlar að öryggi og stöðugleika í Evrópu.


Á síðari hluta ársins 2019 bar það hæst að Ísland fór með formennsku í samráðshópnum (JCG) um samninginn um takmörkun hefðbundins herafla í Evrópu (CFE). Auk þess setti Ísland af stað og fór með formennsku í starfshópi sem vann að endurskoðun fjárhagssamkomulags milli JCG og ráðgjafanefndarinnar um samninginn um opna lofthelgi (OSCC) annars vegar og skrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) hins vegar. Nýja fjárhagssamkomulagið, sem ljúka þarf fyrir árslok 2020, hefur mikil áhrif á allan rekstur og fundastarfsemi ÖSE.

Mikill undirbúningur var vegna hefðbundins utanríkisráðherrafundar ÖSE í desember 2019 undir formennsku Slóvakíu, en við bættist óformlegur ráðherrafundur um sumarið. Fastafulltrúi sat fundina fyrir hönd utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra. Á þessum fundum og í undirbúningi þeirra var lögð mikil vinna í Úkraínudeiluna sem kostað hefur þúsundir lífið. Þessi viðleitni undir forystu Slóvakíu bar nokkurn árangur á síðari hluta ársins, hvað betri samskipti deiluaðila varðaði. Í málflutningi Íslands var lögð áhersla á að Minsk-samkomulaginu um Úkraínu yrði framfylgt. Ófriðurinn í austurhluta landsins er eitt helsta viðfangsefni ÖSE, hvort sem er í höfuðstöðvunum eða hjá eftirlitssveitinni á vettvangi. Starf ÖSE beinist einnig að öðrum langvarandi deilum; milli Georgíu og Rússlands um Suður-Ossetíu og Abkazíu, milli Aserbaísjan og Armeníu um Ngorno-Karabakh og Rússa og Moldóvu um Transnistríu. Eftirlitssveitir skrifstofur eru einnig víðar.

Þátttakan í starfi ÖSE er burðarás verkefna fastanefndarinnar. Starfið byggist á hugmyndinni um heildstætt öryggi og endurspeglast það í þremur víddum: öryggismála, efnahags- og umhverfismála og mannréttindamála. Fastafulltrúi situr vikulega fundi fastaráðs ÖSE og Öryggismálasamvinnuvettvangsins (FSC) auk fjölmarga reglulegra funda sem haldnir eru innan víddanna þriggja. Samráð NATO-ríkja veigamest. Fastanefnd tekur einnig þátt í viðræðum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar (Structured Dialogue). Í umræðum um orkuöryggi á fundum efnahags- og umhverfisviddarinnar hefur Ísland lagt áherslu á mikilvægi nýtingar sjálfbærrar orku. Innan mannréttindaviddarinnar nýtur ÖSE starfs þriggja undirstofnana; skrifstofu fulltrúa um málefni þjóðernisminnihluta Í Haag, fulltrúa um frelsi fjölmiðla í Vínarborg og skrifstofa fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (ODIHR) í Varsjá. ODIHR sinnir einnig umfangsmiklu kosningaeftirliti í aðildarríkjunum og hefur utanríkisráðuneytið sent fjölda eftirlitsmanna á vegum þess á liðnum árum.

Deilur um kjarnorkumálefni í Íran hafa borið hæst innan Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) en hún gegnir veigamiklu eftirlitshlutverki með kjarnorkumálum í Íran, Norður-Kóreu og Mið-Austurlöndum. Á vegum undirbúningsstjórnar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO) eru reknar tvær eftirlitsstöðvar á Íslandi í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Veigamesta starfsemi UNOV er á vettvangi skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eiturlyfjum og afbrotum (UNODC).

Aðalræðismaður New York



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Washington	
Vöruútflutningur (2019)	Sjá Washington	
Þjónustuútflutningur (2018)	Sjá Washington	
Vöruinnflutningur (2019)	Sjá Washington	
Þjónustuinnflutningur (2018)	Sjá Washington	
Starfsmenn	2	1,3%
Útsendir diplómatar	0	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	1	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	82,7	2,3%

Aðalræðisskrifstofa í New York: 2500 fyrirspurnir árið 2019.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York rekur viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður Ameríku, markaðsverkefnið Iceland Naturally í samstarfi við Íslandsstofu og hýsir Icelandic American Chamber of Commerce og Icelandic Canadian Chamber of Commerce. Á árinu tók skrifstofan þátt í fundum með Mike Pence varaforseta Bandaríkjanna, fulltrúum utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna og fulltrúum embættis viðskiptafulltrúa Bandríkjaforseta, auk þess sem skrifstofan tók þátt í skipulagningu tveggja samráðsfunda með fyrirtækjum beggja landa. Þá svaraði skrifstofan um 2500 fyrirspurnum árið 2019 tengdum ferðaþjónustu, viðskiptum og menningu Íslands og útseldir tímar eru um 600 árið 2019.

Áhersla aðalræðisskrifstofunnar hefur undanfarin ár verið á aðstoð við íslenska sprotaumhverfið, erlendar fjárfestingar, sjávarútveg, jarðhita, menningu, orkugeirann og almenna aðstoð við útflutningsfyrirtæki og ferðaþjónustu ásamt Iceland Naturally. Flest öll verkefni eru unninn í nánú samstarfi við Íslandsstofu og sendiráð Íslands í Norður Ameríku.


Norðurlandasamstarfið var umfangsmikið. Nordic Innovation House-New York styður við útrás og starfsemi íslenskra fyrirtækja á Austurströnd Bandaríkjanna. Aðalræðisskrifstofan tók við formennsku í stjórn NIH-NY fyrir árið 2020. Nordic Sustainable Cities vinnur að því að auka aðgengi að verkefnum og mörkuðum með það fyrir augum að lenda samningum fyrir fyrirtæki frá Norðurlöndunum í Bandaríkjunum og Kanada. Nordic Welfare Solutions verkefninu í Kanada lauk í lok árs 2019. Um 100 fyrirtæki tóku þátt í vinnustofum á Norðurlöndunum, 27 sóttu um í verkefnið og 16 voru samþykkt, þar af fimm frá Íslandi. Þá var Nordic Digital Health verkefnið sett af stað 2019 með stuðningi Nordic Innovation. Um er að ræða samstarf milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Vert er einnig að geta þess að Aðalræðisskrifstofan leiddi menningarnefnd Norðurlandanna í New York árið 2019.

Aðalræðisskrifstofan stýrir markaðsstarfi Íslands fyrir Seafood Expo North America, í samvinnu við Íslandsstofu, með áherslu á bæði sjávarafurðir og tækni. Árið 2019 náði markaðsstarfið til um sjö þúsund fyrirtækja í Norður Ameríku og íslensku fyrirtækin fengu vel yfir 200 söluábendingar.

Aðalræðisskrifstofan skipulagði fjölda verkefna fyrir viðskiptaráðin í Bandaríkjunum og Kanada. Meðal verkefna var ráðstefna í sendiráði Íslands í Washington D.C. um „viðskipti á norðurslóðum“ með þátttöku utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ásamt fyrirtækjum og stofnunum frá Íslandi, Grænlandi og Bandaríkjunum. Skrifstofan skipulagði jafnframt viðskiptasendinefnd til San Fransisco í Kaliforníu sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra leiddi og heimsótti meðal annars fyrirtæki eins og Google, Salesforce, Facebook og Deloitte.

Iceland Naturally (IN) er samstarfsverkefni viðskiptaskrifstofunnar í Norður Ameríku, Íslandsstofu og 12 fyrirtækja frá Íslandi. IN nær til um milljón manns í Norður Ameríku í gegnum samfélagsmiðla og skipuleggur fjölda viðburða á hverju ári í Kanada og Bandaríkjunum.

Nuuk



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	45	0,1%
Vöruútflutningur (2019)	8.037	1,3%
Þjónustuútflutningur (2018)	3.326	0,4%
Vöruinnflutningur (2019)	2.881	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	808	0,2%
Fjölbjóðasamstarf	Norðurslóðir	
Starfsmenn	1,5	1,0%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	0,5	
Kostnaður	49,9	1,4%

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk: Margar heimsóknir Íslendinga til Grænlands.

Aðalræðisskrifstofan í Nuuk auðveldar Íslandi að styrkja tvíhliða tengsl við grænlandsk stjórnvöld og viðskipta og menningarlífið á Grænlandi, en óeitanlega fara hagsmunir Íslands og Grænlands sem eybjóða í N-Atlantshafinu að miklu leyti saman, til dæmis í loftslags- og umhverfismálum og nýtingu hafsins. Auk hefðbundinnar aðstoðar við bæði fyrirtæki og einstaklinga má segja að hápunktur í starfi aðalræðisskrifstofunnar á árinu hafi snúið að undirbúningi og skipulagningu nokkurra heimsókna:

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra heimsótti grænlandsk starfssystur í ágúst og ferðaðist með henni um S-Grænland og kynnti sér meðal annars starfsemi íslenskra aðila og aðila þeim tengdum. Ráðherrarnir gerðu með sér samkomulag um að skoða leiðir til að bæta viðskiptasamstarf.

Grænlandshópur sem utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra setti á stofn til að skoða leiðir til að efla og bæta samskipti þjóðanna kom í kynningarleiðangur til Nuuk. Ferðamálaráðherra sótti viðskiptaþingið Future Greenland í Nuuk og sagði frá áskorunum sem Íslendingar hafa tekist á við í ferðaþjónustu og hvað mætti ef til vill af því læra.

Forseti Íslands heimsótti Nuuk, átti fund með formanni sjálfstjórnarinnar, kynnti sér starfsemi loftslagsmiðstöðvarinnar og talaði við háskólanema, svo fátt eitt sé nefnt. Hann sá meðal annars hjónin Benedikte Thorsteinsson og Guðjón Þorsteinsson fálkaorðunni fyrir áratuga starf þeirra við að bæta samskipti Íslands og Grænlands.

Vestnorræna ráðið hélt ársfund sinn í Nuuk og sjávarútvegsráðherra sótti fundinn fyrir Íslands hönd ásamt þingmannanefnd. Þá komu Hróksliðar til Nuuk í tvígang.


Nuuk Nordisk Festival var haldið í október og aðalræðisskrifstofan studdi meðal annars ferð danshópsins Bíbí og blaka á hátíðina og stóð ásamt menningarhúsinu Katuaq fyrir tónleikum grænlandsk-dansk-færeysku rafsveitarinnar Resterne av Rigsfelleskabet í húsnæði aðalræðisskrifstofunnar.

Á síðasta ári gerðu Royal Arctic Line, sem hefur einkaleyfi á vörusiglingum til Grænlands og Eimskip með sér samstarfssamning um sameiginleg kaup á og samnýtingu skipa til vikulegra siglinga milli Reykjavíkur og Nuuk. Til stóð að hefja þessar siglingar á síðasta ári en vegna tafa á afhendingu skipanna er þess vænst að siglingarnar geti hafist í maí/júní á þessu ári. Ljóst er að þetta gjörbreytir til hins betra tækifærum íslenskra aðila að koma inn í bæði flutninga og ef til vill verslun á Grænlandi.

Lenging flugbrauta í Nuuk og Ilulissat og nýr flugvöllur í Qaqortoq eru langstærstu innviðaverkefni á Grænlandi. Gera má ráð fyrir að með þeim opnast ný tækifæri, bæði í ferðamennsku og samskiptum þjóðanna.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk hefur starfað frá árinu 2013. Ekkert annað erlent ríki hefur starfrækt sendiskrifstofu á Grænlandi um áratuga skeið. Bandaríkjamenn hafa nú ákveðið að setja á stofn aðalræðisskrifstofu í Nuuk með vorinu.

Winnipeg



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	Sjá Ottawa	
Vöruútflutningur (2019)	Sjá Ottawa	
Þjónustuútflutningur (2018)	Sjá Ottawa	
Vöruinnflutningur (2019)	Sjá Ottawa	
Þjónustuinnflutningur (2018)	Sjá Ottawa	
Starfsmenn	2	1,3%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1	
Kostnaður	59,4	1,6%

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg: Að varðveita menningararfleiðina.


Á síðasta ári var þess minnst að 20 ár voru liðin frá stofnun aðalræðisskrifstofu Íslands í Winnipeg í Manitoba í Kanada, með útsendum starfsmanni. Skrifstofan er ólík öðrum sendiskrifstofum Íslands að því leyti að starf hennar snýr að miklu leyti að samfélagi fólks af íslenskum ættum í vestur Kanada, sem er fjölmennast og öflugast í Manitoba. Um er að ræða mjög merkilega sögu af löndum okkar, en rúmlega fimmtungur þjóðarinnar flutti vestur um haf á sínum tíma.

Mikið félagslíf og menningarstarf hefur fylgt fólki af íslenskum ættum í gegnum tíðina enda hefur eitt helsta markmið skrifstofunnar verið að styrkja og efla samband fólks af íslenskum ættum og greiða fyrir menningar- og listasamskiptum. Skrifstofan vinnur náið með fjölmörgum félögum og stofnunum sem halda utan um og rækta þessi einstöku menningartengsl.

Óhætt er að segja að hvergi á íslenska þjóðin betri og nánari vini og velvildarmenn en meðal Vestur-Íslendinga, sem meðal annars má sjá á því hversu mikla rækt frændur okkar í Vesturheimi leggja við að viðhalda ýmsum íslenskum hefðum til að minnast uppruna sína og varðveita menningararfleiðina, sem þeir eru afar stoltir af. Ekki þarf að fjölyrða um nán tengsl Kanada og Íslands. Menningartengsl ríkjanna standa á gömlum merg og ekki annað að sjá en þau séu að aukast. Grunnurinn er sem fyrir Vestur-Íslendinga samfélagið með öllum sínum félögum og stofnunum eins og blaðinu Lögbergi-Heimskringlu, þar sem höfuðáherslan er lögð á að rækta menningartengslin milli nýja föðurlandsins, Kanada, og gamla ættlandsins, Íslands. Til marks um þetta má geta þess að Íslendingadagurinn í Gimli var á síðasta ári haldinn hátíðlegur í 130. sinn og Íslendingahátíðin í Mountain í 120. sinn. Íslenska er kennd á ýmsum stigum víðs vegar um Kanada, sem sýnir áhugann á tungumálinu. Samfélag fólks af íslenskum ættum er margvíslegt og hóparnir afar ólíkir, og augljóst að Kanadamenn af íslenskum ættum í Kanada eru fjársjóður fyrir Ísland.

Í tilefni 20 ára afmælisins var Halldóri Árnasyni, fyrrverandi formanni Þjóðræknisfélagsins og Snorrasjóðs, falið að gera úttekt á starfsemi skrifstofunnar og tillögur um hvernig mætti bæta hana. Niðurstaða úttektarinnar er sú að íslensk stjórnvöld skuli áfram reka aðalræðisskrifstofu í Winnipeg með útsendum sendimanni utanríkisþjónustunnar, sem gegni því lykilhlutverki að treysta og efla tengsl Íslands við fólk í Kanada og aðra íbúa Norður-Ameríku af íslenskum ættum. Þá er í tillögum um markvissari starfsemi ræðisskrifstofunnar meðal annars lagt til að aðalræðismaður verði jafnframt sérstakur erindreki gagnvart fólki af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku.

Þórshöfn



	Fj. / m.kr.	%
Fjöldi Íslendinga	232	0,5%
Vöruútflutningur (2019)	4.474	0,7%
Þjónustuútflutningur (2018)	2.002	0,3%
Vöruinnflutningur (2019)	3.121	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2018)	7.926	1,7%
Starfsmenn	2,5	1,7%
Útsendir diplómatar	1	
Útsendir aðrir	0	
Staðarr. viðskiptaf.	0	
Aðrir staðarráðnir	1,5	
Kostnaður	60,2	1,6%

Aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn: Breytingar á Hoyvíkursamningnum og menningarsamstarf.

Í september 2019 tók ný ríkisstjórn Fólkaflakks, Miðflokks og Sambandsflokks við völdum í Færeyjum. Fyrri stjórn hafði sagt upp Hoyvíkursamningnum vegna lagasetningar um bann við erlendri fjárfestingu í útgerð. Nýja stjórnin kynnti hins vegar breytingar og í kjölfarið tóku íslensk og færeysk stjórnvöld upp viðræður sem leiddu til þess að Lögþing Færeyja samþykkti afturköllun uppsagnar samningsins undir árslok. Verkefni aðalræðisskrifstofunnar á árinu voru að stórum hluta bundin málarekstri vegna þessarar stöðu mála.

Önnur helstu verkefni voru einkum á sviði menningarsamstarfs og vegna borgarþjónustu auk aðstoðar við íslensk fyrirtæki á færeyskum markaði. Aðalræðisskrifstofan á farsælt samstarf við Norðurlandahúsið í Þórshöfn sem var vettvangur margvíslegra menningarviðburða, eins og sýningar Ragnars Kjartanssonar í júní og tónleika Svavars Knúts í tengslum við þjóðhátíðardaginn 17. júní, einþáttings Hannesar Óla Ágústssonar í september og bókadaga í október. Aðalræðisskrifstofan studdi einnig við tónleika íslenskra kóra auk þess að taka á móti nokkrum hópum frá íslenskum félagasamtökum. Gestum var kynnt starfsemin, auk ágrípa um menningu og sögu Færeyja. Í áraraddir hefur Reykjavíkurborg gefið Þórshöfn jólatré sem tendrað er við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni byrjun aðventu í miðbæ Þórshafnar með liðsinni aðalræðisskrifstofunnar.

Gildistaka Hoyvíkursamningsins og erindarekstur vegna hans, vaxandi menningarsamstarf og borgarþjónusta í Færeyjum þóttu tilefni til opnun aðalræðisskrifstofunnar 2007. Auk þessa hefur fiskveiðisamstarf Íslands og Færeyja skipað stóran sess í samskiptum þjóðanna sem rekja má til þess að Færeyingar hafa sótt á íslensk fiskimið frá því seint á 19. öld og síðan hafa Íslendingar og Færeyingar skipst á afla- og aðgangsheimildum samkvæmt tvíhliða samningum. Almennt má segja að tvíhliða fiskveiðisamstarfið hafi gengið vel en marghliða samstarf strandríkja við Norður-Atlantshaf með þátttöku Íslands og Færeyja, svo sem vegna makrílveiða, hefur því miður ekki gengið sem skyldi.

Í maí var haldin fiskiráðstefnan Atlantic Fair í Klaksvík í samvinnu við aðalræðisskrifstofuna með þátttöku sex íslenskra fyrirtækja. Í ágúst bauð aðalræðismaður upp á fundi með 20 íslenskum fyrirtækjum með áhuga á tækifærum á færeyskum markaði og kom á tengingum við færeyska samstarfsaðila í kjölfarið, auk skipulagningar heimsóknar nokkurra þeirra fyrirtækja, meðal annars í tengslum við ferðakaupstefnu í Þórshöfn í september.

Í Færeyjum eru búsettir hátt í 300 Íslendingar. Aðalræðisskrifstofan aðstoðar þá á margvíslegan hátt, útvegar skilríki og veitir upplýsingar um réttindi og skyldur bæði gagnvart íslenskum og færeyskum stjórnvöldum. Vegna formennsku Íslands í ráðherranefnd Norðurlandaráðs veitti aðal-ræðisskrifstofan liðsinni vegna tveggja Barbershop vinnustofa, „Mobilizing Men and Boys for Gender Equality“ og „Gender Equality in the Workplace“ í júní. Mikil og góð þátttaka var á báðum vinnustofunum, meðal annars frá ríkisstjórn og Lögþingi Færeyja.

Skammstafanir.

AfCFTA	African Continental Free Trade Agreement, fríverslunarsamningur Afríku
AEC	Arctic Economic Council, efnahagsráð norðurlóða
AMÍS	Amerísk-íslenska viðskiptaráðið á Íslandi
ARGeo	African Rift Geothermal Facility
ATT	Arms Trade Treaty
AU	Afríkusambandið
AWEEF	African Women Energy Entrepreneurs Framework
BBNJ	Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction
BEAC	Barentsráðið
Brexit	Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna
CapED	Capacity Development for Education Programme
CBPF	Körfusjóður Sameinuðu þjóðanna
CBSS	Eystrasaltsráðið
CCRF	Code of Conduct for Responsible Fisheries
CERF	Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna
CFE	Samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu
CITES	Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Flora and Fauna
COFI	Sjávarútvegsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna
CTBTO	Skrifstofa samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn
CWC	Samningur um efnavopn
DAC	Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
DNS	Nafnaþjónn léns - Domain Name System
EADRCC	Samhæfingar og viðbragðsmiðstöð Evró-Atlantshafssamstarfsins
EAPC	Evró-Atlantshafssamstarfsráðið
ECOSOC	Efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu
ESB	Evrópusambandið
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Programme
EUCOM	Evrópuherstjórn Bandaríkjanna
EUIPO	Hugverkastofa Evrópusambandsins
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
FOIS	Færeysk-íslenska viðskiptaráðið
FSC	Öryggismálasamvinnuvettvangurinn
GAVI	Alþjóðlegur bólusetningarsjóður
GCF	Græni loftslagssjóðurinn
GDC	Geothermal Development Company, Kenya
GEF	Global Equality Fund, hnattræni jafnréttissjóðurinn
GENDERNET	Jafnréttisnefnd þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar
GGA	Global Geothermal Alliance
GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu
HRDTF	Human Rights and Development Trust Fund
HSP	Háskólar Sameinuðu þjóðanna
IAEA	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
ICAO	Alþjóðaflugmálastofnunin
IDA	Alþjóðaframfarastofnun Alþjóðabankans
IFAD	Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar
IGC	Iceland Geothermal Conference
ILO	Alþjóðavinnuumálastofnunin
IN	Iceland Naturally
INF	Samningur um meðaldræg kjarnorkuvopn
INTOSAI	Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana
ICPD25	Alþjóðaráðstefnu um mannfjölda og þróun í Naíróbí
IPCC	The Intergovernmental Panel on Climate Change

IRENA	International Renewable Energy Agency
ISCC	Íslenska viðskiptaráðið í Japan
ITC	Alþjóðaviðskiptamiðstöðin
JFC	Allied Joint Force Command
LGBT+	Lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, transfólk og fleiri
MENA	Þjóðir Miðausturlanda og norður Afríku
MRSÍ	Mannréttindaskrifstofa Íslands
MTCR	Eftirlitskerfi með flugskeytataekni
N5	Norrænir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar
NAC	Norður-Atlantshafsráðið
NATO	Atlantshafsbandalagið
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna
NDF	Norræni þróunarsjóðurinn
NORDEFCON	Norrænt varnarsamstarfs
NPT	Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna
NSG	Kjarnbirgjahópurinn
OCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
ODIHR	Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu
ODF	Open Defecation Free
OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
OHCHR	Mannréttindastofnun Evrópu
OPCW	Efnavopnastofnunin í Haag
OSCC	Samningurinn um opna lofthelgi
PAME	Protection of Arctic Marine Environment
Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands
RKÍ	Rauði kross Íslands
RÚV	Ríkisútvarpið
SE4All	Sustainable Energy for All
SHAPE	Herstjórnarmiðstöð Atlantshafsbandalagsins fyrir Evrópu
SIDS	Smáeyþróunarriki
SP	Sameinuðu þjóðirnar
TTIP	The Transatlantic Trade Investment Partnership
UFGE	Umbrella Facility for Gender Equality
UN Environment	Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
UN Women	Stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
UNESCO	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNFCCC	Skrifstofa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar
UNFPA	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
UNHCR	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNICEF	Barnahjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna
UNOCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
UNODC	Fíkniefna og afbrotamálastofnun Sameinuðu þjóðanna
UNOV	Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín
UNRWA	Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna
V4	Visegrad-hópurinn, Tékkland, Ungverjaland, Pólland og Slóvakía
VPT	Vergar þjóðartekjur
WCLAC	Women's Centre for Legal Aid and Counselling
WEDO	Umhverfis- og þróunarstofnun kvenna
WEOG	Ríkjahópur Vesturlanda hjá Sameinuðu þjóðunum
WFP	Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
WIPO	Alþjóðahugverkastofnunin
WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin
ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Atriðisorðaskrá.

- Aðalræðisskrifstofa, 27, 108
 New York, **132**
 Nuuk, 22, **133**
 Winnipeg, **134**
 Þórshöfn, 22, **135**
- Afríka, 116
- Afvopnunarmál, **81**, 86
- Almannavarnir, 13, 14, 16, 51
- Alþingi, 26, 38, 39, 42, 53, 69, 72, 76, 87, 91
- Alþjóðabankinn, 22, **95**, 108, 116
- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 28, 53
- Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO, **74**
- Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, ICC, **46**
- Atlantshafsbandalagið, NATO, 81, 83, 85, 86
- Auðlindamál, **41**
- Bandaríkin, 14, 23, 29, 35, 62, 67, 74, 79, 80, 82, 85, 112
- Barentsráðið, 28, 136
- Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, **98**
- Borgarþjónusta, 22, 50
- Bretland, 17, 29, 31, 46, 50, 75, 76, 77, 79, 80, 88, 117
- Brexit, **75**, 76, 77, 108
- COVID-19, 15, 16, 17, 19, 20, 21, 27, 29, 33, 39, 40, 42, 44, 45, 52, 55, 56, 63, 68, 77, 78, 80, 84, 85, 88, 89, 91, 93, 94, 95, 97, 98, 99, 100, 101, 104, 105
- Efnahags- og framfarastofnunin, OECD \b, 74
- EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu, 66
- Evrópa, 81, 85, 86, 108, 131
- Evrópska efnahagssvæðið, EES, **78**
- Evrópuráðið, 19, **40**, 41, 128
- Eystrasaltsráðið, **28**, 136
- FAO, 43, 95, 96, 129, 136
- Fastanefnd, 54, 108
 Brussel (NATO), **127**
 Genf, **112**
 New York, **130**
 Róm, **129**
 Vín, **131**
- Félagasamtök, 38, 53
- Fjárfestingarsamningar, **69**
- FJÖLÞJÓÐASTOFNANIR, 74
- FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK, 101
- Frumbyggjar, 26, 28
- Fullveldisafmæli, 115
- Færeyjar, 26, 64
- GRÓ, 20, 35, 50, 93, 100, 105, 136
- Grænland, 22, 26, 65
- Hafréttarmál, **33**, **45**
- Hagsmunagæsla, 108
- Heimasendiherrar, **49**
- Heimsfaraldur, 13
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, 28, 54
- Hoyvíkursamningurinn, 64, 65
- Iceland Naturally, **72**
- Iceland, orðmerkið, **47**
- Iceland-málið, 47
- IFAD, 95, 96, 129, 136
- Indland, **31**
- Íslandsstofa, 17, 47, 64, **72**, 73, 107, 115
- Íslenska friðargæslan, **82**
- Jafnrétti, 28, **104**, 108, 116
- Jafnréttismál, **38**
- Japan, 64
- Kína, 14, 17, 18, **30**, 55, 56, 63, 67, 71, 72, 74, 81, 82, 84, 112, 123
- Kjöræðismenn, **72**
- Landgrunnsból, **45**
- Lofthæðasamningar, **68**
- loftslagsból, 23, 27, 28, 32, 42, 73, 96, 104, 111, 122, 126
- Lofthæðasból, **42**, **103**
- Malaví, **88**, 116
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, **99**
- Mannréttindamál, **35**, **105**, 116
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, 38, 112
 Ísland í mannréttindaráðinu, **37**, **38**
- Mannúðaraðstoð., **100**
- Mannúðarmál, 54
- Mannúðarréttur, **46**
- Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, 129
- Málefni hafsins, 27, 28, **43**
- Meningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, 54
- Meningarsamstarf, 73
- Miðausturlönd, **31**
- N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna, 22
- Náttúruauðlindir, *sjá einnig auðlindir*, 26
- NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, 22
- Netöryggi, **85**
- neyðar- og mannúðaraðstoð, 19, 100
- NORDEFECO, norræna varnarsamstarfið, 84
- Norðlæga víddin, **29**
- Norðurlönd, 22
- Norðurskautsráðið, 26, 27, 28, 108
 CAFF, 27
 PAME, 27
- Norðurslóðir, **25**, 26, 28, 113
- Noregur, 28
- Norrænt samstarf, **71**
- Nýsköpun, 71
- OCHA, 101, 137
- OECD, 19, 69, 70, 74, 75, 88, 95, 104, 137
- Rekstarmál, 107
- Rússland, 23, 26, **30**, 40, 64, 67, 82, 84, 118, 128
- Sameinuðu þjóðanna, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 26, 27, 28, 30, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 53, 54, 71, 81, 82, 85, 86, 87,

- 88, 91, 94, 95, 96, 98, 99, 100, 101, 103, 104, 105, 106, 112, 114, 122, 129, 130, 131, 136, 137
- Sameinuðu þjóðirnar, **32**
- Samfélagsmiðlar, 52, 53, 54
- Schengen, 14, 15, 18, 24, 30, 55, 56, 126
- Sendiráð, 22, 27, 53, 108
- Berlín, **110**
- Brussel, **111**
- Genf, **112**
- Helsinki, **113**
- Kampala, **114**
- Kaupmannahöfn, **115**
- Lilongwe, **116**
- London, **117**
- Moskvu, **118**
- Nýju-Delí, **119**
- Osló, **122**
- Ottawa, **120**
- París, **122**
- Peking, 54, **123**
- Stokkhólmi, **124**
- Tókýó, **125**
- Washington, **126**
- Sendiskrifstofur, 108
- Sendiskrifstofur, *sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa*, 27, 48, 52, 54, 107, 108
- Sendiskrifstofur, *sjá sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa*, 109
- Sjálfbærni, 25
- SKJALASAFN, 54
- Spánn, 14, 48
- Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar, 25, 28
- Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women, **99**
- Strassborg, 19, 40, 41, 128
- Tvísköttunarsamningar, **69**
- Umhverfismál, **41, 103**
- UN Women, 91, 95, 99, 104, 125, 137
- UNESCO, 19, 33, 34, 35, 96, 100, 105, *Sjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO*
- UNFPA, 39, 90, 94, 95, 98, 99, 100, 101, 105, 130, 137
- UNHCR, 32, 34, 101, 137
- UNICEF, 18, 91, 93, 94, 95, 98, 99, 101, 105, 116, 130, 137
- Upplýsingamiðlun, 52, 53, 54
- Utanríkismálanefnd, 38
- Utanríkisviðskipti, 57, 107
- Utanríkisþjónusta til framtíðar (skýrsla), 55, 108
- Úganda, **91**
- Útflutningseftirlit, **47**
- Úttekt, 108
- Varnarmál, *sjá einnig öryggismál*, **79**, 81, 83, 85, 107, 127
- vegabréfsáritanir, 18, 24, 55, 56, 62
- Viðskiptasamningar, **67**
- VIÐSKIPTASAMSTARF, 57, 74
- Viðskiptaþjónusta, **70**
- Vistkerfi, 28
- WFP, 18, 91, 95, 101, 129, 137
- WHO, 19, 112, 137
- Þjóðaréttur, **44**
- Þjóðréttarsamningar, 44
- Þróunarsamvinna, 53, 54, **87**, 107, 116
- atvinnulíf, **71**
- fjölbjóðleg, **95**
- tvíhliða, **88**, 116
- ÞVERLÆG MÁLEFNI, 103
- Þvingunaraðgerðir, **47**
- Þýskaland, 14, 39, 79, 84, 110
- Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, 84
- Öryggismál, 25, 29, **79**, 83, 85